

**ÚRSKURÐARNEFND
Í
VÁTRYGGINGAMÁLUM**

Samantekt úrskurða 2011

Mál nr. 1/2011**M****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs P**

Vinnuslys þegar járnlykill hrökk í auga starfsmanns við byggingarvinnu þann 28.10. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 03.01. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 24.01. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var við vinnu sína við not á járnlykli við járnabindingu sem mun hafa brotnað eða hrokkið í andlit M þannig að hann hlaut meiðsl á auga. M telur að járnlykillinn hafi verið “kolryðgaður”.

Vinnueftirlitið var ekki kallað á vettvang.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur að ekki hafi verið sýnt fram á að skilyrði skaðabótaskyldu séu fyrir hendi. Fram kemur m.a. að félagið hafi skorað á M að leggja fram vitnisburð sem styður þá fullyrðingu að eftir slysið hafi verið útvegaður nýr lykill og að sá vitnisburður hafi ekki borist ennþá. Félagið vísar m.a. til þess að M hafi unnið við járnabindingar frá árinu 2005. Starfið hafi verið einfalt og hættulítið. Félagið vísar til þess að “umræddur lykill er ennþá til hjá P en járnalyklar eru notaðir árum eða áratugum saman án þess að þeir ryðgi þrátt fyrir að vera notaðir úti í alls konar veðrum. Í þessu tilviki var ekki um að ræða að lykill hafi brotnað eða á neinn hátt gefið sig heldur hrökk hann af járninu sem hann var að losa og fór þannig í auga tjónþola.”

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að rekja megi tjónsatburð máls þessa til ófullnægjandi verkstjórnar, ófullnægjandi verkfæris eða aðstæðna sem P ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 1. febrúar 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 2/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar Þ

Maður klemmdist á hendi á milli gröfuskóflu og staurs þ. 10.11.2010

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 3.1.2011 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags. 24.1.2011 ásamt fylgiskjali 1-2

Málsatvik.

M vann hjá O og var að vinna við að taka lítinn tréstaupur upp úr jörðu til að koma upp tengingu fyrir jólatré. Sett var taustroffa utan um staurinn og krók á gröfu og síðan skyldi staurinn dreginn upp afgröfu í eigu Þ. Þegar M var að setja stroffuna á krókinn á gröfunni færði sá er stjórnaði gröfunni hana til og við það klemmdist hendi M og hann slasaðist. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu Þ hjá V og vísar m.a. í II. Viðauka við reglugerð nr. 367/2006 greinar 3.2.3 og 3.2.4 og 3.2.5. Þá telur M að með hliðsjón af atvikum þá liggi gáleysi stjórnanda gröfunnar skýrt fyrir. Þá er af hálfu M vísað til tilskipun nr.89/391/EBE og dómafordæmis. V segir ekki ágreining um málavaxtalýsingu sem fram komi hjá M en telur ósannað að gröfumaðurinn hafi sýnt af sér gáleysi við framkvæmd verksins og hafnar því bótaskyldu. Þá telur V ósannað að tjónið verði rakið til sakar gröfumannsins sem hafi farið eftir fyrirmælum og bendingum M.

Álit.

Leggja verður þá skyldu á þá sem stjórna vinnutækjum að þeir hafi nauðsynlega yfirsýn yfir vettvang og viti nákvæmlega hvað þeir eru að gera og gæti þess jafnan að þeim sem vinna við eða í nánd við tækið stafi ekki hætta af tækinu eða þeim hlutum sem við það kunna að vera tengdir við hreyfingu á tækinu. Í þessu tilviki þá verður ekki séð að gröfumaðurinn hafi gætt nauðsynlegrar varúðar þegar hann færði tækið til með þeim afleiðingum að M slasaðist. M á því rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu Þ hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu Þ hjá V

Reykjavík 8.2. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 3/2011**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar eiganda verslunar.****Tjón á bifreið sem ekið var eftir malbornum vegi að verslun þann 11.11.2009.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 5.1.2011, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags 17.1.2011.

Málsatvik.

Bifreiðinni A í eigu M var ekið af götu inn á malarveg eða slóða sem mun liggja að verslun V. Mun þá steinhnullungur á veginum hafa rekist upp undir olúpönnu á A með þeim afleiðingum að hún skemmdist.

Er M ók inn á malarveginn kvaðst hún hafa fundið högg eins og hún hefði rekið A niður og taldi að hún hefði ekið í holu. Hún kvaðst hafa ekið á 40-50 km hraða á klst. og ekki þorað að draga úr hraða er hún nálgadist malarveginn þar sem annarri bifreið hafi verið ekið mjög nálægt á eftir A. Hafi hún verið hrædd um að árekstur yrði með bifreiðunum ef hún hefði hægt mikið á hraða A.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá váttryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Af gögnum málsins verður ráðið að ekki sé um það deilt að fyrrgreindur malarvegur sé vegur í skilningi vegalaga nr. 80/2007 og V sé veghaldari hans, sbr. 5. og 8. tölul. 3. gr. laganna. Samkvæmt 56. gr. laganna ber veghaldari vegar sem er opinn almenningi til frjálsrar umferðar ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni. M ók inn á veginn allhratt miðað við aðstæður. Þótt nokkuð stór steinn eða steinhnullungur hafi verið á veginum hefur ekki verði sýnt fram á samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að tjónið á A verði rakið til gáleysis V við veghaldið. Tjónið telst því ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X vegna tjóns á A.

Reykjavík, 8. febrúar 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 4/2011**M****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Y v/B****Árekstur við útkeyrslu af bifreiðastæði við Kjarval Þorlákshöfn 22.09. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 07.01. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 17.01. 2011, ásamt fylgiskjölum.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 24.01. 2011, ásamt fylgiskjali þ.e. frásögn ökumanns B.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðinni A var ekið áleiðis út af bifreiðastæðinu við verslunina Kjarval Þorlákshöfn þegar bifreiðinni B var ekið inn á bifreiðastæðið og árekstur varð.

Tjónanefnd vátryggingafélaganna telur að skipa skuli sök til helminga.

Vátryggingafélag A tekur undir niðurstöðu tjónanefndar. Af gögnum málsins sé erfitt að leggja meiri sök á annan aðilann umfram hinn. Félagið telur ósannað að A hafi verið kyrrstæð það lengi að áhrif hafi við sakarskiptingu.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A eigi að bera ábyrgð á árekstrinum. Ökumaðurinn hafi merkt við á tjónstilkynningu að hann hafi ekið á röngum vegarhelmingi þegar hann er að aka út af bifreiðastæðinu. Félagið telur að ökumaður B hafi verið að aka með eðlilegum hætti í hægri beygju inn á bifreiðastæðið.

M (ökumaður A) telur að ökumaður B eigi að bera ábyrgð á árekstrinum sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Ökumaður B lætur þess m.a. getið að ökumaður A hafi nelgt “niður og þar af leiðandi klessi ég á hana.” Hann telur að ökumaður A hafi ekið í veg fyrir B, ökumaðurinn “neglir niður af algjörlega engri ástæðu...” Ökumaður B telur fráleitt að hann sé í 100% órétti. Ökumaðurinn telur frásögn vitnis ótrúverðuga.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er sök skipt til helminga. Ósannað er að A hafi verið kyrrstæð það lengi að unnt sé að leggja eingöngu ábyrgð á ökumann B. Frásögn vitnis breytir ekki framanrituðu.

Ökumaður A heldur því fram í málskotinu að hann hafi verið kyrrstæður en þessa er ekki getið í sameiginlegri tjónstilkynningu. Virðist sem A hafi snögghemlað í veg fyrir B og að ökumaður B hafi ekki hugað nægjanlega að því sem framundan var. Vegna þessa og takmarkaðra gagna máls þessa er sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 8. febrúar 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 5/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar F

Maður slasaðist þegar hann vann við vél sem tók einangrun af rafmagnsköplum þ. 1.6.2004.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 7.1.2011 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags. 19.1.2011.

Málsatvik.

M vann hjá F og í umrætt sinn vann hann við vél sem tók einangrun af stórum rafmagnsköplum. M var í hönskum og flæktist einn annar þeirra kaplinum þannig að M slasaðist á hendi. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu F hjá V og telur að umrædd vél sem M var að vinna við hafi verið vanbúin. Af hálfu M er á það bent að hvorki hafi verið öryggishlíf á vélinni né neyðarhnappur. Þá er á það bent af hálfu M að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins. M vísar til laga n.r 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og færir fram margvísleg rök fyrir bótaskyldu í þessu tilviki. V hafnar bótaskyldu og segir að samkvæmt upplýsingum frá F hafi umrædd vinnuvél uppfyllt kröfur Vinnueftirlitsins um búnað og neyðarstopp þegar slysið átti sér stað og aldrei hafi verið gerðar athugasemdir af Vinnueftirlitinu vegna búnaðar vélarinnar. Þá heldur V því fram að ekki hafi verið um sagnæman vanbúnað að ræða á umræddri vinnuvél sem vátryggingataki beri ábyrgð á. Þá segir V að slysið verði rakið til gáleysis tjónþola sjálfs eða óhappatilviljunar.

Álit.

Vinnueftirlit ríkisins var ekki kallað til vegna slyssins og engar upplýsingar hafa verið lagðar fram í málinu frá Vinnueftirlitinu þó vísað sé til þess af hálfu V varðandi ástand vélarinnar sem M var að vinna við þegar hann slasaðist. Af hálfu M er því haldið fram að umrædd vél hafi verið ábótavant. V telur vélina hafa verið í viðunandi ástandi en hefur ekki lagt fram nein gögn sem sýnir fram á það. M var 16 ára þegar slysið varð og ekki hefur verið sýnt fram á gáleysi hans í umrætt sinn. Miðað við fyrirliggjandi gögn og vanrækslu F á að kalla til Vinnueftirlit ríkisins eftir slysið, liggur ekkert annað fyrir eða aðrar haldbærar upplýsingar, en að slys M sé bótaskyldt úr frjálsri ábyrgðartryggingu F hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu F hjá V

Reykjavík 8.2. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 6/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. fjölskyldutryggingar

Kona rann í tröppum og meiddist á ökkla þ. 7.3.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 7.1.2011 ásamt fylgiskjölum nr. 1-6
2. Bréf V dags. 31.1.2011

Málsatvik.

Málsatvikum er þannig lýst af M að hún hafi runnið í tröppum á leið í þvottahús á heimili sínu og bögglað undir sér hægri ökkla og ökklabrotnað og var aðgerð gerð samdægurs þ.7.3.2008. M tilkynnti V um slys sitt þann 6.8.2009 og gerir kröfu til bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V. Af hálfu M er því haldið fram að hún hafi ekki getað gert sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins fyrr en þann dag sem M leitaði til lögmann og slysið hafi verið tilkynnt til V innan eðlilegs tíma miðað við það eða þann 5.8.2009. V hafnar bótaskyldu og bendir á að M hafi ökklabrotnað þ. 7.3.2008 og farið í aðgerð vegna þess sama dag, en meðferð lokið vegna þess þ. 5.5.2008 sbr. læknisvottorð Brynjólfs Jónssonar dags. 18.5.2010. V telur að M hafi í síðasta lagi mátt gera sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins þegar hún útskrifaðist úr meðferð þ. 5.5.2008, en M hafi strax þ.7.3.2008 verið tilkynnt um þá áverka sem hún hlaut og mjög algengt sé að ökklabrot leiði til varanlegra óþæginda fyrir tjónþola. V telur því að M hafi glatað rétti til bóta sbr. 2.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004, þar sem tilkynning um afleiðingar slyssins barst ekki til V innan árs frá þeim tíma sem M mátti gera sér grein fyrir að áverkinn sem hún hlaut hefði varanlegar afleiðingar.

Álit.

Slys M var þess eðlis að hún mátti strax eftir aðgerð gera sér grein fyrir því að slysið gæti haft í för með sér varanlegar afleiðingar og óþægindi fyrir hana. Fyrir liggur að aðgerð sú sem M fór í vegna ökklabrotsins lauk þ. 5.5.2008. Þá þegar mátti hún gera sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins. Ágreiningslaust er að slysið var tilkynnt til V þ. 6.8.2009, en þá var liðið meir en eitt ár frá því að M mátti gera sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins. M á því ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V sbr. 2.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 15.2. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 7/2011**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Stjórnandi hjólagröfu slasaðist er grafan valt er henni var ekið upp á flutningsvagn.****Gögn.**

3. Málskot, móttakið 12.1.2011, ásamt fylgigögnum.
4. Bréf X, dags. 3.2.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 24.11.2008 stjórnaði M hjólagröfu er henni var ekið upp sliskjur til að koma gröfunni fyrir á flutningsvagni. Grafan var í eigu V, vinnuveitanda M. Þurfti að lyfta gröfunni upp svo stuðningsfætur undir henni myndu ekki rekast í sliskjurnar. Er M snéri gröfuarminum til að geta lyft gröfunni upp valt grafan ofan af sliskjunum og á hliðina. Við það slasaðist M. M hafði unnið sambærileg störf hjá V í u.þ.b. fjögur ár. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins um slysið segir að slysið megi helst rekja til þess flutningstækið, þ.e. vörubíll með tengivagni, henti ekki til að flytja hjólagröfu af þessari gerð. Þá kveður M að hann hafi ekið gröfunni upp sliskjurnar eftir leiðbeiningum frá samstarfsmanni sínum.

M kveður búnað þann sem V lagði til hafi ekki verið fullnægjandi og það hafi leitt til slyssins jafnframt sem leiðbeiningar samstarfsmanns M hafi átt vissan þátt í því hvernig fór. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Niðurstaða Vinnueftirlitsins um orsök slyssins er ekki rökstudd og ekki verður með skýrum hætti séð af gögnum málsins hvernig komist er að þeirri niðurstöðu að flutningstækið hafi ekki hentað til flutningsins. Þá verður heldur ekki séð af málgögnum, þ. á m. stuttri myndbandsupptöku á mynddiski, að slysið megi rekja til mistaka samstarfsmanns M við að leiðbeina honum við stjórn gröfunnar. Samkvæmt þessu þykir ekki hafa verið sýnt nægilega fram á að V beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni því sem M hlaut í slysinu. Af því leiðir að M á heldur ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M er ekki bótaskyld.

Reykjavík, 22. febrúar 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 8/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/heimilisstryggingar (slysatryggingar)**

Fall úr lausum stiga er M hugðist laga loftnet 12.12. 2008, ágreiningur um ölvun og hvort um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 12.01. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 07.02. 2011, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Lögreglan lætur þess getið m.a. að svalagólfið þar sem stiginn hafði verið reistur er flísalagt og var snjór yfir og því hált er óhappið varð. Fram kemur og að áfengislykt hafi verið frá vitum M er lögreglan átti orðaskipti við hann sbr. gögn málsins.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu það telur að rekja megi tjónsatburð máls þessa til ölvunar M og stórkostlegs gáleysis.

M lætur þess m.a. getið að hann hafi fengið sér áfengi eftir óhappið til að lina verki.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er ósannað að rekja megi slys M til ölvunar hans eða stórkostlegs gáleysis. Engin mæling fór fram á áfengismagni í líkama M og ekki er unnt að staðhæfa að óvarlegt hafi verið að setja stiga upp með þeim hætti sem gert var. Ekki hefur heldur verið sýnt fram á að veður hafi verið það slæmt að óvarlegt hafi verið af M að ætla uppá þak hússins til að laga loftnet.

Með hliðsjón af ofanrituðu er greiðsluskylda fyrir hendi.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 22. febrúar 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 9/2011**M
og
váttryggingafélagið X v/ húftryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um umfang tjóns á húftryggðri bifreið eftir umferðaróhapp þann
28.2.2010.****Gögn.**

5. Málskot, móttakið 13.1.2011, ásamt fylgigögnum.
6. Bréf X, dags 26.1.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A í eigu M var ekið út af vegi við brú yfir Leirá í Leirársveit. Kveður M að A hafi fengið mikið högg og m.a. hafi þanna rifnað undan henni. Daginn eftir, þegar A var gangsett, hafi mikil óhljóð komið frá vél. Strax var drepíð á vélinni og hún flutt á verkstæði. A var húftryggð hjá váttryggingafélaginu X og fyrir tilstilli þess var A send á verkstæði B, sem hefur umboð fyrir bifreiðir af sömu tegund og A. Þar var vél bifreiðarinnar skoðuð. Í athugasemd bifreiðavirkja sem skoðaði A segir m.a.: „Byrjað á að snúa vél og var hún smá stíf að snúa. Og var hún rétt á tíma að framan. Bíll þjöppumældur og var hann ekki að þjappa neitt h.m. en smá v.m. Ventlalokin rifin af og skoðað, þar kom í ljós að keðjustrekkjari h.m. var alveg genginn út og þar af leiðandi vitlaus á tíma þar. Mikil drulla er í heddinu og ventlalokinu og bendir allt til þess að það hafi verið trassað að skipta um olíu á vél.“ Eftir skoðun virðist sem A hafi verið komið fyrir í geymslu hjá D.

M hefur krafist bóta úr húftryggingunni vegna tjóns á A, þ. á m. vegna skemmda í vél. Einnig er krafist greiðslu kostnaðar vegna geymslu A hjá D. X hefur viðurkennt bótaskyldu að undanskildu tjóni á vél. Við þá ákvörðun kveðst X styðjast við ástand vélarinnar eftir tjónið. Einnig hafnar X greiðslu á geymslukostnaði, enda hafi félagið ekki haft afskipti af því þegar A var komið fyrir í geymslu hjá A.

Álit.

Af gögnum málsins, þ. á m. framangreindri skoðunarskýrslu bifvélavirkja hjá B, hefur ekki verið sýnt fram á að vél A hafi skemmst í umferðaróhappinu þann 28.2.2010. Engar matsgerðir, svo sem mat dómkvaddis matsmanns, eru fyrir hendi sem sýna fram á að skemmdir í vélinni megi rekja til umferðaróhappsins. Að svo vöxnu telst tjón á vél ekki bótaskyld úr húftryggingunni.

Ekki verður séð af gögnum málsins að umdeildan geymslukostnað beri að bæta úr húftryggingunni. Er krafa þessi vanreifuð og ber að vísa henni frá nefndinni, sbr. e. lið 4. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005.

Niðurstaða.

Tjón á vél A bætist ekki. Kröfu um greiðslu geymslukostnaðar er vísað frá.

Reykjavík, 15. febrúar 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.
Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 10/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar A

Farþegi í bifreið slasaðist þegar bifreið valt þ. 21.8.2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 13.1.2011 ásamt fylgiskjölum nr. 1-7
2. Bréf V dags. 12.2.2011.

Málsatvik.

Bifreiðin A valt í malarnámu sunnan Dalvíkur. Í lögregluskýrslu segir að greinilegt sé af ummerkjum að dæma að ökumaður hafi verið að leika sér að því að láta A skransa og við það hafi hún oltið. M segir að hann hafi verið farþegi í A og þeir ökumaður og félagi hans hafi farið til að leika sér aðeins þ.e. að láta bifreiðina skransa og í einni beygjunni hafi óhappið orðið. Með sama hætti ber hinn farþeginn í bifreiðinni. M krefst bóta vegna meiðsla sem hann varð fyrir í umrætt sinn og vísar til 1.mgr. 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 í því sambandi. Lögmaður M telur ekki koma til greina að skerða bótarétt M og telur hann ekki hafa verið meðvaldan að því slysi sem um ræðir af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Bent er á að M hafi hafi bara verið með í umrætt sinn og átti því ekki framgöngu um leikinn. Þá sé ekki hægt að gera farþega ábyrgan fyrir vítaverðum akstri ökumanns. V viðurkennir bótaskyldu, en telur að M eigi að bera 1/3 sakar sbr. heimild í 2.mgr. 88.gr. umferðarlaga þar sem hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. M hafi verið þáttakandi í þeirri hegðun sem leiddi til slyssins og um sameiginlegt tiltæki þriggja einstaklinga hafi verið að ræða. M hafi verið vel kunnugt um þá háttsemi sem ökumaður hugðist viðhafa áður en þeir komu að malarnámunni og hafi ekkert gert til að koma í veg fyrir hana enda hafi hann verið henni samþykkrur.

Álit.

Ekki kemur fram að M hafi á nokkurn hátt beitt sér gegn þeirri háttsemi ökumanns A sem leiddi til slyssins eða verið henni andvígur. M vissi fyrirfram hvað til stóð. M var ljóst eða mátti vera ljóst að mikil áhætta gat fylgt leik eins og hann og félagar hans fóru í með bifreiðina A og þar sem hann gerði ekkert til að sporna við framferði ökumanns og tók sjálfviljugur þátt í leiknum með bifreiðina þykir M hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sem leiðir til þess að hann ber 1/3 tjóns síns sjálfur sbr. 2.mgr. 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V en ber 1/3 tjóns síns sjálfur.

Reykjavík 10.3. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 11/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar N

Tjón á framdrifi bifreiðar þ. 22-25.10.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 13.1.2011 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags. 27.1.2011.

Málsatvik.

M keypti bifreið á uppboði þ. 14.9.2010 og var bifreiðin afhent daginn eftir. Farið var með bifreiðina til smurningar hjá N og var henna síðan ekið frá Reykjavík til Akureyrar. Nokkru síðar varð M var við að eitthvað var að og fór með bifreiðina á verkstæði þar sem kom í ljós að framdrif hafði eyðilagst og telur M að það sé vegna þess að N hafi ekki sett olú á drifið þegar bifreiðin kom þangað til smurningar. M segist hafa ekið bílnum alls um 1800 kílómetra frá því að hann keypti hann og þangað til að í ljós kom að framdrifið hafði eyðilagst. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu N hjá V vegna þessa tjóns. V hafnar bótaskyldu og hefur eftir N að bifreiðin hafi verið yfirfarin vel og samviskusamlega og könnuð ástand á olú á drifum ásamt öðrum liðum sem merkt sé við í smurbók. Starfsmenn N benda á að mögulegt sé að olía hafi lekið af bifreiðinni á leið til Akureyrar eða á starfssvæði bílasölu Akureyrar þar sem hún var geymd. V hafnar bótaábyrgð eins og að ofan greinir og segir að hvorki hafi verið sýnt fram á orsakatengsl milli tjónsins og þjónustu N né heldur hafi verið sýnt fram á sök af hálfu vátryggingataka sem leiði til skaðabótaskyldu.

Álit.

Í málinu liggur ekki fyrir sönnun þess að orsakatengsl sé á milli þjónustu N og þess að framdrif bifreiðar M eyðilagðist. Þá hefur ekki verið sýnt fram á með gögnum eða leiddar líkur að því að starfsmenn N hafi sýnt af sér skaðabótaskylda vanrækslu í umrætt sinn. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu N hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu N hjá V.

Reykjavík 22.2. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 12/2011**M****og****Líftryggingafélagið X v/sjúkratryggingar****Ágreiningur um hvort tilkynningafrestur skv. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 hafi verið liðinn.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 12.01. 2011.
- 2) Bréf váttryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 24.01. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M hafði fengið greidda sjúkradagpeninga úr viðkomandi váttryggingu fyrir tímabilið 01.08. 2007 til 28.02. 2008 á grundvelli læknisvottorða. Bætur voru greiddar fyrir ofangreint tímabil þann 31.03. 2008. Í janúar 2010 kom M fram með kröfu um frekari greiðslu sjúkradagpeninga og lagði fram bréf vegna þessa, dags. 29.12. 2009 og vottorð um óvinnufærni, dags. 04.03. 2008. Vottorðið hafði ekki áður verið lagt fram í málinu að sögn váttryggingafélagsins.

Váttryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu með vísan til 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga. Félagið telur ljóst að krafa M hafi borist félaginu síðar en ári eftir að M mátti vita um þau atvik sem bótakrafan er reist á. Félagið telur að um nýja kröfu um greiðslu bóta úr sjúkradagpeningatryggingu sé að ræða og því sé ársfrestur skv. nefndri 124. gr. liðinn.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann er ósammála félaginu, hann telur ljóst að verið “er að fara fram á fullnaðaruppgjör bóta og varðar matið því kröfu bótaþegans á uppgjóri greiðslu bóta og ekkert annað.” Ekki sé um “nýtt bótamál að ræða.” Hann kveðst hafa “af tilviljun” séð nýverið að honum höfðu einingis verið greiddar bætur vegna tímabils út febrúar 2008 en veikindi hans hefðu varað út maímánuð. Hann “veit ekki hvernig stendur á því að þetta fór fram hjá” honum en hann kveðst vera “viss um að öll vottorð” hafi verið send félaginu vegna málsins.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er fallist á þá afstöðu váttryggingafélagsins í þessu sérstaka máli að um nýja kröfu um greiðslu bóta sé að ræða og að ársfrestur skv. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga hafi verið liðinn er krafan var sett fram í janúar 2010.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 15. febrúar 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 13/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. heimilisverndartryggingar

Innbrot í bifreiðageymslu þ. 9.10.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 14.1.2011 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 31.1.2011

Málsatvik.

Brotist var inn í bifreiðageymslu hjá M og stolið dekkjum og álfelgum í eigu M. M krefst bóta úr heimilistryggingu sinni hjá V vegna þess að stolið var frá henni í innbrotinu tveimur dekkjaumgöngum, öðrum umgangnum á álfelgum, en hinum á stálfelgum. V samþykkir að greiða bætur vegna eins dekkjaumgangs, en V bendir á að M sé eingöngu skráð fyrir einni bifreið. V hafnar að greiða bætur vegna þjófnaðarins á álfelgunum og stálfelgunum. Af hálfu V er bent á grein 2.8. í vátryggingaskilmálum til stuðnings afstöðu sinnar.

Álit.

Í grein 2.8. í vátryggingaskilmálum þeim sem hér um ræðir segir að til innbús skuli telja 1 gang af sumar- eða vetrarhjólborðum undir hvern einkabíl sem skráður er á vátryggðu og geymdir eru í bílskúr eða annarri geymslu. Af ákvæðum vátryggingaskilmála er því ljóst að V ber að greiða bætur vegna 1 gangs af dekkjum svo sem félagið hefur boðið. Hins vegar eru felgur ekki tryggðar samkvæmt umræddum vátryggingaskilmálum og kemur af þeim ástæðum ekki til greina að M eigi rétt á bótum vegna þeirra.

Niðurstaða.

M á rétt á að fá bætur vegna eins 1 gangs af dekkjum, en ekki frekari bætur vegna tjóns sem varð vegna innbrotsins þ. 9.10.2010.

Reykjavík 15.2. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 14/2011

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á gatnamótum Krossmóa og Njarðarbrautar í Reykjanesbæ þann 20.12.2010.**Gögn.**

7. Málskot, móttakið 14.1.2011, ásamt fylgigögnum.
8. Bréf Y, dags. 31.1.2011, ásamt fylgigögnum.
9. Bréf X, dags 31.1.2011.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið suður Njarðarbraut. Í sömu andrá var bifreiðinni B ekið austur Krossmóa. Á gatnamótunum rákust bifreiðirnar saman. Á Krossmóa hvílir biðskylda gagnvart umferð á Njarðarbraut.

Ökumaður A kvaðst hafa beygt til hægri út úr hringtorgi á gatnamótum Flugvallarvegar og Hafnargötu og ekið áleiðis suður Njarðarbraut á 40 km hraða á klst. Hann hafi gefið stefnuljós til hægri er hann beygði út úr hringtorginu en slökkt það skömmu síðar áður en hann kom að Krossmóa. Þá hafi B verið ekið í veg fyrir A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið að gatnamótunum og veitt A athygli er henni var ekið út úr hringtorginu með stefnumerki til hægri. Hafi hann fylgst með A og stefnumerkið hafi logað. Hafi hann því haldið að ökumaður A hafi ætlað að beygja til hægri inn á bifreiðastæði við verslunina Nettó. Hann hafi því ekið inn á Njarðarbraut áleiðis til norðurs. A hafi hins vegar verið ekið áfram til suðurs og árekstur orðið. Taldi ökumaðurinn að A hafi ekki verði ekið hratt.

Vitni, sem ók bifreið á eftir B, kvaðst hafa veitt A athygli þar sem henni var ekið út úr hringtorginu suður Njarðarbraut með stefnuljós til hægri. Taldi vitnið að A, sem ekki hafi verið ekið á mikilli ferð, yrði beygt til hægri inn á Krossmóa. B hafi verið ekið út á Njarðarbraut og árekstur orðið.

Álit.

Ökumanni B bar að veita A forgang eftir Njarðarbraut. Á þessu varð misbrestur og ber ökumaður B meginsök á árekstrinum. Ökumaður A kvaðst hafa slökkt á stefnuljósinu áður en hann kom að Krossmóa. Ökumaður B og vitni bera að stefnuljós hafi logað til hægri þegar B hafi verið ekið inn á Njarðarbraut. Þykir nægilega sannað að stefnuljós til hægri hafi logað á A er henni var ekið að Krossmóa og B var ekið inn á Njarðarbraut. Stefnumerkjagjöf ökumanns A var villandi fyrir aðra vegfarendur, þ. á m. ökumann B. Verður áreksturinn að nokkru rakinn til þessa og ber því ökumaður A einnig lítils háttar sök. Rétt þykir rétt að skipta sök eins og greinir í niðurstöðu.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 1/3 hluta sakar og ökumaður B ber 2/3 hluta sakar.

Reykjavík, 15. febrúar 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 17/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar heimilstryggingar****Meiðsl við fall fram af steinvegg flugstöðvarbyggingar 24.02. 2009.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 14.01. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 31.01. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M mun hafa fengið aðsvif/yfirliðstilfinningu eftir flugferð. M mun hafa setið á steinvegg fyrir utan flugstöðvarbyggingu og fallið við aðsvif aftur fyrir sig um 2 metra. Við fallið hlut M högg á höfuð og háls hrygg sbr. gögn málsins.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur að hér hafi ekki verið um slys að ræða samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er ekki unnt að fallast á að rekja megi meiðsl M til skyndilegs utanaðkomandi atburðar er hún féll aftur fyrir sig af umræddum steinvegg flugstöðvarbyggingar. Telja verður að yfirliðstilfinning/aðsvif hafi valdið því að M féll fram af steinveggnum. Að fenginni afstöðu vátryggingafélagsins er ekki unnt að fallast á að yfirliðstilfinning og/eða aðsvif uppfylli kröfu skilmála um skyndilegan utanaðkomandi atburð.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 15. febrúar 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 18/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar S

Maður hjólaði á þverslá í innkeyrslu þ. 13.1.2010

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 17.1.2011 ásamt fylgiskjölum nr. 1-6
2. Bréf V dags. 31.1.2011 ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

M var starfsmaður S og að loknum vinnudegi þ. 13.1.2010 þegar hann var að hjóla frá vinnustað, tók hann eftir þverslá í innkeyrslu og bremsaði og féll við það af hjólinu og skall í jörðina. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá V. M segist hafa verið á hjóli sem hafi verið vel útbúið í umrætt sinn og kannast ekki við að hafa komið að uppsetningu á þverslánni sem hér ræðir um eða stjórnað henni. M telur að slysið megi rekja til að engin aðvörunarljós voru á slánni og þess vegna hafi hann ekki séð hana í tæka tíð og þessi vanbúnaður hafi valdið slysinu. M byggir á að S beri ábyrgð á ofangreindum meintum vanbúnaði á slánni. V hafnar bótaskyldu og bendir á að sláin sem um ræðir sé með hefðbundnum varúðarmerkjum rauðum og hvítum röndum til skiptis og skilji að persónulega umferð og umferð á almennu vinnusvæði og flutningabifreiða. V bendir á að allur aðbúnaður á svæðinu sé eins og best verði á kosið og hafi M ekki bent á að brotið hafi verið gegn einhverjum reglum varðandi gerð og frágang á lóð og umræddri þverslá. V heldur því fram að M hafi unnið við uppsetningu á þverslánni og sláin fari upp kl. 5 á morgnana og niður kl. 19 á kvöldin. Þá segir V að lýsing á svæðinu sé til fyrirmyndar. V telur að slysið verði eingöngu rakið til óaðgæslu M sjálfs

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað séð en að búnaður á lóð S hafi verið fullnægjandi og lýsing góð. Þá var slá sú sem M hjólaði að með þeim hætti sem algengt er með slár eins og þær sem þarna var um að ræða. M var starfsmaður S og vissi af umræddri slá og mátti og átti að gera sér grein fyrir aðstæðum þegar hann ók á fullbúnu hjóli sínu í umrætt sinn og slys hans verður ekki rakið til vanbúnaðar sem S ber bótaskylda ábyrgð á miðað við fyrirliggjandi gögn. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 15.2. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 19/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar launþega****Meiðsl við umönnun 22.01. 2010, er sjúklingur á að hafa sparkað í bak málskotsaðila.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 17.01. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 01.02. 2011, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M kveðst hafa verið við vinnu sína við umönnun þegar sjúklingur sem hún vann við aðhlyningu á að hafa sparkað í bak hennar. Engin vitni voru að atvikinu og það ekki tilkynnt fyrr en nokkrum dögum síðar til vinnuveitanda.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Félaginu hafi borist tjonstilkynning í ágúst 2010. Atvikun hafi verið lýst þannig “ég stóð við rúmið hjá honum, hann vildi fá að standa upp frá rúminu sínu. Ég neitað honum v/veikinda hans. Eftir að ég neitaði honum því, þá byrjaði hann að sparka í bakið á mér.”

Vátryggingafélagið telur ósannað að atvikið hafi orðið. Vinnuveitandi hafi ekki getað staðfest að atvikið hafi orðið, þótt hann hafi skilað inn tilkynningu á viðeigandi staði. Í öllum tilkynningum sé það tekið fram að þetta sé einungis frásögn M sjálfs. Félagið vísar og til þess að M hafi sögu um einkenni í baki vegna sjúkdóma og umferðarslyss.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af takmörkuðum gögnum máls þessa er ósannað að M hafi orðið fyrir slysi í umrætt sinn.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 15. febrúar 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 20/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. heimilisverndartryggingar

Kona datt á heimili sínu og meiddist þ. 8.11.2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 17.1.2011 ásamt fylgiskjölum nr. 1-12
2. Bréf V dags. 7.2.2011

Málsatvik.

M segist hafa dottið fram fyrir sig á heimili sínu og slasast á vinstri öxl og skorist á augnabrún. M krefst bóta og telur að um slys hafi verið að ræða og rökstyður lögmaður hennar að um slys hafi verið að ræða m.a. með vísan til dóma og í fræðimenn. Í læknaþréfi kemur fram að M hafi komið á slysadeild og gefið frekar lélega sögu þar sem hún hafi ekki munað hvað gerðist en segist hafa dottið heima en veit ekki hvernig til þess kom. Þá segir í læknaþréfinu að M sé örlítið drukkin. V hafnar bótaskyldu og telur að atvikið falli ekki undir slyshugtak vátryggingar M. Þá telur V að um orsakatengsl sé að ræða milli áfengisneyslu M og atburðarins.

Álit.

M hefur ekki tjáð sig með þeim hætti að sýnt hafi verið fram á að um slys hafi verið að ræða í umrætt sinn miðað við slyshugtak vátryggingar M hjá V. Þá hafa ekki verið lögð fram gögn sem sýna að svo geti verið. M á því ekki rétt á bótum hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr heimilisverndartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 22.2. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 21/2011

**M
og
váttryggingafélagið X v/ fjölskyldutryggingar.**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna þjófnaðar úr bifreið þann 24.7.2010.

Gögn.

10. Málskot, móttækið 17.1.2011, ásamt fylgigögnum.
11. Bréf X, dags. 2.2.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 24.7.2010 á tímabilinu frá miðnætti til hádegis var ýmsum munum stolið úr bifreiðinni A sem er í eigu M. Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu kom M á lögreglustöð þann 5.8.2010 og tilkynnti um innbrotið. Kvaðst M hafa komið að A ólæstri. Ekki hafi verið sjáanleg ummerki um innbrot og taldi hann sig hafa gleymt að læsa bifreiðinni. Stuttu síðar hafi það gerst að hurðir A hafi farið að læsast og opnast á víxl. Mun M hafa fyrst orðið var við þessa bilun er hann einhverjum dögum síðar var á leið austur fyrir fjall. Í ódagsettri yfirlýsingu bifreiðaverkstæðisins B er staðfest „að bilun er í sentralbúnaði í bílnum [A] og er bíllinn að opna og loka hurðum í tíma og ótíma.“

M hefur krafist bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá váttryggingafélaginu X vegna þeirra muna sem stolið var úr A. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt gr. 4.5.2 í váttryggingarskilmálum fyrir viðkomandi fjölskyldutryggingu bætir váttryggingin m.a. tjón vegna þjófnaðar úr bifreið. Þá gildir hér sú varúðarregla skv. gr. 4.5.7 í skilmálunum að læsa skuli bifreiðum og loka öllum gluggum. Samkvæmt 3. gr. í IX. kafla skilmálanna, sem eru sameiginlegir skilmálar fyrir allar váttryggingar í fjölskyldutryggingunni, er skylt að fara eftir varúðarreglum í skilmálunum. Sé varúðarreglunum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Af gögnum málsins þykir ekki nægilega í ljós leitt að A hafi verið ólæst þegar stolið var úr henni vegna bilunar í læsingarbúnaði. Eins og málið liggur fyrir verður að líta svo á að M hafi gleymt að læsa bifreiðinni eins og greinir í lögregluskýrslu. Með því braut M gegn varúðarreglu samkvæmt gr. 4.5.7 í váttryggingarskilmálunum. Fellur ábyrgð félagsins niður með vísan til 3. gr. í IX. kafla skilmálanna, sbr. og 26. gr. laga nr. 30/2004.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu hjá X.

Reykjavík, 22. febrúar 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 22/2011**M****og****Vátryggingfélagið X v/ábyrgðatryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um bakmeiðsl við umferðarslys þann 05.08. 2008.****Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 18.01. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 07.02. 2011, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Atvik málsins voru með þeim hætti að hjólbarði datt undan bifreiðinni A sem var með hjólhýsi í eftirdragi. Fór bifreiðin ekki út af veginum en að sögn ökumanns féll hún niður. Ekki er minnst á slys á fólki í frumskýrslu lögreglu eða að M hafi verið farþegi í bifreiðinni sbr. nánar gögn málsins.

Vátryggingfélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur ósannað að M hafi orðið fyrir meiðslum í umrætt sinn. Sönnunarbyrði um orsakatengsl milli slyssins og líkamstjóns hvíli á M. M hafi ekki aflað sér matsgerðar eða annarrar sönnunar um orsakatengsl og því er afstaða félagsins sú að M hafi ekki slasast í umræddu umferðaróhappi. M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af takmörkuðum gögnum máls þessa er ósannað að M hafi orðið fyrir meiðslum við umrætt umferðaróhapp.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 15. febrúar 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 24/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/innbústryggingar****Þjófnaður á lausafé úr sumarbústað í ágúst 2009 og september 2009.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 20.01. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 21.02. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Félagið telur ljóst að sumarhúsið hafi ekki verið læst þar sem farið hafi verið inn í það án ummerkja. Vátryggingin bætir tjón af völdum innbrots en engin merki hafi verið um að brotist hafi verið inn í húsnæðið samkvæmt tveimur lögregluskýrslum. Þegar af þeirri ástæðu hafnar félagið greiðsluskyldu.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er ósannað að um innbrot hafi verið að ræða. Vegna þessa er ekki uppfyllt skilyrði vátryggingarskilmála sem nauðsynlegt er til þess að unnt sé að fallast á greiðsluskyldu vátryggingafélagsins. Svo virðist sem ekki hafi verið um innbrot að ræða.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 15. mars 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 25/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. fjölskyldutryggingar

Stúlka meiddist við skíðaiðkun þ. 29.3.2010

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 20.1.2011 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V dags. 1.2.2011 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

M var í skíðaferð á Akureyri og var að renna sér niður brekku í Hlíðarfjalli þegar hún steyptist fram af stökkpalli og slasaðist, en stökkpallinn sá hún ekki samkvæmt málavaxtalýsingu í málskoti. M krefst bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V og byggir lögmaður M á að um bótaskyldt slys hafi verið að ræða og rökstyður þá skoðun. V hafnar bótaskyldu og bendir á að í tjónstilkynningu sé málsatvikum lýst þannig “Var á skíðum að renna mér, datt allt í einu, missti meðvitund og man því ekkert eftir hvernig ég datt, hafði greinilega rúllað og annað skíðið var fast í snjónum.” Þá bendir V á að umræddur atburður hafi orðið kl. 14 að degi til. V bendir á að síðar hafi komið aðrar lýsingar á atvikinu m.a. að M hafi dottið við stökk af stökkpalli, sem hún hafi ekki séð vegna birtuskilyrða. V telur síðari tíma atvikalýsingar ekki trúverðugar og telur ósannað að skyndilegur utanaðkomandi atburður hafi valdið tjóni málskotsaðila og hafnar því bótaskyldu.

Álit.

Ósannað er hvað gerðist í umrætt sinn og lýsingar eru misvísandi hvað það varðar. Þá er ekki sýnt fram á að eitthvað utanaðkomandi hafi breytt atburðarrásinni hvað tjón M varðar í umrætt sinn. M á því ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 22.2. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 26/2011

M
og
vátryggingafélagið X v/ slysátryggingar bænda.

**Ágreiningur um gildissvið slysátryggingar bænda og breytingu á skilmálum
vátryggingarinnar.**

Gögn.

12. Málskot, móttakið 24.1.2011, ásamt fylgigögnum.
13. Bréf X, dags. 14.2.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M er bóndi. Samkvæmt tjonstilkynningu, dags. 7. október 2010, var hann þann 25. september 2010 að smala kindum er hann hafi þurft að grípa kind er eitthvað brast í vinstra læri aftanverðu. Kemur fram í læknisvottorði að um sé að ræða tognun eða slit í vöðva aftan á vinstra læri. M hefur krafist bóta úr slysátryggingu bænda sem hann hefur í gildi hjá vátryggingafélaginu X. X hafnaði bótaskyldu á þeirri forsendu að meiðslin féllu utan gildissviðs vátryggingarinnar þar sem það teldist ekki vera slys í skilningi skilmála vátryggingarinnar, en skv. 3. gr. þeirra væri með hugtakinu slys átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Samkvæmt málskoti vill M ekki una afstöðu X og vísar hann til þess sem segir í síðari málslið 3. gr. skilmálanna varðandi hugtakið slys, en þar segi að við meiðsl á útlimum sé þess þó eingöngu krafist að um skyndilegan atburð sé að ræða sem valdi meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. X hefur svarað því til að ákvæði það sem M vísar til í síðari málslið 3. gr. hafi ekki tekið gildi fyrr en 13. desember 2010, þ.e. eftir að sá vátryggingaratburður varð sem mál þetta snýst um. Hins vegar hafi gleymst að breyta gildistíma skilmálanna þar sem þess var getið að þeir giltu frá 1. janúar 2006. Þessi mistök hafi ekki uppgötvast fyrr en M benti á ákvæðið eftir að bótaskyldu hafði verið hafnað.

Álit.

Samkvæmt málgögnum var hinn 13. desember 2010 vátryggingarskilmálum, sem hér um ræðir, breytt á þann veg að hugtakið slys var rýmkað þannig að ekki var krafist að meiðsl á útlimum hefðu orðið af völdum utanaðkomandi atburðar. Þessi breyting hafði ekki tekið gildi þegar M varð fyrir meiðslunum 25. september 2010. Eins og hugtakið slys var þá skilgreint í skilmálunum féllu meiðslin utan gildissviðs vátryggingarinnar. Telst M því ekki eiga rétt á bótum úr tryggingunni. Þessu breytir ekki þótt gildistöku dags breytingarinnar hafi ekki verið getið sérstaklega í þeim skilmálum sem birtir voru á heimasíðu X heldur einungis upphaflega gildistöku dags þeirra.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu bænda hjá X.

Reykjavík, 10. mars 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 27/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/frjálsrar ábyrgðartryggingar atvinnureksturs****Meiðsl við fall um vínber á gólfi verslunar þann 16.05. 2009.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 24.01. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 27.01. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M rann til og féll er hún steig á vínber á gólfi matvöruverslunar.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur ósannað að slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi af hálfu vátryggingartaka.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er ósannað að rekja megi slys M til saknæmrar háttsemi vátryggingartaka (starfsmanna hans eða aðstæðna sem hann ber skaðabótaábyrgð á). Hér virðist hafa verið um óhappatilvik að ræða. Viðskiptavinir matvöruverslunar verða að gera ráð fyrir því t.d. að væta eða ávextir geti borist á gólf verslunar. Mikilvægt er að slíkt sé hreinsað upp við fyrsta tækifæri en illmögulegt er fyrir verslunaraðila að sjá til þess að hlutir liggi ekki stutta stund á gólfi verslunar sinnar. Ef ekki tekst að sýna fram á vanrækslu er ekki unnt að kveða á um skaðabótaskyldu vátryggingartaka í tilviki sem þessu.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 15. febrúar 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 28/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. Starfsábyrgðartryggingar fasteignasala.

Krafa um bætur vegna þess að sérgeymsla fylgdi ekki húsnæði, þ. 1.3.2010

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 25.1.2011 ásamt fylgiskjölum 1-10
2. Bréf V dags. 17.2.2011 ásamt fylgiskjölum 1-4

Málsatvik.

Priggja herbergja íbúð í kjallara var boðin til sölu og í söluþingliti fasteignasölnunnar sem annaðist sölu eignarinnar kom fram að sérgeymsla og sameiginlegt þvottahús væri á hæð hússins og séringangur væri í íbúðina og upphitun væri sér. M gerði tilboð í eignina og í kautilboði segir að aðilar hafi kynnt sér söluþinglit fasteignasölnunnar sem skoðist sem hluti af kautilboðinu. Í kaupsamningi fyrir eigninni er ekki minnst á sérgeymslu, séringang eða að sér upphitun. Í kaupsamningnum er vísað til stærðar hins selda í fermetrum og jafnfram vísað í þinglýst gögn þ.á.m. eignaskiptayfirlýsingu, en ekki er minnst á þau atriði sem áður greinir og koma fram í söluþingliti. Kaupsamningur var gerður þ. 15.2.2010 og íbúðin afhent kaupanda þ. 1.3. 2010 og afsal fyrir eigninni var gefið út og undirritað af kaupanda og seljanda þ. 6.9.2010. Nokkru fyrir útgáfu afsal gerði M kröfu til bóta og viðurkenningar skaðabótaskyldu fasteignasalans sem annaðist milligöngu um viðskiptin þar sem að sérgeymsla fylgdi ekki íbúðinni svo sem fram kom á söluþingliti og séringangur væri ekki fyrir hendi. Fasteignasalinn segir að sérgeymsla komi ekki fram í þinglýstum eignaskiptasamningi eignarinnar og þá hafi M verið upplýst um það þegar hún skoðaði íbúðina að sérgeymsla fylgdi ekki og engin slík geymsla hafi verið sýnd þá segir fasteignasalinn einnig að M hafi vitað það frá því að hún skoðaði eignina að séringangur var ekki í íbúðina. Lögmaður M gerir kröfu til að viðurkennd verði bótaskylda fasteignasölnunnar og vísar til þess að kaupanda hafi ekki verið kynnt að íbúðin uppfyllti ekki ákveðin skilyrði byggingarreglugerða og þá er vísað til þess hvað ríkar skyldur séu lagðar á fasteignasala um að réttar upplýsingar komi fram í söluþingliti, en ekki hafi verið um það að ræða af hálfu fasteignasölnunnar heldur þvert á móti. V hafnar bótaskyldu og segir að eignin uppfylli þá kosti sem M hafi verið kynnt við skoðun eignarinnar þ.á.m. að hvorki fylgdi sérgeymsla né séringangur auk þess hafi M fengið alla þá fermetra sem getið er um í kaupsamningi afhenta þannig að tjón M sé ekkert. Þá telur V að ekki verði séð að M geri nú kröfur vegna þess að þvottahús sé sameiginlegt eða það að ekki sé um sérhita eða séringang að ræða.

Álit.

Söluþinglit fyrir eignina er rangt að því leyti að getið er um atriði eins og sérgeymslu, séringang og sérhita, en ekkert af þessu fylgir með í kaupunum. Miklu skiptir að vandað sé til söluþinglita og þar komi fram réttar upplýsingar. Fasteignasalinn sem hér um ræðir ber ábyrgð á því að rangar upplýsingar skuli hafa komið fram í söluþinglitinu og getur bakað sér skaðabótaskyldu vegna þess. M sem var kaupandi eignarinnar skoðaði eignina og þinglýst skjöl sem eignina varða áður en kaup urðu með aðilum. M vissi því eða mátti vita að ekki fylgdi með hinu selda sérgeymsla, séringangur eða sér hiti. Tilgreint er í kaupsamningi hvað M er að kaupa og ekki liggur fyrir að M hafi gert athugasemd við gerð kaupsamningsins eða að þau atriði sem þar eru tilgreind hafi hún ekki fengið afhent. Þrátt fyrir það að söluþinglit vegna eignarinnar sé rangt að því leyti sem að ofan

greinir þá mátti og átti M að gera sér grein fyrir því að ekki fylgdi hinu selda sérgeymsla, sérhiti og sérinngangur, áður en hún undirritaði kaupsamning vegna kaupa á eigninni. Ekki verður séð að M hafi ekki fengið það afhent sem hún festi kaup á miðað við kaupsamning og fyrirliggjandi gögn og vitneskju M á kaupdegi. Þá hefur M ekki sýnt fram á að hún hafi orðið fyrir tjóni vegna þess að rangar upplýsingar komu fram í söluýfirliti. M á því ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasalans hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala hjá V.

Reykjavík 10.3. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 29/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar B

Maður slasast við vinnu á varmaskipti þ. 8.9.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 25.1.2011 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 28.1.2011 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

M vann við að setja upp varmaskipti í loftræstiklefa og var staddur inni í varmaskiptinum þegar festingar gáfu sig og varmaskiptirinn féll saman og M klemmdist á milli efri og neðri hluta og þegar samstarfsmenn M reyndu að losa hann féll efri hluti varmaskiptisins á M. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu B hjá V og bendir m.a. á að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins fyrir en þ. 30. Júní 2009. Þá er á það bent af hálfu M að hann hafi starfað sem ófaglærður launþegi hjá B og hafi verkstjóri á vegum B stýrt verkinu og segir M að hann hafi mátt treysta því að öryggismál væru fullnægjandi við framkvæmd verksins. Þá telur M að ekki hafi verið fyrir hendi fullnægjandi öryggisbúnaður sem gæti tryggt öryggi M. V hafnar bótaskyldu að hluta og telur að M verði að bera þriðjung tjóns síns sjálfur og vísar til þess að starfsmenn hafi sjálfir átt að ákveða útfærslu verksins og taka ákvarðanir varðandi framkvæmdir og því hafi M átt þátt í því verklagi sem viðhaft var með sama hætti og samstarfsmenn hans. Þá bendir V á að M hafi unnið hjá B í tvö ár þegar slysið varð

Álit.

Af gögnum málsins liggur fyrir að M slasaðist við vinnu sína og ekki var gætt að því að kalla til Vinnueftirlit ríkisins og ber B ábyrgð á þeirri vanrækslu. M hafði ekki með höndum stjórn verksins í umrætt sinn en upplýst er að verkstjóri var á staðnum frá B. Jafnvel þó að umræður hafi orðið milli starfsmanna B um það með hvaða hætti verkið yrði best af hendi leyst þá leysir það B ekki undan þeirri ábyrgð sem B ber á því að tryggja öryggi starfsmanna sinna. Ekkert hefur komið fram í málinu sem bendir til að M hafi hagað sér með þeim hætti að eðlilegt sé að fella sök á hann vegna slyssins. M á því rétt á fullum bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 15.2. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 30/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar launþega****Vinnuslys 24.04. 2007, við fall af steypudælu,
ágreiningur um hvort orsakatengsl séu sönnuð.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 26.01. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 08.02. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M kveðst hafa fallið niður að steypudælu sökum vinds og lent á steypu plani þannig að meiðsl hlust af sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið hafnaði greiðsluskyldu í upphafi með vísan til 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, þar sem félagið taldi atvikið of seint tilkynnt. Málið var endurupptekið á árinu 2009 skv. beiðni eftir að dómur Hæstaréttar féll í máli nr. 7/2009. Félagið telur ósannað að tjón þar sem M krefst bóta fyrir sé að rekja til umrædds slyss.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu. Efnislega kemur fram m.a. hann hafi harkað af sér lengi vel en leitaði fyrst til læknis vegna verkja í öxl eftir slysið í desember 2007 og þá verið sendur í rannsóknir. Niðurstöður þeirra lágu fyrir í janúar 2008 en þá sendur í enn frekari rannsóknir til sérfræðinga. Tilkynning um slysið hafi verið send til félagsins í sept. 2008 og frekari gögn í kjölfarið. M kveðst sannanlega hafa orðið fyrir slysi og að áverkar hafi valdið honum talsverðum óþægindum og skertri starfsorku.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum, þ.á m. upplýsingum um fyrri sjúkrasögu og læknisvottorð, er ósannað að rekja megi meiðsl M til slyss á árinu 2007. Orsakatengsl eru ósönnuð.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 22. febrúar 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 31/2011**M
og
Vátryggingafélagið V v. Afkomutryggingar****Ágreiningur um skerðingu bóta úr afkomutryggingu sbr. tjónstilkynning þ. 19.4.2010****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 26.1.2011 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf Fulltingi lögmannsstofu dags. 8.2.2011 ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

Þ.25.5.1998 sótti M um líf- og afkomutryggingu hjá V og var umsóknin samþykkt að lokinni læknisskoðun á vegum V með 25% iðgjaldaálagi á afkomutryggingu vegna hækkaðs blóðþrýstings sem fram kom við læknisskoðun. M sótti um bætur úr afkomutryggingu sinni hjá V þ. 19.4.2010 vegna hjartasjúkdóms og segir lögmaður M að veikindi M hafi byrjað í september 2004 og hafi M náð sér af þeim veikindum hálfu ári síðar, en á ný hafi dregið úr þreki hans og hann talið sig með öllu óvinnufæran í apríl 2010. M krefst bóta úr afkomutryggingu sinni hjá V. V viðurkennir bótarétt M en vill skerða hann vegna vanrækslu M á upplýsingaskyldu við töku tryggingarinnar. M hafnar því að bætur verði skertar og bendir á 2. og 3. mgr. 83.gr vátryggingasamningalaga nr.30/2004.(VSL) Þá bendir M á að V hefði mátt vita af öðrum einkennum hans þegar tryggingin var samþykkt, en hún hafi verið samþykkt eftir að trúnaðarlæknir V skoðaði M og gerði ákveðnar athugasemdir. Þá vísar M til 1.mgr. 84.gr.VSL og með tilvísun til þess sem fyrir liggur sbr. ofangreind lagaákvæði hafi V fengið nægar upplýsingar til að meta áhættuna af tryggingu M. V telur óumdeilt að M hafi veitt rangar og/eða ófullnægjandi upplýsingar við töku tryggingarinnar og hafi það haft áhrif á áhættumat V. Af hálfu V er því haldið fram að tryggingin hefði eingöngu verið samþykkt gegn 100% álagi á iðgjald, vegna hækkaðrar blóðfitu og blóðþrýstings ásamt sérskilmálum vegna óþæginda M í hægri öxl. V heldur því fram að réttar og fullnægjandi upplýsingar hefðu haft þýðingu við mat V á vátryggingaráhættu. Af hálfu V er bent á 82.og 83 gr. VSL m.a. með tilvísun í upplýsingagjöf M. Þá vísar V til þess að ekki hafi farið fram mæling á blóðfitu M við læknisskoðun heldur hafi eingöngu verið um almenna læknisskoðun að ræða enda hafi upplýsingar M ekki gefið tilefni til þess að blóðfita yrði rannsökuð. V telur með vísan til 4.gr. skilmála afkomutryggingar M hjá V rétt að skerða bótarétt M vegna vanrækslu á upplýsingaskyldu við töku tryggingarinnar sbr. og 2. Og 3.mgr. 83.gr. VSL.

Álit.

M greindi ekki að öllu leyti rétt frá um heilsufar sitt við töku tryggingarinnar Skortur á réttri og fullnægjandi upplýsingagjöf M við töku tryggingarinnar virðist hafa haft þýðingu við mat V á vátryggingaráhættunni. V er því heimilt að lækka bætur til M um 50% sbr. 4.gr. vátryggingarskilmála aðila sbr. og 82.gr. og 83.gr. VSL.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr afkomutryggingu sinni hjá V en verður að þola skerðingu bóta um 50%.

Reykjavík 10.3. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 33/2011**M
og
vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar launþega.****Ágreiningur um tilkynningu um kröfu um bætur vegna vinnuslyss þann 18.1.2008.****Gögn.**

14. Málskot, móttakið 28.1.2011, ásamt fylgigögnum.
15. Bréf X, dags. 9.2.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M gegnir störfum í varaslökkviliði sveitarfélagsins S. Þann 18. janúar 2008 var hún við slökkvistörf, er járnstöð, sem hafði verið sett undir milligólf losnaði og féll á höfuð og öxl M. Við það hrasaði M og lenti á hurð með hægri öxl. Við skoðun á heilbrigðisstofnuninni í S daginn eftir slysið sást að hægri viðbein gekk út við „sternoclavicularliðinn“ eins og um liðskekkingu („subluxation“) hafi verið að ræða. Sársauki var við hreyfingu í „sternoclavicularliðnum“, auðvelt að ýta „claviculunni“ í rétt horf en gekk aftur út þegar sleppt var. M leitaði aftur á heilbrigðisstofnunina þann 23. janúar s.á. Við skoðun þá var hægri öxl aðeins sýnin sem M minntist ekki á að hafi verið áður. „Mediali“ endinn á hægri viðbeini stóð talsvert fram og M var verulega aum yfir þeim enda. Í niðurlagi vottorðsins segir að M hafi greinst með bólgur í kjölfar tognunar með auknum verkjum og sársauka við álag. Var henni ráðlagt að hlífa öxlinni við álagi og gera liðkandi æfingar. Einnig ráðlagt að taka bólgueydandi lyf og verkjalyf eftir þörfum. Þann 11. júní 2010 var M skoðuð af L lækni og sérfræðingi í endurhæfingarlækningum og mati á líkamstjónum. Í læknisvottorði hans segir m.a. að axlarhreyfingar M séu vægt skertar hægri megin með óþægindum í endastöðu hreyfinga í hægri innri viðbeinslið. Það sé ekki festumein í sjálfri öxlinni. Hægri öxlin virðist heldur signari. Það sé bein og óbein eymsli við innri hægri viðbeinslið og það sé nokkuð áberandi stallmyndun. Þá smelli aðeins í við hreyfingar. Í vottorðinu er staðfest að M búi við varanlegar afleiðingar af völdum slyssins sem séu tognun á hægri innri viðbeinslið og einkenni vægrar hálstögnunar

Með tilkynningu þann 14. janúar 2010 tilkynnti M um slysið til vátryggingafélagsins X, en þar var í gildi slysatrygging launþega vegna slökkviliðsins í S. X hafnaði bótaskyldu á þeim grundvelli að M hefði glatað bótarétti sínum, sbr. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 glatar sá rétti til bóta samkvæmt slysatryggingu ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem krafan er reist á. Eins og málið liggur fyrir verður við það miðað að M krefjist einungis bóta fyrir varanlegar afleiðingar slyssins.

Við mat á því hvort M hafi glatað rétti til bóta á grundvelli fyrrgreinds lagaákvæðis verður að líta til þess hvað hún vissi um þau atvik, sem bótakrafa hennar er reist á, ári áður en tilkynnt var um tjónið til X, þ.e. 14. janúar 2009. Samkvæmt gögnum málsins virðist sem M hafi einungis leitað læknis strax eftir slysið og svo aftur fimm dögum síðar, eða 23. janúar 2008. Eins og fyrr greinir var hægri öxl þá aðeins sýnin og „mediali“

endinn á hægri viðbeini stóð talsvert fram og var hún verulega aum yfir þeim enda. Við skoðun hjá L 11. júní 2010 voru þessi einkenni enn til staðar og staðfest að varanlegar afleiðingar slyssins séu tognun á hægri innri viðbeinslið og einkenni vægrar hálstognunar. Samkvæmt þessu verður að telja ljóst að við slysið hlaut M sýnilega áverka á liðum í hægri öxl sem ekki gengu til baka. Ekkert hefur komið fram í málinu sem bendir til að hún hafi mátt vænta fulls bata eftir slysið og hún myndi ekki hljóta varanlegan skaða af þess völdum. Þykir því mega slá því föstu að einu ári áður en X var tilkynnt um slysið hafi M vitað um þau atvik sem bótakrafa hennar er reist á. Hún hefur því glatað rétti til bóta úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega hjá X.

Reykjavík, 10. mars 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 34/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/slysátryggingar eiganda sem farþega í bifreið****Meiðsl, ágreiningur um hvort tilkynningaskyldu hafi verið gætt samkvæmt 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 28.01. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 18.02. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M mun hafa misst stjórn á bifreið sinni 29.09. 2007 er hann ók suður Kringlumýrarbraut með þeirri afleiðingu að bifreiðin hafnaði utan vegar. Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að “ökumaðurinn kvaðst ekki kenna sér meins eftir óhappið” sbr. nánar gögn málsins. M leitaði samt sem áður til slysadeildar næsta dag þar sem hann taldi sig hafa fengið hálsnnykk o.fl. sbr. gögnin. Þá mun hann hafa fengið “almenna ráðgjöf og bækling um hálstognanir”.

Í febrúar 2010 leitaði M á læknavaktina sbr. fyrirliggjandi læknisvottorð dags. 13.05. 2010. Í mars 2010 barst félaginu tilkynning um fyrrgreint óhapp.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Félagið hafnar því að frestur sem 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga mælir fyrir um hefjist þegar M sá ástæðu til að leita læknis um tveimur og hálfu ári eftir slysið. Þá telur félagið og að orsakatengsl séu ósönnuð þ.e. milli slyssins og þeirra einkenna sem lýst er í læknisvottorði á árinu 2010.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum gætti M ekki tilkynningaskyldu sinnar skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Telja verður að M hafi í þessu sérstaka tilviki átt að tilkynna vátryggingafélaginu um kröfu sína á árinu 2007.

Þá eru orsakatengsl ósönnuð milli slyssins og þeirra afleiðinga sem M telur að rekja megi til þess.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 15. mars 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 35/2011**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Bréfberi féll á hálkubletti við póstútburð þann 12.12.2008.****Gögn.**

16. Málskot, móttakið 28.1.2011, ásamt fylgigögnum.
17. Bréf X, dags 4.2.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M vann við póstútburð á vegum vinnuveitanda síns, V, á Kópavogsbraut í Kópavogi. Féll hún þá á hálkubletti og ökklabrotnaði. Kveður M að V hafi ekki varað hana við háлку er hún vann við póstútburðinn. Þá hafi M verið lausráðinn er slysið varð og því ekki átt rétt á að kaupa viðhlítandi skóbúnað eins og fastráðnir starfsmenn eiga rétt á samkvæmt kjarasamningi.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt fyrirleggjandi upplýsingum frá V er í tengslum við þjálfun bréfbera farið yfir helstu þætti í störfum þeirra, þ. á m. atriði varðandi háлку og er í þessu sambandi notast við sérstakan gátlista. Rík áhersla sé lögð á að starfsmenn noti mannbrodna sem V leggi öllum bréfberum til. Á haustin sé hengt upp spjald á vinnustaðnum þar sem varað sé við háлку og yfirmenn áréttu við starfsmenn að nota slíkan öryggisbúnað. Hafi M fengið mannbrodna umræddan dag sem hafi verið í kassa við útgönguleið. Fulltrúi dreifingarstjóra kveðst minnst þess að þennan dag sem M slasaðist hafi verið kallað á eftir bréfberunum að nota mannbrodna.

Þegar virt er það sem hér að framan greinir þykir ekki hafa verið sýnt fram á að slysið megi rekja til atvika sem V ber skaðabótaábyrgð á. Tjónið fæst því ekki heldur bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M er ekki bótaskyld.

Reykjavík, 22. febrúar 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 36/2011
M og
Vátryggingafélagið V vegna frjálstrar ábyrgðartryggingar G

Kona datt þegar hún var að fara niður af sviði þ. 24.5.2009

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 31.1.2011 ásamt fylgiskjölum nr. 1-12.
2. Bréf V dags. 21.2.2011 ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

M var viðstödd útskriftartónleika eins nemanda síns sem voru haldnir í safnaðarheimili sem G hefur með að gera og umsjón með. Sviðið í safnaðarheimilinu er þannig hannað að rof er á framhlið þess a.m.k. á einum stað og þar eru tröppur, en færanlegar tröppur eru til staðar sem geta tekið við sem fótstig þar sem föstu tröppunum sleppir. Nokkur hæð er frá því að föstu tröppunum sleppir og niður á gólf. M segist hafa gengið niður af sviðinu en ekki séð að tvær neðstu tröppurnar þ.e. þær færanlegu höfðu verið fjarlægðar á þeim stað sem hún gekk niður. M hrasaði og féll í gólfíð og slasaðist. Tvö vitni staðfesta frásögn M. M telur G sem umsjónaraðila og rekstraraðila hússins bera ábyrgð á tjóni hennar og gerir kröfu um bætur úr frjálstri ábyrgðartryggingu G hjá V. Lögmaður M vísar til laga nr. 85/2007 um veitingastaði o.fl. og reglugerð 581/1995 um húsnæði vinnustaða og heldur því fram að umferðarleið að sviði safnaðarheimilisins hafi ekki verið í samræmi við tilvísuð lagaákvæði og beinlínis verið hættuleg. Þá segir að M hafi ekki séð að færanlegu þrepin hafi verið fjarlægð og því hafi hún orðið fyrir umræddu slysi. V hafnar bótaskyldu og segir að starfsmenn G hafi ekki fjarlægt færanlegu tröppuna í umrætt sinn auk þess sem G sem leigutaki húsnæðisins, beri ekki hlutlæga ábyrgð á því að þrepin hafi verið fjarlægð af öðrum. Þá bendir V á að færanlegur tröppubúnaður brjóti ekki í bág við skráðar réttarreglur.

Álit.

Sá búnaður sem var til staðar við svið safnaðarheimilis G þ.e. færanlegar tröppur brýtur ekki í bága við lög eða aðrar réttarreglur. Sú staðreynd að tröppurnar voru færanlegar gerir það að verkum að ekki er hægt að treysta því að þær séu ávallt til staðar á sama stað. Gegn eindreginni neitun G á því að starfsfólk G hafi fært færanlegu tröppurnar í umrætt sinn og þar sem engin gögn sýna að svo hafi verið er ósannað að starfsfólk G hafi fært tröppurnar þannig að meta megi þeim það til gáleysis. Ekki verður heldur fallist á að G geti með öðrum hætti borið skaðabótaábyrgð á tjóni M. M á því ekki rétt á bótum úr frjálstri ábyrgðartryggingu G hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálstri ábyrgðartryggingu G hjá V.

Reykjavík 15.3. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 37/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/fjölskyldutryggingar vegna innbrots****Þjófnaður á lausafé úr íbúð 18.12. 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 31.01. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 02.02. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Farið var inn um glugga á jarðhæð húsnæðis M.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu með vísan til ákvæðis skilmála þar sem fram kemur varúðarregla sem getur þess að “læsa skal íbúðarhúsum og loka öllum gluggum og krækja aftur. Vátryggður skal sjá til þess að ekki sé skilið við ólæsta húseign mannlausa.” Félagið telur ljóst að varúðarreglan hafi verið brotin í umræddu tilviki. Síðari skýringar M bæði í síðari lögregluskýrslu og í athugasemdum með málskoti sem ganga gegn því sem fram kemur í fyrstu lögregluskýrslu hnika ekki álitni félagsins.

M telja greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verður lagt til grundvallar að farið hafi verið inn í húsnæði M með því að fara inn um glugga á suðurhlíð hússins sem húsráðendur höfðu skilið eftir opinn til þess að heimiliskötturinn kæmist inn. Ljóst er að umræddur gluggi stendur mjög neðarlega og aðgengilegur þeim sem fara vill inn.

Með hliðsjón af framanrituðu hafa M fyrirgert rétti til bóta vegna þess tjóns sem varð.

Ósannað er að farið hafi verið inn um annan glugga líkt og M halda fram í málskotinu.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 22. febrúar 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 38/2011

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Sundlaugavegi í Reykjavík til móts við Hrístateig þann 18.1.2011.**Gögn.**

18. Málskot, móttækið 2.2.2011, ásamt fylgigögnum.
19. Bréf Y, dags. 21.2.2011, ásamt fylgigögnum.
20. Bréf X, dags 21.2.2011.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið austur Sundlaugaveg og var A ekið á undan B. A var stöðvuð á akbrautinni. Bar þá B að. Er ökumaður B freistaði þess að aka vinstra megin fram með A rákust saman að því er virðist aftanverð vinstri hlið A og aftanverð hægri hlið B. Hálka var á malbikaðri akbrautinni.

Í skýrslu ökumanns A, sem gerð var á vettvangi, kemur fram að hann hafi ekið á litlum hraða og numið staðar til að spyrja sammemanda sinn hvort hann gæti ekið honum. Hafi hann þá fundið högg koma á A þegar B hefði verið ekið aftan á hana. Í málskoti kveðst hann hafa stöðvað við vegarbrún og A hafi verið kyrrstæð í smástund þegar B hafi verið ekið aftan á A.

Í skýrslu ökumanns B á vettvangi kvaðst hann hafa séð A kyrrstæða og sveigt þá til vinstri til að forða árekstri. Hafi hann hafi þá ekið á umferðarmerki og hafnað á A. Í síðari skýrslu frá ökumanni B kemur fram að A hafi verið stöðvuð mjög skyndilega á miðri akbrautinni.

Álit.

Hámarkshraði á Sundlaugavegi er 50 km á klst. Í upphaflegri skýrslu ökumanns B segir að hann hafi séð A kyrrstæða. Bendir það til að einhver aðdragandi hafi verið að árekstrinum. Hefur ökumaður B ekki sýnt þá aðgæslu sem af honum mátti krefjast né gætt þess að hafa nægilegt bil á milli ökutækja svo eigi skapaðist hætta á árekstri þótt ökutækið sem á undan fór stöðvaðist, sbr. 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Hann á því sök á árekstrinum. Telja verður ósannað samkvæmt gögnum málsins að um skyndistöðvun hafi verið að ræða af hálfu ökumanns A. Eins og hér stóð á þykja ekki næg efni til að leggja sök á hann. Ökumaður B ber því einn sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík, 15. mars 2011.
Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 39/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/sjúkra- og slysatryggingar****Ágreiningur um greiðsluskyldu, áhrif breytinga á vátryggingarskilmálum.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 07.02. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 21.02. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var metinn til 5 stiga miska vegna slyss þann 22.09. 2007. Samkvæmt vátryggingarskilmálum sem í gildi voru á tjónsdegi kom fram að lægri varanleg örorka en 10% bætist ekki

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins þ.á m. bréfi til nefndarinnar, dags. 21.02. 2011. Umrætt fyrirkomlag vátryggingarskilmála kom til framkvæmda á árinu 2003. Vátryggingafélagið kveðst hafa upplýst vátryggingartaka félagsins um breytingu skilmála við endurnýjun vátrygginga á sínum tíma. Félagið hefur lagt fram gögn vegna þessa. Félagið telur að ekki hafi verið sýnt fram á að það hafi vanrækt lögbundnar skyldur sínar gagnvart M í tengslum við skilmálabreytingar á árinu 2003. Þegar af þeirri ástæðu og með vísan til fyrirliggjandi gagna sé bótaskyldu hafnað.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Miðað við fyrirliggjandi gögn verður að telja að M hafi verið tilkynnt um breytingu þá sem varð á skilmálum á árinu 2003 og sem getið hefur verið í umfjöllun þessari. Jafnframt verður að leggja til grundvallar að M hafi haft öll tók á því að kynna sér efni þeirra vátryggingarskilmála sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 15. mars 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 40/2011**M****og****Vátryggingafélagið v/slysatryggingar launþega í tengslum við slys 02.01. 2010****og****v/ábyrgðartryggingar bifreiðar sem ekið var á bifreið M****Ágreiningur um greiðsluskyldu, ágreiningur um orsakatengsl.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 07.02. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 28.02. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur máls þessa er um afleiðingar tveggja umferðarslysa annars vegar óhapps 17.12. 2008 og hins vegar óhapps 02.01. 2010.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur ósannað að rekja megi meiðsl M til þeirra umferðaróhappa sem getið hefur verið sbr. fyrirliggjandi gögn.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum þ. á m. sjúkrasögu M, er ósannað að rekja megi meiðsl M og/eða líkamlegt ástand til þeirra umferðaróhappa sem getið hefur verið. Tekið er efnislega undir afstöðu vátryggingafélagsins í máli þessu.

Athygli vekur að M virðist ekki hafa tilkynnt vinnuveitanda á sínum tíma um umrædd óhöpp og mögulegar afleiðingar þeirra. Þá er ekki fyrirliggjandi samtíma læknisfræðileg gögn í máli þessu.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 15. mars 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 41/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar E

Kona var að þrifa í vinnusal og slasaðist þ. 13.5.2004.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 7.2.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-9
2. Bréf V dags. 21.2.2011

Málsatvik.

Í tilkynningu um slys til Tryggingarstofnunar ríkisins og Vinnueftirlits segir að M hafi verið að þrifa band í vinnusal hjá E en M var starfsmaður hreingerningarfyriertækis. M segir að eitt hjólið á bandinu hafi lent ofan á rist hennar og hafi bandið dottið ofan á M og hún meiðst á fótum. Í læknisvottorði kemur fram að M hafi leitað til læknis þ. 13.5.2004 og segir að hún virðist samkvæmt pappírnum hafa rekið sig í færiband og leitaði hún til læknis vegna mars á kálfa og læri. Í matsgerð lýsir M slysinu þannig að hún hafi verið að þrifa bandið þegar eitt hjól þess lenti ofan í ræsi og datt ofan á M. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá E og bendir á að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits innan tilskilins frests og E hafi ekki látið neina rannsókn fara fram á slysi M. Af hálfu M er því haldið fram að slysið hafi orðið vegna vanbúnaðar á vinnustað E og aðstæður þar verið stórhættulegar fyrir starfsfólk. Þá er vísað til reglugerðar nr. 922/2006 og 581/1995 og 13.gr. laga nr. 46/1980. V hafnar bótaskyldu og bendir á að gögnum beri ekki saman um aðdraganda slyssins svo sem V rekur. V bendir á að umrætt band hafi ekki verið í notkun og því óþarfi að þrifa það og orsök slyssins sé ósönnuð og engin vitni hafi verið að slysinu. Þá bendir V á að E hafi ekki verið kunnugt um slysið fyrr en degi síðar en þá hafi fyrirsvarsmenn E fengið fregnir af því með óformlegum hætti, en vinnuveitandi M sem kunnugt hafi verið um slys M löngu á undan fyrirsvarsmönnum E hafi hvorki tilkynnt það til lögreglu né kallað eftir rannsókn á slysinu. V mótmælir því að um vanbúnað hafi verið að ræða á umræddum vinnustað hjá E og jafnframt telur V að ósannað sé að slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi E.

Álit.

Nokkurs misræmis gætir í lýsingu M á tildrögum og aðdraganda slyssins. Óljóst er hvað nákvæmlega gerðist í umrætt sinn, en samt verður ekki annað séð en einhver færsla eða snerting hafi orðið við færibandid sem um ræðir. Ekki hefur verið sýnt fram á að um vanbúnað hafi verið að ræða eða tjón M megi rekja til saknæmrar háttsemi E, starfsmanna E eða annarra sem E ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu E hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu E hjá V.

Reykjavík 15.3.. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 42/2011
M og
Vátryggingafélagið V-1 v.kaskótryggingar og
Vátryggingafélagið V-2 v. starfsárbyrgðartryggingar bílasala

Bílasali tók að sér að tilkynna að kaupandi bifreiðar óskaði að kaskótryggja bifreið sína en tilkynningin barst ekki vátryggingafélaginu tjónsdagur þ. 12.1.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 7.2.2011 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V-1 dags. 25.1.2011
3. Bréf V-2 dags. 21.2.2011

Málsatvik.

M keypti bifreið þ.20.júlí 2010 og hafði bifreiðasali milligöngu um kaupin og tók að sér að tilkynna til V-1 að M óskaði eftir kaskótryggingar á bifreiðina. Bifreiðasalinn sendi tilkynningu á faxtæki til V-1, en tilkynningin skilaði sér aldrei og villutilkynning kom fram á faxtæki bifreiðasölnunnar um að sendingin hefði ekki tekist. Þ. 12.1.2011 eða tæpu hálfu ári eftir að kaupin áttu sér stað, varð bifreiðin fyrir tjóni og þá kom í ljós að tilkynningin hafði aldrei borist til V-1. M krefst bóta úr kaskótryggingu hjá V-1 og vegna starfsárbyrgðartryggingar bílasalans hjá V-2. M heldur því fram að hann hafi staðið í góðri trú um að allt væri í lagi með kaskótryggingu bifreiðarinnar og þá bendir M á að hann þekki ekki til þess með hvaða hætti bifreiðasalar komi tilkynningum sínum áleiðis og beri enga sök á því að bifreiðin var ekki kaskótryggð þegar hún varð fyrir því tjóni sem hér ræðir um. V-1 hafnar bótaskyldu og bendir á að trygging taki ekki gildi fyrr en félagið hafi samþykkt hana, en því hafi ekki verið til að dreifa í þessu tilvik. Auk þess bendir V-1 á að félagið hafi aldrei fengið vátryggingabeiðni og því geti ekki komið til þess að V-1 beri ábyrgð. V-2 bendir á að 176 dagar hafi liðið frá því að sala bifreiðarinnar átti sér stað og þangað til að hún varð fyrir tjóninu og þrátt fyrir það að beiðni hafi ekki borist frá bifreiðasalanum þá hafi M ekki getað verið í góðri trú um að bifreiðin væri kaskótryggð. V-2 bendir á að allþekkt sé að iðgjaldakrafa og vátryggingaskírteini sé sent vátryggingataka innan skamms tíma eftir að beiðni berst vátryggingafélagi sé vátrygging á annað borð gefin út. Þá bendir V-2 á að ekki liggi fyrir að bifreiðin hefði sjálfkrafa fengið kaskótryggingu, en bifreiðin sé 7 ára gömul.

Álit.

Ljóst er að V-1 barst aldrei tilkynning þar sem óskað var eftir að bifreiðin sem M keypti yrði kaskótryggð. Ekki hefur verið sýnt fram á að V-1 beri með einum eða öðrum hætti ábyrgð á því að bifreiðin var ekki kaskótryggð. M á því ekki kröfu á V-1 í máli þessu. Bifreiðasalinn sem seldi M umrædda bifreið tók að sér að tilkynna þá ósk M að bifreiðin yrði kaskótryggð. Þrátt fyrir tilraun til að senda tilkynningu um þessa ósk M þá barst sú tilkynning aldrei til V og upplýsingar um það voru til staðar hjá bifreiðasalanum frá kaupdegi. Bifreiðasalinn ber því ábyrgð á því að beiðni M um að bifreiðin yrði kaskótryggð kom ekki fram hjá Vátryggingafélaginu V-1. Af þeim sökum á M rétt á bótum úr starfsárbyrgðartryggingu M hjá V-2. Til þess verður þó að líta að langur tími leið frá því að M keypti bifreiðina og þangað til bifreiðin varð fyrir tjóni. M hefði átt að gera sér grein fyrir að eitthvað gæti verið að varðandi kaskótryggingu bifreiðarinnar þar sem M var hvorki krafinn greiðslu vegna kaskótryggingarinnar né barst honum tilkynning um trygginguna ásamt

vátryggingaskilmálum. M ber því verulega eigin sök í málinu. Við mat á sök og sakarskiptingu þykir eðlilegt að V-2 beri 50% tjónsins en M beri 50% tjónsins vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

M á rétt á að fá tjón sitt bætt að hálfu eða 50% úr starfsábyrgðartryggingu bifreiðasölunnar hjá V-2 en ber sjálfur helming tjónsins vegna eigin sakar.

Reykjavík 21.3. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 43/2011**M
og
vátryggingafélagið X v/ innbústryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna þjófnaðar úr íbúð þann 10.12.2010.****Gögn.**

21. Málskot, móttækið 7.2.2011, ásamt fylgigögnum.
22. Bréf X, dags 15.2.2011, ásamt fylgigagni.

Málsatvik.

Laust fyrir hádegi hinn 10.12.2010 var lögregla kvödd í íbúð M á 2. hæð í fjölbýlishúsi í Reykjavík. Farið hafði verið inn í íbúðina um morguninn og stolið þaðan ýmsum innbúsmunum.

Í lögregluskýrslu kemur fram að farið hafði verið inn um mjóan glugga af svölum á bakhlið hússins. Ekki hafi verið annað að sjá en farið hafi verið í stiga upp á svalirnar.

Í skýrslu rannsóknarlögreglumanns um atvikið segir ennfremur að engar skemmdir hafi verið að sjá á glugganum eða gluggapósti, en þegar glugginn hafi verið kannaður nánar virtist vera hægt að koma fingrunum á milli glugga og gluggapósts. Með því móti hafi verið mögulegt að ná taki á glugganum og þannig hægt að kippa honum upp með talsverðu átaki. Virðist sem svo hafi verið gert í umræddu tilviki. Ekki hafi verið vitað hvernig gerandinn hafi farið upp á svalirnar, en engin fótspor eða spark hafi mátt sjá á klæðningu hússins og því sé hugsanlegt að stigi hafi verið notaður. Í viðbótarskýrslu rannsóknarlögreglumannsins segir að við nánari skoðun á ljósmynd af vettvangi og eftir að hún hafi verið stækkuð hafi sést lítil skemmd á gluggapóstinum innanverðum.

Að beiðni M skoðaði L, lásasmiður, aðstæður á vettvangi. Í fyrirbyggjandi skýrslu lásasmiðsins segir að augljós ummerki hafi verið um að gluggi hafi verið spenntur upp og djúp för hafi verið að innanverðu og rispur að utanverðu.

Samkvæmt skilmálum innbústryggingar sem M hafði keypt hjá vátryggingafélaginu X tekur vátryggingin m.a. til þjófnaðar við innbrot í læsta íbúð. Jafnframt er tekið fram að forsenda fyrir bótaskyldu sé að á vettvangi séu ótvíræð merki um innbrot. Einnig að sú varúðarregla gildi að dyr, gluggar og önnur op á vátryggingarstað skulu vera tryggilega læst. Hefur M krafist bóta úr innbústryggingunni vegna þess tjóns sem hann hefur orðið fyrir við þjófnaðinn. X hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu.

Álit.

Þegar litið er til þess sem segir í lögregluskýrslu um það hvernig glugganum kann að hafa verið kippt upp, skemmda á gluggapóstinum sem greindust á ljósmynd lögreglu og álits lásasmiðs, þykir nægilega í ljós leitt að á vettvangi hafi verið verksummerki eftir innbrot. Ekkert bendir til að varúðarreglur varðandi frágang glugga hafi verið brotnar af hálfu M. Að þessu virtu verður að telja að tjón M sé bótaskyldt úr innbústryggingunni hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M bætist úr innbústryggingu hans hjá X.

Reykjavík, 15. mars 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 44/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Y v/B****Árekstur Skipholti 11.01. 2011 þar sem bifreiðum var bakkað
úr stöðureitum á móti hvor annarri.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 07.02. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélags til nefndarinnar, dags. 21.02. 2011.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 18.02. 2011, ásamt viðbótarframburði ökumanns B og loftmynd af vettvangi.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið aftur á bak úr stöðureitum á móti hvor annarri.

Tjónanefnd vátryggingarfélaganna telur að skipta skuli sök til helminga.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verður sök skipt til helminga. Hvorugur ökumanna þykir hafa gætt þeirrar aðgæslu sem nauðsynleg var þegar ekið er aftur á bak. Virðist sem hvorugur ökumaður hafi vitað af hinum.

Ákoma á bifreiðunum og staðsetning þeirra við áreksturinn breytir ekki ofanrituðu. Það breytir heldur ekki ofanrituðu þó að annar ökumanna hafi náð að stöðva rétt fyrir áreksturinn.

Niðurstaða.

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 15. mars 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 45/2011

M
og
vátryggingafélagið X ábyrgðartryggingar eiganda fasteignar
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags.

Vatn lak inn í kjallara húss eftir að heimæð í húsi við hliðina gaf sig.

Gögn.

23. Málskot, móttakið 7.2.2011, ásamt fylgigögnum.
24. Bréf X, dags 15.2.2011.
25. Bréf Y, dags. 25.2.2011.

Málsatvik.

Þann 12.8.2010 lak vatn inn í kjallara á heimili M að S-götu 33 í sveitarfélaginu A með þeim afleiðingum að tjón varð á fasteigninni og ýmsir innbúsmunir urðu fyrir skemmdum. Í ljós kom að kaldavatnslögn að næsta húsi við hliðina, S-götu 35, hafði sprungið og vatn flætt undir bílskúrsgrunn að S-götu 33 og þaðan inn í kjallara hússins. M fékk greiddar hámarksbætur úr innbúskaskótryggingu hjá sínu vátryggingafélagi vegna innbústjónsins. Að öðru leyti hefur tjónið ekki fengist bætt. Máltilbúnað M ber að skilja svo að hún freisti þess að fá tjónið, að því marki sem það er óbætt, bætt úr ábyrgðartryggingarlið fasteignatryggingar húseiganda S-götu 35 hjá vátryggingafélaginu X og ábyrgðartryggingu A hjá vátryggingafélaginu Y, en X og Y hafa hafnað bótaskyldu úr umræddum ábyrgðartryggingum.

Álit.

Ekkert bendir til þess að vatnslögnin að S-götu 35 hafi gefið sig vegna vanrækslu eða annarrar saknæmrar háttsemi af hálfu húseigandans. Hann hefur því ekki bakað sér skaðabótaábyrgð gagnvart M. Tjónið fæst því ekki bætt úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar hans hjá X. Heimtaug sú sem hér á í hlut mun hafa verið lögð fyrir 1. janúar 1992 og hafði ekki verið endurnýjuð þegar tjónið varð. Hún var því í eigu húseiganda en ekki sveitarfélagsins, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga. Með vísan til þessa og atvika málsins að öðru leyti verður ekki séð að A beri ábyrgð á óbættu tjóni M. Tjónið fæst því heldur ekki bætt úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins hjá Y.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu húseiganda S-götu 35 hjá X. Tjónið bætist heldur ekki úr ábyrgðartryggingu A hjá Y.

Reykjavík, 21. mars 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 46/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Y v/B****Árekstur þann 17.01. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 08.02. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 22.02. 2011.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 06.03. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið niður Lág múla þegar ökumaður A gaf stefnuljós til vinstri og beygði síðan þegar bifreiðinni B var ekið fram úr og árekstur varð. B var ekið inn í hlið A.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A eigi að bera megin sök á árekstrinum þar sem hann hafi ekki gætt nægjanlega að umferð sem á eftir kom.

Vátryggingafélag A telur að meirihluti sakar eða alla sök skuli leggja á ökumann B vegna aukinnar skyldu til að sýna aðgæslu við framúraksturinn.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A 1/3 hluta sakar fyrir að gæta ekki nægjanlega að umferð áður en hann beygði. Ökumaður B ber meginhluta ábyrgðar þ.e. 2/3 hluta sakar fyrir ógætilegan framúrakstur. Skilyrði til framúraksturs voru ekki fyrir hendi nema samkvæmt aukinni aðgæslu. Þessa var ekki gætt.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 1/3 hluta sakar og ökumaður B 2/3 hluta sakar.

Reykjavík 21. mars 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 47/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar G

Maður slasast þegar hann hoppar úr skipi niður á bryggju þ. 30.1.2010

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 8.2.2011 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 21.2.2011
3. Bréf lögmanns M dags. 25.2.2011 ásamt ljósmyndum

Málsatvik.

M var að vinna við að gera við togtaugar um borð úr fiskiskipi sem lá við hafnarbakka. M segist hafa farið um borð í skipið til að ná í rafmagn og þegar hann fór frá borði þá fór M út um lúgu á síðu skipsins og hoppaði niður á bryggjuna og segist M hafa lent á hálkubletti og fallið aftur fyrir sig á jörðina og rekið vinstri hendi í bryggju polla og hafi hann slasast við það á hendi og armbandsúr M brotnað. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu G hjá V og byggir á því að um saknæma háttsemi starfsmanna G hafi verið að ræða þar sem þeir hafi átt að tryggja aðgang að rafmagni á verkstað og þá hafi landgangur ekki verið tengdur frá skipi á bryggju. V hafnar bótaskyldu og telur það ekki í verkahring eða á ábyrgð G að sjá til þess að rafmagn sé til reiðu vegna viðgerðarinnar sem M ætlaði að framkvæma þá er því mótmælt að engin landgangur hafi verið úr skipinu niður á bryggju. Auk þess heldur V því fram að fjöldi manna úr áhöfn umrædds skips hafi verið við vinnu sína í skipinu í umrætt sinn.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir slysinu vegna atvika sem G eða starfsfólk G bera ábyrgð á. M ákvað sjálfur að fara um borð í skipið og frá borði þar sem ekki var landgangur og án þess að kanna til hlítar hvort unnt væri að útvega rafmagn með öðrum hætti. M hafði nægja möguleika til að meta aðstæður áður en hann tók þá ákvörðun að fara í land með þeim hætti sem hann gerði. M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu G hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu G hjá V

Reykjavík 15.3. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 49/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/húseigendatryggingar (ábyrgðartryggingar)****Meiðsl við fall á hálfu við íþróttahöll 19.01. 2009.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 08.02. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 18.02. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. M rann til í hálfu og/eða holu er hún var á gangi frá íþróttahöll eftir æfingu þar inni. Samkvæmt tjonstilkynningu var lýsing slæm á bílastæðinu sem þarna er. M mun hafa fótbrotnað á hægri fæti.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það gerir athugasemd við breytta lýsingu M af atvikum þ.e. í fyrstu hafi því verið borið við að hálka hafi valdið fallinu en í málskotinu sé á því byggt að hola á bílastæðinu hafi valdið fallinu. Félagið telur ósannað að líkamstjón M sé að rekja til saknæms vanbúnaðar á fasteign vátryggingartaka eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann ber skaðabótaábyrgð á. Það telur ósannað að óslétt yfirborð, hola, hafi valdið því að M datt og slasaðist. Hér hafi verið um óhappatilik að ræða.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er ósannað að rekja megi meiðsl M til saknæmrar háttsemi vátryggingartaka, vanbúnaðar á fasteign eða annarra atvika sem hann ber ábyrgð á. Telja verður að M hafi verið kunnugt um aðstæður á vettvangi og hafi þurft að gæta aukinnar aðgæslu. Hér virðist hafa verið um óhappatilik að ræða sem vátryggingartaki ber ekki skaðabótaábyrgð á.

Ósannað er að M hafi fallið um “stóra holu á illa upplýstu bílastæði” líkt og haldið er fram í málskotinu. Framburðir tveggja vitna breyta ekki ofanrituðu. Fyrirliggjandi gögn eru ákaflega takmörkuð um aðstæður á vettvangi máls þessa. Telja verður að M hafi haft fullt tilefni til að gæta aukinnar aðgæslu að teknu tilliti til þeirra aðstæðna sem fyrir hendi voru.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 15. mars 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 50/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. Innbúskaskótryggingar

Tjón á leðursófa þ. 1.12.2010

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 10.2.2011 ásamt fylgiskjölum nr. 1-4
2. Bréf V dags. 16.2.2011

Málsatvik.

Skemmdir urðu á tveggja sæta leðursófa sem er 2. ára gamalt þegar notað var vitlaust hreinsiefni. V krefst bóta úr innbúskaskótryggingu sinni hjá V og vísar í því sambandi í grein 4.1. vátryggingaskilmála. M segir að ekki sé eingögnu um útlitsgalla að ræða þar sem notagildið sé ekki það sama og áður. V hafnar bótaskyldu og telur að ekki hafi verið um að ræða skyndilegt utanaðkomandi atvik sem leiddi til tjónsins á sófanum. Þá bendir V á að jafnvel þó að ákvæði greinar 4.1. væri uppfyllt þá sé ákvæði greinar 4.2. vátryggingaskilmála ekki uppfyllt þar sem kveðið er á um að vátryggingin bæti ekki tjón sem eingöngu valid útlitsgalla. Þá vísar V líka til greinar 5.1. í vátryggingaskilmálum þar sem segir að vátryggður skuli fara að fyrirmælum framleiðanda hvað varðar meðhöndlun og notkun hins vátryggða

Álit.

Með vísan til ákvæða greina 4.2. og 5.1. í vátryggingaskilmálum á M ekki rétt á bótum úr innbúskaskótryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr innbúskaskótryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 10.3. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 51/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. bifreiðanna A og B

Árekstur á gatnamótum Reykjanesbrautar og Lækjargötu í Hafnarfirði þ. 3.12.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 10.2.2011 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 4.3.2011 ásamt fylgiskjölum 1-4

Málsatvik.

Árekstur varð á Reykjanesbraut við Lækjargötu í Hafnarfirði. Báðum bifreiðunum var ekið út úr hringtorgi ökumaður B í innri hring og ökumaður A í ytri hring, en tvær akreinar eru út úr hringtorgingu. Á framhlið tjónstilkynningar sem báðir ökumenn undirrita er merkt í reit nr. 10 fyrir ökutæki B þ.e. skipti um akrein. Ökumaður A segir að báðar bifreiðarnar hafi verið komnar út úr hringtorginu en síðan hafi B verið beygt snögglega til hægri með þeim afleiðingum að árekstur varð. Ökumaður B segir að engin vafi sé á því að hún hafi gefið stefnuljós sem gaf til kynna fyrirætlun hennar um að beygja.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ökumaður B hafi skipt um akrein í veg fyrir A. Ökumaður B ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður B (PM-334) ber alla sök á árekstrinum

Reykjavík 21.3. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 52/2011**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar atvinnureksturs.****Stjórnandi bifhjóls féll í götuna við verslunarmiðstöð eftir að grjót hafði hrunið úr bakka.****Gögn.**

26. Málskot, móttakið 10.2.2011, ásamt fylgigögnum.

27. Bréf X, dags. 21.2.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M ók bifhjóli á malbikuðum vegi á verslunarlóð V, en þar starfrækir V verslunarmiðstöð. Þá mun M hafa skyndilega ekið inn á vegarhluta sem á var grjóthrun úr brekku sem vegurinn stendur við. Við það féll M af bifhjólinu og fékk högg á hjálm sem dældaðist. Kveður M ástæðu þess að grjótið var á veginum vera þá að V hafi ekki sinnt skyldum sínum við að ganga frá brekkunni. Hafi V fengið mörg bréf frá viðkomandi sveitarfélagi þar sem krafist hafi verið úrbóta á bakkanum til að koma í veg fyrir grjóthrun niður á veginn. Í málinu liggja fyrir nokkur bréf frá sveitarfélaginu sem varða kröfu þess um að V lagfæri bakkann.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá váttryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu. X kveður ábyrgðartryggingu þá sem V hafi hjá félaginu ekki taka til tjóns vega almennrar verktakastarfsemi og því ekki til þeirra framkvæmda sem áttu sér stað fyrir utan verslunarmiðstöðina. Í staðfestingu fyrir ábyrgðartryggingu V komi fram að hið tryggða sé skrifstofu- og stjórnunarstörf.

Álit.

Samkvæmt 4. gr. í váttryggingarskilmálum þeim sem gilda um ábyrgðartrygginguna bætir váttryggingin m.a. munatjón þriðja manns vegna skaðabótaábyrgðar váttryggðs vegna starfsemi þeirrar sem getið er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun og sem eiganda eða notanda húss eða fasteignar sem notuð er við tilgreinda starfsemi. Í fyrrgreindri staðfestingu fyrir ábyrgðartrygginguna er rekstur V tilgreindur sem hin váttryggða starfsemi. Verður ekki séð af staðfestingunni eða váttryggingarskilmálunum að gildissvið váttryggingarinnar sé svo takmarkað að hún taki ekki til tjóns af því tagi sem M varð fyrir. Samkvæmt gögnum málsins þykir hafa verið sýnt fram á að grjót hafi hrunið á veginn vegna ófullnægjandi frágangs af hálfu V. Ennfremur verður að telja ljóst að tjón M verður rakið til þess. V ber því ábyrgð á tjóni M og af því leiðir samkvæmt framangreindu að tjónið telst bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M er bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 21. mars 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 53/2011**M****og****Vátryggingafélagið v/fjölskyldutryggingar, slysatryggingar****Meiðsl 22.06. 2008, ágreiningur um tilkynningarskyldu
skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 14.02. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 28.02. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um hvort M hafi gætt tilkynningarskyldu sinnar skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. gögn málsins.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að M hafi ekki vanrækt tilkynningarskyldu sína. Í læknisvottorði (greinargerð) í október 2010 er getið mögulegs bata. Fram kemur m.a. “undirritaður telur að horfur séu mjög góðar á því að hann nái heilsu, hreyfigetu og styrk með tímanum...”

Með hliðsjón af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum vanrækti M ekki tilkynningarskyldu sína. Óljóst var um varanlegar afleiðingar allt fram eftir ári 2010.

Niðurstaða.

M vanrækti ekki tilkynningarskyldu sína. Greiðsluskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 21. mars 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 54/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar vinnuveitanda

Maður slasaðist þegar hann var að vinna við færiband þ.3.8.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 14.2.2011 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 7.3.2011

Málsatvik.

M vann við að taka fiskipakka af færibandi og setja í farangurslest flugvélar. Tækinu var lagt við við farangurslest flugvélarinnar að aftanverðu og framhlið á færibandinu lyft upp í farangurslestina. Undir færibandinu á þeim enda sem lá inn í farangurslestina er mótör og þar til gert snúningshjól sem snýst með færibandinu. M var að reyna að ná í fiskipakka sem féll af færibandinu en flæktist með hægri hendi undir sjálft færibandið og inn á milli snúningshjólsins og klemmdist á hendinni. M hafði starfað í 3 mánuði hjá fyrirtækinu þegar hann slasaðist. M krefst bóta vegna slyssins og telur að um saknæman vanbúnað hafi verið að ræða á vinnustaðnum auk þess sem verkstjóri hafi vanrækt skyldur sínar. Þá er á það bent, að M er ungur og hafði takmarkaða starfsreynslu á slysdegi. Af háflu M er því haldið fram að fyrirkomulag á vinnustað hafi ekki samræmst reglum laga nr.46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og jafnframt er af háflu M vísað í reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja og nr. 492/1987 um öryggisbúnað vela. V hafnar bótaskyldu og málsástæðum lögmanns M og bendir á að samkvæmt skýrslu Vinnueftirlits ríkisins sé ástæða slyssins að M fór með hendina á sjálft klemmusvæðið meðan færibandið var í gangi. Þá segir V að verkið sem M vann hafi verið einfalt og vísar í dóm Hæstaréttar í málinu 53/2002.

Álit.

Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins segir að telja megi að orsök slyssins sé að M hafi farið með hægri hönd sína inn á sjálft klemmusvæðið þegar færibandið var í gangi. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins eða öðrum gögnum málsins kemur ekkert fram sem styður þá fullyrðingu M að um saknæman aðbúnað hafi verið að ræða á vinnustað eða slys M megi rekja til atvika eða atriða sem vinnuveitandi M ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu vinnuveitanda síns hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu vinnuveitanda síns hjá V.

Reykjavík 21.3.. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 55/2011**M
og
vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar.****Maður slasaðist er hann var sleginn á háls þann 24.7.2010.****Gögn.**

28. Málskot, móttakið 14.2.2011, ásamt fylgigögnum.
29. Bréf X, dags. 28.2.2011.

Málsatvik.

M var ásamt öðrum í samkvæmi þar sem áfengi var haft um hönd. Mun M hafa verið í samræðum við þrjá menn, A, B og D. Munu samræðurnar hafa farið út í umræður um stjórnmal á milli M og A. Mun hafa komið til orðahnippinga þeirra á milli og síðan átaka sem leitt hafi til þess að A hafi veitt M högg á hálsinn. Í gögnum málsins er ekkert haft eftir M né A um það sem gerðist.

B kvað þá M og A hafa farið að ræða um stjórnmal og í framhaldinu farið að svívirða hvor annan og endað með því að A hafi slegið M einu sinni eða tvisvar og hafi M slegið A á móti. B kvaðst þó ekki þora að fullyrða að A hafi veitt fyrsta höggið, en haldi þó að svo hafi verið. Það hafi verið um tvö til þrjú högg á báða bóga áður en þeir hafi verið skildir að. Þegar M hafi verið sleppt hafi hann ráðist að nýju á A. Hafi M þá verið tekinn aftur og honum „pakkað saman“ eða snúinn niður. B kvaðst hafa reynt að tala við M en það hafi ekki þýtt neitt. M hafi verið mjög heiftugur þarna og „snarvitlaus“ eftir átökin. A hafi ekki verið mjög drukkinn en miklu meira áfengi hafi hins vegar verið í M.

D kvað menn hafa verið að spjalla saman. Hann hafi svo farið og sest við borð. Nokkru síðar hafi hann séð átök á milli M og A. Hafi þeir verið að taka eitthvað í öxlina á hvor öðrum og svo hafi M lent undir. Hafi A steipt M fram fyrir sig og legið ofan á honum. Hann hafi ekki fylgst meira með þessu. Hann hafi ekki orðið var við neinar kýlingar og ekki séð nein högg.

Vitnið E kvað fjóra menn, M, A, B og D, hafa verið á tali saman. Svo hafi þeir hækkað róminn og farið að tala um stjórnmal. M hafi svo byrjað að úthúða einhverjum og verið með einhverjar sjálfstæðisyfirlýsingar. A hafi fengið nóg og gefið M högg en ekki hitt alveg. Höggið hafi ekki verið mjög fast og það gæti hafa lent í öxl M en hún gæti ekki svarið fyrir það. Þeir hafi svo farið í jörðina og tuskast þar til í smástund uns þeir hafi verið dregnir í sundur og farið var út með M. Hvor hafi slegið til hins með tveimur til þremur höggum, en högginn hafi ekki verið þung. M hafi svo stokkið aftur á A og þá hafi hvor náð að koma höggum á hinn. Sá er hélt M hafi þurft að taka mjög hart á honum. M hafi verið ofurdrukkinn og reiður, en A hafi náð að halda sér alveg rólegum.

Næsta morgun eftir átökin vaknaði M með helftarlömun hægra megin og málstol. Hann var fluttur á Landspítala til lækni meðferðar. Í læknisvottorði segir að um hafi verið að ræða alvarleg einkenni sem munu taka alllangan tíma að jafna sig og ekki hægt að segja með vissu hvort þau hverfi alveg. M hefur krafist bóta úr slysatryggingu sem hann hefur í gildi hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu með vísan til

ákvæðis í váttryggingarskilmálum um að félagið greiði ekki bætur vegna slysa sem verða í handalögmálum eða við þátttöku í refsiverðum verknaði.

Álit.

Þegar litið er til þeirra framburða vitna sem að framan greinir, þykir í ljós leitt að til átaka hafi komið á milli þeirra M og A. Slógu þeir hvor til annars áður en þeir voru skildir að. Kom svo að nýju til átaka á milli þeirra eftir að M hafði verið sleppt. Í þessum átökum mun M hafa fengið högg á hálsslagæð sem leiddi til þess að hann hlaut helftarlömun og málstol. Ekki verður ráðið hvenær í átökunum M fékk hið afdrifaríka högg. Samkvæmt öllu því sem fyrir liggur í málinu varð slysið er M átti í handalögmálum. Samkvæmt skilmálum þeirrar slysatryggingarinnar bætir félagið ekki tjón af völdum slysa sem verða í handalögmálum. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingunni vegna þess tjóns sem hann hlaut í umrætt sinn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu hjá X.

Reykjavík, 21. mars 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 56/2011**Frávísun****M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bifreiðar****Ágreiningur um afleiðingar umferðarslyss þann 25.08. 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 14.02. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 08.03. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Félagið telur ekki liggja ljóst fyrir hver aðdragandi þess atviks var sem er tilefni málskotsins. M var farþegi í umræddri sendibifreið. Ökumaður hennar mun hafa ekið henni uppá grjótgarð við hlið vegar sbr. gögn málsins. Bifreiðin fór half uppá garðinn, ökumannsmegin en hinn hluti hennar var ennþá á veginum sjálfum. Takmarkaðar eða engar ákomur voru á bifreiðinni. Félagið telur að eymsli M séu ekki að rekja til óhappsins. Sérstaklega sé vísað til tveggja skoðana á bifreiðinni sem báðar “staðfesti að engar skemmdir eða ákomur urðu á bifreiðinni þennan umrædda dag.” Félagið telur engan kost annan en að hafna bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af takmörkuðum gögnum máls þessa er mál þetta það óljóst og illa upplýst að það er ekki tækt til úrskurðar. Ósannað er að M, farþegi í umræddri bifreið, hafi slasast í umrætt sinn. Hann hefur ekki sýnt fram á að eymsli sín megi rekja til þess óhapps sem hér um ræðir.

Með hliðsjón af framanrituðu og e lið 4. gr. samþykktu úrskurðarnefndar er máli þessu vísað frá.

Mál sem vísað er frá er unnt, gegn greiðslu málskotsgjalds, að taka aftur til meðferðar hafi nauðsynlegra upplýsinga verið aflað.

Niðurstaða.

Frávísun skv. e lið 4. gr. samþykktu úrskurðarnefndar.

Reykjavík 21. mars 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 57/2011**M****og****Vátryggingafélagið Xv/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs A****Skemmdir á bifreið þann 17.12. 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 14.02. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 14.03. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Þann 21.12. var vátryggingafélaginu tilkynnt um að bifreið M hafi orðið fyrir tjóni af völdum fjúkandi jarðefna þegar hann ók norður Skutulsfjarðarbraut á Ísafirði framhjá athafnasvæði A.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Félagið vísar til þess að “vátryggingartaki hafi ekki getað staðfest að atvik hafi átti sér stað”. Félagið telur ósannað að vátryggingartaki eða starfsmenn hans hafi sýnt af sér saknæma háttsemi í umrætt sinn. Það telur að umbúnaður á athafnasvæði A hafi að öllu leyti verið fullnægjandi enda hafi jarðefni ekki fokið af svæðinu áður svo vitað sé. Ekki hafi borist tilkynningar um tjón sem þetta áður. Félagið vísar til þess að mjög mikill vindur hafi verið á Ísafirði þennan dag sbr. umfjöllun félagsins. Þrátt fyrir mikla veðurhæð hafi ekki verið sýnt fram á að starfsmenn A hafi vitað eða mátt vita um malarfokið eða með öðrum hætti átt þess kost að gera viðhlítandi ráðstafanir til að hefta fok á jarðefnum frá athafnasvæði sínu. Til stuðnings vísar félagið til úrskurðar nefndarinnar í máli 184/2008.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu. Hann telur að A hafi vanrækt umsjónarskyldu sína þar sem viðkomandi grjótgarður og sandhaugar séu nálægt fjölfarinni akbraut. Merkingum hafi og verið ábótavant.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að umrætt tjón á bifreið M verði rakið til vanrækslu vátryggingartaka eða starfsmanna hans eða aðstæðna sem hann ber sakarábyrgð á.

Staðhæft er í gögnum málsins að umræddur malarhaugur/sandur hafi verið á þessum stað í nokkurn tíma. Engar upplýsingar eru um að fok á jarðefni hafi átt sér stað áður ellegar að tjón hafi orðið á fleiri bifreiðum af völdum þeirra aðstæðna sem fyrir hendi voru. Ekki er upplýst um að kvartað hafi verið við A vegna þeirra aðstæðna sem fyrir hendi voru.

Athygli vekur að vátryggingafélagið heldur því fram að vátryggingartaki hafi ekki getað staðfest að atvikið hafi átt sér stað.

Með hliðsjón af framanrituðu er greiðsluskylda ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 21. mars 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 58/2011**M****og****Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar B****Innkaupakerra olli tjóni á bifreið þ. 14.10.2010****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 13.2.2011
2. Bréf V dags. 2.3.2011.

Málsatvik.

M segir að innkaupakerra hafi komið rennandi niður af gangstétt og lent á bifreið sinni og valdið tjóni á henni. M segir að hann hafi þurft að stoppa vegna umferðar og þá heyrt dýnk þegar innkaupakerran kom rennandi niður gangstétt og á hægri afturbretti bifreiðarinnar. M segir að hann hafi strax tilkynnt hlutaðeigandi aðila um tjónið. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu B hjá V vegna þessa tjóns. V hafnar bótaskyldu og segir verslunareiganda ekki geta borið skaðabótaábyrgð á því að viðskiptavinir verslunarinnar skilji við innkaupakerrur með óforsvaranlegum hætti, sem valdi tjóni. Þá segir V að af fyrirbyggjandi gögnum verði ekki ráðið að tjónsatvik hafi verið vegna mistaka eða vanrækslu eða vanbúnaðar starfsmanna eða fyrirsvarsmanna verslunarinnar B.

Álit.

Við skoðun á vettvangi verður ekki annað séð en að frágangur og umbúnaður verslunarinnar B vegna varðveislu og skila á innkaupakerrum sé með þeim hætti sem almennt er krafist af verslunareigendum. Ekki hefur verið sýnt fram á að tjón M megi rekja til atriða sem verslunareigandi eða starfsfólk hans bera ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 21.3. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 59/2011
M
og
vátryggingafélagið X v/ húftryggingar bifreiðar.

Bifreið sökk í vatni eftir að hún hafði fallið niður um ís þann 5.2.2011.

Gögn.

30. Málskot, móttakið 15.2.2011, ásamt fylgigögnum.

31. Bréf X, dags 6.3.2011.

Málsatvik.

M var á ferð á Kjalvegi á bifreið sinni A, af tegundinni Nissan Patrol GR. Á veginum hafði skafið í talsverða skafla af illfærum snjó. Til að komast hjá því að festa A í þungum snjónum kvaðst M hafa ekið út fyrir veginn og fylgt þektri leið og ekkert hafi bent til annars en að leiðin hefði legið um flata mela. Skömmu eftir að komið var út fyrir ófærðina á veginum hafi klaki brotnað undan A og engum togum skipt að hún hafi hrapað fyrst til hægri og síðan til vinstri og tók að sökkva. Hafi A sokkið á um tveggja metra dýpi.

Skemmdir urðu á ytra byrði A og allt rafkerfi hennar blotnaði. Þá urðu miklar skemmdir á bifreiðinni að innanverðu af völdum vatns. M hefur krafist bóta úr húftryggingu A hjá vátryggingafélaginu X. X hafnaði bótaskyldu þar sem A hafi ekki verið ekið út af né hafi hún hrapað eins og áskilið er samkvæmt vátryggingarskilmálum.

Álit.

Samkvæmt 1. gr. skilmála húftryggingarinnar bætir vátryggingin tjón á vátryggðu ökutæki m.a. af völdum útafaksturs og hrops. Í 8. gr. skilmálananna eru ákvæði sem takmarka ábyrgð félagsins, svo sem við akstur á ís, yfir óbrúaðar ár, læki, um fjörur, forvaða eða aðrar vegleysur, sbr. gr. 8.3. Í sérstöku ákvæði skilmálananna um akstur utan vegar er kveðið á um það að vátryggingin taki til aksturs sérútbúinna jeppa og/eða torfærubifreiða sem aka annars staðar en á vegum landsins, svo sem um tún eða engi, á snjósköflum á ís, yfir óbrúaðar ár eða læki, um fjörur, forvaða, vegatroðninga og eða aðrar vegaleysur, enda sé um bótaskyld tjón að ræða skv. 1. gr. skilmálananna. Undanskilin eru tjón sem verða við að vatn flæðir inn í vélarhús, farþega- eða farangursrými hins vátryggða ökutækis.

Hugtakið hrap í 1. gr. skilmálananna er ekki skilgreint sérstaklega í skilmálunum. Í íslenskri orðabók er það skýrt sem hrun eða hátt og þungt fall. Eins og tjónsatvikinu er lýst í tjónstilkynningu M, sem ekki hefur verið véfengd af X, verður að líta svo á að A hafi í skilningi vátryggingarskilmálananna hrapað niður um ís, þegar henni var ekið utan vegar. Ekki virðist um það deilt að A er sérútbúinn jeppi eða torfærubifreið. Fyrrgreint ákvæði um akstur utan vegar gildir því um atvikið þó að frátöldu því tjóni sem varð við það að vatn flæddi inn í vélarhús og farþega- og farangursrými A, sbr. lokamálslið ákvæðisins. Tjón á A bætist því úr húftryggingunni að undanskildu því tjóni sem varð við það að vatn flæddi inn í vélarhús og farþega- og farangursrými hennar.

Niðurstaða.

Tjón á A bætist úr húftryggingu hennar hjá X að undanskildu tjóni sem varð við að vatn flæddi inn í vélarhús og farþega- og farangursrými hennar.

Reykjavík, 21. mars 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 60/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Y v/B****Árekstur Höfðabakka 30.01. 2009.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 16.02. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 09.03. 2011.
- 3) Bréf vátryggingfélags B til nefndarinnar, dags. 23.02. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

A var ekið af Vesturlandsvegi í austur og upp afreina að Höfðabakka og inn á Höfðabakkann og yfir á vinstri akreina þar sem árekstur varð þegar B var ekið á A.

Álitaefnið er hvort A hafi verið ekið í veg fyrir B eða hvort hér hafi verið um ákeyrslu að ræða sem B eigi að bera ábyrgð á.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að skipta um akreina í veg fyrir B. Ökumaðurinn átti að víkja fyrir umferð um Höfðabakka. Þessa gætti hann ekki er hann ók rakleiðis af biðskyldu inn á vinstri akreina Höfðabakka í veg fyrir B.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 15. mars 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 61/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. Al-kaskótryggingar bifreiðarinnar A

Bifreið skemmdist í sandfoki á bifreiðastæði við Landeyjahöfn þ. 8.1.2011

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 16.2.2011 ásamt fylgiskjali
2. Bréf V dags. 28.2.2011 ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

Dóttir M ætlaði að fara með bifreiðina A með Herjólfri til Vestmannaeyja frá Landeyjahöfn. Þar sem ekki var pláss fyrir bifreiðina í skipinu var ákveðið að skilja bifreiðina eftir á bifreiðastæðinu við Landeyjahöfn. Þegar dóttir M kom til baka frá Vestmannaeyjum sunnudaginn 9.1.2011 þá sá hún að lakk bifreiðarinnar var stórskemmt eftir sandfok og hún ekki komist lengra en á Hellu. M gerir kröfu um bætur úr Al-kaskótryggingu sinni hjá V vegna þessa tjóns á bifreiðinni A. V hafnar bótaskyldu og vísar til greinar 4.8 í vátryggingaskilmálum þar sem segir m.a. að tjón sé bætt vegna skemmda á bifreiðum vegna áfoks eða áhruns eða af völdum óveðurs, þó ekki ef sandur, möl, aska, vikur eða önnur laus jarðefni fjúka á það. V segir að laus jarðefni hafi fokið á bifreiðina í umrætt sinn og því sé tjónið á bifreiðinni ekki bótaskyldt sbr. ákvæði greinar 4.8. vátryggingaskilmála sem getið er hér að ofan.

Álit.

Samkvæmt lýsingu á tjóninu þá verður ekki annað séð en það hafi orðið þegar laus jarðefni fuku á bifreiðina. Tjón vegna foks lausra jarðefna er ekki bótaskyldt samkvæmt vátryggingaskilmálum þeim sem hér ræðir um. M á því ekki rétt á bótum úr Al-kaskótryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr Al-kaskótryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 21.3. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 62/2011**M
og
váttryggingafélagið X v/ húftryggingar bifreiðar.****Bifreið ekið í hvarf á vegarslóða 31.1.2010.****Gögn.**

32. Málskot, móttakið 16.2.2011, ásamt fylgigögnum.

33. Bréf X, dags. 4.3.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M ók bifreið sinni, A, af tegundinni Land Rover Defender eftir vegarslóða á milli Hungurfitar og Mosa. Í tjónstilkynningu kvaðst M hafa ekið á 20-30 km hraða á klst. Þegar skyndilega varð hvarf í veginum sem ekki hafi sést vegna þess að snjór hafi legið yfir. Við þetta hafi A kastast í kantinn og stokkið upp og lent harkalega á framhjólunum. M.a. hafi framhásing bagnað, liðhús beyglast og millibilsstöng bagnað. Kveður M að við skoðun á hvarfinu hafi komið í ljós að runnið hafði úr veginum í leysingum og síðan fennt yfir. Í málskoti lýsir M atvikum svo að A hafi verið ekið eftir sléttu undirlagi (slóð/fjallavegi), en skyndilega og algjörlega óvænt hafi brotnað undan A þannig að hún hafi fallið fallið/hrapað fram, lent í úrrennsli sem ekki nokkur möguleiki hafi verið að gera sér grein fyrir.

M hefur krafist bóta úr húftryggingu A hjá váttryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem atvikið falli utan bótasviðs váttryggingarinnar skv. 4. gr. váttryggingarskilmála, einkum gr. 4.3, en samkvæmt því ákvæði bætist úr váttryggingunni tjón á váttryggðu ökutæki vegna veltu og hrops.

Álit.

Engar skýrar upplýsingar liggja fyrir um hvarfið sem A var ekið í, svo sem dýpt þess og breidd. Af fyrirliggjandi ljósmynd verður ekki annað ráðið en umrætt hvarf hafi verið tiltölulega grunnt og ökutæki geti ekki hrapað ofan í það. Samkvæmt þessu og gögnum málsins að öðru leyti hefur ekki verið sýnt fram á að tjón á A hafi orðið af völdum hrops eða annars tilviks sem er bótaskyldt úr váttryggingunni. Það er því ekki bótaskyldt.

Niðurstaða.

Tjón á A bætist ekki úr húftryggingu hennar hjá X.

Reykjavík, 21. mars 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 63/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/ferðatryggingar vegna farangurstjóns****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á farangri 24.01. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 17.02. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 02.03. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M er ósammála ákvörðun félagsins um höfnun á bótaskyldu vegna farangurstjóns. Farsíma mun hafa verið stolið úr vasa M.

Vátryggingafélagið vísar til þess að í vátryggingaskilmálum kemur fram að vátryggður sem fer til vinnu eða náms er einungis vátryggður á útleið og heimleið. Í tjónstilkynningu hafi verið merkt við að ferðin hafi verið vinnuferð þrátt fyrir að um orlofsferð hafi og verið að ræða.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verður lagt til grundvallar að M hafi verið í vinnuferð í umrætt sinn og líkt og vátryggingafélagið vísar til þá er hér um undanskilda áhættu að ræða.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 21. mars 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 64/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. réttaraðstoðartryggingar

Ágreiningur um greiðslur úr réttaraðstoðartryggingu vegna málaferla þ.26.3.2009

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 17.2.2011 ásamt fylgiskjölum 1-20
2. Bréf V dags. 3.3.2011.

Málsatvik.

M höfðaði mál á hendur fyrrum sambýlismanns sínum, en ágreiningur í málinu segir lögmaður M hafa snúist um að fá staðfestingu með dómi á því að tilteknir samningar hefðu komist á milli M og fyrrum sambýlismanns hennar. Í dómi Héraðsdóms Suðurlands er staðfest að komist hafi á bindandi samningar milli M og sambýlismannsins fyrrverandi og hann dæmdur til að greiða M málskostnað svo sem ákveðið er í dómnum. M krefst bóta úr réttaraðstoðartryggingu sinni vegna ofangreindra málaferla og heldur því fram að ekki hafi verið um raunverulegt sambúðarslitamál að ræða milli aðila heldur mál sem snérist um lögskipti aðila svo sem að framan er rakið og þess að stefndi hafi eytt gögnum og því nauðsynlegt að fá staðfestingu á viðurkenningu með dómi á þeim lögskiptum sem M hélt fram að hefðu komist á milli þeirra og staðfest var með dómi að um hafi verið að ræða. V hafnar bótaskyldu og telur að mál þetta megi rekja til sambúðarslita M og fyrrum sambýlismanns hennar, en samkvæmt skilmálum tryggingarinnar grein 3.1 í 8 kafla skilmála heimilisverndar segi að tryggingin bæti ekki mál vegna sambúðarslita o.s.frv. V telur að umrætt mál eigi uppruna sinn í skiptum á jörð sem M og sambýlismaður hennar þáverandi keyptu sameiginlega og hafi dómsmálið snúist um þann gjörning og málið komið upp í sambandi við sambúðarslit og sé ekki bótaskyld.

Álit.

Uppruni réttarágreinings milli M og fyrrum sambýlismanns hennar er vegna sambúðarslita og skipta á jörð sem þau keyptu sameiginlega í upphafi sambúðartíma síns. Með vísan til greinar 3.1. í vátryggingarskilmálum bætir réttaraðstoðartrygging M ekki mál vegna sambúðarslita, en óhjákvæmilegt er að líta svo á að tildrög máls þess sem hér ræðir um sé vegna sambúðarslita. M á því ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 21.3. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 65/2011
M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Starfsmaður á renniverkstæði slasaðist við viðgerð á vinnuvélatjakki þann 16.3.2009.

Gögn.

34. Málskot, móttakið 17.2.2011, ásamt fylgigögnum.
35. Bréf X, dags 7.3.2011.

Málsatvik.

M vann við viðgerð á glussatjakki úr vinnuvél hjá vinnuveitanda sínum, V. M kveðst hafa fest tjakkinn, sem var sérstaklega langur, í þar til gerðan bekk. Stimpilstöngin hafi svo verið dregið vélrænt út úr stimpilrörinu. Taldi M að hann hafi hleypt þrýstingi út úr rörinu væntanlega með því að opna sérstakan loftventil. Þegar stimpilstöngin var fullútdregin hafi tjakkurinn verið á fjórða metra að lengd og náð því sem næst að dyrum verkstæðisins. Er M hugðist ná í verkfæri kvaðst hann hafa þurft að þrengja sér á milli enda stimpilstangarinnar og verkstæðishurðarinnar og hafi hann stutt með vinstri hendi á stimpilstöngina til að veða sig fram hjá endanum. Þá hafi stimpilstöngin skotist aftur inn í stimpilrörið, líklegast vegna undirþrýstings í rörinu. Vinstri hönd M hafi þá klemmst illa á milli stangarinnar og svokallaðs hálsstykkis eða kraga fremst á rörinu. Lögregla var ekki kvödd á vettvang og slysið var ekki tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu. Var af hálfu félagsins talið að nægilegt rými hafi verið á milli tjakksins og hurðarinnar til að komast þar á milli. Þá hafi M að öllum líkindum gleymt að gera ráðstafanir til að hleypa lofti inn í stimpilrörið auk þess sem hann hafi ekki fylgst nægilega vel með þegar undirþrýstingur hafi myndast í rörinu.

Álit.

Slysið var tilkynnt Vinnueftirlitinu án ástæðulausrar tafar eða innan sólarhrings eins og V bar að gera, sbr. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Engin rannsókn fór fram á slysinu og tildrögum þess. Er óupplýst hverjar hafi verið ástæður þess að stimpilstöngin hrökk til baka með hinum afdrifaríku afleiðingum. Þar sem V sinnti ekki skyldu sinni að tilkynna um slysið til Vinnueftirlitsins verður hann að bera hallann af skorti á sönnun um þau atriði sem óljós eru og þýðingu hafa við mat á ábyrgð aðila. Verður að leggja til grundvallar að slysið megi rekja til óforsvaranlegrar vinnuaðstöðu og að M hafi verið falið einum að vinna verkið án nægilegs eftirlits og leiðbeininga. Verður V talinn bera ábyrgð á líkamstjóni því sem M hlaut í slysinu. Tjónið er því bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 21. mars 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 66/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Ökumaður bifreiðar slasast í umferðarslysi þ. 12.5.2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 17.2.2011 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 14.3.2011

Málsatvik.

M ók A eftir Sauðarkrónsbraut þegar hann missti stjórn á A og hún lenti utan vegar. M varð fyrir áverkum á hálsi og baki. M leitaði til lækni þar sem meiðsli hans voru skoðuð og hann útskrifaður og fékk almennar ráðleggingar og lyfseðil fyrir bólgueyðandi og verkjastillandi lyf. M leitaði síðan þ. 27. 7.2007 til Heilsugæslu Árbæjar vegna einkenna frá vinstri rist og síðar þ. 7.8.2007 til félagsþjónustunnar á Egilsstöðum þar sem því er lýst að M þjáist af verkjum og stirðleika í hálsi og að M hafi verið í sjúkraþjálfun með góðum árangri. Þ. 20.8.2007 kom M til lækni á Heilsugæslu Árbæjar og lýsir þar ástandi sínu þannig að honum fari hægt batnandi. Þ. 2.3.2009 kom M aftur til lækni á Heilsugæslu Árbæjar og kvartar vegna verkja í baki og þá sérstaklega við hryggjartinda hægra megin. Læknir M lýsir því síðan að M hafi komið til hans vegna líkamsárásar sem hann varð fyrir þ. 25.3.2009. Í vottorði Sigurjóns Sigurðssonar lækni dags.16.2.2010 segir að M hafi komið til hans þ.9.2.2010 og kvartað um verki á hálsi og baki og telur læknirinn að afleiðingar slyssins séu þær að M eigi í vissum vandamálum með mörg störf og það langur tími sé liðinn að tímabært sé að meta afleiðingar slyssins. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hafnar bótaskyldu og bendir á að tilkynning hafi borist félaginu um slysið þ. 4.6.2009 og slysið því tilkynnt of seint til félagsins miðað við aðstæður og upplýsingar sem M hafði um heilsufar sitt eftir slysið sbr. 1.mgr. 124.gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga. V telur að upphaf tilkynningafrests eigi að miða við 20.8.2007.

Álit.

Af lækni-vottorðum sem fyrir liggja í málinu verður sú ályktun ekki dregin að M hafi áttað sig á eða mátt átta sig á þeim varanlegu afleiðingum slyssins á heilsufar hans sem nú eru taldir vera til staðar, meir en 12 mánuðum áður en slysið var tilkynnt til V. Miðað við fyrirbyggjandi gögn var slys M ekki tilkynnt of seint sbr. 1.mgr. 124.gr. laga nr. 30/2004.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 14.4. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 67/2011**M****og****Vátryggingafélagið v/húseigendatryggingar (ábyrgðartryggingar)****Ágreiningur um greiðsluskyldu, meiðsl við fall utan við skemmtistað 12.09. 2009.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 17.02. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 07.03. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Fyrir liggur að um kl. 04 að næturlagi þann 12.09. 2009 var komið að M liggjandi á jörðinni undir vegg í námunda við skemmtistað í Kópavogi. M var með töluverða áverka sbr. gögn málsins. Hún var mikið ölvuð og mun lögreglan hafa átt í erfiðleikum með að eiga samskipti við hana á slysstað.

Álitaefni er hvort rekja megi fall M til aðstæðna á vettvangi sem vátryggingartaki ber skaðabótaábyrgð á þ.e. hvort hún hafi fallið af handriði sem þarna er eða af vegg sem þarna er.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur ósannað að rekja megi meiðsl M til ófullnægjandi aðstæðna sem vátryggingartaki beri ábyrgð á að lögum. Eigin óaðgæsla M, óhappatilvik og/eða ölvunarástand gæti verið skýring þess að hún féll niður á jörðina. Slysið verði ekki rakið til saknæms vanbúnaðar eða annarra atvika eða aðstæðna sem vátryggingartaki ber skaðabótaábyrgð á.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda ekki fyrir hendi. Virðist sem eigin óaðgæsla M, óhappatilvik og/eða ölvunarástand hafi valdið því að M hlaut meiðsl umrædda nótt. Ekki hefur verið sýnt fram á að slysið verði ekki rakið til saknæms vanbúnaðar eða annarra atvika eða aðstæðna sem vátryggingartaki ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 15. mars 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 68/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar vinnuveitanda (S)

Kona slasaðist þegar hún datt þegar hún var að taka heita plötu úr ofni þ. 16.6.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 18.2.2011 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 8.3.2011

Málsatvik.

M vann í eldhúsi S og fór að bakarofni til að taka úr honum stóra plötu með böfum sem verið var að baka. Vegna þess hvað aðstaða var þröng þurfti M að bakka frá ofninum með heita plötuna og datt vegna aðskotahlutar sem var á gólfinu og slasaðist. Fyrirsvarismaður S segir að Vinnueftirlit ríkisins hafi verið kallaðir á staðinn og segir fyrirsvarismaður S að það hafi ekki talið að neitt væri að aðbúnaði á staðnum. Engin skýrsla eða umsögn liggur fyrir um þetta frá Vinnueftirlitinu. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu vinnuveitanda sins S hjá V og bendir á að M hafi dottið um plastlok sem var á gólfinu og það hafi verið aðgæsluleysi einhvers starfsmanns S sem hann beri vinnuveitandaábyrgð á sem hafi valdið slysinu. V hafnar bótaskylduog telur að ekkert liggi fyrir í málinu sem megi rekja til saknæms vanbúnaðar á vinnustað hennar. V segir að öll gögn málsins beri með sér að um óhappatilvik hafi verið um að ræða.

Álit.

Ekki verður annað séð en sú aðstaða sem fyrir hendi var í eldhúsi S hafi verið verulega ábótavant. Ekkert liggur fyrir í málinu varðandi aðkomu Vinnueftirlits ríkisins annað en fullyrðing fyrirsvarsmanns S. Ekki verður séð að M hafi sýnt af sér gáleysi við störf sín heldur hafi hún ekki átt annan kost en að framkvæma þau með þeim hætti sem hún gerði, en það bauð upp á verulega hættu. Ekki verður annað séð en frumorsök slyssins sé slæm aðstaða og vanbúnaður á vinnustað og ber S ábyrgð á því. M á því rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 21.3. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 69/2011**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vélsmiðju.****Ágreiningur um bótaskyldu vélsmiðju eftir að bilun kom upp í vél að lokinni viðgerð.****Gögn.**

36. Málskot, móttakið 18.2.2011, ásamt fylgigögnum.

37. Bréf X, dags. 20.3.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Frá hausti 2008 til desembermánaðar 2009 var vél úr báti M til viðgerðar hjá Vélsmiðjunni V. Að viðgerð lokinni í desember 2009 var vélin prufukeyrð á verkstæðisgólfi hjá V. Tók M þá við vélinni. Þann 15. mars 2010 var vélin sett í bátinn og 10. apríl s.á. var báturinn sjósettur við bryggju. Eftir að vélin hafði verið látin ganga í um hálf klukkustund var lagt af stað frá bryggju. Eftir um 10 mínútna siglingu drapst á vélinni. Kom í ljós að botntappi hafði losnað og lá í kilinum. Hafði vélin misst alla olíu og brætt úr sér. Báturinn var dreginn til hafnar. Tók drátturinn um eina klst. og síðari hluta leiðarinnar var hvassviðri og nokkur sjógangur. Er talið að sjór hafi þá komist inn í brunahólf vélarinnar í gegnum púströrið þar sem dautt var á vélinni. Þremur vikum eftir atvikið var vélin send V til skoðunar og rúmum hálfum mánuði síðar fóru tveir menn á vegum M á verkstæði V. Var vélin þá tekin í sundur skemmdir komu í ljós.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá váttryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Nokkur tími leið frá því M tók við vélinni í desember 2009 uns henni var komið fyrir í bátnum og hann svo sjósettur 10 apríl 2010, eða um fjórir mánuðir. Ekkert liggur fyrir í málinu hvernig það atvikaðist að botntappi vélarinnar losnaði með þeim afleiðingum að öll olía lak af vélinni og drapst á henni skömmu eftir að lagt var frá bryggju. Engar matsgerðir eða sönnunargögn af öðru tagi liggja fyrir í málinu sem sýna fram á að óhappið megi rekja til mistaka við viðgerð vélarinnar hjá V. Verður því að telja ósannað að skemmdir á vélinni megi rekja til mistaka af hálfu starfsmanna V eða annarra atvika sem vélsmiðjan ber ábyrgð á. Af þessu leiðir að tjón M fæst ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 14. apríl 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 70/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. slysatryggingar ökumanns A

Bótakrafa ökumanns sem segist hafa ekið aftan á bifreið þ. 24.11.2008

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 21.2.2011 ásamt fylgiskjölum 1-13
2. Bréf V dags. 14.3.2011

Málsatvik.

M segist hafa ekið bifreiðinni A í átt að Fjölbrautaskóla Suðurlands í mikilli hálfu. M segir að jeppabifreið sem var fyrir framan A hafi bremsað skyndilega. M segist líka hafa reynt að bremsa en misst stjórn á A og runnið aftan á krók á jeppabifreiðinni. M segist hafa haft samband við ökumann jeppabifreiðarinnar en hann hafi ekki séð ástæðu til að tilkynna um atvikið. M segist hafa fengið verki sama dag og leitað til læknis vegna þess og segir í sjúkragögnum að M hafi verulega skerta hreyfigetu m.a. í hálsi og sé aum í herðum. M gerir kröfu til bóta úr slysatryggingu ökumanns hjá V á grundvelli þeirra meiðsla sem hún hafi orðið fyrir við ofangreindan árekstur við jeppabifreiðina. V hafnar bótaskyldu og bendir á að þrátt fyrir að eftir því hafi verið kallað þá liggja ekki fyrir skráningarnúmer jeppabifreiðarinnar sem M segist hafa ekið á. Þess vegna segir V liggja ekki fyrir nein samtímagögn um árekstur milli tveggja tiltekinna bifreiða þ.e. A og annarrar bifreiðar, ekki liggja fyrir lögregluskýrsla eða tjónstilkynning. Þá segir V að myndir sem lagðar eru fram af M sýni ekki hvenær þær eru teknar, en ráðið verði af gögnum að það hafi verið árið 2010 og ljósmyndirnar sanni því ekki neitt varðandi meintan árekstur í nóvember 2008. V segir ósannað að M hafi lent í árekstri og telur að meta verði gildi ódagsettrar yfirlýsingar stúlku sem segist hafa verið farþegi í A í umrætt sinn og lýsir atburðum með sama hætti og M með hliðsjón af öðrum gögnum málsins. V heldur því fram að ósannað að áreksturinn hafi orðið svo sem M heldur fram.

Álit.

Ekki liggja fyrir nauðsynleg gögn sem sýna fram á að sá atburður hafi gerst eða orðið með þeim hætti sem M heldur fram. Með hliðsjón af því verður að meta ódagsetta yfirlýsingu stúlku sem segist hafa verið farþegi í A í umrætt sinn. M hefur ekki lagt fram nauðsynleg gögn sem sýna að sá atburður hafi orðið sem hún byggir kröfu sína á. Af þeim ástæðum á M ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V

Reykjavík 21.3. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 71/2011**M****og****vátryggingafélagið X v/ starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra.****Ágreiningur um ábyrgð byggingarstjóra vegna steypugalla í húsbyggingu.****Gögn.**

38. Málskot, móttakið 22.2.2011, ásamt fylgigögnum.

39. Bréf X, dags. 9.3.2011.

Málsatvik.

Með verksamningi við M tók byggingarverktakinn V að sér m.a. uppsteypu á tengibyggingu á milli tveggja eldri bygginga. Byggingarstjóri á verkinu var B, stjórnarformaður V. Framkvæmdir hófust 26. júní 2009 og átti uppsteypu hússins að ljúka 15. september s.á. V óskaði eftir að nota steinsteypu frá Byggingarfélaginu K. M taldi sig ekki hafa forsendur til að hafna efnisvali V, en taldi að gæta þyrfti fyllstu varúðar þar sem um væri að ræða nýlegt fyrirtæki í rekstri steypustöðvar. Að ósk M voru tekin steypusýni úr gólfplötu 1. hæðar til að kanna gæði steypunnar. Einnig voru teknir borkjarnar úr gólfplötunni. Niðurstöður rannsóknar munu hafa gefið til kynna að steypugæðin voru langt frá því sem fyrirskrifað hafði verið og styrkur steypunnar langt undir þeim forskriftum sem kveðið var á um í verklýsingu. Auk steypugalla mun hafa komið fram við mælingu á veggjum og plötum að réttleiki og nákvæmni steypu væri ábótavant og þykkingar vanti í plötu yfir 2. hæð.

M telur B sem byggingarstjóra á verkinu bera ábyrgð á því tjóni sem hann telur sig hafa orðið fyrir vegna þeirra galla sem fram komu á verkinu. Hefur hann krafist bóta úr starfsábyrgðartryggingu B hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt dómi Hæstaréttar í máli nr. 267/2005, sbr. og dóm réttarins í máli nr. 318/2007, er því slegið föstu að á byggingarstjóra hvíli m.a. sú skylda að hafa yfirumsjón og eftirlit með byggingarframkvæmdum sem hann stýrir, þar á meðal að iðnmeistarar sem koma að verkinu fyrir hans atbeina, sinni skyldum sínum og að framkvæmdin sé tæknilega og faglega fullnægjandi. Með saknæmri vanrækslu á þessum skyldum felli byggingarstjóri á sig skaðabótaábyrgð. Í gögnum málsins liggja ekki fyrir neinar matsgerðir eða önnur sönnunargögn sem sýna fram á að B hafi með saknæmum hætti vanrækt umsjón og eftirlit með framkvæmdunum þannig að hann beri ábyrgð á þeim göllum sem fram komu á verkinu. Við svo búið telst ósannað að M eigi rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu B hjá X.

Reykjavík, 7. apríl 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 72/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/fjölskyldutryggingar,
þjófnaðar muna úr viðbyggingu við sumarhús****Þjófnaður á árinu 2010,
ágreiningur um hvort um undanskilda áhættu sé að ræða.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 23.02. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 10.03. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Samkvæmt skýrslu lögreglu í júní 2010 var ýmsum munum tolið úr húsakynnum M í Borgarbyggð. Þjófnaðurinn mun hafa átt sér stað á tímabilinu 25.01. – 11.04. 2010. M heldur því fram að farið hafi verið inn um læsta viðbyggingu við sumarhús hans.

Vátryggingfélagið hafnar greiðsluskyldu. Vátryggingin taki ekki til muna sem eru utan lögheimilis M nema að viðkomandi munir séu þar um stundarsakir og tilheyri almennu innbúi sbr. umfjöllun félagsins í gögnum málsins.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Fyrirliggjandi upptalning á munum styður þá afstöðu vátryggingafélagsins að um muni hafi verið að ræða sem tilheyri ekki almennu heimilishaldi. Ósannað er og að umræddir munir hafi um stundarsakir verið utan heimilis vátryggðs.

Um undanskilda áhættu er að ræða.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 21. mars 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 73/2011**M
og
vátryggingafélagið X v/ sjúkdómatryggingar.****Ágreiningur um rétt til iðgjaldafrelsis í sjúkdómatryggingu.****Gögn.**

40. Málskot, móttakið 24.2.2011, ásamt fylgigögnum.

41. Bréf X, dags 7.3.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 26.3.2003 voru gefnar út hjá vátryggingafélaginu X líf- og sjúkdómatryggingar fyrir M. Útgáfa vátrygginganna byggðist á umsókn M, dags. 28.11.2002, ásamt viðbótarupplýsingum vegna háþrýstings. Í umsókninni, lið 2.6, var M m.a. spurð hvort hún hafi þá eða hafi áður haft nánar tilgreinda sjúkdóma. Svaraði M neitandi spurningum er lutu að astma, berkjubólgu, mæði eða öðrum einkennum frá öndunarferum, sjúkdómum/vandamálum í beinum, liðum eða vöðvum eða öðrum sjúkdómum, svo og að hún hafi orðið fyrir líkamlegum meiðslum sem höfðu krafist eða gátu krafist lyflæknis- eða skurðlæknisrannsókna, aðgerða eða meðferða. Þá svaraði M því neitandi að hún þjádíst eða hafi þjádíst af brjóslokosi, þursabiti, verkjum í hálsi/mjóhrygg eða öðrum baksjúkdómum.

Í skilmálum sjúkdómatryggingarinnar er ákvæði um iðgjaldafrelsi. Þar segir að vátryggður geti skriflega óskað eftir niðurfellingu ógreiddra iðgjalda vátryggingarinnar ef vátryggður missir á vátryggingartímanum að minnsta kosti helming starfsorku sinnar vegna slyss eða sjúkdóms sem ekki er bótaskyldur samkvæmt vátryggingunni. Með skriflegri ósk, dags. 28.12.2010, fór M þess á leit að henni yrði veitt iðgjaldafrelsi í sjúkdómatryggingunni vegna algerrar óvinnufærni af völdum psoralíðagigtar sem hún hafði þjádíst af frá maí 2004. Beiðninni fylgdi sjúkraskrá M á tilgreindri heilsugæslustöð. Þar kom fram að hún hafi leitað á heilsugæslustöðina 22.1.1999 vegna tognunar á fæti eftir að hún snéri sig á fætinum í blaki kvöldinu áður. Þann 25.2.1999 leitaði M á heilsugæslustöðina með slæman hósta ásamt uppgangi eftir að hafa verið með flensu í tvær viku. Var þetta greint sem „Acute bronchitis, unspecified, J20.9“. Þan 8.11.1999 hafði M leitað á heilsugæslustöðina vegna verks í vinstri handlegg sem hafði verið versnandi síðustu daga. Hafði M fengið sömu einkenni um vorið eftir blakkeppni en verið nýbyrjuð aftur að iðka blak. Við skoðun á hálsi fengust fram verkir fyrst og fremst við „extension“ en einnig við „flexion“. Mun minni óþægindi við álag á vöðva. Brottfallseinkenni voru ekki. Virðist sem tilfellið hafi verið greint sem „Syndromes of cervical spine, M50“. Mun hafa verið beðið um röntgenmynd af hálsliðum. Þann 30.11.1999 voru skráðar í sjúkraskrána upplýsingar um niðurstöður röntgenrannsóknar á hálsliðunum, eða „Spondylosis“. Er þar enn fremur skráð eftirfarandi: „Væg lækkun á liðþófa C5-6 með byrjandi nöbbum á aðlægum liðbolabrúnum og vægri þrengingu á samsvarandi foramina intervertebralia. Aðrir liðþófar eru eðlil. háir. Ekki sjást aðrar beinbreytingar.“ Þann 26.4.2000 leitaði M á heilsugæslustöðina vegna verks í hægri handlegg. Var um að ræða eymsli við fulla „extension“ í hægri olnboga við að slá bolta í blaki. Var M sögð vera aum yfir „lateral epicondyl“ og við álag á festuna. Mun hafa verið um að ræða greininguna „Lateral epicondylitis, M77.1“. M var meðhöndluð með leysigeislum í umrætt sinn fékk að auki beiðni um sjúkrapjálfun.

Vegna framangreindra upplýsinga í sjúkraskránni taldi X að M hefði veitt rangar upplýsingar um heilsufar sitt í váttryggingarumsókninni. Ef þessar upplýsingar hefðu legið fyrir áður en félagið samþykkti sjúkdómatrygginguna kveður X að það hefði á grundvelli vinnureglna um áhættumat í persónutryggingum ekki getað samþykkt sjúkdómatrygginguna öðruvísi en að undanskilja iðgjaldafrelsi samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar. Af þessum sökum hafnaði X beiðni M um iðgjaldafrelsi með vísan til skilmála váttryggingarinnar, yfirlýsingar á umsókninni og 83. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Álit.

Í málinu liggja ekki fyrir þær vinnureglur um áhættumat sem X kveðst byggja á þá afstöðu sína að það hefði undanskilið iðgjaldafrelsi í sjúkdómatryggingunni. Vinnureglur þessar og efni þeirra er heldur ekki útlistað með öðru móti. Engin skýr rök hafa komið fram á hvern hátt þær upplýsingar, sem X kveður M hafa vanrækt að veita, hefðu leitt til þess að iðgjaldafrelsi hefði verið undanskilið, ef þær hefðu legið fyrir strax í upphafi. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að M hafi leitað til læknis vegna þeirra sjúkdómseinkenna sem að framan greinir nema í þau einu skipti sem þar eru tilgreind. Ekkert bendir heldur til þess að einkennin hafi verið lagvarandi eða þrálát. Að öllu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að M hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína með sviksamlegum hætti eða með stórkostlegu gáleysi látið hjá líða að skýra frá atvikum sem hún mátti vita að skiptu máli fyrir félagið, sbr. 4. og 7. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 20/1954 sem í gildi voru er M skilaði umsókn sinni til X og það samþykkti váttrygginguna. Samkvæmt þessu hefur M ekki fyrirgert rétti sínum til iðgjaldafrelsis í sjúkdómatryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt til iðgjaldafrelsis í sjúkdómatryggingu sinni hjá X.

Reykjavík, 21. mars 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 74/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bænda (B)****Umferðaróhapp, skemmdir á bifreið 08.10. 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 24.02. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 20.03. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M ók bifreið sinni norður Laxárdalsveg þegar hann kom að brúnni yfir Skeggjagil. Þá staðhæfir hann að 4-5 hross hafi komið í veg fyrir hann og við það hafi hann misst vald á bifreið sinni þannig að skemmdir urðu sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. M telur að umrædd hross megi rekja til tiltekins bónda þ.e. B.

Álit

Með hliðsjón af takmörkuðum gögnum máls þessa er ósannað að rekja megi umferðaróhapp þetta til hrossa í eigu B. Jafnframt er ósannað að B hafi sýnt af sér saknæma háttsemi þ.e. að hann hafi vanrækt þær skyldur sem á honum hvíla varðandi vörslu hrossa.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 14. apríl 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 75/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. húseigendatryggingar húsfélagsins H

Tjón á fasteign þegar maður hellti eitrefnum m.a. á gólf í íbúðar og stigagang þ. 7.10.2010

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 24.2.2011 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 11. 3.2011.

Málsatvik.

M og fyrrverandi eiginmaður hennar höfðu slitið samvistum og umræddan dag kom eiginmaðurinn og ók sonum þeirra í skóla en kom síðan aftur og hafði sýru meðferðis og hellti eitrefnunum á golf íbúðarinnar og réðist á konu sína fyrrverandi og á leið hans út úr íbúðinni helltist sýra niður stigagang fasteignarinnar og eyðilagði gólfefni. Af hálfu M er gerð krafa um bætur úr húseigendatryggingu og m.a. bygt á því að vátryggingin bæti tjón á hinu vátryggða vegna innbrots eða innbrotstílaunar en um það hafi verið að ræða í umrætt sinn og lögreglan hafi komið á vettvang vegna málsins og lögregluskýrslur liggja fyrir í málinu. V hafnar bótaskyldu og bendir á að fyrrverandi eiginmaður M hafi ekki ruðst inn í íbúðina í umrætt sinn og það komi ekki fram í framburði M. Þá segir V að ekkert í gögnum málsins styðji það að um innbrot hafi verið að ræða í þessu tilviki og því sé tjónið sem um ræðir ekki bótaskyldt úr húseigendatryggingunni sem um ræðir.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að um innbrot hafi verið að ræða í íbúð M í umrætt sinn þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu húsfélagsins H vegna þess tjóns sem varð í umrætt sinn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu H.

Reykjavík 21.3. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 76/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar B

Sig á gólfi sumarhúss og sólpalli þess þ. Maí 2009

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 24.2.2011 ásamt fylgiskjölum 1-8

Málsatvik.

Sig varð á gólfi og sólpalli sumarhúss M á Blönduósi og telur M að stór og djúpur skurður sem gerður var rétt neðan við umrætt sumarhús hafi lækkað vatnsstöðu hússins og þannig orsakað umrætt tjón, en engin önnur orsök kemur til álita að mati M. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V en V h afnar bótaskyldu.

Álit.

Mjög takmarkaðra gagna nýtur við varðandi það meinta tjón sem hér ræðir um. Þá liggja ekki fyrir neinar úttektir eða mót sem leiða líkur að því eða gera sennilegt að sú staðhæfing M eigi við rök að styðjast að starfsmenn B eða aðilar sem hann ber ábyrgð á beri ábyrgð á því meinta tjóni sem M segist hafa orðið fyrir. Miðað við fyrirliggjandi gögn á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 14.4. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 77/2011**M
og
váttryggingafélagið X v/ kaskótryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns er aðskotahlutur hrökk upp undir bifreið.****Gögn.**

42. Málskot, móttekið 25.2.2011, ásamt fylgigögnum.
43. Bréf X, dags í mars 2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 18.2.2011 ók M bifreið sinni, A, eftir Vesturlandsvegi við hringtorg rétt utan Mosfellsbæjar, þegar aðskotahlutur hrökk upp undir bifreiðina í akstri. Sýndist M að um einhvers konar járnstykki hafi verið að ræða. Stakkt hluturinn upp undir A og olli tjóni á sjálfskiptingu hennar.

M hefur krafist bóta úr kaskótryggingu A hjá váttryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu þar eð tjónið falli utan bótasviðs váttryggingarinnar.

Álit.

Samkvæmt gr. 1.1 í váttryggingarskilmálum þeim sem um váttrygginguna gilda bætir váttryggingin tjón á váttryggðu ökutæki m.a. af völdum áreksturs og áaksturs. Samkvæmt gr. 2.4 í skilmálunum bætast ekki skemmdir af akstri á ósléttri akbraut sem leiðir til bilunar m.a. á gírkassa. Þá er tekið fram í sama ákvæði að ekki bætast skemmdir sem verða þegar laust grjót hrekkur upp undir ökutæki í akstri.

Samkvæmt gögnum málsins hrökk aðskotahlutur, járnstykki að því er M telur, upp undir bifreiðina. Ekki verður ráðið að það hafi gerst við árekstur eða áakstur á umræddan hlut. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki séð að atvikið falli undir gildissvið váttryggingarinnar skv. gr. 1.1. í váttryggingarskilmálunum. Tjónið fæst því ekki bætt úr kaskótryggingunni hjá.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr kaskótryggingu A hjá X.

Reykjavík, 14. apríl 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 79/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****v/óvátryggðs bifhjóls B****Árekstur Skeifunni.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 03.03. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags.14.03. 2011.
- 3) Bréf ABÍ til nefndarinnar, dags. 14.03. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðinni A var ekið út frá bifreiðaplani og inná Skeifuna í þann sama mund sem bifhjólinu var ekið um Skeifuna. Ökumaður bifhjólsins var réttindalaus.

M telur að ökumaður B hafi ekið of hratt miðað við aðstæður. Bifreið hafi verið lag ólöglega sem hafi takmarkað útsýn aðila. Réttindaleysi ökumanns B hafi áhrif á hæfni hans til að bregðast við óvæntum aðstæðum.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir umferð um Skeifuna. Ökumaðurinn gætti ekki þeirrar aðgæslu sem nauðsynleg var.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann B þrátt fyrir að hann hafi ekki haft bifhjólaréttindi.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 14. apríl 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 80/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. sjúklingatryggingar lýtalæknis(L)

Krafa um bætur úr sjúklingatryggingu lýtalæknis vegna lækniaðgerðar þ.7.5.2008

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 1.3.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-31
2. Bréf V dags. 8.12.2010 ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

M gekkst undir svokallaða svuntuaðgerð á maga þ.7.5.2008 og telur M að aðgerðin hafi ekki borið tilætlaðan árangur og hún hafi orðið fyrir tjóni vegna aðgerðarinnar og hafi aðgerðin og meðferðin á M verið ábótavant af hálfu L. Fram kemur í gögnum málsins að eftir aðgerðina þ. 7.5.2008 þá þurfti M ítrekað að leita lækninga vegna þess að sárið vegna aðgerðarinnar hafðist illa við og lýsir M því og afleiðingum þess ítarlega auk þess sem það kemur fram af þeim gögnum sem fyrir liggja í málinu. M heldur því fram að henni hafi ekki verið veittar sérstakar ráðleggingar fyrir aðgerðina eða talað um fylgikvilla, að vísu hafi verið talað við hana að hætta að reykja, en hún hafi talið það vera vegna svæfingarinnar og hafi því dregið úr reykingum. M heldur því fram að henna hafi ekki verið kynnt að hún væri í áhættuhópi. L segist hafa gert M grein fyrir í hverju aðgerðin væri fólgin og hvaða áhætta og fylgikvillar gætu verið samfara aðgerðinni. Þá segist L hafa gert M grein fyrir að M væri í sérstökum áhættuhópi vegna þess að hún reykti. Þá segir L að strax við aðgerðina hafi verið ljóst að gróandinn yrði hugsanlega lélegur þar sem blóðflæðið væri fremur lélegt. L lýsir því síðan í hverju aðgerðir hennar voru fólgnar og hvaða ráðleggingar hún hafi gefið M. M krefst bóta úr sjúklingatryggingu L hjá V og vísar m.a. til 2.gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingar. V hafnar bótaskyldu og telur að ekkert af þeim ákvæðum 2.gr. laga nr. 111/2000 sem vísað er til af hálfu M eigi við. Þá telur V að M sé ekki talsvert verr sett en fyrir aðgerð og því ekki forsenda til bótagreiðslu og ekki sé um varanlegt tjón að ræða.

Álit.

Ekki hafa verið lögð fram gögn í málinu sem sýna fram á að þau skilyrði séu fyrir hendi sem leiði til bótaskyldu L vegna aðgerðar hennar á M í umrætt sinn. M á því ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu L hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu L hjá V.

Reykjavík 14.4. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 81/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/fjölskyldutryggingar****Þjófnaður muna úr bifreið erlendis 10.02. 2011****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 01.03. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.03. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Tilkynntur var til vátryggingafélagsins þjófnaður úr bifreið sem átti sér stað fyrir utan veitingahús á Filippseyjum. M tilkynnt þjófnaðinn til lögreglu sama kvöld og atburðurinn varð. Samkvæmt skýrslu lögreglu var hurð bifreiðarinnar opin þegar “fólkið kom aftur af veitingahúsinu”. M kveðst hafa læst bifreiðinni. Segir í skýrslu hans/lögreglu að væntanlega hafi verið notaður þjófalykill til að opna bifreiðina.

Félagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi. Vátryggður verði a.m.k. að leiða líkur að því að bifreiðin hafi verið læst, “um hreinar getgátur er að ræða í umræddri skýrslu sem er af hálfu lögreglu...” Engar sjálfstæðar athuganir hafi farið fram af hálfu lögreglu til að skoða það hvort að þjófalykill hafi verið notaður. Engin augljós ummerki eða vísbendingar hafi verið um innbrot bifreiðina.

Félagið vísar og til þess að M hafi tilkynnt tjón til félagsins fyrir nokkrum árum þar sem atvik máls voru sögð eiga sér stað í sama landi og við sömu aðstæður og nú þ.e. að stolið hafi verið úr bifreið sem lagt var fyrir utan veitingahús.

Félagið vísar til þess að skilyrt sé í varúðarreglu skilmála að bifreið sé læst þegar þjófnaður á sér stað. Félagið vísar til fordæmis í máli úrskurðarnefndar nr. 166/2008. Í því máli hafi verið lagt til grundvallar að bifreið hafi verið ólæst og bótaréttur ekki fyrir hendi.

Félagið telur að sannanir hafi ekki verið lagðar fram um greiðsluskyldu. Ef nefndin komist að þeirri niðurstöðu að um bótaskyldu sé að einhverju leyti að ræða óskar félagið eftir því að tiltekið verði hvaða muni fallist sé á bótaskyldu. Félagið telur að sannanir hafi ekki verið lagðar fram fyrir a.m.k. stórum hluta af þeim munum sem sagðir eru vera stolnir. Engir upprunalegir reikningar hafi verið lagðir fram en útveguð hafi verið útþrentun frá Elko vegna nokkurra muna sem fylgdi málskotinu.

Félagið telur rétt að hafa greiðsluskyldu. M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af takmörkuðum gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Mál þetta óljóst og illa upplýst. Ósannað er að bifreiðin hafi verið læst í umrætt sinn og ekki virðast hafa verið tilburðir í þá átt að upplýsa um ástand bifreiðarinnar né aðstæður á vettvangi t.d. hvernig hlutir voru geymdir inni í bifreiðinni.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 21. mars 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 83/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Y v/B****Árekstur Vesturvör 08.12. 2010, ekið fram úr hægra megin.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 02.03. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 14.03. 2011, ásamt fylgiskjölum.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 25.03. 2011, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðinni A var ekið hægra megin fram úr B þegar ökumaður hennar var að taka hægri beygju inn á bifreiðastæði fyrir utan Vesturvör 21.

Vátryggingafélag A leggur ekki fram athugasemdir í málinu.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum þar sem hann reynir að aka hægra megin fram úr B þegar ökumaður hennar var að taka hægri beygju. Félagið telur það eigi ekki við rök að styðjast að B hafi stöðvað á miðri akbrautinni og ekið síðan í hægri beygju.

M telur að ökumaður B eigi að bera ábyrgð á árekstrinum sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum. Hann gætti ekki þeirrar aðgæslu sem nauðsynleg var við akstur hægra megin við B. Skilyrði til farmúraksturs voru ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 14. apríl 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 84/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. líf- og sjúkdómatryggingar.

Krafa um bætur úr líf- og sjúkdómatryggingu vegna tjóns þ. 23.1.2009

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.2.3.2011 ásamt fylgiskjölum 1-14

Málsatvik.

M tók líf-og sjúkdómatryggingu hjá erlendu vátryggingarfélagi á árinu 2003. M fékk hjartaáfall í janúar 2009 og gerði kröfu á hendur V um bætur og fékk sent ákveðið form til útfyllingar og síðan ódagsett bréf frá umboðsaðila V þar sem M var beðin um upplýsingar um reykingavenjur sínar og síðar segir M að hún hafi átt samtal við umboðsmann V hér á landi sem hafi boðið bætur sem M telur óásættanlegar. M segir óumdeilt að hún hafi orðið fyrir tjóni og eigi rétt á bótum úr umræddri vátryggingu sinni hjá V. M telur að fyrir liggi samþykki hins erlenda vátryggingafélags að Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum taki málið til úrskurðar þar sem umboðsaðili V hafi ekki hafnað því að það verði gert eða gert við það athugasemdir. Telur M að slíkt aðgerðarleysi V jafngildi samþykki V að Úrskurðarnefndin fjalli um málið.

Álit.

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samþykta Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum, úrskurðar nefndin um hvort ágreiningur aðila heyri undir nefndina og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að unnt sé að úrskurða í málinu. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. úrskurðar nefndin um ágreiningur um bótaskyldu milli málskotsaðila og vátryggingafélags sem starfsleyfi hefur hér á landi. Vísað er og til 141. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 í tengslum við ofanritað. Umrætt vátryggingafélag hefur starfsleyfi hér á landi. Í gögnum málsins er ekki fyrirleggjandi afstaða vátryggingafélagsins til málskotsins eða samþykki þess við að Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum úrskurði í málinu. Hins vegar liggur fyrir undirrituð yfirlýsing M sem fylgdi með umsókn hennar um tryggingu hjá V að henni hafi verið kynnt að hún eigi þess kost að snúa sér til kvörtunardeildar V vegna ágreinings, breska fjármálaeftirlitsins og eftir atvikum Fjármálaeftirlitsins hér á landi, auk dómstólaleiðarinnar. Þar sem ekkert liggur fyrir um afstöðu V telur nefndin að ágreiningur máls þessa sé ekki studdur þeim gögnum sem nauðsynleg eru til þess að unnt sé að úrskurða í málinu. Vegna þess er málinu vísað frá.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá.

Reykjavík 14.4. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 85/2011

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Strandgötu á Akureyri á móts við Kaffi Akureyri þann 15.1.2011.**Gögn.**

44. Málskot, móttækið 2.3.2011, ásamt fylgigögnum.
45. Bréf X, dags. 15.3.2011.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið eftir Strandgötu á Akureyri. Var A ekið á undan B. Á móts við Kaffi Akureyri hugðist ökumaður A snúa bifreið sinni við með því að taka svokallaða U-beygju fyrir umferðareyju sem þarna er á akbrautinni og skilur að akreinar í hvora átt. Rákust þá saman vinstri hlið A og hægra framhorn B. Myrkur var og ísing á akbraut þegar áreksturinn varð.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 5-10 km hraða á klst. og tekið fyrrgreinda U-beygju hjá BSO á móts við Kaffi Akureyri. Hafi hann þá fengið B í vinstri hlið A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 20-30 km hraða á klst. á eftir A sem hafi verið ekið hægra megin á akbrautinni. A hafi svo verið beygt til vinstri nokkuð fyrir framan umferðareyjuna án þess að ökumaðurinn hafi gefið stefnumerki. Hafi ökumaðurinn haldið að A yrði ekið beint áfram sökum þess að henni var ekið nokkuð vel til hægri á akreininni.

Álit.

Ekki verður ráðið að ökumaður A hafi vitað af ferðum B áður en áreksturinn varð. Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður, áður en hann snýr á vegi, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Á þessi hefur orðið misbrestur hjá ökumanni A. Til þessa verður áreksturinn rakinn. Ekki hefur verið sýnt fram á að ökumaður B hafi ekið óhæfilega hratt eða ekki sýnt þá aðgæslu sem af honum mátti krefjast. Eru ekki efni til að leggja á hann sök.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík, 14. apríl 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 86/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/fjölskylduverndar vegna umönnunartryggingar****Ágreiningur um greiðsluskyldu vegna umönnunar.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 03.03. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags.09.03. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Dóttir M fór í aðgerð erlendis í tengslum við flogaveiki í nóvember 2009 og dvaldist lengur en 5 daga samfelld á sjúkrahúsi vegna þessa sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það vísar til vátryggingarskilmála. Umönnunartrygging hafi ekki tekið gildi fyrir en í ágúst 2008 þegar ákvæðum um þá vernd hafi verið bætt inn í fjölskylduvernd. Fyrir liggir að sjúkdómur dóttur M hafi byrjað í maí 2005 sbr. gögn málsins. Á þeim tíma hafi umrædd vátryggingavernd ekki verið til staðar. Samkvæmt 1. gr. skilmála greiðir félagið ekki bætur vegna sjúkdóma eða slyss sem áttu sér stað áður en barnið öðlaðist vátryggingavernd samkvæmt vátryggingunni.

Félagið getur þess að þó að vátryggingaverndin hafi verið útvíkkuð á árinu 2008 þá gildi sú vernd ekki með afturvirkum hætti. Horfa verði til þeirrar verndar sem var fyrir hendi þegar sjúkdómurinn kom upp en árið 2005 var umrædd umönnunartrygging ekki fyrir hendi.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda ekki fyrir hendi. Samkvæmt skilmálum greiðir félagið ekki bætur vegna sjúkdóma sem áttu sér stað áður en vátryggingaverndin tók gildi. Aukin vernd með breytingu skilmála árið 2008 gildir ekki með afturvirkum hætti.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 14. apríl 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 87/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar A

Maður slasast við vinnu sína þegar hann var að slá bolta úr bómu þ. 3.1.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 3.3.2011 ásamt fylgiskjölum 1-10

Málsatvik.

M slasaðist við vinnu sína hjá A þegar hann var að slá bolta úr bómu og bóman féll niður og slóst við höfuð hans. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V og byggir m.a. á því að honum hafi aldrei áður verið falið þetta verk og hann hafi ekki fengið nægjanlega leiðsögn varðandi framkvæmd verksins. Þá byggir M á að vinnu hafi ekki verið hagað þannig að fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar hafi verið gætt. M vísar auk þess til að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins svo sem A hafi borið að gera. Þá er á það bent að M sé ófaglærður. V hafnar bótaskyldu og segir að A lýsi atvikum þannig að M og annar maður báðir vanir menn hafi verið að vinna umrætt verk í sameiningu, en samstarfsmaðurinn hafi verið farinn í mat og því hafi M tekið þá ákvörðun upp á sitt einsdæmi að losa boltann úr krananum. Þá segir V að A segi þetta verk hluta af störfum kranamanna hjá fyrirtækinu og M sé vanur kranamaður. Þá bendir V á að M hafi hafið störf hjá A árið 2000 og því haft almenna vinnureynslu og unnið verk eins og þessi oft áður að sögn A. Þá segir V að umræddur krani hafi verið í fullkomnu lagi. V telur ósannað að slys M verði rakið til atvika sem A beri ábyrgð á, en það megi frekar rekja til eigin háttsemi M.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að þeim tækjum sem unnið var með í umrætt sinn eða vinnuástöðu hafi verið áfátt. M hafði verið lengi starfsmaður A og þekkti til verka sem vörðuðu hífingar eins og þá sem um var að ræða í umrætt sinn. Af hálfu M hefur ekki verið sýnt fram á að honum hafi verið skylt að framkvæma það verk sem leiddi til slyssins. Þá verður ekki séð að vanræksla á að tilkynna um slysið til Vinnueftirlits ríkisins hafi haft þýðingu miðað við aðstæður. Ekki er sýnt fram á að A eða starfsmenn hans beri bótaskylda ábyrgð á slysi M og á M því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 14.4. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 88/2011**M
og
vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar launþega.****Lögmæltur tilkynningarfrestur vegna vinnuslyss þann 11.6.2007.****Gögn.**

46. Málskot, móttakið 3.3.2011, ásamt fylgigögnum.
47. Bréf X, dags. 25.3.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 11.6.2007 var M að störfum hjá fyrirtækinu A. Hafði hann verið að setja vörur í frysti, en á leið sinni út úr frystinum rann hann aftur fyrir sig á blautu og nýþvegnu gólfi fyrir framan frystinn. Mun hann hafa fallið með höfuðið utan í hurðarkarm. Þann 20.6.2007 leitaði M til heimilislæknis. Taldi M að hann hafi rotast við fallið og kvartaði einnig undan stirðleika og verkjum í mjóbaki, herðum og hálsi og út í öxl.

Í fyrirliggjandi læknisvottorði kemur fram að M hafi frá unglingsaldri átt við verkjavandamál að stríða frá mjóbaki og brjóstþrygg. Er greint frá ýmsum atvikum sem leitt hafa til læknisheimsóknna og rannsókna vegna stoðkerfiseinkenna og höfuðverkja nær árlega á tímabilinu 1996 til 2004. Eftir fyrrgreint tónstilvik í júní 2007 leitaði M til heimilislæknis vegna stoðkerfisvandamála sinna í júní og júlí 2007; í maí, júní og september 2008; í janúar, maí og júní 2009 og svo í janúar, mars, apríl og júlí 2010. Í tengslum við læknisrannsóknir í maí og júní 2009 er frá því greint í læknisvottorðinu að daginn fyrir læknisheimsókn þann 19.5.2009 hafi hann skroppið til í bakinu og fengið læsingu við að lyfta 15 kg þungum kassa. Við skoðun 19.6.2009 kom fram að M hafi verið í sjúkraþjálfun vegna bakverks sem leiddi ofan í hægri fót. Var þá ákveðið að taka sneiðmynd sem reyndist í stórum dráttum óbreytt frá síðustu mynd.

Með tilkynningu, dags. 4.2.2010 var slysið tilkynnt til vátryggingafélagsins X, þar sem vinnuveitandi M hafði í gildi slysatryggingu launþega. X kvað M hafa glatað rétti sínum til bóta þar sem eins árs frestur til að tilkynna um tjónið hafi verið liðinn er tilkynningin barst. M krefst viðurkenningar á því að hann hafi ekki glatað rétti til bóta fyrir varanlega örorku úr vátryggingunni.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 glatar sá rétti til bóta samkvæmt slysatryggingu ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Við mat á því hvort M hafi glatað rétti til bóta á grundvelli téðs lagaákvæðis verður að líta til þess hvað hann vissi um þau atvik, sem bótakrafa hans er reist á, ári áður en X var tilkynnt um tjónið þann 4.2.2010. Í málinu liggur fyrir eitt ítarlegt vottorð heimilislæknis þar sem rakin er sjúkrasaga M fyrir slysið 11.6.2007 og eftir það. Sjúkrasaga M er langvinn og af læknisvottorðinu verður ekki ráðið hverjar eru varanleg einkenni sem M býr við af völdum slyssins. Af vottorðinu verður því heldur ekkert ráðið hvenær M vissi að þau einkenni sem rakin verða til slyssins myndu verða varanleg. Frekari læknisvottorðum eða matsgerðum er ekki til að dreifa sem varpað geta ljósi á þessi atriði. Er málið því vanreifað og ekki stutt þeim gögnum sem nauðsynleg eru til að unnt sé að úrskurða í málinu. Verður ekki hjá því

komist að vísa málinu frá, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktá fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá úrskurðarnefnd.

Reykjavík, 14. apríl 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 89/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar launþega****Ágreiningur um greiðsluskyldu vegna vinnuslyss 13.10. 2006 og tilkynningarskyldu
skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 03.03. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags.15.03. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. M mun hafa hlotið meiðsl við vinnu sína 13.10. 2006 þegar grind hálf full af blokkaröskjum féll á hliðina og á bak M. Hann mun þegar hafa fundið fyrir eymslum.

Vátryggingafélagið telur osakatengsl ósönnuð og að ársfrestur skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga hafi verið liðinn þegar málið var tilkynnt til félagsins sbr. gögn málsins. M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af takmörkuðum gögnum máls þessa eru orsakatengls ósönnuð. Telja verður og að M hafi ekki gætt tilkynningarskyldu skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Af gögnum málsins má ráða að M hafi á árinu 2007 átt að vera kunnugt um þau atvik sem hann gat reist bótakröfu sína á gagnvart félaginu. Hann tilkynnti hins vegar ekki um slysið fyrr en á árinu 2009.

Athygli vekur að því er haldið fram í málskotinu að ekki hafi verið unnt að afla vottorðs frá sérfræðingi í bæklunarlækningum sem gæti tekið af allan vafa um orsakatengsl í máli þessu vegna þess að félagið “myndi ekki standa straum af slíkri gagnaöflun”.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 14. apríl 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 91/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs A og
Vátryggingafélagið Y v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs B****Vegaframkvæmdir, sement settist á bifreið sem ekið var um vinnusvæði, þann 28.08. 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 04.03. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 16.03. 2011, ásamt fylgiskjali.
- 3) Bréf vátryggingafélag B til nefndarinnar, dags. 04.04. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Tjón varð á bifreið M er henni var ekið um vinnusvæði sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélag A telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu A. Félagið telur ósannað að tjónið megi rekja til sakar A eða starfsmanna hans. Af fyrirliggjandi gögnum verði ekki annað ráðið en að B hafi annast verkið fyrir A. Fram komi í gögnum að “Vertaki ber alla ábyrgð á framkvæmd verksins.....” Máli sínu til stuðnings vísar félagið í úrskurð úrskurðarnefndar í vátryggingamálum nr. 206/2008.

Vátryggingafélag B hafnar greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu B. Félagið telur að B hafi í hvívetna gætt að öllum þeim skyldum sem lög og verksamningur kveða á um. Fræsun og festun burðarlags hafi verið unnin í samræmi við þær kröfur sem verkkaupi (A) hafði gert til verktaka. Merkingar hafi og verið í samræmi við lög og kröfur verkkaupa.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Óumdeilt er að tjón varð á bifreið M í umrætt sinn.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu verktakans B. Telja verður fullvíst að tjón varð á bifreið M er henni var ekið um vinnusvæðið þ.e. bifreiðin var þakin sementi. Líkt og M heldur fram þá stöðvaði hann bifreið sína og beið átektu þar til starfsmaður B heimilaði honum að aka áfram. M ók grandlaus að því er telja verður um vinnusvæðið. Ljóst er að framkvæmdaraðili verksins verður að bera ábyrgð á því tjóni sem M varð fyrir. Það var óvarlegt af starfsmanni B að leyfa M að aka bifreið sinni áfram við þær aðstæður sem fyrir hendi voru.

Ef ekki er unnt að koma við lokun vegar í tengslum við framkvæmdir þá verður verktaki að koma fyrir hjáleidd. Öryggi vegfarenda verður að tryggja. Þessa var ekki gætt.

Miðað við fyrirliggjandi gögn er greiðsluskylda ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu A. Framkvæmd verksins var á ábyrgð verktakans B.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu B.

Reykjavík 19. apríl 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 92/2011
M og
Vátryggingafélagið V-2 v. A og
Vátryggingafélagið V-1 v. B

Árekstur bifreiða við Bónus í Spönginni þ. 14.2.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 4.3.2011 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V-1 dags. 4.4.2011 ásamt fylgiskjali
3. Bréf V-2 dags. 21.3.2011

Málsatvik.

Árekstur varð á bifreiðastæði Bónus í Spönginni. Bifreiðunum var ekið úr gagnstæðum áttum. Ökumaður A segist hafa beygt til vinstri til að leggja A í bifreiðastæði og ekið inn í stæðið og verið við það að stoppa þegar hún hafi fundið högg koma á A þegar B var ekið á A. Ökumaður A tekur fram að hún hafi ekki bakkað A í þessu tilviki. Ökumaður B segist hafa verið að aka suður bifreiðastæðið og ekið að A sem hafi áður verið ekið úr gagnstæðri átt og hafi henni fundist sem A hafi verið bakkað skyndilega á B en við það hafi hún “panikkað” og bakkað.

Álit.

Árekstur varð á bifreiðastæði þar sem ökumaður A var að leggja í bifreiðastæði þegar árekstur varð við B. Af virtum gögnum málsins verður ekki annað séð en að B hafi ekið á A í umrætt sinn, Ökumanni B hefur ekki tekist að sanna að A hafi verið ekið aftur á bak í umrætt sinn eða akstur A hafi verið með þeim hætti að sök verði felld á ökumann A. Ökumaður B ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök

Reykjavík 19.4. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 93/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar R

Umferðaróhapp þegar maður missti stjórn á bifreið og lenti upp á umferðareyju þ. 5.2.2011

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 4.3.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf V dags. 16.3.2011.

Málsatvik.

M ók eftir Sogaveginum í Reykjavík og missti vald á bifreiðinni sem rann í hálfu upp á litla umferðareyju við hraðahindrun á götunni. Kalla þurfti á kranabifreið til að lyfta bifreið M af umferðareyjunni en þá kom í ljós að gat á olúpönnu bifreiðarinnar sem hafði rekist í festingu sem var á umferðareyjunni fyrir umferðarskilti, sem ekki var til staðar. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V vegna tjónsins sem varð á bifreið hans í umrætt sinn og telur að starfsmenn M hafi vitað af skemmdum á umferðarskiltum á umferðareyjunni sem hér ræðir um. Þá beri starfsmönnum R að tryggja umferðaröryggi og að tjón geti ekki hlotist af ónotuðum járnfót fyrir umferðarskilti. V hafnar bótaskyldu og segir að starfsmenn R hafi ekki vitað eða mátt vita af aðstæðum við umferðareyjuna og hafi ekki vitað af því fyrr en 2 dögum eftir að M lenti í umferðaróhappinu. Tjón M verði því ekki rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna R að mati V.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á eða gert sennilegt að starfsmenn R hafi vitað af skemmdum á umferðarskiltum þegar M lenti í umferðaróhappinu sem hér ræðir um. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík 14.4. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 94/2011**M
og
vátryggingafélagið X v/ innbúskaskótryggingar****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á ísskáp þann 21.11.2010.****Gögn.**

48. Málskot, móttækið 4.3.2011, ásamt fylgigögnum.

49. Bréf X, dags 16.3.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M var að hreinsa frystihólf ísskáps síns með sköfu, en mikill ís mun hafa safnast saman í botni og á hliðum hólsins. Við hreinsunina mun gat hafa komið á botn-pakkningu í frystinum með þeim afleiðingum að gas lak úr kælikerfi ísskápsins og vatn og raki komst inn á kælikerfið. Var skápurinn talinn ónýtur. Telur M að það hafi verið ófyrirsjáanlegt að skafan sem hann notaði við hreinsunina hafi getað gert gat á pakkninguna í gegnum ísinn.

M hefur krafist bóta úr innbúskaskótryggingu sinni hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem skilyrðum fyrir bótaskyldu samkvæmt vátryggingarskilmálum er ekki fullnægt.

Álit.

Samkvæmt 1. gr. skilmála innbúskaskótryggingarinnar tekur vátryggingin til lausafjármuna sem tilheyra innbúi hinna vátryggðu. Þá bætir vátryggingin samkvæmt 3. gr. skilmálanna tjón á vátryggðum munum eigi tjónið rætur að rekja til skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks á vátryggingartímabilinu. Ekki virðist um það deilt að M telst vera vátryggður og ísskápurinn, sem fyrir skemmdunum varð, hafi tilheyrt innbúi hans. Samkvæmt því sem fyrir liggur í málinu gerðist það í skyndingu að gat kom á kælikerfi ísskápsins með þeim afleiðingum að gas lak af kælikerfinu og skápurinn eyðilagðist. Þá verður ekki annað ráðið en M hafi ekki getað séð það fyrir að notkun sköfunnar við hreinsun frystihólfsins myndi hafa för með sér að gat kom á kælikerfið. Gatið kom af völdum utanaðkomandi atvika. Ekkert bendir til að tjónið verði rakið til bilunar í ísskápnum eða annarra atvika sem gerst geta í innri búnaði hans. Að þessu virtu verður að telja að tjónið falli undir bótasvið vátryggingarinnar. Undanskildar áhættur, sem tilgreindar eru í 4. gr. skilmálanna, eiga ekki við hér. Tjónið telst því bótaskyldt.

Niðurstaða.

Tjón M. er bótaskyldt úr innbúskaskótryggingu hjá X.

Reykjavík, 14. apríl 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 95/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/málskotsnaðartryggingar fjölskyldutryggingar****Ágreiningur um gildissvið vátryggingarinnar, undanskilin áhætta
sankvæmt vátryggingaskilmálum.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 07.03. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 14.03. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M telur sig eiga rétt til bóta vegna ágreiningsmáls þar sem gagnaðili er bróðir M sbr. fyririlggjandi gögn og umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu með vísan til ákvæðis skilmála gr. 25.9 þar sem fram kemur að vátryggingin bætir ekki málskostnað sem varðar vátryggða sem eiganda fasteignar.

Félagið telur ljóst að ágreiningur aðila varði vátryggða sem eiganda fasteignar enda hefði M aldrei átt löglega aðild að málum nema vegna þess að hún var þinglýstur eigandi fasteignarinnar á þeim tíma sem ágreiningsmál áttu sér stað.

Álit

Með hliðsjón af fyririlggjandi gögnum er greiðsluskylda ekki fyrir hendi. Hér er um undanskilda áhættu að ræða. Vátryggingin bætir ekki málskostnað sem varðar vátryggðan (M) sem eiganda fasteignar líkt og vátryggingafélagið heldur fram.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 14. apríl 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 96/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. málskostnaðartryggingar.

Ágreiningur um greiðslu úr málskostnaðartryggingu vegna tjóns þ. haustið 2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 7.3.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-6.
2. Bréf V dags. 14.3.2011.

Málsatvik.

Umboðsmaður vátryggingataka segir að í raun sé um tvö mál að ræða annars vegar vegna tjóns sem bróðir meðvátryggðs vann á húsi hennar og hins vegar mál milli sömu aðila sem höfðað hafi verið gegn Erlu og systur hennar til riftunar gjafagernings um húsið að Haukabergi. Fram kemur í tjónstilkynningu að tjónið á húsin var unnið í ágúst 2009 og riftunarmál var höfðað í mars 2010. Lagður er fram í málinu dómur héraðsdóms Vestfjarða í málunum S-19/2009 og E-60/2010 og úrskurður í málinu E-23/2010. V hafnar bótaskyldu vegna málanna S-19/2009 og E-60/2010 og bendir á að vátryggingin bæti ekki málskostnað sem varði vátryggðan sem eiganda fasteignar. V telur ljóst að ágreiningsmál sem hér um ræðir varði M sem eigendur fasteignar og breyti þar engu að niðurstaða héraðsdóms Vestfjarða hafi orðið sú að rifta gjafagerningi um viðkomandi húseign. V vísar í þessu sambandi til ákvæðis vátryggingaskilmála í grein 25.9 þar sem fram kemur að vátryggingin bæti ekki málskostnað sem varði vátryggðan sem eiganda fasteignar.

Álit.

Ljóst er að dómsmál þau sem hér um ræðir varða M sem eigendur fasteignar. Miðað við ákvæði í grein 25.9. í vátryggingaskilmálum á M því ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 14.4. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 97/2011**M
og
váttryggingafélagið X v/ forfallatryggingar.****Kona komst ekki í orlofsferð vegna veikinda.****Gögn.**

50. Málskot, móttakið 7.3..2011, ásamt fylgigögnum.

51. Bréf X, dags 14.3.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 22. nóvember 2010 keypti M fyrir sig og eiginkonu sína, K, orlofsferð til Kanaríeyja. Brottför frá Íslandi var fyrirhuguð 5. janúar 2011. Ferðina greiddi M með greiðslukorti. Í kortinu er innifalin forfallatrygging hjá váttryggingafélaginu X. K komst ekki í ferðina vegna berklasjúkdóms. M hefur krafist bóta úr forfallatryggingunni hjá X.

Álit.

Samkvæmt gr. 6.1 í skilmálum forfallatryggingarinnar bætir félagið ferðakostnað sem greiddur er fyrir fram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur, allt að nánar tiltekinni fjárhæð, vegna ferðar sem váttryggður kemst ekki í ef ástæðan er m.a. veikindi hins váttryggða og alvarleg veikindi náins ættingja, enda séu veikindin vottuð af starfandi lækni. Í gr. 6.2 eru tilgreindar takmarkanir á bótaskyldunni. Samkvæmt gr. 6.2.1 bætir félagið ekki tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma sem váttryggður þjáðist af og var í meðferð vegna þegar staðfestingargjald var greitt.

Í læknisvottorði sérfræðings í lungnalækningum, sem hafði K til meðferðar, kemur fram að veikindanna hafi fyrst orðið vart 15. október 2010. K hafi byrjað sex mánaða meðferð gegn berklaveiki 28. október 2010 með fjórum lyfjum, en seinna hafi komið í ljós að um lyfjaónæmi fyrir einu þeirra hafi verið að ræða og þurft hafi að lengja meðferðartímann upp í níu mánuði. Hafi M orðið óferðafær vegna hinna ónæmu berklastofna sem nauðsynlegt hafi verið að meðhöndla lengur og smithætta hafi jafnframt verið meiri.

Þegar orlofsferðin var greidd þann 22. nóvember 2010 hafði K greinst með berkla og var þá í lækni meðferð vegna þeirra. Með vísan til fyrrgreinds ákvæðis í gr. 6.2.1 í váttryggingarskilmálunum bætist tjónið ekki.

Niðurstaða.

Tjónið bætist ekki.

Reykjavík, 14. apríl 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 98/2011
M
og
vátryggingafélagið X v/ málskostnaðartryggingar.

Ágreiningur um hvort tvö dómsmál varði vátryggðan sem eiganda fasteignar.

Gögn.

52. Málskot, móttakið 4.3.2011, ásamt fylgigögnum.

53. Bréf X, dags. 21.3.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum 19.2.2010, var máli fyrirtækisins U á hendur M vísað frá dómi þar sem U tókst ekki að setja tryggingu að tiltekinni fjárhæð fyrir greiðslu málskostnaðar gagnvart M. Mál þetta var höfðað af U til greiðslu reiknings að fjárhæð 465.565 krónur auk vaxta og kostnaðar úr hendi M. Í stefnu segir að U sé málningarverktaki sem hafi annast málningarvinnu fyrir M og téður reikningur sé fyrir þá vinnu auk efnis.

Þann 21.4.2010 var M fyrir áðurnefndum dómstóli sýknuð af kröfu raflagnaverktakans R vegna aðildarskorts, en mál þetta höfðaði R til greiðslu reiknings að fjárhæð 933.027 krónur auk vaxta og kostnaðar. Í stefnu er kröfunni nánar lýst á þann veg að R hafi annast raflagnavinnu fyrir M í húseign hennar að K, og reikningurinn sé fyrir þá vinnu auk efnis. Upplýst var í málinu að M hafi samið við annan aðila en R um að annast framkvæmdir við byggingu húseignarinnar frá fohheldisstigi uns það var tilbúið undir tréverk og í þeim samningi hefði raflagnavinna og málning verið innifalin. Var sýknudómurinn á því byggður að ósannað væri að samningur hafi komist á milli þeirra R og M um verk það sem reikningurinn byggðist á.

M hefur málskostnaðartryggingu í fjölskyldutryggingu sinni hjá vátryggingafélaginu X. Hefur M krafist að fá lögmannskostnað sinn vegna dómsmála þeirra sem að ofan greinir greiddan úr málskostnaðartryggingunni. X hefur hafnað greiðsluskyldu með vísan til undanþáguákvæðis í gr. 25.9 í vátryggingarskilmálunum um að vátryggingin greiði ekki málskostnað vegna máls er varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar.

Álit.

Í fyrrgreinda dómsmálinu og gögnum sem það varða er þess að vísu hvergi getið hver hafi beinlínis verið tilurð þess reiknings sem var tilefni dómsmálsins. Ekkert liggur heldur fyrir um það hvar sú vinna var unnin sem krafist er greiðslu á samkvæmt reikningnum. Af málatilbúnaði M og gögnum málsins að öðru leyti þykir þó mega slá föstu að reikningurinn stafi af vinnu U við húsbyggingu K og kröfunni hafi því verið beint að M sem húsbyggjanda og eiganda K. Hvað síðargreinda málið varðar fer ekki á milli mála að kröfu þeirri sem þar var til úrlausnar var beint að M sem húsbyggjanda og eiganda K. Kröfur sem hafðar voru uppi í báðum dómsmálunum vörðuðu því M sem eiganda K. Undanþáguákvæði það sem X hefur borið fyrir sig á því við um kröfu M um að fá lögmannskostnað sinn greiddan úr málskostnaðartryggingunni. Af því leiðir að greiðsluskylda úr vátryggingunni er ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi úr málskostnaðartryggingu M hjá X.

Reykjavík, 19. apríl 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 100/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/fjölskyldutryggingar v/þjófnaðar****Þjófnaður 02.10. 2010 á meðan á gleðskap stóð í heimahúsi.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 08.03. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 21.04. 2011, ásamt ásamt afriti af bréfi félagsins til M, dags. 06.10. 2010.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Munum var stolið úr húsnaði M að því er talið er í tengslum við gleðskap sem haldinn var þar.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur að atvikið falli ekki undir innbrotþjófnað í skilningi skilmála. Þá er og forsenda fyrir vernd vegna þjófnaðar úr ólæstri íbúð að eðlileg aðgát hafi verið viðhöfð sbr. nánar umfjöllun félagsins. Samkvæmt skilmálum bætir félagið ekki tjón á munum sem stolið er úr ólæstum hýbýlum o.s.frv. sbr. nánar 4. gr. skilmála. Félagið telur sýnt að umrætt tjónsatvik falli utan bótasviðs vátryggingarinnar.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í gögnum málsins.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Um undanskilda áhættu er að ræða.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 19. apríl 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 101/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Y v/B og C****Árekstur á Reykjanesbraut sunnan við Bústaðaveg 26.11. 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 08.03. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 15.03. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Er ökumaður A skipti um akrein kom högg á bifreiðina þegar B og C var ekið á A sbr. gögn málsins.

M telur að ökumaður A eigi ekki að bera alla ábyrgð á árekstrinum sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins.

Tjónanefnd vátryggingafélaganna vísar til þess að A hafi skipt um akrein í veg fyrir B og C og því valdið árekstri. Ekki verði lögð sök á B og C.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum. Hann gætti ekki þeirrar aðgæslu sem nauðsynleg var er hann skipti um akrein. Hann ók í veg fyrir B og C og ber því ábyrgð á árekstri bifreiðanna.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstri þeirra bifreiða sem hér um ræðir.

Reykjavík 14. apríl 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 102/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. slysátryggingar ökumanns.

Umferðarslys þgar bifreið ók út af Vestfjarðarvegi og valt þ. 1.12.2005.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 8.3.2011 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 17.3.2011 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M ók norður Vestfjarðarveg. Þegar hann átti skammt eftir ófarið að bænum Miðskógum í Dalabyggð rann bifreið hans til og hann missti stjórn á henna og fór hún út af veginum og valt þrjár veltur og hafnaði á hjólunum. Í lögregluskýrslu segir að aðspurður hafi M sem var ökumaður ekki sagst vera slasaður. M segist hafa þjáðst af verkjum í baki síðan slysið varð en fram af því hafi hann verið við góða heilsu. M telur orsakatengsl milli bílslyssins og þeirra líkamsverkja sem hann býr nú við og umrætt slys sé það eina í sjúkrasögu M sem geti orsakað þá verki sem hann býr við. V hafnar bótaskyldu og telur orsakatengsl milli umferðaróhappsins þ. 1.12.2005 og verkja M í dag ósönnuð og bendir á að M hafi leitað til læknis árið 2005 og þá hafi verið væg óþægindi í baki og batahorfur taldar góðar. Síðan hafi M leitað til læknis árið 2008 og greindist þá með vöðvabólgu og höfuðverk án þess að tenging við slysið kæmi fram. Þá segir V að loks hafi M leitað til læknis tæpum 5 árum eftir slysið og beri þá við að hann tengi verkina við slysið, en ekkert komi fram í læknisvottorðunum um að vöðvabólguna og höfuðverkina megi rekja til slyssins. Að mati V eru orsakatengsl milli slyssins og verkja M því ekki sönnuð.

Álit.

Af framlögðum gögnum í málinu hefur ekki verið sýnt fram á orsakatengsl milli slyssins þ. 1.12.2005 og þeirra líkamsverkja sem M er nú haldinn. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr slysátryggingu ökumanns.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum.

Reykjavík 14.4. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 103/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. ökumannstryggingar

Umferðaróhapp þegar bifreið var ekið út af vegi í Kópavogi þ. 2.10.2005

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 8.3.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-9
2. Bréf V dags. 21.3.2011

Málsatvik.

M missti stjórn á bifreið sem hann ók og lenti bifreiðin utan vegar við eldsneytisstöð Orkunnar í Kópavogi. M komst af sjálfsdáðum út úr bifreiðinni og sagðist ekki hafa verið spenntur í öryggisbelti og kvaðst kenna til lítilsháttar meiðsla í hálsi. Í lögregluskýrslu kemur fram að rætt hafi verið við lækni á slysadeild sem kannaði meiðsli M og sagði hún að M væri með minni háttar tognun á hálsi og baki. M gerir nú kröfu til þess að úrskurðað verði að hann eigi skaðabótakröfu á hendur V vegna líkamstjóns sem hann hafi orðið fyrir í umræddu umferðaróhappi og leggur fram matsgerð og vottorð þriggja lækna vegna þeirrar kröfu. Í matsgerð dags. 29.10.2010 kemur fram að M segist glíma við hreyfiskerðingu og verki í hálsi og baki og fái stundum leiðniverki út í ganglimi. Þá segist M oft eiga erfitt með svefn og segist glíma við einbeitingarvandamál. Niðurstaða matsgerðarinnar er að M hafi orðið fyrir varanlegum miska 15 af hundraði og varanlegri örorku 15 af hundraði. V hafnar bótaskyldu og vísar til þess að M hafi leitað til læknis strax eftir slysið og síðan aftur á slysadeild í maí 2006 og segist vera búinn að taka hraustlega á því í vinnunni og var með eymsli á vinstra hné. V vísar síðan til matsgerðar þeirrar sem liggur fyrir í málinu og segir þar um einhliða matsgerð sem unnin hafi verið fyrir lögmann M og hafnar því að hún verði lögð til grundvallar. Þá telur V að ekki komi fram sönnun á orsakatengslum milli einkenna M sem hann kvarti yfir á árinu 2010 og umferðarslyssins þ. 2.10.2005. V telur að M hafi ekki sannað að hann hafi orðið fyrir því líkamstjóni í umferðarslysinu sem byggt er á í matsgerð þeirri sem liggur fyrir í málinu.

Álit.

Að virtum öllum gögnum málsins er ekki hægt að fallast á það að M hafi tekist að sanna að orsakatengsl séu milli umferðarslyssins þ. 2.10.2005 og þess líkamstjóns sem metið er í matsgerð Björns Daníelssonar lögfræðings og Sigurjóns Sigurðssonar læknis dags. 29.10.2010. M á því ekki rétt á bótum úr ökumannstryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ökumannstryggingu hjá V.

Reykjavík 19.4. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 104/2011**M
og****fjórtán nánar tilgreindir váttryggjendur í Bretlandi.****Ágreiningur um gildi ábyrgðartryggingar stjórnenda og yfirmanna.****Gögn.**

54. Málskot, móttakið 8.3.2011, ásamt fylgigögnum.

55. Bréf L, breskrar lögmannsstofu, fyrir hönd váttryggjenda dags. 24.3.2011.

Málsatvik.

M kveðst hafa keypt m.a. ábyrgðartryggingu fyrir stjórnendur og yfirmenn sína (e. Directors' and Officers' Liability Insurance) í gegnum breska váttryggingamiðlun, Howden Insurance Brokers Ltd. Váttryggjendur samanstandi annars vegar af nánar tilgreindum váttryggingafélögum og hins vegar af samtökum váttryggjenda sem starfi undir merkjum Lloyd's (e. Lloyd's syndicate). Eru í málskotinu tilgreind 14 váttryggingafélög og samtök váttryggjenda að því er virðist sem váttryggjendur að þeirri váttryggingu sem deilt er um í máli þessu (hér eftir nefndir V). Kveður M ágreininginn við V einkum snúast um í fyrsta lagi hvort váttryggingarsamningi hafi verið slitið á váttryggingartímabilinu, í öðru lagi hvort M hafi nýtt rétt sinn til að kaupa á 36 mánaða viðbótartilkynningarfresti samkvæmt nánari ákvæðum í váttryggingarskilmálum, í þriðja lagi hvort tilkynning um höfnun bótaskyldu í skilningi 51. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga hafi átt sér stað og loks í fjórða lagi forsendur ábyrgðar V skv. ákvæðum 20. gr., sbr. 19. gr. laga nr. 30/2004. M kveður að samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar gildi um hana íslensk lög.

V kveðast vera erlend félög (með aðsetur í London) og þau samþykki ekki fyrir sitt leyti að málið verði tekið til meðferðar fyrir úrskurðarnefnd.

Álit.

Samkvæmt 1. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. aulýsingu nr. 1090/2005, starfar nefndin samkvæmt samkomulagi viðskiptaráðuneytisins, nú efnahags- og viðskiptaráðuneytisins, Neytendasamtakanna og Sambands íslenskra tryggingafélaga, nú Samtaka fjármálafyrirtækja. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samþykktanna úrskurðar nefndin um ágreining varðandi bótaskyldu milli málskotsaðila og váttryggingafélags, sem hefur starfsleyfi hér á landi. Jafnframt úrskurðar nefndin um ágreining sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004. Þá er tekið fram í 3. mgr. 3. gr. að nefndin úrskurði hvort ágreiningur heyri undir nefndina og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að unnt sé að úrskurða í málinu. Telji nefndin svo ekki vera vísar hún málinu frá.

Ekki liggur fyrir í málinu að V, sameiginlega eða hver fyrir sig, hafi starfsleyfi hér á landi. Þá eiga V ekki aðild að Samtökum fjármálafyrirtækja og eru þar með ekki aðilar að því samkomulagi sem starf nefndarinnar byggist á. Þegar svona stendur á getur úrskurðarnefnd ekki tekið mál til afgreiðslu nema fyrir liggji samþykki viðkomandi váttryggjanda, eins eða fleiri ef því er að skipta. Ekkert liggur fyrir um það í málinu að V hafi fyrir fram skuldbundið sig til að hlíta því að málið verði lagt fyrir nefndina né að

málið verði lagt fyrir nefndina á grundvelli ákvæða laga um vátryggingarsamninga. V hafa heldur ekki samþykkt sérstaklega að mál þetta verði lagt fyrir nefndina eða greiða kostnað af því, sbr. 11. gr. samþykktanna. Þegar að þessu virtu, svo og að V hafa sérstaklega tekið fram að þeir samþykki ekki að málið verði tekið til meðferðar fyrir nefndinni, er málið þess eðlis að ágreiningurinn heyrir ekki undir nefndina. Því verður ekki hjá því komist að vísa málinu frá nefndinni, sbr. 3. mgr. 3. mgr. samþykktanna.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá.

Reykjavík, 19. apríl 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 105/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðarliðs fjölskylduverndar (R)****Umferðaróhapp 02.06. 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 09.03. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 23.03. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur aðila lítur að því hvort eigin áhætta kaskótryggingar bifreiðar M fáið bætt úr ábyrgðarlið fjölskylduverndar reiðhjólamannsins R vegna meints gáleysis hans við stjórn reiðhjólsins er hann mætti M.

Vátryggingafélagið telur ekki nægjanlega upplýst að R hafi sýnt af sér saknæmt gáleysi í umrætt sinn. Félagið hafnar því greiðsluskyldu.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í gögnum málsins.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að M eigi rétt til greiðslu eigin áhættu kaskótryggingar sinnar úr ábyrgðarlið fjölskylduverndar R. Telja verður að rekja megi umferðaróhapp þetta til aðgæsluleysis R þegar hann í samfloti annarra reiðhjólamanna mætti bifreið M. Telja verður að R hafi verið of innarlega á veginum og ekki haft fulla stjórn á reiðhjóli sínu og þess vegna rekist á bifreið M.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 14. apríl 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 106/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar B

Kona slasast þegar hún klifraði upp í hillu í verslun og hillan gaf sig þ. 22.12.2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.9.3.2011 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 23.3.2011 ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

M var að gera innkaup í verslun og kom auga á kaffipakka sem hún vildi ná í og steig upp í hillu en náði ekki í kaffipakkann og steig þá aftur upp í hilluna og hélt sér í millihillu en millihillan féll út og vörur hrundu úr henna og M datt aftur fyrir sig og snéri sig á hægri ökkla. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V og telur að hillur hafi ekki verið kyrfilega festar og hvergi séu merki um að hillur séu lausar. M hafnar því að hún hafi auðveldlega getað nýtt sér koll sem var skammt frá til að ná í vöruna en engar merkingar séu um það að viðskiptavinir nýti kolla í þessu skyni. V hafnar bótaskyldu og telur þá aðferð sem M notaði hafi verið afar óheppilega og eðlilegra að hún hefði óskað eftir aðstoð starfsmanna og/eða notað koll sem var á vettvangi í stað þess að klifra upp í hillu og halda sér í aðra með ofangreindum afleiðingum. V telur að M beri ábyrgð á þessu óhappi sjálf vegna eigin aðgæsluleysis og þá sé ósannað að slysi M verði rakið til sakar vátryggingataka.

Álit.

Af hálfu M hefur ekki verið sýnt fram á að slysi það sem hún varð fyrir í umrætt sinn verði rakið til sakar vátryggingataka eða starfsfólks hans eða annars sem vátryggingataki ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 19.4. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 107/2011**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar verslunar.****Kona slasaðist er hún féll á hálfu fyrir framan verslun.****Gögn.**

56. Málskot, móttækið 9.3.2011, ásamt fylgigögnum.

57. Bréf X, dags. 22.3.2011.

Málsatvik.

Þann 11.1.2010 laust fyrir kl. 11 að morgni var M á leið í verslunina V í sveitarfélaginu S. Er hún var nánast við dyr V kvaðst M hafa dottið vegna mikillar hálfu, launhálfu, og hafi höfuð hennar skolið á bifreið. Við fallið hafi hún hlotið úlnliðsbrot.

Telur M að slysið megi rekja til þess að ekki verið gætt af hálfu V að salta eða grípa til annarra ráðstafana til að varna hálkumyndun fyrir framan verslunina. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá váttryggingafélaginu X. Af hálfu fyrirsvarsmanna V er staðhæft að þeir hafi ekki vitað af hálkumyndun fyrir utan verslunina téðan morgun og því ekki getað brugðist við í tæka tíð. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt fyrirbyggjandi veðurvottorði kl. 9 umræddan morgun varð úrkomu vart í S með uppstytum en í það litlu magni að hún mældist ekki. Hitastig var þá 0,8°C og jörð er sögð hafa verið frosin. Kl 12 á hádegi mældist hiti 0,4°C, en ekkert segir þá um úrkomu. Ekki liggur fyrir hvernig aðstæður eru nákvæmlega fyrir framan V eða hvar slysið varð að öðru leyti en því að M kveður það hafa orðið nánast fyrir framan dyr V. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum verður að telja ósannað að fyrirsvarsmenn V hafi vitað eða mátt vita að hálfu hafi myndast fyrir framan verslunina og átt tök á að eyða hálkunni í tæka tíð áður en M varð fyrir slysinu. V ber því ekki skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M. Af því leiðir að tjónið fæst heldur ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 19. apríl 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 108/2011**M****og****Vátryggingfélagið X v/greiðslukortatryggingar****Ágreiningur um greiðsluskyldu í tengslum við utanferð á árinu 2009 og skyndilega heimferð.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 09.03. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 04.04. 2011, ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Í febrúar 2010 var félaginu tilkynnt um korthafatjón frá M. Meðfylgjandi var vottorð sérfræðings í geðlækningum dags. 12.02. 2010.

Vátryggingafélagið vísar til þess að þar komi m.a. fram að M hafi átt við veikindi að stríða til langs tíma. M hafi m.a. verið í eftirliti og meðferð vegna þeirra. Félagið tekur að læknavottorð beri að skýra á þann veg að M hafi þjádast af veikindum og leitað meðferðar vegna þeirra þegar staðfestingargjald utanferðar var greitt í nóvember 2009. Félagið vísar til þess að samkvæmt skilmálum bætir félagið ekki tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma sem vátryggður þjádast af og var í meðferð vegna þegar staðfestingargjald var greitt.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í gögnum málsins.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Fallist er á það sjónarmið vátryggingafélagsins að um undanskilda áhættu sé að ræða þ.e. félagið bætir ekki tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma sem vátryggður þjádast af og var í meðferð vegna þegar staðfestingargjald var greitt.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 19. apríl 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 109/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. launþegatryggingar

Kona slasaðist þegar slá af ljósastandi féll á hana þ. 17.10.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.10.3.2010 ásamt fylgiskjölum 1-7.
2. Bréf V dags. 27.3. ásamt fylgiskjölum 1-4.

Málsatvik.

M var að vinna sem verktaki hjá auglýsingastofu þegar hún slasaðist þegar slá af ljósastandi féll á háls hennar og bak. Af hálfu M er tekið fram að allir sem vinni hjá auglýsingastofunni vinni þar sem verktakar. Af hálfu M er því haldið fram að hún leggi aðeins fram vinnu sína en hafi stofnað einkahlutafélag sem gefi út reikninga vegna vinnu hennar fyrir umrædda auglýsingastofu. M telur því að um samband launþega og atvinnurekenda sé að ræða en ekki verktaka og verkkaupa. V gerir því kröfu um bætur úr launþegatryggingu auglýsingastofunnar hjá V. V hafnar bótaskyldu og segir að M hafi ekki verið á launaskrá auglýsingastofunnar og um óreglulegt samningssamband hafi verið að ræða milli M og auglýsingastofunnar. V bendir á að greiðslur til M hafi verið til sjálfstæðs félags hennar og um samband verktaka og verkkaupa hafi verið að ræða.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að M var verktaki hjá umræddri auglýsingastofu og gaf út reikninga sem slíkur. Þá var ekki keypt trygging fyrir M sem launþega af hálfu auglýsingastofunnar. Ekki hefur verið sýnt fram á það af hálfu M að um annað samband hafi verið að ræða milli auglýsingastofunnar og M en samband verktaka og verkkaupa. M á því ekki rétt á bótum úr launþegatryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr launþegatryggingu hjá V.

Reykjavík 19.4. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 111/2011**Frávísun****M****og****Vátryggingfélagið X v/fasteignatryggingar v/vatnstjóns****Vatnstjón 20.10. 2010, ágreiningur um uppgjör.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 14.03. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 04.04. 2011, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um greiðsluskyldu vátryggingafélagsins sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið gerir þá kröfu að máli þessu verði vísað frá skv. 2. mgr. 3. gr. samþykta nefndarinnar. Félagið vísar til þess að ekki sé ágreiningur um bótaskyldu en fyrir liggur að bætur hafi verið boðnar ásamt ítrekuðum boðum um framkvæmd verði fullnaðarviðgerð.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í gögnum málsins.

Álit

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samþykta úrskurðarnefndar í vátryggingamálum úrskurðar nefndin um ágreining um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. Vátryggingafélagið hefur gert kröfu um frávísun málsins skv. ofanrituðu.

Með hliðsjón af ofanrituðu er máli þessu vísað frá.

Niðurstaða.

Frávísun.

Reykjavík 19. apríl 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 112/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar Alcan (A)

Maður slasaðist við vinnu í lest skips þ. 15.5.2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.14.3.2011 ásamt fylgiskjölum 1-10.
2. Bréf V dags. 23.3.1011.

Málsatvik.

Verið var að lesta álbarra í lest skips en þá vildi það til að hífi með 2 álbörum var ekki slakað nægilega langt niður að lestargólfi af kranamanni þannig að þegar kranamaðurinn reisti bómu kranans, sem er vinnuvenja við lestun álbarra þá slógust kubbar undan börrunum og lentu á börrum sem fyrir voru í lestinni og við það slengdust þeir yfir aðra barra sem voru í lestinni. Tveir menn sem voru við vinnu í lestinni reyndu að forða sér þegar þetta gerðist. Öðrum tókst það en M varð fyrir slysi. Þriðji maður sem stjórnaði hífingunni og var í talstöðvarsambandi við kranamanninn reyndi að aðvara kranamanninn en tókst það ekki í tæka tíð. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins kemur fram að orsök slyssins megi rekja til misskilnings í samskiptum á milli kranamanns og lúgumanns. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V. V hafnar bótaskyldu og telur að einstakur misskilningur milli starfsmanns A sem var í talstöðvarsambandi við kranamanninn og kranamannsins sem sé sjálfstæður verktaki geti talist vera saknæmur þannig að A beri ábyrgð á tjóni M. Þá bendir V á að Vinnueftirlitið geri ekki kröfu til úrbóta og þó að A hafi gert ákveðnar ráðstafanir þá sé það ekki viðurkenning á sök. V heldur því fram að slys M verði ekki rakið til saknæmrar og ólögætrar háttsemi A eða starfsmanna A eða annars sem A beri skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Orsök slyssins var að misskilningur varð á milli þess starfsmanns A sem stjórnaði hífingu og kranamannsins. A bar ábyrgð á því að unnið væri að lestun skipsins með þeim hætti að öryggis starfsmanna sem unnu í lestinni væri gætt. Á því varð misbrestur vegna misskilnings þeirra sem höfðu með hífingu að gera og ber A alla ábyrgð á því að svo illa tókst til. M á því rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 19.4. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 113/2011

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Langholtsvegi í Reykjavík til móts við hús nr. 111 þann 6.2.2010.**Gögn.**

58. Málskot, móttakið 15.3.2011, ásamt fylgigögnum.
59. Bréf X, dags. 18.3.2011, ásamt fylgigögnum.
60. Bréf Y, dags. 11.4.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið aftur á bak inn á Langholtsveg frá bifreiðastæði við hús nr. 111. Síðan var henni ekið áfram áleiðis til norðurs og hugðist ökumaðurinn snúa bifreiðinni við á götunni. Í sömu andrá bar að bifreiðina B sem var ekið norður Langholtsveg. Rákust þá saman að því er virðist framanverð vinstri hlið A og hægra framhorn B. Rökkur eða myrkur var og snjór og bleyta á götunni þegar áreksturinn varð. Samkvæmt upplýsingum í tjónstilkynningum voru báðar bifreiðir búnar ónegldum vetrardekkjum.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið aftur á bak af bifreiðastæðinu og inn á Langholtsveg eftir að tvær bifreiðir höfðu ekið fram hjá og rautt ljós var komið fyrir umferð á Langholtsvegi við gatnamót Skeiðarvogs. Hann hafi svo ekið áfram nokkra metra og gefið stefnumerki til vinstri í þeim tilgangi að snúa við. Hann hafi verið kominn vel inn á veginn og dregið úr hraða þar sem bifreið hafi komið úr gagnstæðri átt. Þegar sú bifreið hafi verið farin hjá hafi hann lagt á A, en þá hafi B verið ekið í hlið A. Kveður ökumaðurinn að umtalsverður snjór og krapí hafi verið á árekstrarstað að undanskildum þeim hluta akbrautarinnar þar sem bifreiðum var beinlínis ekið.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 50 km hraða á klst. Hafi A komið frá fyrrgreindu bifreiðastæði og verið sveigt í veg fyrir B eins og ökumaður A hafi ætlað að taka U-beygju. Vegna snjós og hálku hafi hann ekki náð að stöðva, en sveigt frá eins langt og hann taldi öruggt án þess að valda hættu gagnvart bifreiðum úr gagnstæðri átt.

Vitni, farþegi í B, kvað B hafa verið ekið á hægri akrein er þeir hafi séð A vera ekið út af stæði og numið staðar út við brún götunnar, ekki á sjálfri akbrautinni. A hafi svo verið ekið af stað mjög hægt og taldi vitnið að ökumaður A hafi verið að bíða eftir að B færi fram hjá. Þegar B hafi átt um 10-15 m ófarna að A hafi A verið ekið af stað til að taka U-beygju þvert yfir götuna. Þá hafi ökumaður B byrjað að hemla og færa sig til vinstri án þess að skapa hættu á hinum vegarhelmingnum. Einnig hafi ökumaður B gefið hljóðmerki. B hafi svo runnið í snjónum á A.

Álit.

Eins og ökumenn og vitni hafa lýst árekstrinum og tildrögum hans í fyrirliggjandi gögnum er ljóst að ökumaður A ók aftur á bak frá bifreiðastæði út á Langholtsveg og ók svo áfram til að snúa við á akbrautinni. Áður en ökumaður snýr ökutæki skal hann ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra, sbr. 1. mgr. 17.

gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ökumaður A vissi ekki af ferðum B fyrr en árekstur varð. Hann sýndi því ekki þá aðgæslu sem af honum mátti krefjast að lögum. Hann ber því sök á árekstrinum. Ekki hefur verið sýnt fram á að áreksturinn megi rekja til þess að ökumaður B hafi ekið óhæfilega hratt, að bifreið hans hafi verið vanbúin eða hann hagað akstri sínum að öðru leyti á þann hátt að virt verði honum til sakar. Eru því ekki efni til að leggja sök á ökumann B.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 19. apríl 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 114/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Y v/B****Árekstur Hamraborg austan við bókasafn 15.02. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 15.03. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 11.04. 2011.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 12.04. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ökumaður A kveðst efnislega hafa ekið Hamraborgina til suðurs, stöðvað til að hleypa gangandi vegfaranda yfir gangbraut. Ekið af stað og þá hafi B verið ekið inn í vinstri hlið A.

Ökumaður B kveðst efnislega hafa ekið suður Hamraborgina. Bifreið A “er stopp á útskotinu sem þarna er þarna hægra megin. Brotalínan sem þarna er var nokkurn veginn undir miðri bifreið A. Þegar ég ek að bifreið A þá skyndilega ekur bifreið A af stað og beygir til vinstri og ekur á hægra framhorn bifreiðar minnar...”

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B eigi að bera ábyrgð á árekstrinum þar sem hann ekur fram úr A sem hafði stöðvað fyrir vegfaranda sem var á leið yfir akbrautina á merkti gangbraut.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A eigi að bera ábyrgð á árekstrinum þar sem hann hafi ekið af stað úr kyrrstöðu af stöðureit strætisvagna.

Tjónanefnd vátryggingarfélaganna skipti sök til helminga. A hafi verið ranglega staðsett, hálfí inni á stöðureit fyrir strætisvagna og ekið af stað og að B hafi ekið fram úr við gangbraut.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verður sök skipt til helminga. Telja verður að A hafi ekið í veg fyrir B í þann sama mund sem B var ekið fram úr A við gangbraut. Ökumaður B þurfti að gæta aukinnar aðgæslu við að aka fram úr við gangbraut. Hvorugur ökumanna gætti þeirrar aðgæslu sem nauðsynleg var.

Niðurstaða.

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 3. maí 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 115/2011**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss þann 10.7.2009.****Gögn.**

61. Málskot, móttakið 15.3.2011, ásamt fylgigögnum.
62. Bréf X, dags 28.3.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M var við störf á kvöldvakt í verksmiðju V. M hóf störf hjá V í maí 2009 eða um tveimur mánuðum fyrir slysið. Í umrætt sinn vann M við þrif í svokallaðri hringekju og snéri baki í eins konar sprungu í gólfinu sem nefnd er „smuga“. Hafi M stigið skref aftur á bak. Gólfið sé mishæðótt og hafi hann fallið aftur fyrir sig. Við hringekjuna sé 20 cm stallur sem M féll um. Hann hafi í fallinu borið fyrir sig hægri hönd og hlaut m.a. beinbrot í olnboga handarinnar.

Slysið var ekki tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins fyrr en 25.10.2009. Rannsókn á slysinu var hins vegar framkvæmd af hálfu V. Í rannsóknarskýrslu V er talið að slysið megi rekja til þess að gólf hafi verið óslétt, lýsing léleg og þrengsli við fyrrgreinda „smugu“.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá váttryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Slysið var ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu eins og skylt var, sbr. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þegar litið er til þessa og hver orsök slyssins var talin vera samkvæmt rannsóknarskýrslu V verður að telja nægilega sannað að slysið megi rekja til ófullnægjandi aðstæðna þar sem M var að störfum er hann slasaðist. Verður V að bera ábyrgð á líkamstjóni M sem hann hlaut í slysinu. Ekki eru efni til að skerða bótarétt M vegna meðábyrgðar hans. Samkvæmt þessu telst tjónið að fullu bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að fullu úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 19. apríl 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 116/2011**M****og****Vátryggingafélagið v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs og slysatryggingar****Meiðsl við þátttöku í gerð sjónvarpsþáttar 04.10. 2009.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 16.03. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 24.03. 2011, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Ágreiningur er um greiðsluskyldu vátryggingafélagsins sbr. gögn málsins.

Vátryggingafélagið vísar til þess að M hafi undirritað samning við vátryggingartaka sem innihélt víðtækar ábyrgðartakmarkanir, leikreglur og hæfniskröfur. Í samningnum kom m.a. fram að M afsalaði sér öllum bótakröfum á hendur vátryggingartaka vegna meiðsla í keppninni sem fram fór. Ljóst var að þátttaka fæli í sér áhættutöku. Atvikið sem orsakað hafi meiðsl M hafi verið í snúningstæki sem hefur það að markmiði að gera þátttakendur ringlaða. Við snúnings tækisins hlaut M meiðsl sbr. gögn málsins.

Vátryggingafélagið telur að skilyrði skilmála varðandi slys hafi ekki verið uppfyllt þ.e. það hafi ekki verið um skyndilegan utanaðkomandi atburð að ræða.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Sem fyrr segir varð tjónsatvik máls þessa við þátttöku M við gerð sjónvarpsþáttar. Hann hafði undirritað samning um þátttökuna sem kveður á um réttarstöðu aðila. Undirritun sammingsins felur í sér verulega takmörkun á réttarstöðu þátttakenda gagnvart vátryggingartaka.

Telja verður að M hafi verið fullkunnugt um þá áhættu sem fólst í þátttöku í sjónvarpsþættinum. M hlaut, sem fyrr segir, meiðsl í einni þraut keppinnar þ.e. í snúningstæki, tæki sem gerir þátttendur ringlaða og sem fullvíst má telja að reyni mjög á líkamlegt ástand þátttakenda.

Með hliðsjón af ofanrituðu og fyrirliggjandi gögnum hefur M fyrirgert bótarétti sínum úr ábyrgðartryggingu með áhættutöku. Jafnframt er fallist á það sjónarmið vátryggingafélagsins að greiðsluskylda er ekki fyrir hendi úr slysatryggingu þar sem ekki hefur verið sýnt fram á að um skyndilegan utanaðkomandi tjónsatburð hafi verið að ræða.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 19. apríl 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 117/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. slysatryggingar ökumanns

Bifreið ók út af vegi í Heiðmörk þ. 28.5.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 17.3.2011 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 4.4.2011.

Málsatvik.

M missti stjórn á bifreið sinni í lausamöl í beygju á Heiðmerkurvegi og lenti bifreiðin utan vegar. M krefst bóta úr slysatryggingu ökumanns hjá V. M segist hafa leitað til læknis daginn eftir slysið og síðan aftur þ. 12.7.2008 vegna verkja í baki og fékk beiðni um sjúkráþjálfun og verkjalyfjanotkun m.a. M leitaði síðan til læknis þ. 1.10.2010 þar sem læknir mat afleiðingar varanlegar eins og segir í málskoti. V hafnar bótaskyldu þar sem engine sönnun á líkamstjóni hafi borist og árstilkynningafresturinn skv. 124. gr. vátryggingasamningalaga nr. 30/2004 sé liðinn.

Álit.

Í læknisvottorði dags. 29.5.2008 daginn eftir slysið segir að M sé aðeins aumur í bakinu í dag, einnig átt vanda til þess áður. M leitaði síðan aftur til læknis þ. 28.7.2008 vegna vægra einkenna aðallega frá baki en einstaka sinnum frá hálsi og tekið er fram að M vinni líkamlega vinnu og þurfi mikið að standa og lyfta hlutum. M leitaði til lögmanns 16.júlí 2010 og var slysið tilkynnt V þ.28.10.2010 rúmum 2 árum eftir að M leitaði síðast til læknis vegna slyssins samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum. Miðað við fyrirbyggjandi gögn verður því ekki annað ráðið en að M hafi átt að gera sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins meir en ári áður en tilkynning barst til V vegna þessa. Árstilkynningafresturinn vegna slyssins skv. 124.gr vátryggingasamningalaga var því liðinn þegar slysið var tilkynnt V. Má því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Reykjavík 19.4. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 118/2011**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar verslunarmiðstöðvar.****Ekið á keðju sem lokaði akstursleið að bifreiðastæðum við verslunarmiðstöð.****Gögn.**

63. Málskot, móttakið 18.3.2011, ásamt fylgigögnum.

64. Bréf X, dags 1.4.2011.

Málsatvik.

Þann 26.12.2010 um kl. 16.30 ók M bifreið sinni, A, inn á akstursleið að bifreiðastæðum við verslunarmiðstöð V. Rakst þá A á keðju sem hafði verið strengd fyrir akstursleiðina. Nokkrar skemmdir urðu á framenda A. Þegar atvikið átti sér stað mun hafa verið rigning og rökkur.

M kvaðst hafa komið að V og ekkert séð framundan. Hún kvaðst enga bíla hafa séð til hliðar og haft á orði við dóttur sína, sem var farþegi, að það hljóti að vera lokað í V. Í sömu andrá kvaðst hún hafa heyrt mikinn hvell. Kom þá í ljós að A hafði rekist á fyrrgreinda keðju.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X vegna þess tjóns sem varð á A. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Af fyrirliggjandi ljósmyndum má sjá að á keðjuna hafa verið festir þrír gulir borðar, einn fyrir um miðja keðjuna og tveir til sitt hvorrar hliðar og að þeir borðar hafi verið í námunda við sitt hvora brún akleiðarinnar þegar keðjan var strengd yfir hana. Þá má enn fremur ráða að keðjan hafi verið í svipaðri hæð frá jörðu og númeraplatan á A. Ætla verður að keðjan hafi ekki átt að dyljast öikumönnum ef sýnd er eðlileg aðgæsla. Verður því að telja ósannað að tjónið verði rakið til vanbúnaðar keðjunnar eða annarra atvika sem V ber ábyrgð á. Tjónið telst því ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M vegna skemmda á A bætist ekki úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 19. apríl 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 119/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Umferðaróhapp á gatnamótum Njarðarbrautar og Grænásvegur í Reykjanesbæ þ. 16.4.2008

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 18.3.2011 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 7.4.2011

Málsatvik.

M lenti í árekstri þegar ökumaður A ók aftan á bifreið M á gatnamótum Njarðarbrautar og Grænásvegur í Reykjanesbæ. Ökumaður A sagðist ekki hafa áttað sig á því að bifreiðar fyrir framan hann hafi verið stopp og því hafi árekstur orðið en hraði A hafi verið lítill. M krefst bóta vegna líkamsáverka vegna slyssins og er í því sambandi vísað til læknisvottorðs Boga Jónssonar bæklunarskurðlæknis dags. 9.1.2011 þar sem segir m.a. að M hafi þekkt bakverkjasögu og verið öryrki vegna bakvandamála. Læknirinn telur erfitt að meta hvort M hafi versnað í bakinu frá fyrra þekkt ástandi við slysið. Þá segir læknirinn að honum skiljist að ástandið á hægri öxl og hné sé tilkomið við slysið og óvíst sé um bata. M krefst viðurkenningar á bótskyldu vegna þeirra áverka sem hún hlaut í árekstrinum úr ábyrgðartryggingu A hjá V og segir að áreksturinn hafi verið harður og M versnað síðustu misseri. V hafnar bótskyldu og telur ósannað að orsakatengsl hafi verið milli umferðaróhappsins og meintra líkamsáverka sem M reki til þess atviks. V bendir á að M hafi farið í 5 aðgerðir á mjóbaki vegna brjóskloss. Þá vísar V til þess að í vottorði Boga Jónssonar læknis komi fram að hann hafi fyrst séð M þ. 4.2.2010 og geti því lítið sagt til um orsakatengsl vegna áverka á hægri öxl og hné. V leggur áherslu á að M sé mikill sjúklingur og þá hafi M dottið illa í hálkku 5.12.2008 og samkvæmt læknisvottorði þá hafi M dottið þ.16.8.2009 og fengið högg. V telur því líklegt að einkenni frá hægri öxl og hné sem M kvarti yfir við Boga Jónsson lækni megi rekja til annarra atvika en umferðaróhappsins

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið hvort eða hvaða áverkum M kann að hafa orðið fyrir við áreksturinn þ. 16.4.2008. Þegar tekið er tillit til vottorðs Boga Jónssonar læknis og annarra fyrirbyggjandi gagna verður ekkert fullyrt um það hvort M hafi orðið fyrir bótskyldum áverkum í ofangreindu slysi. Orsakasamband slyssins og þeirra einkenna sem M vísar til í kröfugerð sinni eru því ósönnuð. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V

Reykjavík 3.5. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 120/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs****Vinnuslys við fall í vinnslusal 31.01. 2007.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 18.03. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 31.03. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var við vinnu sína sem fólst í að snyrta fisk og lausfrysta í vinnusal. M mun hafa hrasað um færanlegan vinnupall á gólfi þannig að M hlaut meiðsl af.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Ekki hafi verið sýnt fram á að vátryggingartaki hafi sýnt af sér saknæma og ólögmeða háttsemi í aðdraganda slyssins.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í gögnum málsins.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ekki hefur verið sýnt fram á að rekja megi meiðsl M til sakar starfsmanna vátryggingartaka eða ófullnægjandi aðstæðna sem hann ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 19. apríl 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 121/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. slysatryggingar sjómanna

Sjómaður slasaðist þegar hann stökk úr skipi niður á bryggju þ. 5.6.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 21.3.2011 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 5.4.2011.

Málsatvik.

M sem var skipverji á skipi sem var að leggjast að bryggju stökk niður á bryggjuna til að taka við landfestum, en þegar M lenti á bryggjunni skrifaði honum fótur og hann féll með þeim afleiðingum að hann fótbrotnaði á hægra fæti. M gerir kröfu um bætur úr slysatryggingu sjómanna hjá V og telur einsýnt að meiðsli hans verði rakin til slyss í skilningi vátryggingaréttar. V hafnar bótaskyldu og telur að ekki hafi verið um slys að ræða í skilningi vátryggingaréttar þar sem ósannað sé að skyndilegur utanaðkomandi atburður hafi valdið tjóni M. V vísar að öðru leyti í til greinda úrskurði Úrskurðanefndar í vátryggingamálum og í tilgreinda Hæstaréttardóma máli sínu til stuðnings.

Álit.

Ekki liggur fyrir sönnun þess að skyndilegur utanaðkomandi atburður hafi valdið meiðslum M í umrætt sinn. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík 19.4. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 122/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra****Ágreiningur um stofnun skaðabótaábyrgðar vegna galla í hitakerfi
húseignar að Skipholti 29b.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 22.03. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 15.04. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M vísar m.a. til matsgerðar, dags. í janúar 2009, í matsmáli M-65/2008, en í niðurstöðu hennar staðfestir matsmaður galla á hitakerfi sem ekki sé í samræmi við eðlilegan frágang hitakerfa sem notuð eru til upphitunar á íbúðum fjölbýlishúsa.

Vátryggingafélagið kveðst ekki hafa verið matsþoli í máli þessu og hafi því ekki haft tækifæri til að gæta hagsmuna sinna í því. Félagið hafnar bótaskyldu. Félagið telur að hér geti frekar mögulega verið um hönnunarmistök að ræða sem byggingarstjóri geti ekki verið ábyrgur fyrir. Félagið dregur í efa þá ályktum matsmanns að hitalagnir í umræddri byggingu séu ekki í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar. Um sé að ræða matskennd ákvæði og matsmaður vísi sjáfur til þess að í fjölda ára hafi tíðkast að steypa hitapípur inn í golfplötur og að slíkar teikningar hafi verið samþykktar af byggingarfulltrúanum í Reykjavík, líkt og í þessu tilviki. Því sé hér um persónulegt álit matsmanns að ræða sem ekki styðst við það verklag sem tíðkast hefur. Félagið telur og að M hafi ekki sannað að hann hafi orðið fyrir fjártjóni. “Meintur tjónþoli hafði a.m.k. ekki greitt lokagreiðslu að fjárhæð vegna kaupa á íbúðinni og félaginu er ekki kunnugt um að sú greiðsla hafi nokkurn tíma farið fram. Með vísan til þessa er ítrekað að tjónþoli hefur ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir fjártjóni vegna hinna meintu mistaka byggingarstjóra.”

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að byggingarstjóri hafi vanrækt skyldur sínar er haft hafi fjártjón í för með sér fyrir M.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 3. maí 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 124/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. launþegatryggingar R og ábyrgðartryggingar A

Maður rann og datt í hálfu þ. 7.10.2001

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 25.3.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-11
2. Bréf V dags. 14.4.2011

Málsatvik.

Í tilkynningu um slysið segir M að hann hafi verið að koma af fundi í kaffiskúr um 200-300 metra fjarlægð frá virkjunarhúsinu í Vatnsfelli í myrkri, snjóbyl og hálfu. M segir að eina lýsingin hafi komið frá stöðvarhúsinu. M segist hafa verið að hlaupa út í bíl þegar hann hafi runnið í hálkunni og dottið á vinstra hnéð á stórt grjót og meitt sig. M segist hafa tilkynnt þetta atvik til verkstjóra síðar um kvöldið. M krefst bóta úr launþegatryggingu vinnuveitanda síns R hjá V og skaðabóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. M segir að slysið hafi orðið á vinnusvæði sem hafi verið vanbúið af ýmsum ástæðum. V hafnar bótaskyldu og segir engin samtímagögn liggja fyrir um málsatvik og vinnuveitanda hafi ekki verið tilkynnt um slysið fyrr en þ. 21.6.2005. Þá bendir V á að M hafi leitað til læknis tæpum 2 mánuðum eftir að þetta meinta óhapp og engin vitni hafi orðið að atburðinum. Varðandi slysatryggingu launþega vísar V til þess að ósannað sé að hinn meinti tjónsatburður hafi átt sér stað auk þess sé krafan niður fallin vegna fyrningar sbr. 29.gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingasamninga. Varðandi batur úr frjálstri ábyrgðartryggingu vísar V til þess að ekki liggi fyrir nein saknæm háttsemi í tengslum við meint atvik. Þá hafnar V fullyrðingum um staðhætti og veðurfar sem ósönnuðum. Loks bendir V á að orsakatengsl milli hinnar meintu saknæmu háttsemi og kvillana sé ósönnuð.

Álit.

Af hálfu M hefur ekki verið sýnt fram á ótvírætt orsakasamband milli atviksins þ. 7.10.2001 og líðan hans í vinstra hné. Í læknisvottorði dags. 12.12.2001 segir að M hafi dottið á hnéð fyrir mánuði síðan og aftur fyrir nokkrum dögum síðan. Þá segir í læknisvottorði dags. 9.5.2005 m.a. að M hafi þekkt slit í vinstra hné svo sem nánar er rakið. Að virtum öllum gögnum málsins hefur M ekki tekist að sýna fram á eða gera sennilegt að hann eigi rétt á bótum úr launþegatryggingu R hjá V eða ábyrgðartryggingu A hjá V. Þegar af þeirri ástæðu er ekki unnt að fallast á kröfur M.

Niðurstaða.

M á hvorki rétt á bótum úr launþegatryggingu R hjá V eða ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 3..5. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 125/2011**M****og****Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Umferðarslys þ.22.1.2009. Ágreiningur um útfarar- og ferðakostnað.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 25.3.2011 ásamt fylgiskjölum 1-11.
2. Bréf V dags. 28.4.2011 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Ekið var á erlenda konu sem hér var og lést hún. V greiddi M eftirlifandi maka konunnar og barni hennar og foreldrum bætur fyrir missi framfæranda og hæfilegan útfararkostnað að mati V.

M gerir kröfu til að fá greiddan kostnað vegna komu systur eiginkonu hans og vegna hluta af útfararkostnaði skv. 12. gr. Skaðabótalaga nr. 50/1993. Af hálfu M er því m.a.haldið fram að nauðsynlegt hafi verið að systir konu hans kæmi til landsins vegna siða í heimalandi þeirra. Þá hafi einnig verið nauðsynlegt að systirin kæmi þar sem hún tali ensku og því getað aðstoðað M við fjölmörg mál sem sinna hafi þurft vegna andláts konu M. Þá krefst M þess að V greiði hæfilegan útfararkostnað samkvæmt mati Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum miðað við þann kostnað sem M hafi sannanlega orðið fyrir og út frá þeim sérstöku aðstæðum sem málið beri með sér og siðvenjum heimalands konu M. Tekið er fram af lögmanni M að ekki sé verið að fara fram á úrskurð Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum um bótafjárhæð heldur viðurkenningu nefndarinnar á þess efnis að V hafi ekki uppfyllt lagaskyldu sína skv. 12.gr. skaðabótalaga um að greiða hæfilegan útfararkostnað í samræmi við það einstaklingsbundna mat sem fara eigi fram í hverju tilviki fyrir sig, en að mati M hefur V ekki greitt honum hæfilegan útfararkostnað.

V hefur greitt bætur eins og að ofan greinir og kr. 1.200.000 í útfararkostnað og hafnar að greiða ferðakostnað systur konu M og útfararkostnað umfram það sem þegar hefur verið greitt. Af hálfu V er bent á að engin gögn hafi verið lögð fram sem sýni að M hafi greitt ferðakostnaðinn fyrir systur konu hans og telur V að M geti þar af leiðandi ekki skotið þessum ágreiningi til Úrskurðarnefndarinnar fyrir hönd systurinnar. V hafnar allt að einu að ferðakostnaðurinn greiðist úr vátryggingunni og bendir á að ekki sé skylda til að greiða fjártjón sem stofnast í tengslum við andlát. Þá bendir V á að ferðakostnaður systur konu M sé ekki sennileg afleiðing af umferðarslysinu. V telur að félagið hafi þegar greitt hæfilegan útfararkostnað með greiðslu kr. 1.200.000. sbr. 12.gr. skaðabótalaga. Þá bendir V á að ágreiningsefnið snúist um fjárhæð bóta og skv. 2.mgr. 3. gr. samþykta fyrir Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum nr. 1090/2005 úrskurði nefndin aðeins um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki málsaðila og veitir V ekki samþykki sitt fyrir því að Úrskurðarnefndin úrskurði um það hvort V hafi greitt hæfilegan útfararkostnað. En að öðru leyti telur V að það hafi þegar greitt hæfilegan útfararkostnað.

Álit.

Af hálfu V hefur því verið hafnað að Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum úrskurði um bótafjárhæðir í máli þessu. Af þeim sökum er vísað frá Úrskurðarnefndinni ágreiningi um hvort V hafi þegar greitt hæfilegan útfararkostnað með greiðslu kr. 1.200.000. Hvað varðar ágreining um greiðslu kostnaðar vegna ferðar systur eiginkonu M þá snýst sá ágreiningur m.a um bótaskyldu vegna ferðakostnaðar en ekki eingöngu um bótafjárhæð. Sá ágreiningur á því undir Úrskurðarnefnd í Váttryggingamálum eins og máli þessu er háttað. Af fyrirbyggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að brýna nauðsyn hafi borið til þess að systir eiginkonu M kæmi til landsins vegna andláts konunnar. Þá var kostnaður vegna ferðar systurinnar ekki sennileg afleiðing af umferðarslysinu. Að því virtu verður ekki á það fallist að V beri skylda til að greiða ferðakostnað systur eiginkonu M vegna umferðarslyssins þ. 22.1.2009.

Niðurstaða.

Ágreiningi um hvað sé hæfilegur útfararkostnaður í þessu tilviki er vísað frá Úrskurðarnefnd í Váttryggingamálum með vísan til 2.mgr. 3.gr. samþykktu Úrskurðarnefndarinnar.

M á ekki rétt á að fá greiddar bætur vegna ferðakostnaðar systur eiginkonu sinnar.

Reykjavík 17.5. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 126/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/frítímaslysátryggingar**

Meiðsl á árinu 2006, ágreiningur um tilkynningarskyldu skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 25.03. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.04. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Samkvæmt tjonstilkynningu, dags. 02.04. 2009, varð M fyrir líkamstjóni 27.05. 2006 er hún steig út úr sturtu og rann á blautu gólfinu og féll við. Við fallið hlaut M áverka á hægri fæti sbr. gögn málsins.

Vátryggingafélagið telur að M hafi verið kunnugt um varanlegar afleiðingar strax á slysdegi. M hafi farið samdægurs í aðgerð. Félagið telur að M hafi í síðasta lagi í september 2006 átt að vera kunnugt um varanlegar afleiðingar slyssins.

M telur að hún hafi ekki vanrækt tilkynningarskyldu sína sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að M hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína samkvæmt 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Telja verður að M hafi, í þessu sérstaka tilviki, verið kunnugt um varanlegar afleiðingar slyssins á árinu 2006.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 19. apríl 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 127/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar Í

Starfsmaður fauk af þaki þegar verið var að fjarlægja bárujárn þ. 25.9.2009

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 25.3.2011 ásamt fylgiskjölum 1-12
2. Bréf V dags. 7.4.2011.

Málsatvik.

M vann hjá Í við að taka bárujárnsplötur af húspaki. M féll af þakinu um 7.5 metra fall og fótbrotnaði á hægra fæti. M segist hafa verið búinn að taka við einni plötu frá samstarfsmanni sínum og ætlað að taka við þeirri næstu þegar hann hafi séð að fyrsta platan var að fara af stað og hafi hann þá farið til að leggja þyngd á hana en þegar M hafi komið að henni hafi hún rétt sig við og tekið hann með sér fram af þakinu. Í skýrslu Vinnueftirlitsins segir að gengið hafi á með vindhviðum þegar slysið varð og segir að orsök slyssins megi rekja til að engar ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að koma í veg fyrir að bárujárnið gæti fokið og jafnframt hafi ekki verið gerðar nægjanlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsmenn gætu fallið fram af þakinu. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu Í vegna slyssins og telur aðstæður á byggingarstað hafa verið ófullnægjandi sem leiði til bótaskyldu Í. Í því sambandi er m.a. vísað til 1.mgr. 37.gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. V hafnar bótaskyldu og segir að verkið hafi M átt að vinna í öruggu skjóli og hafi M ekki átt að leggja bárujárnsplötur upp á þakið. Þá vísar V á bug fullyrðingum um ófullnægjandi verkstjórna af hálfu Í. Þá bendir V á að M sé smiður með langa starfsreynslu þar af rúm 4 ár hér á landi. V heldur því fram að M hafi mátt vera fullljóst hvaða hætta var fólgin í því vinnulagi sem hann viðhafði í umrætt sinn.

Álit.

Af gögnum málsins sérstaklega skýrslu Vinnueftirlits ríkisins verður ekki annað ráðið en orsök slyssins verði aðallega rakin til þess að ekki hafi verið gerðar nægjanlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsmenn gætu fallið fram af þakinu. Ekkert liggur fyrir í málinu sem sýnir fram á að M hafi farið að andstætt fyrirmælum eða óvarlega í umrætt sinn. M á því rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Reykjavík 3.5. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 129/2011
M
og
vátryggingafélagið X ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Árekstur á þjóðvegi 1 á Jökuldal þann 20.12.2010.

Gögn.

65. Málskot, móttakið 28.3.2011, ásamt fylgigögnum.

66. Bréf X, dags 30.4.2011.

Málsatvik.

Vöruflutningabifreiðinni A var ekið til norðausturs eftir þjóðvegi nr. 1 á Jökuldal. Skammt norðan brúar yfir ána Ystu-Rjúkandi stöðvaði ökumaðurinn bifreiðina til að setja kælivél í gang. Kvað ökumaðurinn vinnuljós hafa logað og hann hafi sjálfur verið við hlið A. Bílstjóradyrnar hafi staðið opnar. Þá hafi vöruflutningabifreiðina B borið að úr sömu átt. Hafi henni verið ekið meðfram A og lent á bílstjórarahurðinni.

Ökumaður B kvaðst hafa verið á leið út Jökuldal og komið upp brekku og verið að nálgast brúna yfir Ystu-Rjúkandi er hann hafi séð A kyrrstæða handan brúarinnar. Taldi hann í fyrstu að A væri á útskoti við brúna. En er hann kom yfir brúna hafi honum verið ljóst að A hafi verið kyrrstæð á veginum rétt utan við útskotið við miðlínu vegar og „HAZARD“ ljós hafi ekki verið kveikt. Hann hafi hægt enn á ferð og lækkað ökuljós, en nægilegt bil hafi verið til að aka fram úr A. Er hann hafi ekið fram með A hafi hann séð ökumann A við hlið bifreiðarinnar og hafi hann reynt að aka eins langt frá A og hann þorði. Hann hafi svo næst séð bílstjórarahurð A standa galopna. Hurðin hafi verið dökk og sést mjög illa í ljósgeislanum. Hann hafi ekki komist hjá að hliðarspeglar B hafi rekist í hurðina.

Álit.

Myrkur var og ísing á veginum þegar áreksturinn varð. Engin haldbær skýring hefur komið fram fyrir ástæðu þess að ökumaður A hafði bílstjórarahurðina opna. Verður að virða það ökumanninum til sakar að skilja við hurðina opna þar sem bifreiðina stóð kyrrstæð á hálum veginum í myrkri. Þá sýndi ökumaður B ekki þá varúð sem af honum mátti krefjast er hann ók fram með A og sá ekki hurðina fyrr en í óefni var komið. Á hann einnig sök á því hvernig fór. Báðir ökumenn eiga því sök á því hvernig fór. Eftir atvikum öllum þykir rétt að hvort þeirra beri helming sakar.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 17. maí 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 130/2011**Kristján V. Kristinsson (M)****og****Sjóvá Almennar tryggingar hf. v/ábyrgðartryggingar Norðuráls (N)****Vinnuslys við fall þann 02.09. 2009.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 28.03. 2011.
- 2) Bréf váttryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 14.04. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. M var við vinnu sína í umrætt sinn, hann kveðst hafa verið að vinna við að skipta um færiband sem flytur kolasalla í síló upp á tanki í 12 metra hæð. M kveðst hafa flækst í rafmagnskapli sem lá á miðjum gangvegi með þeim afleiðingum að hann féll en við það reyndi hann að taka af sér fallið með því að grípa í reipi en það hafi gefið eftir.

Váttryggingafélagið hafnar bótaskyldu þar sem ekki hafi verið sýnt fram á að slys M verði takið til atvika sem váttryggingartaki verði látinn bera skaðabótaábyrgð á. Það vekur og athygli á því að M hafi verið “þaulvanur starfsmaður”. Félagið vísar og til þess að málsatvikalýsing sé ekki alveg á einn veg skv. fyrirliggjandi gögnum.

Vinnueftirlit ríkisins lætur þess m.a. getið að M hafi verið að vinna við að endurnýja gúmmífæriband sem er staðsett upp á síló. Verið var að hífa nýtt færiband niður um op á þaki hússins. Lína hafi verið látin síga inn til að auðvelda móttöku á gúmmífæribandinu. M hafi haldið um línuna. Hann taldi sig hafa hrasað um rafmagnssnúru, misstigið sig og fallið með þeim afleiðingum að hann brotnaði á fæti. Vinnueftirlitið gerði ekki athugasemdir við aðstæður á vettvangi.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að rekja megi slys M til vanrækslu starfsmanna váttryggingartaka eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann verður talinn bera skaðabótaábyrgð á. Hér virðist hafa verið um óhappatilvik að ræða.

Hafa ber og hugfast að Vinnueftirlit ríkisins gerði ekki athugasemdir við vinnuaðstæður á vettvangi máls þessa.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri váttryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 3. maí 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 131/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/sjúkdómatryggingar****Ágreiningur um framkvæmd upplýsingaskyldu við töku vátryggingar á árinu 2007.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 29.03. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 19.04. 2011 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Félagið vísar m.a. til þess að því hafi borist bótakrafa í september 2010 í kjölfar slyss M í maí sama ár. Félagið telur að ef þær upplýsingar sem fram koma í sjúkraskrá vátryggðs (M) hefðu legið fyrir við töku vátryggingarinnar hefði ekki verið unnt að samþykkja umsóknina á grundvelli vinnureglna um áhættumat. Þá vísar félagið til fyrirliggjandi umsóknar vátryggðs, skilmála og 83. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Samhliða höfnun hefur félagið sagt upp sjúkdómatryggingu M skv. 1. mgr. 84. gr. sömu laga. Félagið telur að M hafi vanrækt upplýsingarskyldu sína við töku vátryggingarinnar og að félaginu sé heimilt að hafna kröfu um greiðslu bóta.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum vanrækti M (vátryggingartaki) upplýsingaskyldu sína verulega við töku vátryggingarinnar á árinu 2007. M lét ógetið atriða sem fullvíst má telja að skiptu vátryggingafélagið verulegu máli við mat þess á áhættunni og hefðu gefið því fullt tilefni til að afla fyllri upplýsinga. Með hliðsjón af framanrituðu er félaginu heimilt að hafna kröfu um greiðslu bóta úr sjúkdómatryggingu M sbr. 3. gr. skilmála og 83. gr. laga um vátryggingar-samninga. Á sama grundvelli er félaginu heimilt að segja upp sjúkdómatryggingu M hjá félaginu sbr. 3. gr. skilmála og 1. mgr. 84. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi. Heimilt er að segja upp þeim vátryggingarsamningi sem hér um ræðir.

Reykjavík 17. maí 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Valgeir Pálsson hrl.

Mál nr. 132/2011
M
og
vátryggingafélagið X v/ innbúskaskótryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu úr innbúskaskótryggingu vegna tjóns á heyrnartækjum.

Gögn.

67. Málskot, móttækið 29.3.2011, ásamt fylgigögnum.
68. Bréf X, dags 7.4.2011.

Málsatvik.

M kveður að í apríl 2010 hafi lítið barn náð að taka af honum heyrnartæki. Hann hafi því ekki þorað að hafa þau á sér og stungið þeim í rennilásvasa á vesti sem hann var í. Daginn eftir hafi konan þvegið flíkina og tækin verið í vasanum. Tækin hafi svo verið metin ónothæf og óviðgerðarhæf að þjónustuaðila.

M hefur innbúskaskótryggingu hjá vátryggingafélaginu X. Hefur M krafist bóta fyrir heyrnartækin úr innbúskaskótryggingunni. X hefur hafnað bótaskyldu með vísan til 1. gr. í skilmálum innbúskaskótryggingarinnar, þar sem heyrnartæki séu ekki meðal þeirra lausafjármuna sem vátryggingin tekur til, „sbr. töluliði 2 og 3 í Innbústryggingunni.“

Álit.

Samkvæmt 1. gr. skilmála innbúskaskótryggingarinnar tekur vátryggingin til lausafjármuna sem tilheyra innbúi hinna vátryggu, sbr. töluliði 2 og 3 í Innbústryggingunni, þ.e. 2. gr. og 3. gr. skilmála Innbústryggingarinnar. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. skilmála innbústryggingarinnar tekur vátryggingin til innbús, almenns og sérgreinds, sem er í eigu hinna vátryggðu. Með almennu innbúi er átt við lausafjármuni sem fylgja almennu heimilishaldi, svo sem húsgögn, heimilistæki, laus gólfteppi, fatnað, bækur og lín. Einnig nær vátryggingin til almenns viðlegubúnaðar og tómstundaáhalda, svo og hjólbarða eins og nánar greinir í ákvæðinu. Í 2. mgr. 2. gr. eru svo taldir upp í tveimur staflidum þeir munir sem teljast til sérgreinds innbús. Munir sem hér falla undir eru tæmandi taldir í ákvæðinu. Tæki, svo sem heyrnartæki, eða annar búnaður sem tilheyrir sérstaklega ákveðinni persónu eru ekki meðal þeirra muna sem teljast til sérgreinds innbús. Þá teljast heyrnartæki heldur ekki til almenns innbús í skilningi þeirra vátryggingarskilmála sem hér eru til skoðunar. 3. gr. skilmála innbústryggingarinnar hefur ekki þýðingu í máli þessu. Heyrnartæki M teljast því ekki til þeirra vátryggðu muna sem innbúskaskótryggingin tekur til. Af þeim sökum fást þau ekki bætt úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón vegna skemmda á heyrnartækjum M bætist ekki úr innbúskaskótryggingu hans hjá X.

Reykjavík, 19. apríl 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 133/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar A

Umferðaróhapp þegar bíll ók á rist af niðurfalli undir Kópavogsbrú þ.28.8.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 29.3.2011 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V dags. 14.4.2011.

Málsatvik.

M segja að ekið hafi verið undir Kópavogsbrú og á rist af niðurfalli en við það hafi dekk eyðilagst og felga og sílsakantur. Af hálfu M er á það bent að malbik hafi legið undir ristinni og því um slægleg vinnubrögð V að ræða þar sem hreinsun hafi ekki verið fullnægjandi af hálfu V og vísar M til mynda sem lagðar eru fram máli sínu til stuðnings. V hafnar bótaskyldu og telur að tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi af hálfu A eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann verði talinn bera skaðabótaábyrgð á. Þá vísar V til nokkurra úrskurða Úrskurðarnefndar í Vátryggingamálum.

Álit.

Af gögnum málsins virtum hefur ekki tekist að sýna fram á að starfsmenn A hafi verið kunnugt um aðstæður þar sem tjónið varð og því átt þess kost að gera nauðsynlegar ráðstafanir. Þá liggur ekki fyrir með óyggjandi hætti að frágangi við ristina sem ekið var á hafi verið ábótavant. Af þeim ástæðum verður ekki fallist á kröfu M um bætur úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 3..5. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 135/2011**Jón Sævar Þorbergsson (M)****og****Vátryggingafélag Íslands hf. v/almennrar slysatryggingar****Meiðsl 17.10. 2009, ágreiningur hvort um handalögmál hafi verið að ræða
sem er undanskilin áhætta.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 31.03. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 15.04. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M mun hafa verið fyrir utan skemmtistað/kaffihús á Akureyri að fagna brúðkaupsafmæli sínu fram eftir nóttu. Hann var undir áhrifum áfengis. Að sögn M kom upp einhver leiðindi á milli tveggja manna, hann ákvað að fara á milli þeirra til að reyna að stilla til friðar með þeim afleiðingum að hann var tekinn niður eða hrint sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur að M hafi verið þátttakandi í handalögmálum í umrætt sinn. Samkvæmt skilmálum greiðir félagið ekki bætur vegna slysa sem verða við þátttöku í handalögmálum. Til grundvallar afstöðu félagsins liggur málsatvikalýsing sem fram kemur í fyrirliggjandi læknisvottorði dags. 04.12. 2009.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að M hafi í umrætt sinn verið þátttakandi í handalögmálum í skilningi vátryggingarskilmála. M valdi þann kost verandi undir áhrifum áfengis að ganga í milli manna, sem áttu í deilum, með það að markmiði að stilla til friðar að því er telja verður. Í beinu framhaldi þessa mun hafa komið til handalögmála. Atvik sem þetta er undanskilið áhættu vátryggingafélagsins.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 3. maí 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 136/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. A og B og

Árekstur bifreiða í Bogahlíð í Reykjavík þ. 6.3.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.1.4.2011 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V dags. 19.4.2011 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

Árekstur varð milli bifreiðanna A og B þegar þeim var bakkað úr stæðum og lentu saman á miðju götunnar. Ökumaður A segir að bifreið sín hafi verið kyrrstæð þegar B ók á hana, en ökumaður B segir það ekki vera rétt.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en báðir ökumenn beri jafna sök á árekstrinum. Sök er því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík 17.5. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 139/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/A og B****Árekstur við mætingu bifreiða 02.02. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 05.04. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 19.04. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið eftir Útnesvegi milli Rífs og Hellisands. Við mætingu bifreiðanna varð árekstur þeirra. Það var snjór og lélegt skyggni.

Vátryggingafélagið telur líkt og tjónanefnd vátryggingarfélaganna að skipta skuli sök til helminga.

M telur að ökumaður B eigi að bera ábyrgð á árekstrinum sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður sök skipt til helminga. Ósannað er annarri bifreiðinni hafi verið ekið yfir á öfuga akrein þ.e. of innarlega í aðdraganda árekstursins. Ökumenn máls þessa virðast ekki hafa gætt nægjanlegrar aðgæslu við mætingu bifreiðanna.

Niðurstaða.

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 17. maí 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 140/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar B

Innkaupakerra rann á bifreið við verslun þ. 25.2.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 5.4.2011 ásamt fylgiskjali 1-2.
2. Bréf V dags. 25.4.2011 ásamt ljósmyndum.

Málsatvik.

M ók inn á bifreiðastæði verslunarinnar B og þá fauk innkaupakerra á bifreið hennar þannig að bifreiðin varð fyrir skemmdum. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V vegna tjónsins á bifreiðinni. V hafnar bótaskyldu og bendir á að skyldur verslunareiganda sé að koma upp aðstöðu til að skila kerrum utandyra auk þess sem starfsmaður yfirfari með reglubundnum hætti svæðið utandyra. V segir að umrædd aðstaða hafi verið fyrir hendi við verslunina og eftirlit með eðlilegum hætti og því sé skaðabótaskylda ekki fyrir hendi í umræddu tilviki.

Álit.

Fyrir liggur af gögnum málsins að verslunin B hafði komið upp aðstöðu til að geyma innkaupakerrur utandyra. Ekkert liggur fyrir sem sýnir fram á sök verslunareigandans B eða starfsfólks hans eða öðrum sem hann ber ábyrgð á. Skaðabótaábyrgð B er því ekki fyrir hendi og á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 17.5. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 141/2011

M
og
váttryggingafélagið X v/ frítímaslysáttryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu er tjónþoli féll niður um gat í gólfi í auðu húsi þann
27.6.2010.

Gögn.

69. Málskot, móttakið 5.3.2011, ásamt fylgigögnum.

70. Bréf X, dags. 27.4.2011.

Málsatvik.

M var staddur ásamt öðrum manni á annarri hæð í yfirgefnu húsi. Að sögn félaga M voru þeir að flytja planka á gólfinu en undir plankanum hafi verið gat í gólfinu. M hafi ekki gáð að sér og fallið niður um gatið.

M var fluttur á slysa- og bráðadeild Landspítalans. Í vottorði læknis á spítalanum segir að við komu á spítalann hafi M verið greinilega drukkinn og talsverð áfengislykt af honum. Við fallið hlaut M slæmt olnbogabrot á vinstri handlegg.

M var váttryggður samkvæmt frítímaslysáttryggingu hjá váttryggingafélaginu X og hefur M krafist bóta úr slysáttryggingunni. X hefur viðurkennt bótaskyldu að 2/3 hlutum, en talið að M hafi valdið tjóninu með stórkostlegu gáleysi og því beri að skerða bæturnar um 1/3 hluta.

Álit.

Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki ráðið með vissu hvernig slysið bar að höndum. Ekki liggur heldur fyrir hversu mikið áfengismagn var í líkama M. Þótt M hafi verið undir einhverjum áfengisáhrifum þykir ekki unnt að fullyrða af gögnum málsins að M hafi með óyggjandi hætti valdið váttryggingaratburði af stórkostlegu gáleysi. Er því ekki unnt að slá því föstu að fyrir hendi séu skilyrði til að skerða bætur til hans. Á hann því rétt á óskertum bótum úr slysáttryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum úr frítímaslysáttryggingu hjá X.

Reykjavík, 17. maí 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 142/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags (A)****Slys á barni við leiktæki í sundlaug 09.03. 2009.****Gögn.**

- 1) Málskot móttækið 05.03. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 18.04. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M slasaðist við leik í umræddri sundlaug við leiktæki. Gúmmihulsur vantaði á leiktækið í umrætt sinn sbr. fyrirliggjandi gögn.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Vátryggingafélagið telur ósannað að orsakatengsl séu fyrir hendi á milli slyssins og þess að tilteknar gúmmihulsur hafi vantað á leiktækið sbr. nánar umfjöllun félagsins í nefndu bréfi. Fram kemur að “félagið er reiðubúið í ljósi allra atvika að koma til móts við málskotsaðila með því að fallast á það að greiða tjón hennar að fullu úr fjálsri ábyrgðartryggingu A en án viðurkenningar á bótaskyldu....”

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja ljóst að umrætt leiktæki var áfátt og að slyshætta hafi verið fyrir hendi. Nauðsynlegar úrbætur voru gerðar í kjölfar slyssins.

Sem fyrr segir hefur vátryggingafélagið fallist á að greiða tjón M “að fullu úr frjálsri ábyrgðartryggingu” A en án viðurkenningar á bótaskyldu.

Með hliðsjón af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum mun úrskurðarnefndin ekki fjalla frekar um mál þetta þar sem ljóst er að vátryggingafélagið hefur samþykkt greiðsluskyldu.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 17. maí 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 143/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar P

Maður féll þegar hann gekk út af lager húss við Borgartún þ. 6.5.2008

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 5.4.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-9
2. Bréf V dags. 28.4.2011 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu segir að M hafi verið að ganga út af lager húss við Borgartún þegar hann féll um járnstykki sem stóð út úr stæðu af pallaefni fyrir utan húsið en P var að reisa vinnupalla við húsið. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu P hjá V og segir frágang starfsmanna P hafa verið óviðunandi og valdið slysað enda hafi járnstöng verið í 10-15 cm. hæð frá jörðu og erfitt að sjá hana sérstaklega þegar men bera eitthvað í fanginu eins og um hafi verið að ræða í umrætt sinn. V hafnar bótaskyldu og telur ósannað að M hafi fallið um járnstöng sem M segir að hafi staðið út úr pallastæðunni fyrir utan húsið og þá hafi M ekki tilkynnt vinnuveitanda sínum um slysið sama dag og það hafi gerst. Þá vísar V til málavaxtalýsingar M sem fram komi í læknisvottorði Skúla Bjarnasonar læknis en þar sé hvergi minnst á að M hafi fallið í jörðina eða járnör hafi komið við sögu. Þá vísar V til þess að gera verði kröfu til þeirra sem ganga um vinnusvæði að þeir sýni fyllstu aðgát og varúð og ekkert bendi til annars en að M hafi ekki sýnt næga varkárni eða að um hreint óhappatílik hafi verið að ræða. Þannig verði slysið ekki rakið til saknæmrar eða ólögðartrár háttsemi P eða þeirra sem hann beri ábyrgð á að mati V.

Álit.

Ekki liggur fyrir sönnun á staðhæfingum M um málsatvik og allt önnur lýsing liggur fyrir í læknisvottorði Skúla Bjarnasonar sérfræðings í heimilislækningum. Af framangreindu leiðir að ekki er sýnt fram á að um bótaskyld tjón sé að ræða sem P beri ábyrgð á miðað við þá lýsingu og máltilbúnað sem M hefur uppi í málinu. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu P.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu P hjá V.

Reykjavík 17.5. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 144/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/réttaraðstoðartryggingar****Ágreiningur um greiðsluskyldu.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 05.03. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 19.04. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur aðila snýst í stuttu máli um viðurkenningu á bótaskyldu úr nefndri vátryggingu þar sem móðir M er vátryggingartaki. M varð fyrir umferðarslysi í október 2005 og hefur krafið vátryggingafélag um bætur vegna þess en félagið hefur hafnað greiðsluskyldu. Hyggur M á málsókn á hendur umræddu vátryggingafélagi vegna þessa. Hann óskar því viðurkenningar á greiðsluskyldu úr málskostnaðartryggingu.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu með vísan til ákvæðis skilmála þar sem fram kemur að vátryggingin bætir ekki málskostnað er varðar vátryggðan sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins farartækis”

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Hér er um undanskilda áhættu að ræða samkvæmt vátryggingarskilmálum, líkt og vátryggingafélagið vísar til.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 24. maí 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 145/2011**M
og
ábyrgðaraðilinn X v/ óvátryggðs bifhjóls.****Stjórnandi óvátryggðs bifhjóls slasaðist þann 25.10.2009.****Gögn.**

71. Málskot, móttakið 5.3.2011, ásamt fylgigögnum.
72. Bréf X, dags 12.4.2011.

Málsatvik.

Málskotsaðili ók bifhjóli í Sveifluhálsi vestan Krýsuvíkurvegar. Missti hann stjórn á hjólinu og mun hafa hlotið áverka einkum á þumalfingri hægri handar. Bifhjólið sem M ók reyndist óvátryggt. M hefur krafist bóta hjá ábyrgðaraðilanum X með vísan til nánar tilgreindra ákvæða í tilskipunum Evrópusambandsins um ökutækjetryggingar, 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og ákvæða í reglugerð nr. 424/2008 um lögmæltar ökutækjetryggingar. Kröfu M hefur verið hafnað.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 94. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ráðherra setja reglur um skyldu vátryggingafélaga til að taka þátt í gagnkvæmu ábyrgðarkerfi vegna tjóna af völdum óvátryggðra og óþekktra ökutækja. Samkvæmt 3. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 424/2008 um lögmæltar ökutækjetryggingar skal X sem ábyrgðaraðili greiða tjónþola bætur vegna tjónsatviks sem hlotist hefur á Íslandi af notkun ökutækis sem engin ábyrgðartrygging hefur verið keypt fyrir eða vátrygging þess hefur verið felld niður af vátryggingafélaginu eða ekki haldið í gildi. Af ákvæði þessu er ljóst að því aðeins getur komið til greiðsluskyldu X að tjónþoli hefði átt rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu óvátryggðs ökutækis ef vátryggingin hefði verið í gildi er slysið varð. Sem stjórnandi bifhjólsins hefði M ekki átt rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu bifhjólsins heldur slysatryggingu ökumanns skv. 92. gr. umferðarlaga. Enginn grundvöllur er að lögum til að krefjast bóta úr hendi X sem ella hefðu átt að greiðast úr slysatryggingunni. Ökutækjatilskipanir Evrópusambandsins, sem vísað er til af hálfu M í þessu sambandi, breyta engu í þessum efnum. M á því ekki rétt á bótum úr hendi X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum hjá X.

Reykjavík, 17. maí 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 146/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar heimilistryggingar****Lakkskemmdir á bifreið 18.05. 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 06.04. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 27.04. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M kveðst hafa tekið að sér í umrætt sinn að þvo bifreið nágretta síns. Hann kveðst hafa orðið fyrir því að valda lakkskemmdum á bifreiðinni með því að nota svamp sem hann hafði keypt frá tilteknum söluaðila.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur að um undanskilda áhættu sé að ræða því samkvæmt vátryggingarskilmálum tekur vátryggingin ekki til tjóns “á munum sem hinir vátryggðu hafa til afnota, til geymslu, eða eru af örðum orsökum í þeirra vörslu”. Félagið telur ljóst að umrædd bifreið hafi verið í vörslu M er hið meinta tjón varð og falli því þegar af þeirri ástæðu ekki undir vátrygginguna. Því til viðbótar var atvikalýsing óljós í málinu þar sem mjög hafi verið á reiki hvort orsökina megi rekja til gáleysis M eða þess að söluaðila svampsins megi kenna um tjónið. Sagnæm háttsemi sé því ósönnuð í málinu.

Álit

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að rekja megi lakkskemmdir á umræddri bifreið til sagnæmrar háttsemi M við þvott á bifreiðinni.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda vátryggingarinnar er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 10. maí 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Sævar Þór Jónsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Mál nr. 147/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. slysátryggingar launþega hjá N

Maður féll þegar hann rak fót í trjástubb þ. 7.6.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 6.4.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-11
2. Bréf V dags. 18.4.2011.

Málsatvik.

M segist hafa verið að ganga yfir svæði þar sem trjárunnar hefðu verið sagaðir niður við jörð og hafi hann rekið vinstri fótinn í trjástubb og dottið og meitt sig, en hann hafi verið að vinna hjá N. M segir að liðþófi á hægri hné hefði rifnað. M krefst bóta úr slysátryggingu launþega hjá N vegna ofangreinds atviks en V hafnar bótaskyldu og telur málsatvik ósönnuð. V bendir á að M hafi leitað til slysadeilar FSA þ. 7.6.2010 vegna verkja í hægra hné sem hann hafi haft í viku fyrir heimsóknina á slysadeildina, en við það tilefni hafi ekki verið minnst á neinn áverka annan en eins og hálfis árs gamlan liðbandaáverka. Þá segir V að engin samtímagögn liggi fyrir um málsatvik og geti V ekki lagt málsatvikalýsingu M til grundvallar miðað við aðstæður. Þá bendir V á að M hafi ekki tilkynnt N um slysið og segist N ekki vita til þess að slys hafi átt sér stað. V telur því ósannað hvort eða hvernig hið meinta slys hafi átt sér stað.

Álit.

Af hálfu M hafa ekki verið færð fram gögn eða sýnt fram á að umrætt slys hafi átt sér stað með þeim hætti em hann heldur fram og byggir bótakröfu sína á. M á því ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá N.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá N.

Reykjavík 17.5. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 148/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. slysátryggingar launþega

Kona slasaðist við bústörf þ. 28.12.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 8.4.2011 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags. 3.5.2011

Málsatvik.

Í málskoti er atvikum lýst þannig að M sem starfar sem bóndi hafi verið fyrir utan fjárhús, uppi í kerru þegar hrútur hafi komið æðandi að og hafi M gripið í horn hans til að stöðva hann og við það hafi hrúturinn keyrt M aftur þannig að M hrasaði á kerruvegginn og fékk slink á bakið. M krefst bóta úr slysátryggingu launþega hjá V vegna þessa atviks. Í málskoti vísar lögmaður M til að um slys hafi verið að ræða og vísar til dóma í því sambandi og skýringa fræðimanna á slyshugtakinu. V hafnar bótaskyldu og telur að umrætt atvik falli ekki undir slyshugtakið í skilningi skilmála slysátryggingarinnar. Þá vísar V til málavaxtalýsingar í tjonstilkynningu þar sem segir að M hafi verið að stympast við lambhrút og fengið við það slynk á bakið og telur málavaxtalýsingu í málskoti ekki í samræmi við þá sem er í tjonstilkynningunni. V heldur því fram að engar óvæntar aðstæður hafi verið fyrir hendi í umrætt sinn og virt heilstætt þá sé ekki um slys að ræða og tjon M því ekki bótaskyld úr slysátryggingunni.

Álit.

Leggja verður til grundvallar lýsingu M sem fram kemur í tilkynningu hennar um slysið þar sem segir að hún hafi verið að stympast við lambhrút og við það fengið slink á bakið. Ekki verður annað séð en hér hafi verið um óhappatilkvik að ræða sem fellur ekki undir skilgreiningu um slys samkvæmt vátryggingarskilmálum vegna þeirrar slysátryggingar launþega sem hér ræðir um. M á því ekki rétt á bótum úr slysátryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingunni hjá V.

Reykjavík 24.5. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 149/2011
M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Kona klemmdist milli borðs og færibands við fiskverkun þann 27.6.2009.

Gögn.

73. Málskot, móttakið 8.4.2011, ásamt fylgigögnum.

74. Bréf X, dags. 6.5.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M var við fiskvinnslustörf hjá fyrirtækinu V. Mun hún hafa verið þar að störfum við færiband, er hún rann til á slori. Bar hún fyrir sig vinstri hönd með þeim afleiðingum að úlnliður handarinnar klemmdist á milli borðs og færibandsins. Hún náði ekki til stöðvunarrofa á færibandinu og kveður hún nokkurn tíma hafa liðið uns hún gat gert nærstöddum vinnufélaga sínum viðvart um það sem gerst hafði og færibandið var stöðvað.

M kveður færibandið hafa verið vanbúið þar sem stöðvunarrofi hafi ekki verið á þeim enda þess þar sem fiskur er snyrtur heldur einungis þar sem fiskur er settur á það. Þá hafi V ekki séð til þess að gætt væri fyllsta öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustaðnum í samræmi við nánar tiltekin ákvæði laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað, reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja og reglugerðar nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað, en síðastgreind reglugerð öðlaðist gildi 29. desember 2009, en áður giltu reglur nr. 761/2001 með sama heiti. Þá hafi slysið ekki verið tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins lögum samkvæmt. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Þótt slysið hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu á sínum tíma hefur það ekki átt að koma í veg fyrir síðari athugun eða úttekt á færibandinu og þeim búnaði sem M vann við er slysið varð. Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki ráðið með neinni vissu að færibandið hafi verið vanbúið þannig að bótaábyrgð verði felld á V. Engin haldbær rök hafa heldur komið fram um að aðbúnaði og hollustuháttum hafi verið svo áfátt á vinnustaðnum að öryggi starfsfólks hafi verið stefnt í hættu, þar á meðal M. Að öllu athuguðu verður samkvæmt gögnum málsins að telja ósannað að slysið megi rekja til atvika sem V ber skaðabótaábyrgð á. Líkamstjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 24. maí 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 150/2011
M
og
vátryggingafélagið X v/ slysaftryggingar ökumanns.

Ágreiningur um bótaskyldu úr slysaftryggingu ökumanns vegna umferðarslyss.

Gögn.

75. Málskot, móttækið 8.4.2011, ásamt fylgigögnum.
76. Bréf X, dags. 18.4.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 21.8.2007 var M ökumaður bifreiðarinnar A er hún lenti í árekstri við aðra bifreið. A var vátryggð lögmæltri ökutækjaftryggingu hjá vátryggingafélaginu X, þ. á m. slysaftryggingu ökumanns. Tveimur dögum síðar leitaði á M á slysa- og bráðadeild Landspítalans samkvæmt ráðleggingu frá X að því er segir í læknafrétt frá slysadeildinni. M kvaðst vera aðeins stíf í bakinu en liði annars ágætlega. Kom fram að engin eymsli voru í höfði eða hálsi. Væg eymsli voru við bank á hryggjartindum og út yfir mjaðmir. Þreifing á útlimum var án eymsla. Var talið að um mildan áverka hafi verið að ræða. Í vottorði sjúkráþjálfara, dags. 2.2.2011, kemur fram að M hafi lent í slysi 2005 er hún datt á rófubein og verið slæm í baki síðan, með verk í hrygg og vinstri fæti. Einnig hafi hún lent í slysi 2007, þar sem „Ac“ liður hafi „subluxerast“ vinstra megin og fékk skaða á 5. fingur vinstri handar og bak versnaði. Í ágúst 2010 datt hún og var þá slæm í vinstra hné en liðþófi skaddaðist skv. segulómun og var jafnframt slæm í sköflungi vinstra megin.

Með ódagsettri tjónstilkynningu hefur M krafist bóta úr slysaftryggingunni hjá X. Af hálfu X hefur bótaskyldu verið hafnað. Annars vegar sökum þess að líkamstjón M hafi ekki verið tilkynnt félaginu fyrr en 17.8.2010 og réttur M til bóta hafði þá glatast skv. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Hins vegar sé ósannað að þau líkamsmeiðsl sem M býr við nú megi rekja til umferðaróhappsins 21.8.2007.

Álit.

Sá sem á rétt til bóta samkvæmt slysaftryggingu glatar þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á, sbr. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004. Einu upplýsingarnar um þau meiðsl sem M hlaut sannanlega í óhappinu 21.8.2007 eru þau sem greinir í fyrirliggjandi gögnum frá slysa- og bráðadeild Landspítalans um komu M þangað 23.8.2007. Eins og þeim meiðslum er lýst verður ekki annað séð en M hafi haft vitneskju um þau atvik sem krafa hennar er reist á meira en einu ári áður en tjónið var tilkynnt X. Þegar af þeirri ástæðu hefur M glatað rétti sínum til bóta úr slysaftryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu ökumanns A hjá X.

Reykjavík, 17. maí 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 151/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar (A)****Útafakstur 22.07. 2009.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 11.04. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 02.05. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M ók bifreið sinni A og var með kerru í eftirdragi með timbur í. Þungi kerrunnar mun hafa verið um 245 kg. yfir leyfilegu hámarki. M missti stjórn á bifreiðinni þannig að hún fór út af vegi.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Vátryggingafélagið telur orsakatengsl vera á milli þess að M hafi misst vald á bifreiðinni og þess að kerran með timbrinu var of þung. Með vísan til 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 hafi félagið ákveðið að skerða bætur um 1/3 vegna stórkostlegs gáleysis ökumanns. Félagið vísar m.a. til þess að ökumaður segir sjálfur frá því að kerran hafi byrjað að “dúa” og hann hafi stigið á bremsuna og misst stjórn á bifreiðinni. Lögreglan hafi séð ástæðu til að vigta kerruna og farminn en það hefði ekki verið gert nema lögreglan hafi talið vera orsakatengsl á milli bílveltunnar og of mikillar þyngdar á kerrunni sbr. nánar umfjöllun félagsins.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda fyrir hendi sem nemur 2/3 hlutum tjónsins. Rétt þykir að skerða bætur til M sem nemur 1/3 vegna stórkostlegs gáleysis sbr. ákvæði skilmála kaskótryggingar og 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga. Þyngd kerrunnar var það langt umfram leyfilegt hámark að fullvíst má telja að orsakatengsl séu á milli þessa og þeirrar staðreyndar að M missti stjórn á bifreiðinni.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi sem nemur 2/3 hlutum en bætur eru skertar sem nemur 1/3 vegna stórkostlegs gáleysis.

Reykjavík 17. maí 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 152/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar ökutækisins A

Maður slasast þegar hann steig út úr bíl sem var á ferð þ. 21.7.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.12.4.2011 ásamt fylgiskjölum 1-4.
2. Bréf V dags. 29.4.2011

Málsatvik.

M var farþegi í bifreiðinni A og segist hafa beðið ökumann um að stoppa en ökumaður hafi neitað því og hafi M þá opnað vinstri afturhurð og sett vinstri fót út úr bílnum þrátt fyrir að hann væri á ferð og kippst aftur með A og slasast. Ökumaður A segir að M hafi verið eitthvað að grínast með að hann mundi fara út úr bifreiðinni og hafi opnað hurðina og hún hafi kallað á hann að loka en síðan heyrt M öskra þegar hann meiddist. Vitni segist halda að atvikið hafi gerst í einhverjum fíflagangi. M krefst bóta úr lögboðinni ökutækjatrýggingu A hjá V. V hafnar bótaskyldu með vísan til 2.mgr. 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem segir að hægt sé að lækka eða fella niður líkamstjón ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur af tjóninu af ásetningu eða stórkostlegu gáleysi. V telur að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í umrætt sinn með því að opna hurð á bíl sem var á ferð og setja fótinn út úr henna.

Álit.

M sýndi af sér stórkostlegt gáleysi þegar hann opnaði hurð á A og setti fótinn út úr bifreiðinni sem var á ferð. M varð með þessu háttlagi sínu meðvaldur að tjóni sínu og ljóst að tjónsathurðurinn verður rakinn til þessa háttalags M. V hefur því fulla heimild til að fella niður bætur til M með vísan til 2.mgr. 88.gr. umferðarlaga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 17.5. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 154/2011

M

og

Vátryggingafélagið X v/A

og

Vátryggingafélagið Y v/B

Árekstur Flókagötu 21.03. 2011.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 11.04. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 02.05. 2011, ásamt fylgiskjali.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 15.05. 2011, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M ók bifreið sinni A um Flókagötu að hverfisstöð borgarinnar við Kjarvalsstaði. B sem á eftir kom ók framúr og lenti á A, sem beygt var til vinstri. Ökumaður A kveðst hafa gefið stefnuljós. Á vettvangi er hálfbrotin miðlína.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B eigi að bera alla sök á árekstrinum.

Vátryggingafélag B telur að skipta skuli sök til helminga. A hafi tekið vinstri beygju að þröngri innkeyrslu í veg fyrir B en þá hafi B ekið framúr.

Tjónanefnd vátryggingarfélaganna vísar til þess að á vettvangi er hálfbrotin miðlína og að ökumaður A kveðst hafa gefið stefnuljós. Ökumaður B beri 2/3 hluta sakar þar sem hann hugðist aka framúr bifreið á götu þar sem hálfbrotin miðlína er og ökumaður A beri 1/3 hluta sakar fyrir að gæta ekki nægjanlega að umferð sem á eftir kom er hann beygði til vinstri.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum yfir ógætilegan framúrakstur þar sem hálfbrotin miðlína er. Ökumaðurinn hefði átt að gæta aukinnar aðgæslu miðað við aðstæður (við innkeyrslu að hverfisstöð, hálfbrotin miðlína og A var ekið hægt).

Athygli vekur og að ökumaður B ók af vettvangi við áreksturinn.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 17. maí 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 155/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. vatnstjónstryggingar húseigendatryggingar.

Vatnstjón í baðherbergi í fjölbýlishúsi á árinu 2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 14.4.2011 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V dags. 6.5.2011

Málsatvik.

Á árinu 2008 kom upp leki í íbúð M sem virtist koma úr íbúð fyrir ofan íbúð M. Brjóta þurfti upp flísalagðan vegg á baðherbergi M til að komast fyrir lekann og gera við. V hefur boðið M að láta flísaleggja vegginn sem brotinn var upp en M sættir sig ekki við það og telur nauðsynlegt að flísaleggja allt baðherbergið þar sem ekki sé hægt að fá keyptar sambærilegar flísar við þar sem nú eru á baðherberginu. V viðurkennir bótaskyldu en hafnar því að greiða fyrir meira en viðgerð á þeim vegg sem brotinn var upp. V vísar í 3.gr. skilmála vatnstjónstryggingarinnar í því sambandi og telur að bótaskylda nái ekki til annars en að bæta sannanlegar vatnsskemmdir og þá sé einungis um að ræða umræddan vegg og ekki annað. V vísar auk þess til úrskurðar Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum nr. 222/1996. Þá krefst V frávísunar málsins á grundvelli 2.mgr. 3. gr. samþykpta fyrir Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum þar sem ágreiningur í máli þessu snúist um bótafjárhæð.

Álit.

Samkvæmt 3.gr. skilmála vatnstjónstryggingar þeirrar sem hér ræðir um miðast vátryggingabætur við sannanlegar vatnsskemmdir á hinni vátryggnu húseign svo sem nánar er tilgreint í tilvitnuðu ákvæði. Ekki er ágreiningur um það í máli þessu að aðeins einn veggur varð fyrir vatnstjóni og þurfti að brjóta upp vegna vatnstjónsins. M á því ekki rétt á bótum umfram það tjón sem varð á þeim vegg sem þurfti að brjóta upp samkvæmt vátryggingaskilmálum þeim sem hér ræðir um. Ekki er fallist á að vísa eigi máli þessu frá sbr. 2.mgr. 3.gr. samþykpta fyrir Úrskurðarnefnd í Vátryggingamálum þar sem úrlausn málsins byggist á skýringu á vátryggingaskilmálum en er ekki eingöngu ágreiningur um bótafjárhæð.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum en V hefur boðið þ.e. flísalögn á þeim vegg sem skemmdist úr vatnstjónstryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 24.5. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 156/2011**M
og
vátryggingafélagið X v/ slysátryggingar launþega.****Ágreiningur varðandi glötun bótaréttar skv. 1. mgr. 124. gr. vátryggingarsamningalaga.****Gögn.**

77. Málskot, móttakið 14.4.2011, ásamt fylgigögnum.

78. Bréf X, dags 9.5.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 23.8.2007 var M við matreiðslustörf á vinnustað sínum, veitingahúsinu V. Vildi þá til það slys að honum skrikaði fótur og sjóðandi heitt grænmeti úr tveimur 40 lítra pottum, sem hann var að vinna við, helltist yfir hann. Í læknisvottorðum frá mars og ágúst 2008 kemur fram að hann hlaut 3ja stigs bruna á bók, háls, höfuð og efri útlími. Þakti bruninn 10-19% af líkamsyfirborði M. Hann lá á sjúkrahúsi í um þrjár vikur eftir slysið og gekkst undir fjölda aðgerða og húðgræðslu. Þjó M við brunasár með talsverðri ofholdgun og þurfti stuðningstreyju henni til varnar í a.m.k. eitt ár eftir slysið.

V hefur slysátryggingu launþega hjá X. Með tilkynningu, dags. 18.3.2010, var af hálfu M krafist bóta úr slysátryggingunni. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem meira en eitt ár var þá liðið frá því M hafði vitneskju um þau atvik sem krafan byggðist á og hafði þar með glatað bótarétti sínum.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga glatar sá rétti til bóta úr slysátryggingu ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. M hlaut mikil og alvarleg brunasár í slysinu 23.8.2007. Af þeim læknisvottorðum sem fyrir liggja í málinu og rituð voru í mars og ágúst 2008 fer ekki á milli mála að í ágúst 2008 bjó M við varanlegar menjar eftir slysið. Þegar tilkynnt var um slysið til X hinn 18.3.2010 var því meira en ár liðið frá því M vissi um þau atvik sem krafa hans byggðist á. Hann hafði því glatað rétti sínum til bóta úr slysátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysátryggingu launþega hjá X.

Reykjavík, 24. maí 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 157/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/frítímaslysátryggingar****Meiðsl í febrúar 2008, ágreiningur um greiðsluskyldu.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 14.04. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 19.04. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M varð fyrir meiðslum í umrætt sinn sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið telur að tilkynningarfrestur skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 hafi verið liðinn. M hafi ekki tilkynnt slysið til félagsins fyrir en 17.04. 2009 sbr. gögn málsins.

Félagið lætur þess og getið að jafnvel þótt að ársfresturinn hafi ekki verið talinn liðinn í umræddu tilfelli þá telur félagið að meiðsl M verði rakin til handalögmáls í skilningi skilmála og slysið því ekki bótaskyld. Félagið telur að atvikið verði ekki skýrt á annan veg en þann að M hafi verið þátttakandi í handalögmálum.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur M ekki vanrækt tilkynningarskyldu sína skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Í því tilviki sem hér um ræðir er ekki unnt að miða nefndan tilkynningarfrest við slyssdag.

Ekki hefur verið sýnt fram á að M hafi verið þátttakandi í handalögmálum í umrætt sinn. Engin gögn styðja þá niðurstöðu. Lagt er til grundvallar líkt og M heldur fram í málskotinu að hann hafi heyrt konu öskra og það eina sem hann hafi gert var að fara og aðgæta málið, í þeim eina tilgangi að veita henni mögulega aðstoð. Við komu hans á staðinn hafi verið ráðist á hann. Fyrirliggjandi frásögn í þessa veru verður ekki skýrð á þann veg að hann hafi í umrætt sinn verið þátttakandi í handalögmálum eða þátttakandi í refsiverðum verknaði.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 24. maí 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 158/2011
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 vegna B

Árekstur bifreiða á Suðurgötu í Reykjavík við hringtorg þ.30.3.2011

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 15.4.2011 ásamt fylgiskjali 1-3
2. Bréf V-1 dags. 2.5.2011
3. Bréf V-2 dags. 2.5.2011 ásamt fylgiskjali 1-3

Málsatvik.

Árekstur varð á Suðurgötu í Reykjavík við hringtorg þar sem ökumenn beggja bifreiðanna ætluðu að aka inn á hringtorgið. Ökumaður A fólksbíls segist hafa ekið á hægri akreïn Suðurgötu og ætlað að fara í ytri akreïn hringtorgsins og þegar hún hafi ekið að hringtorginu við biðskyldumerkið hafi hún skyndilega heyrt brothljóð og séð að B sem er strætisvagn var ekið á vinstra framhorn A. Ökumaður B segist hafa ekið á vinstri akreïn Suðurgötu og ætlað að fara í innri akreïn hringtorgsins og hafi skyndilega orðið var við að hægri hlið B fór utan í framhorn A þegar B var ekið inn hringtorgið. Vitni sem var í A og er dóttir ökumanns A segir að B hafi ekið utan í A.

Álit.

Af ljósmyndum sem fyrir liggja í málinu að dæma, verður ekki annað séð en staðsetning A hafi verið með þeim hætti, að A hafi verið ekið vel inni á hægri hluta Suðurgötu þegar B ók framúr A og inn í hringtorgið. Þá verður framburður ökumanns B ekki skilinn með öðrum hætti en þeim að B hafi ekið utan í A. Sú frásögn fær auk þess stuðning í framburði farþega í A. Af ofangreindum ástæðum verður öll sök á árekstrinum lögð á ökumann B

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík 24.5. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 159/2011

M

og

vátryggingafélagið X v/ slysátryggingar ökumanns bifreiðar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna umferðaróhapps þann 18.2.2007.

Gögn.

79. Málskot, móttækið 15.4.2011, ásamt fylgigögnum.

80. Bréf X, dags 9.5.2011.

Málsatvik.

M var ökumaður bifreiðarinnar A, er henni var ekið út af Norðurlandsvegi í Norðurárdal í Skagafirði. Er lögregla var á leið á vettvang var hún stöðvuð af farþega sem hafði verið í A. Kvað farþeginn M vera farna af vettvangi og engin slys hefðu orðið á fólki og A væri óskemmd. Lögregla fór á vettvang. Í lögregluskýrslu er aðstæðum lýst þannig að krapaslabbi hafi verið á veginum og virtist sem M hafi misst stjórn á A í slabbinu. Benti allt til þess að A hefði farið rólega út á grasflöt utan vegar án nokkurrar fyrirstöðu og virtist A vera óskemmd, en ekki hafi verið unnt að aka henni upp á veginn sökum hálfu og snjóslabbs.

M leitaði á slysa- og bráðadeild Landspítalans 2.3.2007 vegna einkenna sem hún kvað vera af völdum slyssins. Kvað hún A hafa runnið um 20 m niður brekku. Hafi A hrossast mikið yfir ójöfnur og sé hún ónýtt. Tveimur til þremur dögum eftir slysið hafi hún farið að finna fyrir verkjum frá hálsþrygg og síðan stífnað upp frá hálsi og alveg niður í mjóbak. Hinn 9.3.2009 leitaði M til bæklunarlæknis. Í læknisvottorði hans er haft eftir M að A hafi lent úti í skurði og hún hafi kastast til og fengið slink á háls og mest alla hryggsúluna. Einkennum sem M kveðst búa við af völdum slyssins er svo nánar lýst í vottorðinu. Í skýrslu um fyrra heilsufar M kemur fram að hún hlaut áverka á stoðkerfi í janúar 2000, m.a. á hnakka, sjalvöðva og hryggþinda C3-C7.

M hefur krafist bóta úr slysátryggingu ökumanns A hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

M leitaði fyrst læknis 9.3.2009. Lýsing hennar á atburðarrásinni er A fór út af veginum, eins og getið er í læknisvottorðum, samrýmist ekki þeim aðstæðum sem voru á vettvangi samkvæmt því sem greinir í lögregluskýrslu. Einungis liggja fyrir gögn um eina læknisskoðun á slysa- og bráðadeild Landspítalans um 12 dögum eftir óhappið og svo skoðun hjá bæklunarlækni 9.3. og 20.10.2009. Engar matsgerðir liggja fyrir. Eins og málið liggur þykir ekki hafa verið sýnt fram á með nægilega skýrum hætti að þau sjúkdómseinkenni sem M kveðst búa við í dag megi rekja til umferðaróhappsins 18.2.2007. Verður því ekki talið að hún eigi rétt til bóta úr slysátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu ökumanns bifreiðarinnar A hjá X.

Reykjavík, 24. maí 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 160/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/sjúkdómatryggingar****Ágreiningur um framkvæmd upplýsingaskyldu við töku vátryggingar.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 15.04. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 05.05. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Af hálfu félagsins hefur bótaskylda verið skert sem nemur helming með vísan til ákvæðis skilmála og 2. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 vegna rangrar upplýsingagjafar við töku vátryggingarinnar. Fram komi í fyrirliggjandi gögnum um heilsufar M að hann hafi reykt sbr. gögn frá árinu 2007. M hafi svarað eftir sem áður neitandi spurningu í umsókn sinni sem snéri að því hvort hann reykti eða hefði reykt og hvort hann væri eða hefði verið á lyfjum sbr. gögn málsins. M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum vanrækti M upplýsingaskyldu sína við töku vátryggingarinnar.

Með hliðsjón af framanrituðu, vátryggingaskilmálum og 2. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga þykir rétt að skerða bótaskyldu til handa M um helming.

Ljóst er að upplýsingar um reykingar og lyfjatöku skipta miklu máli við mat á áhættu vegna töku sjúkdómatryggingar. Mjög mikilvægt er að réttmætum upplýsingum sé komið á framfæri þegar við töku vátryggingarinnar. Á því varð misbrestur í máli þessu.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir, en bætur skulu skertar sem nemur helming vegna vanrækrar upplýsingaskyldu við töku vátryggingarinnar.

Reykjavík 24. maí 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 161/2011

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Krýsuvíkurvegi við Kleifarvatn þann 2.3.2011.**Gögn.**

81. Málskot, móttakið 18.4.2011, ásamt fylgigögnum.
82. Bréf X, dags. 10.5.2011, ásamt fylgigögnum.
83. Tölvuskeyti Y, dags. 16.5.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið hvor á móti annarri eftir Krýsuvíkurvegi við Kleifarvatn. Á blindbeygju þar sem vegurinn liggur fyrir klettanef varð árekstur með bifreiðunum. A var ekið í vinstri beygju fyrir nefið og B í hægri beygju. Snjór lá yfir veginum og ein hjólför höfðu myndast á veginum. Bjart var af degi og slydda þegar áreksturinn varð.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið í fyrrgreindum hjólförum. Hann hafi reynt að forðast árekstur en ekki getað það vegna slæmrar færðar.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið inn í blindbeygju og mætt þar A sem hafi verið á öfugum vegarhelmingi.

Álit.

Af fyrirliggjandi ljósmyndum af vettvangi má ráða að hjólför höfðu þau sem höfðu myndast á veginum lágu því sem næst á þeim hluta vegarins sem nær var berginu, þ.e. á vinstri hluta vegarins miðað við akstursstefnu A og þeim hægri miðað við akstursstefnu B. Af ljósmyndunum eða öðrum málgögnum verður ekki fullyrt að ökumaður A hafi ekki getað ekið lengra til hægri á veginum er hann kom að beygjuni. Verður áreksturinn rakinn til þess að ökumaður A ók of innarlega á veginum er bifreiðirnar mættust. Ber hann því sök á árekstrinum. Ekkert hefur komið fram í málinu sem gefur til kynna að ætla megi að ökumaður B eigi sök. Ökumaður A telst því eiga alla sök.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 31. maí 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 162/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (H)****og****Vátryggingafélagið Y v/húseigendatryggingar (V)****Vatnstjón við asahláku og/eða úrhelli þann 23.01. 2011, ágreiningur um greiðsluskyldu.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 19.05. 2011.
- 2) Bréf vátryggingfélags H til nefndarinnar, dags. 09.05. 2011.
- 3) Bréf vátryggingfélags V til nefndarinnar, dags. 16.05. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um hvort greiðsluskylda sé fyrir hendi samkvæmt nefndum vátryggingum vegna vatnstjóns sem M varð fyrir við.

Vátryggingafélag H gerir kröfu um frávisun með vísan til 2. mgr. 5. gr. samþykktu úrskurðarnefndar því M hafi ekki lagt fram tjónstilkynningu né gögn um málið. Jafnframt vísar félagið til e-liðar 1. mgr. 4. gr. nefndra samþykktu þar sem málið sé það illa upplýst að það sé ekki tækt til úrskurðar.

Vátryggingafélag V telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Félagið telur að orsök tjóns M megi rekja til þess að eitt tiltekið niðurfall hafi af einhverjum ástæðum verið stíflað og því hafi sú staða ekki verið uppi að frárennslisleiðslur hafi ekki getað annað því að flytja allt vatn frá en það er ein forsenda bótaskyldu. Þá liggja heldur ekkert fyrir um að það hafi orðið almennt eignatjón á svæðinu.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda fyrir hendi samkvæmt þeirri húseigendatryggingu sem hér um ræðir. Lagt er til grundvallar að um asahláku og/eða úrhelli hafi verið að ræða sem valdið hafi tjóni M í umrætt sinn. Breytir ekki ofanrituðu þó ekki hafi verið sýnt fram á að almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu.

Kröfu M á hendur H er vísað frá skv. 2. mgr. 5. gr. samþykktu nefndarinnar líkt og vátryggingafélagið gerir kröfu um.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt húseigendatryggingu V.

Frávísun varðandi kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu H.

Reykjavík 31. maí 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 163/2011
M og
Vátryggingafélagið V) v. ábyrgðartryggingar atvinnurekstrar H

Hross nöguðu og skemmdu bifreið þ. 9.7.2010

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 19.4.2011 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 9.5.2011 ásamt tjónstilkynningum

Málsatvik.

M segir að hrossastóð í eigu H hafi nagað og skemmd bifreið hans og náí skemmdirnar allan hringinn á bifreiðinni. M segir að bifreið sinni ásamt öðrum hafi verið lagt fyrir innan lokað hlið þar sem honum hafi verið ráðlagt að leggja bifreiðinni af H á meðan M var við veiðar. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar H hjá V og segir að honum og fleirum hafi verið ráðlagt að leggja bifreiðum sínum þar sem þeir gerðu og hrossin nöguðu bifreið M, af eiginkonu H. Þá bendir M á að engar viðvaranir um hættu séu fyrir hendi á umræddum stað. V hafnar bótaskyldu og segir að samkvæmt tjónaskýrslum hafi M verið sagt að fara inn að hliði og þeim síðan leiðbeint með hvaða hætti þeir ættu að veiða. Ekki hafi verið tekið fram að fara ætti á bílum þá leið sem M ákvað að leggja bíl sínum. V segir að vátryggingartaki H hafi ekki talið nauðsynlegt að benda M á það sérstaklega að skepnur væru á svæðinu.

Álit.

Ekki liggur fyrir að M hafi verið ráðlagt að aka bifreið sinni og leggja henni innan við hlið það sem um ræðir. Fullyrðing M um slíkar leiðbeiningar koma auk heldur ekki ótvírætt fram í tjónstilkynningu M. M mátti gera ráð fyrir að gripir væru innan girðingar þeirrar sem um ræðir og þar sem ekki liggur fyrir að M hafi fengið leiðbeiningar um að leggja bifreið sinni innan girðingar verður ekki annað séð en hann hafi gert það á eigin ábyrgð og eigi því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar H hjá V. Ekki hefur verið sýnt fram á sök H í þessu sambandi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Reykjavík 24.5. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 164/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar atvinnurekstrar H

Hross nöguðu og skemmdu bifreið þ. 9.7.2010

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 19.4.2011 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 9.5.2011 ásamt tjonstilkynningum

Málsatvik.

M segir að hrossastóð í eigu H hafi nagað og skemmd bifreið hans og nái skemmdirnar allan hringinn á bifreiðinni. M segir að bifreið sinni ásamt öðrum hafi verið lagt fyrir innan lokað hlið þar sem honum hafi verið ráðlagt að leggja bifreiðinni af H á meðan M var við veiðar. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar H hjá V og segir að honum og fleirum hafi verið ráðlagt að leggja bifreiðum sínum þar sem þeir gerðu og hrossin nöguðu bifreið M, af eiginkonu H. Þá bendir M á að engar viðvaranir um hættu séu fyrir hendi á umræddum stað. V hafnar bótaskyldu og segir að samkvæmt tjonaskýrslum hafi M verið sagt að fara inn að hliði og þeim síðan leiðbeint með hvaða hætti þeir ættu að veiða. Ekki hafi verið tekið fram að fara ætti á bílum þá leið sem M ákvað að leggja bíl sínum. V segir að vátryggingartaki H hafi ekki talið nauðsynlegt að benda M á það sérstaklega að skepnur væru á svæðinu.

Álit.

Ekki liggur fyrir að M hafi verið ráðlagt að aka bifreið sinni og leggja henni innan við hlið það sem um ræðir. Fullyrðing M um slíkar leiðbeiningar koma auk heldur ekki ótvírætt fram í tjonstilkynningu M. M mátti gera ráð fyrir að gripir væru innan girðingar þeirrar sem um ræðir og þar sem ekki liggur fyrir að M hafi fengið leiðbeiningar um að leggja bifreið sinni innan girðingar verður ekki annað séð en hann hafi gert það á eigin ábyrgð og eigi því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar H hjá V. Ekki hefur verið sýnt fram á sök H í þessu sambandi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Reykjavík 24.5. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 166/2011**M
og
fjórtán nánar tilgreindir váttryggjendur í Bretlandi.****Ágreiningur um gildi ábyrgðartryggingar stjórnenda og yfirmanna Kaupþings banka hf.****Gögn.**

84. Málskot, móttakið 19.4.2011, ásamt fylgigögnum.

85. Bréf L, breskrar lögmannsstofu, fyrir hönd váttryggjenda dags. 13.5.2011.

Málsatvik.

M kveðst hafa keypt m.a. ábyrgðartryggingu fyrir stjórnendur og yfirmenn sína (e. Directors' and Officers' Liability Insurance) í gegnum breska váttryggingamiðlun, Howden Insurance Brokers Ltd. Váttryggjendur samanstandi annars vegar af nánar tilgreindum váttryggingafélögum og hins vegar af samtökum váttryggjenda sem starfi undir merkjum Lloyd's (e. Lloyd's syndicate). Eru í málskotinu tilgreind 14 váttryggingafélög og samtök váttryggjenda að því er virðist sem váttryggjendur að þeirri váttryggingu sem deilt er um í máli þessu (hér eftir nefndir V). Kveður M ágreininginn við V einkum snúast um í fyrsta lagi hvort váttryggingarsamningi hafi verið slitið á váttryggingartímabilinu, í öðru lagi hvort M hafi virkjað rétt sinn til að kaupa 36 mánaða viðbótartilkygningarfrest samkvæmt nánari ákvæðum í váttryggingarskilmálum, í þriðja lagi hvort koma skuli til takmörkunar á ábyrgð V skv. ákvæðum 20. gr., sbr. 19. gr. laga nr. 30/2004 og loks í fjórða lagi hvort tilkygning um höfnun bótaskyldu í skilningi 51. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga hafi átt sér stað. M kveður að samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar gildi um hana íslensk lög.

V kveðast vera erlend félög (með aðsetur í London) og þau samþykki ekki fyrir sitt leyti að málið verði tekið til meðferðar fyrir úrskurðarnefnd.

Álit.

Samkvæmt 1. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. aulýsingu nr. 1090/2005, starfar nefndin samkvæmt samkomulagi viðskiptaráðuneytisins, nú efnahags- og viðskiptaráðuneytisins, Neytendasamtakanna og Sambands íslenskra tryggingafélaga, nú Samtaka fjármálafyrirtækja. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samþykktanna úrskurðar nefndin um ágreining varðandi bótaskyldu milli málskotsaðila og váttryggingafélags, sem hefur starfsleyfi hér á landi. Jafnframt úrskurðar nefndin um ágreining sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004. Þá er tekið fram í 3. mgr. 3. gr. að nefndin úrskurði hvort ágreiningur heyri undir nefndina og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að unnt sé að úrskurða í málinu. Telji nefndin svo ekki vera vísar hún málinu frá.

Ekki liggur fyrir í málinu að V, sameiginlega eða hver fyrir sig, hafi starfsleyfi hér á landi. Þá eiga V ekki aðild að Samtökum fjármálafyrirtækja og eru þar með ekki aðilar að því samkomulagi sem starf nefndarinnar byggist á. Þegar svona stendur á getur úrskurðarnefnd ekki tekið mál til afgreiðslu nema fyrir liggji samþykki viðkomandi váttryggjanda, eins eða fleiri ef því er að skipta. Ekkert liggur fyrir um það í málinu að V hafi fyrir fram skuldbundið sig til að hlíta því að málið verði lagt fyrir nefndina né að

málið verði lagt fyrir nefndina á grundvelli ákvæða laga um vátryggingarsamninga. V hafa heldur ekki samþykkt sérstaklega að mál þetta verði lagt fyrir nefndina eða greiða kostnað af því, sbr. 11. gr. samþykktanna. Þegar að þessu virtu, svo og að V hafa sérstaklega tekið fram að þeir samþykki ekki að málið verði tekið til meðferðar fyrir nefndinni, er málið þess eðlis að ágreiningurinn heyrir ekki undir nefndina. Samkvæmt þessu og með vísan til niðurstöðu nefndarinnar í máli nr. 104/2011 verður ekki hjá því komist að vísa málinu frá nefndinni, sbr. 3. mgr. 3. mgr. samþykktanna.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá.

Reykjavík, 31. maí 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 167/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/bifreiðarinnar A****og****Vátryggingafélagið Y v/B****Árekstur á gatnamótum Hrafnagilsstrætis og Mýrarvegur 02.02. 2008.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 20.04. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 16.05. 2011.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 16.05. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B eigi að bera alla sök á árekstrinum. Ökumanninum hafi borið að víkja fyrir A sökum hindrunar á vegi.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A hafi brotið gegn 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga varðandi hægri beygju. Í annan stað vísar félagið til 4. mgr. 25. gr. sömu laga sbr. nánar umfjöllun félagsins. Tjónanefnd vátryggingarfélaganna taldi sannað að ökumaður A hafi ekið yfir á öfugan vegarhelming og því skuli leggja alla sök á þann ökumann.

Óþarft er að geta umfjöllunar M í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka yfir á öfugan vegarhelming og í veg fyrir B.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 31. maí 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 168/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/smíðatryggingar (byggingartryggingu)****Ágreiningur um bótaskyldu og um áhrif vanskila.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 20.04. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.05. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið vísar til samskipta sinna við M vegna þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir sbr. gögn málsins. Félagið vísar til þess að M hafi verið veittur “slaki til að gera upp sín mál hjá félaginu áður en tryggingarnar voru felldar niður”. Félagið hafnar því að gert hafi verið samkomulag um að tjónabæturnar sem M fékk greiddar í janúar 2011, vegna þjófnaðar á pallaefni, ættu að ganga uppí iðgjöldin. M hafi mátt vita að það hafi ekki verið gert. Félagið telur sig hafa virt allar reglur varðandi tilkynningar á vangreiddum iðgjöldum, greiðslufrestum og afleiðingum þess ef iðgjald yrði ekki greitt innan tilskilins frests sbr. ákvæði laga um vátryggingarsamninga. Félagið telur ljóst að byggingartrygging M hafi verið réttilega felld niður vegna vanskila þann 04.01. 2011 og því ekki í gildi á tjónsdegi (í feb./mars 2011).

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

M fékk lokaviðvaranir, dags. 11.08. 2010 og 22.09. 2010, þar sem athygli var vakin á vanskilun iðgjalda. Veittur var 14 daga greiðslufrestur frá dagsetningu umræddra bréfa “að öðrum kosti falla tryggingarnar úr gildi og/eða verða sendar í lögfræðilega innheimtu eftir því sem við á”. Fyrirliggjandi eru og bréf félagsins, dags. 11.05. 2011, þar sem getið er endurgreiðslu vegna byggingartryggingar og tilkynnt að “tryggingin fellur úr gildi 4. janúar 2011”. Endurgreitt var iðgjald frá 04.01. 2011 til 30.04. 2011.

Samkvæmt 33. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, skal tilkynning um greiðsludrátt skýrlega bera með sér að vátryggingin falli niður ef iðgjaldið er ekki greitt innan hins tilskilda frests. Við afgreiðslu máls þessa fylgdi vátryggingafélagið ekki skýrum fyrirmælum laga um vátryggingarsamninga. Félaginu bar að gera M ljóst að ábyrgð þess hafi fallið niður sökum vanskila. Umrædd samskipti aðila verða ekki skýrð á þann veg að M hafi mátt vera ljóst hvenær ábyrgð félagsins félli niður. Sá “slaki” sem félagið veitti M í samskiptum aðila veldur því að ábyrgð telst vera fyrir hendi í máli þessu.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 24. maí 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 170/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. málskostnaðartryggingar heimatryggingar.

Krafa um greiðslu úr málskostnaðartryggingu vegna slysa þ. 22.7.2008 og 28.10.2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 26.4.2011 ásamt fylgiskjölum 1-26
2. Bréf V dags. 4.5.2011

Málsatvik.

M varð fyrir aðskildum slysum þ. 22.júlí 2008 og 28.10.2007. Krafa M er annars vegar á hendur Verði tryggingum vegna slyssins 2007 og hins vegar gagnvart Vátryggingafélagi Íslands vegna slyssins þ. 2008. Lögmaður M segir að nægjanlegt tilefni sé til að höfða mál vegna slyssanna til viðurkenningar á skaðabótaábyrgð og krefst þess að úrskurðað verði um bótaskyldu M til handa úr málskostnaðartryggingu henna til handa frá V. V hafnar bótaskyldu og bendir á að félagið hafi ekki fengið fyrirspurn um slysið frá 2007 og því ekki tekið formlega afstöðu til þess hvort greiðsluskylda sé fyrir hendi úr málskostnaðartryggingu M vegna ágreinings við Vörð-tryggingar vegna þess. V vísar því í 2.mgr. 5.gr. samþykktu fyrir Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum þar sem segir að áður en málskotsaðili geti leitað til nefndarinnar skuli hann hafa lagt kröfur sínar fyrir hlutaðeigandi vátryggingafélag. V segir að þetta hafi ekki verið gert hvað slysið frá 2007 varðar. Varðandi slysið frá 2008 vísar V til 11.mgr. 47.gr. vátryggingarskilmála þeirra sem hér ræðir um og segir að með vísan til þess sé ekki um bótaskyldu að ræða úr málskostnaðartryggingunni hvað það tjón varðar.

Álit.

Með vísan til 11.mgr. 47.gr vátryggingaskilmála þeirra sem hér ræðir um eru skilyrði bótaskyldu úr málskostnaðartryggingu M hjá V ekki fyrir hendi varðandi slysið frá 2008, en fyrir liggur að umsókn M um gjafsókn hefur verið hafnað m.a. á þeim forsendum sem kveðið er á um í umræddu ákvæði vátryggingaskilmálanna. Varðandi slysið frá 2007 þá er því máli vísað frá með vísan til 2.mgr. 5.gr. samþykktu fyrir Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni vegna slyssins árið 2008. Kröfu M vegna slyssins frá 2007 er vísað frá Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík 24.5. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 173/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/A og B****Árekstur Vesturgötu Reykjanesbæ 19.03. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 27.04. 2011.
- 2) Athugasemdir ökumanns B vegna málskotsins, dags. 05.05. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var báðum ekið vestur Vesturgötu, A var á undan.

Tjónanefnd vátryggingarfélaganna telur að af gögnum málsins þyki ljóst að A hafi verið ekið yfir á öfuga akgrein sem hafi gefið ökumanni B ástæðu til að aka áfram hægramegin við A, sem hafi þá beygt til hægri í veg fyrir B.

Fyrirliggjandi er afstaða ökumanna til máls þessa, þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka yfir á öfugan vegarhelming og beygja skyndilega í veg fyrir B sem á eftir kom.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 31. maí 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 175/2011

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Naustatanga á Akureyri við athafnasvæði Slippsins Akureyri ehf. þ.
28.3.2011.

Gögn.

86. Málskot, móttekið 29.4.2011, ásamt fylgigögnum.
87. Tölvuskeyti X, dags 16.5.2011, ásamt ljósmyndum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið út frá athafnasvæði Slippsins Akureyri ehf. og til vesturs áleiðis inn á Naustatanga. Þar þá að bifreiðina B sem var ekið eftir Naustatanga til vesturs. Rákust þá saman vinstra framhorn A og aftanverð vinstri hlið B.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á mjög litlum hraða og ætlað að beygja til hægri vestur Naustatanga. Hann hafi ekki séð til ferða B fyrr en of seint, þá hemlað og árekstur orðið. A hafi verið rétt komin inn á hægri akrein Naustatanga þegar áreksturinn varð.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á litlum hraða með fyrirhugaða beygju til vinstri inn á bifreiðastæðin við Slippinn þaðan sem A var ekið. Hann hafi ekki séð til ferða A fyrr en komið var að innkeyrslunni inn á bifreiðastæðin. Ökumaðurinn kvaðst hafa ekið vinstra megin á götunni miðað við akstursstefnu sína þegar áreksturinn varð og hafi hann verið byrjaður að beygja inn á bifreiðastæðin er hann sá til ferða A.

Álit.

Akstursleiðir bifreiðanna áttu ekki að þurfa að skerast þar sem þær mættust. Ökumaður B ók á vinstri helmingi götunnar er hann kom að bifreiðastæðunum sem hann ætlaði að aka inn á. Þar tók hann of þrönga beygju. Verður áreksturinn fyrst og fremst rakinn til þessa og ber ökumaður B því meginsök á honum. Ökumanni A bar að veita umferð á Naustatanga sem var í veg fyrir leið hans forgang, sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Með vísan til þessa bar ökumanninum að gæta sérstakrar varúðar er hann ók inn á Naustatanga. Á þessu varð nokkur misbrestur þar sem hann vissi ekki af ferðum B fyrr en í óefni var komið. Á ökumaður A því einnig nokkra sök á því hvernig fór.

Niðurstaða.

Leggja ber 1/3 hluta sakar á ökumann A og 2/3 hluta sakar á ökumann B.

Reykjavík, 31. maí 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 176/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/slysátryggingar fjölskylduverndar****Meiðsl við sportklifur 09.03. 2010, ágreiningur um hvort um undanskila áhættu sé að ræða.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 29.04. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 12.05. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M slasaðist á höndum við fall við sportklifur.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það vísar til ákvæðis skilmála þar sem segir að félagið bæti ekki slys sem verða í hnefaleikum, hvers konar glímu, akstursíþróttum, fjallaklifri, bjargsigi o.s.frv. sbr. ákvæði skilmála. Félagið mótmælir því sem M heldur fram að ekki sé hægt að leggja að jöfnu orðin “hvers konar fjallaklifur” og klettaklifur. Að mati félagsins sé það engum vafa undirorpið að með orðalaginu “hvers konar fjallaklifur” sé tilgangurinn að ná líka til áhættuhegðunar af hálfu hins vátryggða eins og klettaklifur. Ómögulegt sé fyrir félagið að tiltaka í ákvæðinu allar undirgreinar og afbrigði af hinum tilgreindu áhættuiðkunum.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Slys M er undanskilið samkvæmt skilmálum þ.e. sportklifur og/eða klettaklifur verður lagt að jöfnu við “hvers konar” fjallaklifur sem kveðið er á um í skilmálum. Undanskilin er ýmis konar áhættuhegðum úr frítímaslysátryggingu. Telja verður eðlilegt að fólk kaupi sérstakar vátryggingar þegar kemur að áhættuhegðun af því tagi sem hér er til umræðu að teknu tilliti til hinnar auknu áhættu sem felst í háttsemi af þessu tagi. Aukin áhætta skiptir verulegu máli við áhættumat og ákvörðun iðgjalda.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 31. maí 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 177/2011**M v/bifreiðar****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (O)****Umferðaróhapp á Reykjanesbraut þann 16.04. 2009.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 02.05. 2011.
- 2) Bréf vátryggingfélagsins til nefndarinnar, dags. 18.05. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um hvort bótaskylda sé fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir þegar ökumaður missti stjórn á bifreið sinni sem hann telur að rekja megi til ísingar á götunni. M telur að rekja megi ísinguna til leka frá stofnlögn. Skýrsla lögreglu lætur þess m.a. getið að vatnsaginn hafi að öllum líkindum verið tilkominn vegna framkvæmda O.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Skilyrði sakarreglunnar séu ekki uppfyllt. Verklag starfsmanna O hafi verið eðlilegt og almennt til þess fallið að koma í veg fyrir tjón. Hér hafi verið um óhappatilvik að ræða sem starfsmönnum O geti ekki verið kennt um.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Ekki hefur verið sýnt fram á að rekja megi óhapp M til aðstæðna eða vanrækslu starfsmanna O sem hann ber ábyrgð á. Hér virðist hafa verið um óhappatilvik að ræða og/eða aðgæsluleysi ökumanns bifreiðarinnar.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 7. júní 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 182/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/A og B****og****Vátryggingafélagið Y v/C****Árekstur í hringtorgi þann 25.01. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 04.05. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 30.05. 2011.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 23.05. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um hvort sannað sé að M hafi stöðvað bifreið sína A til þess að hleypa B út úr hringtorginu eða hvort hann hafi hindrað akstur B á leið hennar út úr hringtorginu. C var í framhaldi þessa ekið á B.

Vátryggingafélögin telja að skipta skuli sök til helminga milli ökumanns A og C. A hafi ekki virt forgang B og að C hafi ekki gætt nægjanlega að umferð sem ekið var á undan.

Óþarft er að geta umfjöllunar M sem fram kemur í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er ósannað að A hafi ekki virt forgang B eða verið ekið í veg fyrir B. Ökumaður B stöðvaði bifreið sína og í framhaldi þessa var C ekið á B. Öll sök á C sem hugði ekki nægjanlega að umferð um hringtorgið.

Niðurstaða.

Ökumaður C ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 14. júní 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 183/2011**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar.****Maður hlaut áverka á hendi er hann hoppaði niður af grindverki á skólalóð þann
30.5.2010.****Gögn.**

88. Málskot, móttekið 9.5.2011, ásamt fylgigögnum.

89. Bréf X, dags 13.5.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M var í fótboltaleik ásamt syni sínum á fótboltavelli á lóð Áslandsskóla í Hafnarfirði. Há rimlagirðing umlykur fótboltavöllinn og fyrir utan girðinguna er trjágróður. Þverbönd eru á girðingunni en hver lóðréttur rimill stendur örlítið upp fyrir efsta þverbandið. Bolti, sem M og sonur hans léku sér með, festist uppi í tré og klifraði M upp á girðinguna til að losa boltann. Að svo búnu hoppaði hann niður af girðingunni. Vildi þá til það slys að giftingarhringur sem M bar á baugfingri hægri handar festist í einum rimlinum sem stóð upp fyrir efsta þverbandið og sleit framan af fingrinum.

M hefur krafist bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu fyrirtækisins V hjá váttryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu úr umræddri ábyrgðartryggingu.

Álit.

Hvorki í málskoti né öðrum gögnum málsins verður ráðið á hvaða forsendum krafa M beinist að V eða af hvaða ástæðum öðrum V eigi að bera skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M. Þá hefur heldur ekki verið sýnt fram á í gögnum málsins að girðingin eða uppsetning hennar brjóti í bága við lög eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli, né heldur að hún hafi verið haldin framleiðslugalla eða henni hafi að einhverju leyti verið ábótavant. Að þessu athuguðu hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu V í máli þessu. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 31. maí 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 185/2011**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Kona féll á hálfu á bifreiðastæði fyrir utan vinnustað sinn.****Gögn.**

90. Málskot, móttækið 4.5.2011, ásamt fylgigögnum.

91. Bréf X, dags 19.5.2011.

Málsatvik.

Þann 12.1.2009 um kl. 16.00 var M á leið frá vinnustað sínum, dvalar- og hjúkrunarheimilinu D, en sveitarfélagið S rekur heimilið. Á leið sinni yfir bifreiðastæði við D sunnan við nánar tiltekin raðhús féll M á hálfu með þeim afleiðingum að hún hlaut brot á hægri lærleggshálsi.

Kveður M að afar hált hafi verið á bifreiðastæðinu allan daginn og hafi hún í tvígang áður þennan sama dag fallið á stæðinu. Telur M að S hafi ekki uppfyllt skyldu sína að tryggja starfsfólki öruggar aðstæður og góðan aðbúnað á vinnustað, sbr. 13. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Fyrir liggur samkvæmt gögnum málsins að umræddan dag, er M slasaðist, vann verktaki við snjómokstur og sanddreifingu á lóð D í um tvær klst. Ekkert bendir til að snjó- og/eða svellalög hafi átt að dyljast þeim sem leið áttu um bifreiðastæðið umrætt sinn. Ekki verður talið að sýnt hafi verið fram á að slysið megi rekja til aðstæðna sem S sem vinnuveitandi M ber ábyrgð á. Tjónið fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu S hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu S hjá X.

Reykjavík, 14. júní 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 186/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/málskostnaðartryggingar heimatryggingar****Ágreiningur um greiðsluskyldu, tjónsdagur 19.03. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 05.05. 2011.
- 2) Bréf vátryggingfélagsins til nefndarinnar, dags. 16.05. 2011, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Þann 11.03. 2009 viðurkenndi vátryggingafélagið greiðsluskyldu úr málskostnaðartryggingu vegna héraðsdóms í máli dags. 19.12. 2008 sem M átti aðild að. Samkvæmt dómsorði átti gagnaðili málsins að greiða M tiltekna fjárhæð í málskostnað.

Félagið vísar til ákvæða skilmála og skírteinins. Félagið hefur þegar greitt hluta bóta vegna vátryggingarinnar en það telur sér ekki fært að greiða fjárhæð sem nemur dæmdu málskostnaðar með tilvísun til skilmála þar sem segir að þegar ágreiningsmál hefur verið til lykta leitt greiðir félagið nauðsynlegan og eðlilegan lögmanns- og málskostnað sem vátryggður getur ekki fengið greiddan frá mótaðila.

Félagið telur að ekki liggja fyrir upplýsingar um að gagnaðili sé ógjaldfær, “þvert á móti” sé gagnaðili ekki á vanskilaskrá og því liggja ekki fyrir staðfestingar á ógjaldfærni t.d. á grundvelli ágrangurslauss fjárnáms. Það eitt að gagnaðili hafi tjáð M að hann hyggist ekki greiða dæmdu málskostnað dugi ekki.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Fyrirliggjandi gögn veita takmarkaðar upplýsingar um samskipti M og mótaðila hans varðandi mögulega innheimtu á dæmdu málskostnaði.

Þegar tekið er mið af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ekki hefur verið sýnt fram á að M geti ekki fengið dæmdu málskostnað frá mótaðila sínum.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 31. maí 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 188/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar fyrir atvinnureksturs****Meiðsl við fall í hálfu á bílastæði við verslun þann 22.01. 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 06.05. 2011.
- 2) Bréf vátryggingfélagsins til nefndarinnar, dags. 23.05. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um hvort bótaskylda sé fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir vegna meiðsla sem M hlaut þegar hún féll við er hún gekk um bílastæði fyrir utan verslunarhúsnæði.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Umrætt óhapp hafi ekki á sér stað við inngang eða næst verslunarhúsinu heldur á bílastæði verslunarinnar. Félagið telur að A hafi fullnægt skyldum sem gerðar eru til rekstraraðila sbr. gögn málsins. Fyrir liggur að á slysdegi breyttust veðuraðstæður skömmu í aðdraganda slyssins og því gat myndast hálka eða hætta á hálfu skyndilega. Aðstæður hafi ekki verið öðruvísi en við má búast.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Ekki hefur verið sýnt fram á að rekja megi óhapp M til aðstæðna eða vanrækslu starfsmanna A sem hann ber ábyrgð á. Hér virðist hafa verið um óhappatilvik að ræða.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 7. júní 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Sævar Þór Jónsson hdl.

Mál nr. 189/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar fjölskylduþryggingar****Meiðsl við skotveiði þann 15.08. 2009.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 06.05. 2011.
- 2) Bréf vátryggingfélagsins til nefndarinnar, dags. 18.05. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M varð fyrir meiðslum er hún var að horfa á skotveiðimenn við hreindýraveiðar sbr. gögn málsins. Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur að ekki hafi verið sýnt fram á að vátryggingartaki hafi sýnt af sér saknæmt gáleysi í meðförum skotvopns í umrætt sinn. Brot úr byssukúlu hafnaði í fæti M og fatnaði. Félagið telur að M (tjónþola) hafi verið gefin skýr fyrirmæli um að halda kyrru fyrir á ákveðnum stað fyrir aftan skotlínu veiðimanna. Tjónþolinn M hafi hins vegar fært sig síðar. M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að skotveiðimaðurinn S (vátryggingartaki) hafi ekki gætt þeirrar aðgæslu sem nauðsynleg var við hreindýraveiðar. Veiðimaður verður hverju sinni að hafa fullvissu fyrir því að óhætt sé að hefja veiðar með notkun skotvopns. Þessa gætti S ekki.

Það var óvarlegt af M að færa sig úr þeim stað sem hún hafði fengið fyrirmæli um að vera á. Vegna þessa ber M hluta ábyrgðar á því hvernig fór.

Með hliðsjón af framanrituðu og atvikum öllum þykir rétt að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi sem nemur helmingi tjóns M.

Reykjavík 7. júní 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 191/2011**M****og****vátryggingafélagið X v/ málskostnaðartryggingar.****Ágreiningur um greiðsluskyldu úr málskostnaðartryggingu vegna dómsmáls til heimtu bóta fyrir líkamstjón af völdum vinnuslyss.****Gögn.**

92. Málskot, móttakið 10.5.2011, ásamt fylgigögnum.

93. Bréf X, dags. 23.5.2011.

Málsatvik.

M slasaðist í vinnuslysi í nóvember 2008. Henni hefur verið synjað um skaðabætur vegna þess líkamstjóns sem hún hlaut í slysinu. Hyggst hún því höfða dómsmál á hendur vinnuveitanda sínum og vátryggjanda hans til heimtu bóta. M hefur fjölskyldutryggingu hjá vátryggingafélaginu X sem innifelur m.a. sérstaka málskostnaðartryggingu. M hefur tilkynnt um fyrirhugaðan málarekstur til X í því skyni að fá málskostnað greiddan úr vátryggingunni vegna málarekstursins. X hefur hafnað málaleitan M með vísan til gr. 25.6 í skilmálum vátryggingarinnar, en samkvæmt því ákvæði bætir vátryggingin ekki málskostnað sem er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs. M vill ekki una synjun X og ber fyrir sig að umrætt skilmálaákvæði sé ólöglegt skv. reglugerð nr. 99/1998 um réttaraðstoðarvátryggingar, að ákvæðið standist ekki ófrávíkjanleg ákvæði II. hluta laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga sem fjallar um persónutryggingar, sbr. 63. gr. laganna, hún starfi ekki lengur hjá þeim vinnuveitanda þar sem hún var í vinnu er hún slasaðist og loks sé umrætt ákvæði svo óljóst að það beri að túlka henni í hag, sbr. neytendaákvæði samningalaga, sbr. lög nr. 14/1995.

Álit.

Fyrirhugað dómsmál er til komið vegna vinnuslyss sem M varð fyrir og mun verða höfðað á hendur fyrrum vinnuveitanda hennar og vátryggjanda hans. Er þannig ljóst að krafa M á hendur X er vegna málskostnaðar sem er í tengslum við atvinnu hennar. Málskostnaður eins og hér um ræðir er því undanþeginn greiðsluskyldu úr málskostnaðartryggingunni, sbr. fyrrgreint ákvæði í gr. 25.6 í skilmálunum. Ekki verður séð að ákvæði reglugerðar nr. 99/1998 um réttaraðstoðarvátryggingar eða ákvæði II. hluta laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 haggi þessari niðurstöðu. Ekki verður heldur séð að orðalag skilmálanna sé svo óljóst í þessu sambandi að niðurstaða málsins eigi að vera önnur. Þá getur heldur ekki skipt máli þótt M starfi ekki lengur hjá viðkomandi vinnuveitanda.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á greiðslu úr málskostnaðartryggingu sinni hjá X.

Reykjavík, 14. júní 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 192/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Umferðarslys 21.05. 2009 á Hringbraut, ágreiningur er um hvort fella eigi niður bótarétt ökumanns bifhjóls vegna stórkostlegs gáleysis ökumanns þess.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 11.05. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 26.05. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðinni A var ekið í veg fyrir bifhjól sem ekið var um Hringbrautina sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar með vísan til 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Félagið telur að ökumaður bifhjólsins, sem lést í slysinu, hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í aðdraganda slyssins sbr. m.a. fyrirliggjandi skýrslu prófessors því til stuðnings. Umræddur prófessor reiknaði út á hve miklum hraða bifhjólinu var ekið í aðdraganda slyssins. Niðurstaða hans sé sú að ætlaður ökuhraði hafi verið 115 km/klst., en mögulegur lágmarkshraði 108 km/klst. og mögulegur hámarkshraði 124 km/klst. sbr. nánar gögn málsins. Félagið vísar og til frásagna vitna sem óþarft er að gera grein fyrir í þessari umfjöllun.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Mál þetta snýr að ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er fallist á þá afstöðu vátryggingafélagsins að rétt sé að hafna bótaskyldu með vísan til þess að ökumaður bifhjólsins hafi viðhaft stórkostlegt gáleysi við akstur bifhjólsins í aðdraganda slyssins sbr. 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga. Fyrirliggjandi gögn gefa til kynna að bifhjólinu hafi verið ekið langt umfram leyfilegan hámarkshraða og að rekja megi árekstur ökutækjanna til þessa.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 14. júní 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 193/2011**M v/bifreiðar****og****Vátryggingafélagið X v/slysátryggingar ökumanns****Ágreiningur um umferðarslys þann 08.12. 2009.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 12.05. 2011.
- 2) Bréf vátryggingfélagsins til nefndarinnar, dags. 30.05. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M telur sannað að hún hafi orðið fyrir meiðslum er hún ók bifreið sinni út af vegi norðan við Mývatn. Atvikið tilkynnti hún ekki til lögreglu sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur að engin gögn hafi verið lögð fram sem staðfesta meiðsl ökumanns eða tjón á umræddri bifreið. Einvörðungu hafi verið lögð fram yfirlýsing mágs M, sem hafi aðstoðað M, og engar myndir hafi verið teknar af bifreiðinni og “meintum skemmdum”. Læknisfræðileg gögn hafi verið lögð fram sem staðfesta að M hafi einkenni í baki og við herðablað en það staðfesti ekki tjónsatvik á umræddri bifreið.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður frásögn M lögð til grundvallar við afgreiðslu máls þessa. Skýr áverkamerki styðja frásögn M varðandi það umferðaróhapp sem hún kveðst hafa orðið fyrir. Hún leitaði og til læknis í kjölfar óhappsins. Frásögn mágs M styður og frásögn M.

Með hliðsjón af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum er bótaskylda fyrir hendi úr umræddri vátryggingu. Nægjanlega er upplýst að M hafi orðið fyrir þeim tjónsatburði sem hún hefur gert grein fyrir.

Með ofanritaðri umfjöllun er engin afstaða tekin um umfangs þess tjóns sem M varð fyrir.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 14. júní 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 195/2011**M
og
vátryggingafélagið X v/ húseigandatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda af völdum vatnsleka.****Gögn.**

94. Málskot, móttakið 13.5.2011, ásamt fylgigögnum.

95. Bréf X, dags 19.5.2011.

Málsatvik.

Síðla sumars 2009 kom í ljós að gólfdukur í eldhúsi í húseign M var farinn að gúlpa og verða losaralegur við eldhúsbekk. Við nánari eftirgrennslan reyndist frárennslirör (4" steinrör) undir sökkli eldhúsvasks vera ónýtt með öllu frá vaskinum að millivegg að þvottahúsi og þarna hafi um langvarandi leka verið að ræða. Jafnframt voru heitavatns- og kaldavatnsrör að eldhúsvaski orðin ryðguð og pírdi úr kaldavatnslögninni þegar hreinsað var frá henni. Þurfti að brjóta upp gólf til að skipta um lagnir sem ónýtar voru. Í framhaldinu var svo skipt um eldhúsinnréttingu og gólfefni.

M hefur krafist bóta úr húseigandatryggingu sinni hjá vátryggingafélaginu X vegna þess tjóns sem hann varð fyrir. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt gr. 2.1 í skilmálum húseigandatryggingar X bætir vátryggingin tjón á vátryggðri eign af völdum vökva sem óvænt og skyndilega streymir fram og á upptök sín innan útveggja og botnplötu húseignarinnar vegna bilunar eða mistaka. Þá er tekið fram í gr. 3.3 að vátryggingin bæti ekki tjón vegna grunnlagna sem eru missignar, morknar eða hafa á annan hátt hrörnað af notkun eða ónógri undirbyggingu.

Þegar litið er til þess hver var orsök þess tjóns sem varð á húseign M er vafalaust að ekki er um að ræða tjón sem varð við það að vatn hóf að streyma skyndilega og óvænt úr frárennslislögninni. Heldur var um að ræða langvarandi leka úr lögninni. Tjónið telst því ekki bótaskyldt úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr húseigandatryggingu hans hjá X.

Reykjavík, 7. júní 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 196/2011**M****og****vátryggingamiðlunin V fyrir hönd vátryggjandans X, Englandi.****Ágreiningur um bótaskyldu úr starfstryggingu, starfstengdri sjúkra- og slysaörorkutryggingu.****Gögn.**

96. Málskot, móttakið 13.5.2011, ásamt fylgigögnum.

97. Bréf V, dags. 18.5.2011.

Málsatvik.

M er þátttakandi í hóptryggingu um svonefnda starfstryggingu, starfstengda sjúkra- og slysaörorkutryggingu, sem tiltekið félag hefur keypt hjá vátryggjandanum X, Englandi, fyrir tilstilli vátryggingamiðlunarinnar V.

Vátryggingin mun fyrst hafa verið tekin árið 2004 og segir í málskoti að M hafi þá verið fullvinnufær þrátt fyrir ýmsa kvilla sem hrjáðu hann. Um áramótin 2005-2006 hafi hann greinst með kransæðasjúkdóm og þurft að fara í kransæðavíkkun. Í febrúar 2007 datt hann illa á hálfu og mjaðmagrindarbrotnaði og hlaut styttingu á fæti. Í október 2005 hafi hann svo greinst með illkynja krabbameinsæxli í þvagblöðru auk þrengsla í þvagrás og þurfti að gangast undir aðgerð af þessum sökum. Kveður M umrædda sjúkdóma allt vera alvarlega sjúkdóma sem hann hafi fengið eftir árið 2004 og beinlínis leitt til þess að hann hafi orðið óvinnufær. Virðist sem M krefjist bóta úr starfstryggingunni á þeim grundvelli að hann sé algjörlega óvinnufær af völdum fyrrgreindra sjúkdóma.

Í læknisvottorði heimilislæknis M, dags. 9.5.2009, er þess getið að M hafi verið fjölveigur til margra ára og frá árinu 2007 hafi hann verið metinn til 75% örorku ævilangt. Eftirfarandi sex sjúkdómar og áverkar eru þeir sem helst hafa áhrif á heilsufar hans: Í fyrsta lagi hafi M langa sögu um þunglyndi með miklum kvíða og átröskun og hafi af þeim sökum verið í mörg ár í meðferð hjá geðlækni. Hafi átröskunin verið að koma til baka í seinni tíð og hann sé aftur kominn með depurðareinkenni. Af þessum sökum hafi M fyrst og fremst ekki treyst sér aftur til vinnu. Í öðru lagi hafi hann við 16-17 ára aldur greinst með insúlínháða sykursýki með miklum fylgikvillum (complicationum): „Perifer neuropathia, „drop-foot“ með máttleysi í öðrum ökkliðnum.“ Hann sé einnig með verulegar augnbotnabreytingar og hefur oft farið laser-aðgerðir. Í þriðja lagi sé hann með fyrrgreindan kransæðasjúkdóm og hafi nokkrum sinnum farið í hjartaþræðingar. Hann sé einnig með lokugalla, „bicuspid aortaloka án significant stenosu, og væga ventricular hypertrofiu.“ Hafi hann verið undir eftirliti hjartasérfræðings undanfarin ár. Í fjórða lagi fyrrgreint mjaðmagrindarbrott („Petrochanter brott vi. megin“) er hann datt á svelli í febrúar 2007. Hafi hann þurft að gangast undir aðgerð og sé ennþá dragheltur eftir þetta. Í fimmta lagi hafi hann ári fyrir ritun læknisvottorðsins greinst með blöðrukrabbamein eins og áður getur. Hafi hann verið í alls kyns meðferð af þessum sökum og of snemmt sé að segja til um árangur meðferðar. Í sjötta lagi búi M svo við langvinnt vandamál vegna frosinna axla og hafi reglulega fengið sterasprautur hjá bæklunarlækni. Í niðurlagi læknisvottorðsins kemur fram M hafi verið metinn til fullrar örorku af TR árið 2007. Hann hafi samt sem áður haldið áfram störfum í 70% starfshlutfalli. Það hafi þó verið lengi ljóst að það væri aðeins tímaspursmál hvenær hann yrði óvinnufær með öllu af einhverjum þeirra sjúkdóma sem nefndir eru í vottorðinu. Að lokum hafi það verið þunglyndissjúkdómurinn og átröskunin sem hafi

riðið baggamuninn. Þó eigi aðrir sjúkdómar að sjálfsgöðu líka stóran þátt í að valda óvinnufærni M þó erfitt sé að segja nákvæmlega til um þátt hvers og eins.

Af hálfu X var talið að M ætti ekki rétt til bóta úr starfstryggingunni þar sem alla sjúkdóma og áverka mætti rekja til sjúkdómsástands hans fyrir töku váttryggingarinnar („all of the illness/injuries are all as a result from a pre-existing condition...“).

Álit.

Samkvæmt grein 4.3 í skilmálum váttryggingar þeirrar, sem deilt er um í máli þessu, gildir hún ekki um örorku sem beint eða óbeint á rætur að rekja til, fylgir eða er að hluta til afleiðing af því að váttryggður er fatlaður að öllu leyti eða hluta af hverju því einkenni sem orsakast af, framlengist eða versnar vegna geðræns sjúkdóms eða tilfinningalegra vandamála eða hegðunarvandamála. Samkvæmt gr. 4.11 í skilmálunum gildir váttryggingin heldur ekki um örorku sem beint eða óbeint á rætur að rekja til, fylgir eða er að hluta til afleiðing af heilsufarsástandi sem fyrir var. Þó skal ekki líta svo á að meiðsl eða veikindi, sem meðferð hefur ekki verið veitt við eða mælt með af lækni undanfarna 30 mánuði áður en váttrygging tók gildi varðandi hinn váttryggða, teljist til heilsufarsástands sem fyrir var nema sérstök undantekning sé um það gerð. Í þeim kafla skilmálanna, sem ber heitið „BÓTAKVARÐI“ er tilgreind hver örorka skuli vera við ýmis tilvik m.a. af völdum blindu, heyrnartaps og missis eða brottnáms ýmissa líkamshluta. Þá segir enn fremur í þessum kafla skilmálanna að önnur varanleg örorka en sú sem tilgreind er í kaflanum bætist eftir alvarleika hennar í samiburði við það sem tilgreint er án tillits til atvinnu váttryggðs.

Af því sem fyrir liggur í gögnum málsins um heilsufar M áður en hann varð þátttakandi í umræddri hóþryggingu hjá X má ráða að sú óvinnufærni sem M býr við megi að minnsta kosti að hluta rekja til geðrænna sjúkdóma hans og heilsufars hans að öðru leyti áður en váttryggingin öðlaðist gildi gagnvart honum. Á hinn bóginn verður af gögnum málsins ekki útilokað að óvinnufærnin verði einnig að einhverju leyti rakin til sjúkdóma og áverka sem hann hefur hlotið eftir að hann varð þátttakandi í váttryggingunni. Engin gögn liggja þó fyrir sem skera úr um mögulegan rétt M í þessu sambandi. Er málið óljóst og illa upplýst hvað þetta varðar og krafa M svo óskýr að það telst ekki tækt til úrskurðar. Samkvæmt þessu og með vísan til 3. mgr. 3. gr. og e. liðar 4. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, er málinu vísað frá úrskurðarnefnd.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá.

Reykjavík, 7. júní 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 197/2011

M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu sendibifreiðar vegna skemmda á farmi.

Gögn.

98. Málskot, móttekið 13.5.2011, ásamt fylgigögnum.

99. Tölvuskeyti X, dags 30.5.2011.

Málsatvik.

M er sendibifreiðarstjóri að atvinnu. Til starfans notar hann bifreiðina A sem er skráð eign kaupleigufyrirtækisins K. A er ábyrgðartryggð hjá váttryggingafélaginu X.

Þann 15.11.2010 tók M að sér að flytja bifhjólið B og festu M og eigandi B það við þar til gerðar festingar í flutningsrými A. Meðan á akstri stóð í áfangastað féll B á hliðina og skemmdist. Krafist var bóta vegna tjónsins úr ábyrgðartryggingu A hjá X. X hafnaði bótaskyldu úr váttryggingunni með vísan til 6. gr. landflutningalaga nr. 40/2010 en samkvæmt því ákvæði skulu þau lög ganga framur umferðarlögum um ábyrgð á tjóni sem verða kann á vöru sem flutt er, þegar eigandi ökutækis er jafnframt flytjandi vörunnar.

Með tölvuskeyti X til úrskurðarnefndar hinn 30 maí sl. kveðst félagið þegar hafa viðurkennt bótaskyldu í máli þessu gagnvart tjónþola, þ.e. eiganda B, og því sé ekki lengur ágreiningur í málinu gagnvart tjónþolanum. Málskotsaðili sé ekki eigandi hinna váttryggðu hagsmuna og virðist sem tjónþoli hafi ekki upplýst hann um breytta afstöðu félagsins.

Álit.

X hefur viðurkennt bótaskyldu sína úr ábyrgðartryggingu A. Ekki er tilefni til að gera athugasemdir við þá afstöðu félagsins. Af gögnum málsins verður hins vegar ekki annað ráðið en M hafi ekki vitað af þessari afstöðu félagsins þegar hann stofnaði til málskotsins, en til þess voru réttmætar ástæður af hálfu M. Samkvæmt þessu, sbr. og tilkynningarskyldu X gagnvart váttryggðum skv. 2. mgr. 44. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, verður niðurstaða málsins sú að viðurkenna beri að tjón á B skuli bætast úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón á B bætist úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 14. júní 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 199/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/heimilistryggingar**

Ágreiningur um bótaskyldu þegar gestkomandi barn rak sig í stóran blómavasa á gólfi þannig að tjón varð m.a. á parketi að því er fullyrt er í málskoti.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 16.05. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 20.06. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Óumdeilt er að barn yngra en 10 ára rak sig í blómavasa sem stóð á gólfi þannig að hann brotnaði. Vátryggingafélagið telur að ekki hafi verið sýnt fram á að “vatn úr umræddum vasa hafi getað valdið þessu tjóni á gólfi og á vegg neðarlega í stiga...” Félagið telur að bótagrundvöllur skaðbótakröfu máls þessa sé skýr en “allt annað er að álitum félagsins óljóst og ósannað.”

Því er haldið fram í gögnum málsins m.a. að 10 – 15 lítrar af vatni hafi flotið um gólfið þegar vasinn brotnaði. Félagið vísar til þess að vatnið hafi verið þurrkað upp um leið og vasinn brotnaði. M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa er ósannað að þær vatnsskemmdir sem um ræðir og M vísar til séu af völdum þess að umræddur blómavasi brotnaði.

Fyrirliggjandi staðfesting rafvirkjameistara um legu rafmagnsrörs breytir engu varðandi ofanritað.

Niðurstaða.

M hefur ekki sýnt fram á að umræddar vatnsskemmdir séu að rekja til þess að blómavasi brotnaði.

Reykjavík 28. júní 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 200/2011**M****og****Vátryggingafélag Íslands hf. v/ábyrgðartryggingar G**

Vinnuslys 10.08. 2010, sjóðheit olía skvettist af steikarpönnu yfir vinstri handlegg M sem var að færa pönnuna til í eldhúsi.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 17.05. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 31.05. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M slasaðist við vinnu sína sem kokkur. M telur að rekja megi slysið til þess að skaft umræddrar steikarpönnu hafi ekki verið í fullnægjandi ásigkomulagi sbr. gögn málsins.

Vátryggingafélagið telur að rekja megi slysið til óhappatilviljunar og óaðgæslu M sjálfs sbr. umfjöllun félagsins í gögnum málsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á að rekja megi slys M til saknæmrar eða ólögmetrar háttsemi G eða starfsmanna sem hann ber ábyrgð á. Hér virðist hafa verið um óaðgæslu M að ræða og/eða óhappatilvik.

Virðist sem M hafi verið kunnugt um aðstæður sem fyrir hendi voru. M hefur ekki sýnt fram á að hún hafi kvartað yfir aðstæðum ellegar reynt að taka umrædda steikarpönnu úr notkun.

Staðhæft er í gögnum málsins að M hafi haft yfirumsjón með þeirri vinnu sem fram fór í eldhúsinu og að hún hafi ákveðið að nota um rædda steikarpönnu. Takmörkuð gögn máls þessa sýna ekki fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Það breytir ekki ofanrituðu þó að atvik máls þessa voru ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu. Atvik virðast vera ljós í meginatriðum.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 21. júní 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 202/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/slysátryggingar ökumanns****Umferðaróhapp 2910. 2009, M sofnaði undir stýri og ók út af vegi.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 18.05. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 06.06. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M ók bifreið sinni út af vegi sbr. gögn málsins. M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Vátryggingafélagið hefur skert bótarétt tjónþola úr slysátryggingu ökumanns og eiganda um 1/3 vegna stórkostlegs gáleysis ökumanns. Félagið vekur athygli í umfjöllun sinni á að úrskurðarnefndin hafi þegar fallist á í úrskurði 245/2010 að háttsemi ökumannsins þ.e. að sofna undir stýri teljist vera stórkostlegt gáleysi og að félaginu hafi verið heimilt að skerða bætur úr kaskótryggingu um 1/3 hluta. Engin ný gögn hafi verið lögð fram sem ættu að breyta þeirri niðurstöðu að álitu félagsins.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þykir rétt að skerða bótarétt tjónþola um 1/3 hluta sakar sbr. 2. mgr. 88. gr. sbr. 2. mgr. 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Atvik máls þessa þykir mega rekja til stórkostlegs gáleysis ökumanns, líkt og vátryggingafélagið heldur fram.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi sem nemur 2/3 hlutum.

Reykjavík 21. júní 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 205/2011
M
og
vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar launþega.

Ágreiningur um glötun bótaréttar skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Gögn.

100. Málskot, móttækið 19.5.2011, ásamt fylgigögnum.

101. Bréf X, dags. 6.6.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 22.4.2009 rakst M á vinnufélaga sinn er hann hljóp fyrir húshorn á vinnustað þeirra. Við það hlaut M áverka á vinstra hné. Hann leitaði samdægurs á slysa- og bráðadeild Landspítalans. M kom aftur á deildina fjórum dögum síðar, 26.4.2009, og greindist þá með CT mynd af hnénu örlítil „compression á lateral condylnum.“ Brotið virtist ekki ná í gegnum beinið þar fyrir neðan. Í niðurstöðukafla læknisvottorðs frá slysa- og bráðadeildinni segir að reikna megi með að M hafi haft óþægindi í 4-6 mánuði og áverkar eins og M fékk geti flýtt fyrir sliti í hnélið. M leitaði þann 7.5.2009 til B bæklunarlæknis. Í læknisvottorði hans segir að M hafi fengið áverka á liðflöt hnésins svo reikna megi með að hann verði hálf til eitt ár að ná sér í hnénu. Einnig sé hætt við að svona áverkar flýti fyrir sliti í liðnum.

Með tjonstilkynningu, dags. 15.11.2010, krafðist M bóta úr slysatryggingu launþega sem vinnuveitandi hans hafði keypt hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu þar eð meira eitt ár var liðið frá því M vissi um kröfu sína er hann tilkynnti X um hana með tilkynningunni 15.11.2010.

Álit.

Af gögnum málsins þykir mega ráða að ágreiningur aðila snúist einungis rétt M til bóta fyrir varanlega læknisfræðilega örorku af völdum slyssins en ekki til greiðslu dagpeninga vegna tímabundins missis starfsorku.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 glatar sá rétti til bóta úr slysatryggingu ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Eins og að framan greinir er í fyrirbyggjandi læknisvottorðum gert ráð fyrir að M hafi óþægindi í hnénu í 4-6 mánuði ellegar að hann verði í hálf til eitt ár að ná sér í hnénu. Í ljósi þessa verður ekki unnt að fullyrða að það hafi verið fyrr en að liðnu einu ári frá slysinu sem M hafi getað gert sér grein hvort hann muni búa við varanleg einkenni af völdum slyssins. Þegar X var tilkynnt um slysið 15.11.2010 var því ekki eitt ár liðið frá því M fékk vitneskju um þau atvik sem hann byggir kröfu sína á. Hann hafði því ekki glatað bótarétti sínum.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir varanlega læknisfræðilega örorku úr slysatryggingu launþega hjá X.

Reykjavík, 21. júní 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 207/2011
M
og
vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar launþega.

Ágreiningur varðandi glötun bótaréttar skv. 1. mgr. 124. gr. vátryggingarsamningalaga.

Gögn.

102. Málskot, móttakið 20.5.2011, ásamt fylgigögnum.

103. Athugasemdir af hálfu X, dags 1.6.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 30.4.2008 lenti M í umferðarslysi er annarri bifreið var ekið aftan á bifreið sem M ók og við það kastadist bifreið M aftan á bifreið fyrir framan hana. Við slysið hlaut M einkum tognun á hálsi. M leitaði samdægurs á slysa- og bráðadeild Landspítalans þar sem tognunin var greind. Hinn 2.9.2008 leitaði M til B bæklunarskurðlæknis. Í vottorði hans, dags. sama dag, segir að M hafi orðið fyrir áverka á háls við aftanákeyrslu. Þennan dag hafi hún verið með talsverð einkenni frá hálsi og höfuðverk. Við skoðun sé hún með eymsli og hreyfiskerðingu en eðlilega taugaskoðun. Þá segir að einkenni þessi komi að öllum líkindum til með að há henni í framtíðinni bæði í daglegu lífi og við vinnu. Ekki sé líklegt að frekari meðferð breyti miklu um einkenni. Með matsgerð, dags. 2.3.2011, var varanlegur miski metinn til 15 stiga og varanleg örorka 20%. Heilsufar M taldist hafa verið orðið stöðugt 30.6.2008. Hinn 16.6.2008 veitti M lögmanni umboð til að gæta hagsmuna sinna gagnvart „þeim sem málið kann að beinast gegn vegna umferðarslyss sem ég varð fyrir þann 30. apríl 2008...“ Í umboðinu er þess getið að M hafi m.a. orðið fyrir meiðslum á baki og hálsi.

M hefur krafist bóta úr slysatryggingu launþega sem vinnuveitandi hennar hafði keypt hjá vátryggingafélaginu X. Var kröfunni komið á framfæri með tjónstilkynningu sem móttekin var hjá X hinn 28.8.2009. X kveður að þá hafi meira en eitt ár verið liðið frá því M fékk fyrst vitneskju um þau atvik sem krafan byggðist á, en það hafi gerst er hún veitti lögmanni sínum umboð. Hún hafi því glatað bótarétti sínum, sbr. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga (vsl.), og var kröfu hennar hafnað.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. vsl. glatar sá rétti til bóta úr slysatryggingu ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Þótt M hafi veitt lögmanni umboð til hagsmunagæslu fyrir sína hönd í júní 2008 eða um einum og hálfum mánuði eftir slysið er ekkert sem gefur tilefni til að ætla að henni hafi verið ljóst á því tímamarki að hún byggi við varanlegar afleiðingar af völdum slyssins. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að M hafi fengið vitneskju um að einkenni hennar væru varanleg fyrr en hún kom til skoðunar hjá B bæklunarskurðlækni 2.9.2008. Þegar tilkynning um tjónið barst X 28.8.2009 var því ekki liðið eitt ár frá því M fékk vitneskju um þau atvik sem krafa hennar er reist á. Hún hefur því ekki glatað rétti sínum til bóta úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr slysatryggingu launþega hjá X.

Reykjavík, 21. júní 2011.
Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 209/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/frítímaslysátryggingar****Meiðsl við fall 06.02. 2006.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 20.05. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 24.05. 2011, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu. M kveðst hafa verið að teygja sig eftir vídeospólu uppí hillu á heimili sínu en misst jafnvægið og fallið niður með þeim afleiðingum að hann hlaut meiðsl sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Félagið telur að ekki hafi verið um utanaaðkomandi atburð að ræða í tilviki M. Ekki er um að ræða utanaaðkomandi atburð sem olli slysinu. Í annan stað vísar félagið og til þess að það telur að orsakatengsl séu milli drykkju M og slyssins sbr. umfjöllun félagsins.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að M hafi orðið fyrir slysi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Þá virðast orsakatengsl vera á milli neyslu áfengis og óhapps M.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 21. júní 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 210/2011**M
og
vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar launþega.****Ágreiningur varðandi glötun bótaréttar skv. 1. mgr. 124. gr. vátryggingasamningalaga.****Gögn.**

104. Málskot, móttakið 20.5.2011, ásamt fylgigögnum.

105. Bréf X, dags 24.5.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 23.9.2006 féll M úr klifurgrind og hlaut við það áverka á vinstri ganglim, þ.e. brot inn í hnélið og tognunaráverka á ökkla og gekkst undir aðgerð á hnéliðnum strax í kjölfarið. Samkvæmt matsgerð, dags. 6.4.2009, var varanleg læknisfræðileg örorka M af völdum slyssins metin 17%.

Með tjónstilkynningu, mótttekinni hjá vátryggingafélaginu X hinn 10.11.2010, krafðist M bóta úr slysatryggingu launþega hjá X. X hafnaði bótaskyldu þar sem M hafði glatað rétti sínum til bóta þar sem meira en ár var liðið síðan M vissi um þau atvik sem krafa hennar er reist á, sbr. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. vsl. glatar sá sem á rétt til bóta úr slysatryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Í kjölfar slyssins 2006 gekkst M undir aðgerð þar sem brot í hnéliðnum var fest saman og skrófað með tveimur skrúfum sem síðar voru fjarlægðar. Varanleg örorka M var svo metin 6.4.2009. Í síðasta lagi þann dag mátti henni vera ljóst að hún byggi við varanlegar menjar af völdum slyssins. Slysið var svo tilkynnt X þann 10.11.2010. Var þá meira en ár liðið frá því M vissi um þau atvik sem krafa hennar er reist á. Af því leiðir að réttur hennar til bóta úr slysatryggingunni telst vera glataður.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega hjá X.

Reykjavík, 14. júní 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 211/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar launþega og frjálsrar ábygðartryggingar
hraðfrystistöðvar****Vinnuslys 16.01. 2003 við úrtak við flæðilínu, ágreiningur um orsakatengsl og bótaskyldu.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 16.05. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 25.05. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M heldur því fram að vátryggingartaki hafi ekki uppfyllt skyldur sínar við að tryggja starfsfólki öruggar aðstæður og góðan aðbúnað sbr. umfjöllun í málskotinu. M vann við fiskverkun og stóð við flæðilínu.

Vátryggingafélagið hafnar því að vinnuveitandinn hafi sýnt af sér saknæma háttsemi, það telur að hann beri ekki skaðabótaábyrgð á tjóni M.

Félagið vísar til þess að M hafi starfað við fiskvinnsluna í a.m.k. 2 ár. Hún hafi oft unnið við þetta færiband áður og því fullkunnugt um aðstæður. Það hafi verið óvarlegt af M að smeygja hendi undir öryggishlífina og þar niður með færibandinu til að ná í aðskotahlut með þeim afleiðingum að höndin klemmdist undir valsinum.

Félagið telur orsakatengsl ósönnuð í máli þessu þ.e. milli slyssins og þeirra áverka sem M hefur lýst eftir að hafa leitað til læknis í september 2010. Engar færslur um meiðsl M sé að finna frá 2003 fyrr en á árinu 2010. Félagið telur ósannað að orsakatengsl séu fyrir hendi.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirra vátrygginga sem hér um ræðir.

Osakatengsl eru ósönnuð milli áverka sem M lýsir á árinu 2010 og slyssins árið 2003.

Ekki hefur verið sýnt fram á að rekja megi umrætt slyss til vanrækslu eða aðstæðna sem vátryggingartaki (vinnuveitandi M) ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 14. júní 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 212/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið X v/B****Árekstur við bifreiðaplan við Nettó í Reykjanesbæ 20.06. 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 20.05. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 01.06. 2011 ásamt fylgiskjölum.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 06.06. 2011 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélag A telur að áreksturinn hafi orðið á bifreiðastæði við Krossmóa, milli verslunarhúsa sem þarna eru. Félagið telur að akleið sem ágreiningur er um sé ekki sambærileg við akleið sem liggur milli Skeifunnar og Fákafens í Reykjavík. Þeir sem eiga erindi þarna eru þeir sem eiga erindi í verslanir við Krossmóa 2 og 4 sem þarna eru en ekki um akleið líkt og í tilviki Skeifunnar. Félagið telur að ökumanni B hafi borið að veita umferð frá hægri hönd forgang við akstur á bifreiðastæðinu sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

Vátryggingafélag B telur að þrátt fyrir að akbrautin sé innan lóðarmarka sé hún notuð til almennrar umferðar milli Frekjunnar og Njarðarbrautar og bifreiðastæðin við akrautina skilmerkilega afmörkuð. Félagið telur að A eigi að bera ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir B. A hafi verið ekið af bifreiðastæði í veg fyrir B sem hafi verið á akbraut sem notuð er til almennrar umferðar.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum. Ökumanninum bar að veita A, sem kom frá hægri, forgang sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga líkt og vátryggingafélag A heldur fram.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 21. júní 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 217/2011

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á bifreiðastæði við verslunina Bónus á Austurvegi á Selfossi þann 29.4.2011.**Gögn.**

106. Málskot, móttækið 25.5.2011, ásamt fylgigögnum.

107. Bréf X, dags. 7.6.2011, ásamt fylgigögnum.

108. Bréf Y, dags 10.6.2011.

Málsatvik.

Bifreiðunum A) og B var ekið aftur á bak úr stöðureitum sem voru sitt hvoru megin við akleið eftir bifreiðastæðinu. Ekið er á ská inn í stöðureitina af akleiðinni. Rákust þá saman aftanverð vinstri hlið A og hægra framhorn B.

Ökumaður A kvað A hafa verið kyrrstæða og hafi hann verið að undirbúa að aka af stað þegar B var bakkað úr stöðureitnum. Ökumaðurinn kvaðst hafa flautað til viðvörunar en án árangurs.

Ökumaður B kvaðst hvergi hafa séð ummerki um ferðir A þegar hann hafi byrjað að bakka úr stöðureitnum né heldur heyrt flaut frá A. Enginn af farþegum í B hafi heldur orðið var við ferðir A eða heyrt flaut frá henni. Kvað ökumaður B að sér hafi fundist ökumaður A hafa byrjað að bakka stuttu á eftir sér og hafi bakkað aðeins hraðar og verið kominn lengra aftur á bak þegar áreksturinn varð.

Álit.

Ökumaður A kvaðst hafa verið að leggja af stað áfram eftir akleiðinni á milli stöðureitanna, þegar B hafi verið bakkað á A. Ökumaður B vissi ekki af ferðum A né að hún væri fyrir aftan B þegar áreksturinn varð. Ökumaður B sýndi því ekki þá varkárni sem af honum mátti krefjast er hann ók aftur á bak úr stöðureitnum, sbr. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Hann ber því sök á árekstrinum. Eins og málið liggur verður að telja ósannað að áreksturinn verði rakinn til þess að ökumaður A hafi sýnt óvarkárni er hann bakkaði úr stöðureitnum. Eru því ekki næg efni til að leggja á hann sök vegna árekstursins.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 21. júní 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 222/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/slysátryggingar launþega****Meiðsl við fall í bílagryfju 16.11. 2010, ágreiningur hvort um slys hafi verið að ræða samkvæmt skilgreiningu vátryggingarskilmála.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 26.05. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 20.06. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var við vinnu sína, hann mun hafa verið að stilla upp búnaði til þess að kvarða ljósstillingartæki í vörubílagryfju. Hann mun hafa staðið við enda gryfjunnar og sneri baki í gryfjuna. Í tjónstilkynningu segir m.a. "...sneri baki í gryfjuna þegar heyrðist lág stunda og hann féll aftur á bak niður í gryfjuna og lenti á bakinu." Þá segir í læknisvottorði, dags. 14.02. 2011 m.a. ".....Er hokinn við vinnu sína niður við gólf og maður með honum. Hann reisir sig upp og réttir honum málband en eins og hann missi meðvitund og fellur aftur á bak ofan í gryfjuna..."

Vátryggingafélagið telur bótaskyldu ekki fyrir hendi. Ekki hafi verið um slys að ræða sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að rekja megi óhapp M til slyss.

Fyrirliggjandi er m.a. frásögn vitnis sem getið er í skýslu lögreglu, dags. 07.12. 2010. Fram kemur m.a. "Hann sagði M hafa staðið við gryfjuna og dæst og fengið aðsvif og skömmu síðar hafi hann fallið afturfyrir sig og niður í gryfjuna..."

Fyrirliggjandi gögn gefa til kynna að rekja með fall M til þess að hann hafi fengið aðsvif. Hér er því ekki um skyndilegan utanaðkomandi atburð að ræða líkt og krafist er samkvæmt vátryggingarskilmálum. Atvikið á rætur sínar að rekja til innri orsaka í líkama M. Enginn utanaðkomandi atburður olli því falli M.

Röksemdafærsla M í málskotinu breytir ekki ofanritaðri niðurstöðu.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 28. júní 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 223/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar****Umferðaróhapp 09.04. 2011, ágreiningur um skerðingu bótagreiðslu.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 26.05. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 07.06. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ökumaður bifreiðarinnar missti stjórn á bifreið sinni í beygju og ók á ljósastaur. Blautt var. Vátryggingafélagið telur að bifreiðin hafi verið vanbúin með hliðsjón af slitnum hjólbörðum.

Vátryggingafélagið hefur skert bótarétt M um 25% sökum þessa. Félagið vísar til varúðarreglu skv. vátryggingarskilmálum.

M er ósammála skerðingu á bótarétti sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja fullvíst að bifreiðin hafi verið vanbúin til aksturs sökum slitinna hjólbörða. Telja má verulegar líkur á því að ástand bifreiðarinnar og of mikill ökuhraði hafi átt sinn þátt í að ökumaðurinn missti vald á bifreið sinni. Með hliðsjón af ofanrituðu, vátryggingarskilmálum og lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 þykir rétt að skerða bótarétt M um 25%, líkt og vátryggingafélagið heldur fram.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir sem nemur 75%.

Reykjavík 28. júní 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 225/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/starfsábyrgðartryggingar lögmanns,****Ágreiningur um hvort lögmaður hafi brugðist starfsskyldum sínum gagnvart umbjóðanda.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 30.05. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 09.06. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M telur að umræddur lögmaður hafi brugðist starfsskyldum sínum með því að taka við bótagreiðslu á árinu 2007 til handa M, á grundvelli samkomulags við tiltekið vátryggingafélag (T), án fyrirvara. Lögmaðurinn hafi sýnt stórkostlegt gáleysi og bakað M tjóni.

Vátryggingafélagið X telur ósannað að krafa M sé réttmæt. M hafi ekki sannað tjón sitt. Félagið vísar m.a. til þess að áður en lögmaðurinn gekk frá samkomulagi við T, fyrir hönd M, hafi hann borið samkomulagið undir M og aflað sérstaks samþykkis hans. M hafi veitt lögmanninum samþykki sitt sbr. fyrirliggjandi tölvupóst sem barst lögmanninum 02.03. 2007. Vátryggingartaki þ.e. lögmaðurinn hafi haft fullt umboð til þess að ljúka því máli. Félagið hafnar því að sýnt hafi verið fram á að lögmaðurinn hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Það að taka við greiðslu án fyrirvara geti ekki eitt og sér talist vera grundvöllur fyrir því að skaðabótaskylda hafi stofnast. Það þurfi að liggja fyrir að þriðji maður hafi orðið fyrir almennu fjártjóni sem rakið verður til skaðabótaskyldrar háttsemi af hálfu vátryggingartaka sjálfs eða starfsmanna hans. Félagið telur að M hafi hvorki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir almennu fjártjóni né saknæma háttsemi af hálfu vátryggingartaka. Félagið hafnar því bótaskyldu.

M telur bótskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að lögmaðurinn hafi vanrækt starfsskyldur sínar þrátt fyrir að hann hafi gert samkomulag við vátryggingafélag fyrir hönd M í mars 2007 um lokagreiðslu þar sem fram kom að “allar kröfur vegna málsins séu að fullu greiddar”.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 21. júní 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 226/2011
M
og
vátryggingafélagið X v/ starfstryggingar.

Ágreiningur um greiðslu vaxta af bótum úr starfstryggingu.

Gögn.

109. Málskot, móttakið 30.5.2011.2011, ásamt fylgigögnum.

110. Bréf vátryggingamiðlunarinnar V, dags. 1.6.2011, ásamt fylgigögnum.

111. Bréf lögmannsstofu, dags. 18.7.2011.

Málsatvik.

M er sendibifreiðarstjóri að atvinnu. Hann er þátttakandi í hóptryggingu, svonefndri starfstryggingu, sem keypt er fyrir tilstilli vátryggingamiðlunarinnar V af breska vátryggjandanum X. Hinn 22.1.2009 slasaðist M á vinstri öxl og hefur verið metinn 100% óvinnufær til að starfa sem sendibifreiðarstjóri. Fyrirliggjandi tjonstilkynning á eyðublaði frá V er dags. 27.1.2009. Með 14 greiðslum á tímabilinu 6.3.2009 til 26.1.2010 voru M greiddar alls 4.842.857 krónur inn á tjónið og þann 1.2.2011 voru greiddar eftirstöðvar höfuðstóls bótanna, 17.085.714 krónur. X virðist á hinn bóginn hafa hafnað greiðslu vaxta af bótunum skv. 1. mgr. 123. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Á það hefur M ekki fallist.

Af hálfu X er því haldið fram að hann hafi „óskað án tafar eftir því að aflað væri matsgerðar, þannig að unnt væri að leggja mat á greiðsluskyldu hans.“ Slíkt mat hafi hins vegar ekki legið fyrir en 31.8.2010. M hafi ekki hlutast til um að afla þess þrátt fyrir áskoranir af hálfu X. Af þessum sökum sé X ekki skylt að greiða vexti þann tíma sem leið vegna tafa á afhendingu matsgerðarinnar.

Álit.

Í vátryggingarskilmálum, sem gilda um vátrygginguna, segir að vátryggingarsamningurinn lúti íslenskum lögum og beri að túlka hann samkvæmt þeim. Um samninginn gilda því ákvæði laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Samkvæmt 1. mgr. 123. gr. þeirra laga skal félagið greiða almenna vexti af bótum eða vátryggingarfjárhæð þegar liðnir eru tveir mánuðir frá því að tilkynning um vátryggingaratburð var send því.

Engin gögn hafa verið lögð fram til stuðnings þeirri staðhæfingu X að óskað hafi verið eftir því að aflað væri matsgerðar án tafar. Þá hefur ekkert komið fram í lækisfræðilegum gögnum málsins sem bendir til að unnt hefði verið að afla matsgerðarinnar mikið fyrir en gert var. Verður að telja ósannað samkvæmt gögnum málsins að tafir hafi orðið við öflun matsgerðar vegna atvika sem M verður kennt um eða að réttur hans til vaxta skuli af öðrum ástæðum takmarkast vegna fyrirmæla 3. mgr. 123. gr. laganna. Hann telst því eiga rétt til vaxta af bótunum skv. 1. mgr. 123. gr. vsl.

Niðurstaða.

M á rétt á vöxtum skv. 1. mgr. 123. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 af bótum úr starfstryggingu hjá X.

Reykjavík, 3. ágúst 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 229/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar verslunar****Meiðsl í verslun 30.03. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 31.05. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 07.06. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var staddur í umræddri verslun. Starfsmaður verslunarinnar mun hafa rekist utan í M þannig að M bar fyrir sig höndina til að verjast falli fyrir framan afgreiðsluborð en við það mun M hafa fingurbrotnað sbr. fyrirliggjandi gögn.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur að hér hafi verið um óhappatilvik að ræða.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er bótaskylda fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Það var óvarlegt af starfsmanni verslunarinnar að rekast utan í M (viðskiptavin). Því hefur ekki verið andmælt að tiltekinn starfsmaður verslunarinnar rakst utan í M við afgreiðsluborð með þeim afleiðingum sem um ræðir.

Ekki er unnt að fallast á að einungis hafi verið um óhappatilvik að ræða. Telja verður að óhapp máls þessa megi rekja til gáleysis starfsmanns verslunarinnar.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 28. júní 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 233/2011**Vasyl Motrevyck (M)****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Y v/B****Árekstur Vesturlandsvegi við Ártún 03.01. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 07.06. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 24.06. 2011.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 27.06. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. A mun hafa verið ekið af akrein lengst til hægri og skipt um akrein, B var síðan ekið aftan á hana. M.a. er haft eftir ökumanni B að hann hafi ekki verið að fylgjast með umferð því hann hafi verið að skipta um geisladisk. Ökumaðurinn gerir athugasemd við skýrslu lögreglu varðandi þetta atriði.

Vátryggingafélag A telur að leggja skuli alla sök á B, en vátryggingafélag B telur að ökumaður A eigi að bera ábyrgð á árekstrinum sbr. umfjöllun félaganna í gögnum málsins.

Tjónanefnd vátryggingafélaganna lagði alla sök á ökumann A sem hafi skipt um akrein í veg fyrir B.

Óþarft er að geta umfjöllunar M í málskotinu. Hann kveðst ekki hafa ekið í veg fyrir A.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum fyrir að huga ekki nægjanlega að þeirri umferð sem á undan fór, vegna þessa ók hann á A. Frumskýrsla lögreglu verður lögð til grundvallar við afgreiðslu máls þessa.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 7. júlí 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 234/2011

M

og

Vátryggingafélagið X v/A

og

Vátryggingafélagið Y v/B – bifhjól

Árekstur Nýbýlavegi við Dalveg þann 05.05. 2011.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 07.06. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 27.06. 2011.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 25.06. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélag A telur að báðir ökumenn hafi ekið ógætilega í umrætt sinn.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A eigi að bera ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir bifhjólið B, er hann skipti um akrein.

Óþarft er að geta umfjöllunar M í málskotinu. Hann kveðst ekki hafa ekið í veg fyrir B. M gerir m.a. athugasemd við afstöðumynd tjónstilkynningar.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að huga ekki nægjanlega að annarri umferð. Lagt er til grundvallar að A hafi ekið í veg fyrir B. Hann ber því ábyrgð á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 19. júlí 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 236/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/A og B****Árekstur Reykjavíkurvegi 02.06. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 08.06. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 24.06. 2011, þar sem hjálagt fylgdu athugasemdir B vegna málskotsins og prentaðar ljósmyndir.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið í sömu átt og var A á undan B. Ágreiningur er um hvort A hafi verið að taka U-beygju í umrætt sinn eða hvort um aftanákeyrslu hafi verið að ræða. U-beygja er óheimil á umræddum stað.

Tjónanefnd vátryggingarfélaganna vísaði til þess að A hafi ákveðið að taka U-beygju við enda á umferðareyju yfir óbrotna miðlínu og við það lendir B aftan á A. Ökumenn greinir á um aðdraganda árekstursins. Af gögnum megi ráða að rétt sé að leggja alla sök á A sem hafi tekið U-beygju með röngum hætti þar sem slík beygja er bönnuð.

Óþarft er að geta umfjöllunar M í málskotinu en hann hafnar því að hann hafi tekið U-beygju, hann hafi verið að athuga hvort slík beygja hafi verið möguleg.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að undirbúa mögulega U-beygju á þeim stað sem slík beygja er óheimil.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 7. júlí 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 237/2011

M v/bifreiðar

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðarliðs fjölskyldutryggingar

Skemmdir á bifreið 20.05. 2011.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 08.06. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 27.07. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Sonur vátryggingartaka 8 ára mun hafa unnið skemmdarverk á umræddri bifreið ásamt fleiri bifreiðum sbr. fyrirliggjandi gögn. Hann mun hafa notað stein til að rispa margar bifreiðar þann 20.05. 2011.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Félagið telur að dregnum hafi mátt vera ljóst að hann var að valda tjóni á bifreiðunum og að hann hafi mátt gera sér grein fyrir afleiðingum gjörða sinna, “enda blasti afleiðingin við jafnharðan á viðkomandi bifreiðunum”. Hér hafi verið um ásetning að ræða. Félagið telur ekki rétt að meta háttsemi hans sem gáleysi og heldur ekki sem stórkostlegt gáleysi í skilningi laga um vátryggingarsamninga eða skilmála.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er bótaskylda fyrir hendi. Fallist er á röksemdafærslu M. Í þessu sérstaka tilviki verður að telja að drengurinn hafi ekki gert sér fulla grein fyrir afleiðingum gjörða sinna og að hér hafi verið um gáleysisverknað að ræða.

Ofanritað er í samræmi við fyrirkomulag þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 9. ágúst 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 240/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/bifreiðarinnar A****Ágreiningur um afleiðingar meiðsla við árekstur þann 26.02. 2009.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 09.06. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 22.06. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur máls þessa er um afleiðingar slyss sem M varð fyrir sbr. fyrirliggjandi gögn.

M ók bifreið sinni eftir bifreiðastæði þegar bakkað var í hlið bifreiðar hans.

Vátryggingafélagið telur ósannað að orsakatengsl séu milli óhappsins og þeirra eymsla sem M kvartar undan.

M vísar m.a. til matsgerðar læknis og lögmanns, dags. 30.06. 2010, þar sem fallist er á orsakatengsl séu á milli áverka M og slyssins (5 stig til miska og 5% til varanlegrar örorku). Þeirri matsgerð hafi ekki verið hnekkt. M hafi strax leitað á slyssadeild sbr. fyrirliggjandi gögn. M hafi ekki haft fyrri sögu af einkennum frá öxl eða hálsi.

Álit

Með matsbeiðni, dags. 11.06. 2010, fór lögmaður M og vátryggingafélagið fram á að tiltekinn læknir og tiltekinn lögmaður myndu meta afleiðingar líkamstjóns M að teknu tilliti til skaðabótalaga nr. 50/1993, með síðari breytingum. Þá var þess óskað að metin verði orsakatengsl milli slyss og einkenna og hvort þörf sé á sjúkraþjálfun í framtíðinni sbr. nánar fyrirliggjandi gögn. Í niðurstöðu matsmanna, dags. 30.06. 2010, segir m.a. að þeir telja að M hafi “hlotið hálstögnun í umferðarslysinu 26.02. 2009 og að núverandi einkenni frá hálsi og herðum sé að rekja til þessa”.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er nægjanlega upplýst að M hafi orðið fyrir meiðslum í umrætt sinn líkt og fram kemur í fyrirliggjandi matsgerð. Fyrirliggjandi matsgerð hefur ekki verið hnekkt þrátt fyrir framkomna skýrslu Aðstoðar og öryggis efh., dags. 19.11. 2010.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 16. ágúst 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 251/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Y v/B****Ekið á hurð bifreiðar 31.01. 2009.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 14.06. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 28.07. 2011, ásamt fylgiskjölum.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 06.07. 2011, ásamt afstöðu B.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um hvort hurð bifreiðar A hafi verið opnuð í veg fyrir B eða hvort B hafi ekið á opna hurð bifreiðarinnar.

Vátryggingafélag A telur að leggja skuli alla ábyrgð á ökumann B sem gætti ekki að umferð í kringum sig áður en hann ók aftur á bak.

Vátryggingafélag B vísar til niðurstöðu tjonanefndar vátryggingafélaganna sem lagði alla sök á A. Óþarft er að geta umfjöllunar M í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er sök skipt til helminga. Hvorugur aðila gætti nægjanlegrar varúðarskyldu. Ökumaður B gætti ekki nægjanlega að mögulegri annarri umferð og hurð A var opnum ógætilega í veg fyrir B. Ekki þykir rétt að gera upp á milli aðila.

Niðurstaða.

Helmingaskipti.

Reykjavík 9. ágúst 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 254/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs vegna vegagerðarinnar****Skemmdir á bifreið sem ekið var á grjót þann 16.12. 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot mótttekið 14.06. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 29.06. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M ók bifreið sinni um Kambanesskriður þegar óhappið varð. Grjót hafði fallið á veginn en veður var með þeim hætti að snjóskóf var sem byrgði ökumanni sýn sbr. fyrirliggjandi gögn.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Félagið telur að tjónsatburð máls þessa megi fyrst og fremst rekja til gáleysis M við akstur bifreiðarinnar sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er ósannað að rekja megi tjónsatburð máls þessa til sakar vegagerðar eða starfsmanna sem hún ber ábyrgð. Virðist sem M hafi ekki hugað nægjanlega að því sem framundan var í umrætt sinn. Telja verður að M hafi mátt eiga von á því að grjóthrun gæti hafa átt sér stað þegar ekið er meðfram fjallshlíðum. Alls er ósannað að vegagerðin beri sakarábyrgð í máli þessu. Það breytir ekki ofanrituðu þó að aðvörunarmerki voru ekki til staðar í umrætt sinn.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 3. ágúst 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 259/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar ökumanns****Meiðsl þegar unnið var við umfelgun bifreiðar 21.12. 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 16.06. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 07.07. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum var M að umfelga dekk á vinnubíl þegar dekkið sprakk og felgan spýttist í hægri hönd M sbr. fyrirliggjandi gögn.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Samkvæmt umferðarlögum skal slysatrygging ökumanns tryggja bætur fyrir líkamstjón af völdum slyss sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækisins enda verði slysið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 88. gr. umferðarlaga. Félagið telur að slys sem verða við vinnu við kyrrstæðar bifreiðar verði almennt ekki flokkuð sem tjón af völdum ökutækis. M hafi verið að umfelga dekk. Bifreiðin hafi verið kyrrstæð og vélin ekki í gangi. Að auki sé ekki unnt að umfelga dekk nema að taka það undan bifreið. Hjólbarðinn (dekkið) og felgan séu þannig ekki lengur í beinum tengslum við bifreiðina þegar unnið er við umfelgun.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er bótaskylda ekki fyrir hendi. Fallist er á röksemdafærslu vátryggingafélagsins. Meiðsl af völdum vinnu við umfelgun fellur utan við bótasvið slysatryggingar ökumanns. Ósannað er að rekja megi tjónsatvik máls þessa til notkunar bifreiðarinnar í merkingu 88. gr. umferðarlaga.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 9. ágúst 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 265/2011**M****og****vátryggingafélagið X v/ húseigendatryggingar íbúðarhúsnæðis.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum vatnsleka.****Gögn.**

112. Málskot, móttækið 22.6.2011, ásamt fylgigögnum.

113. Bréf X, dags. 6.7.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M hefur húseigendatryggingu íbúðarhúsnæðis hjá vátryggingafélaginu X vegna húseignar sinnar að H. Þann 6.1.2010 var haft samband við X vegna vatnsleka og rakaskemmda í H. Aðstæður voru skoðaðar af tjónamatsmanni X sem naut aðstoðar pípu­lagningamanns. Komst pípu­lagningamaðurinn að því að leiðslur hússins voru ekki lekar, heldur var stífla í gegnumstreymisvatnslás í gólfi baðherbergis á efri hæð. Þann 13.5.2011 var aftur haft samband við X þar sem rakaskemmdir voru farnar að aukast. Voru aðstæður þá skoðaðar að nýju af tjónaskoðunarmanni X og pípu­lagningamanni. Við athugun á sturtuklefa á efri hæðinni kom í ljós að við notkun sturtunnar átti vatn greiða leið niður á gólf á milli veggja og sturtubotnsins. Þaðan mun svo vatnið hafa lekið niður á neðri hæðina og valdið þar auknum skemmdum.

Telur M að skoðunarmenn á vegum X hafi sýnt vanrækslu og gáleysi þegar aðstæður voru skoðaðar í fyrra skiptið með því að ganga ekki nægilega úr skugga um orsök vatnslekans. Telur M að X beri því skaðabótaábyrgð á tjóninu sem hann varð fyrir af völdum vatnslekans.

Álit.

Svo virðist sem um það sé ekki deilt að tjón M sé ekki bótaskyldt úr húseigendatryggingunni samkvæmt skilmálum hennar. Þótt vera kunni að stífla í gegnumstreymisvatnslás hafi ekki verið eina orsök vatnslekans sem greindist í H í ársbyrjun 2010 þá verður ekki séð að tjónaskoðunarmaður og pípu­lagningamaður, sem komu þá á vettvang á vegum X, hafi beinlínis haft þær skyldur að kanna til hlítar hver væri orsök lekans fyrst ekki var um að ræða tjón sem skyldi bætast úr húseigendatryggingunni. Þá verður heldur ekki séð að þeim hafi að öðru leyti orðið á mistök í störfum sínum sem leitt geti til skaðabótaábyrgðar X gagnvart M. Að svo vöxnu telst tjónið ekki vera bótaskyldt.

Niðurstaða.

Bótaskylda X er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 16. ágúst 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 268/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrðartryggingar malarvinnslu****Vinnuslys 09.06. 2006 við fall í holu.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 24.06. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.07. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var við vinnu sína. Starfsmenn malarvinnslu voru að steypa undirstöður undir línustur á Reyðarfirði. Um miðjan dag mun M hafa verið á gangi á brún stórrar og djúprar holu á vinnusvæðinu, þegar kantur holunnar gaf sig og M féll niður um 4 metra og hlaut meiðsl af.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotunu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun í bréfi til nefndarinnar. Það telur að fall M verði ekki rakið til saknæmrar og ólögætrar háttsemi vátryggingartaka eða starfsmanna eða annarra atvika eða aðstæðna sem vátryggingataki ber skaðabótaábyrgð á.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er bótaskylda ekki fyrir hendi. Fallist er á röksemdafærslu vátryggingafélagsins. Ósannað er að meiðsl M verði rakin til saknæmrar og ólögætrar háttsemi vátryggingartaka eða starfsmanna eða annarra atvika eða aðstæðna sem vátryggingartaki ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 9. ágúst 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 270/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/frítímaslysátryggingar****Slys á göngu áleiðis upp Fimmvörðuháls 01.04. 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 27.06. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 04.07. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotunu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun í bréfi til nefndarinnar. Það telur að umrætt slys hafi ekki verið í frítíma. Almennt séu björgunarstörf björgunarsveita unnin í vinnutíma sbr. fyrirliggjandi gögn. Félagið vekur og athygli á því að björgunarsveitunm beri skylda til að slysátryggja björgunarsveitarmenn sína sbr. 5. gr. laga um björgunarsveitir nr. 43/2003. Tekur þetta undir þá afstöðu félagsins að ekki sé um frítímaslys hjá björgunarsveitarmönnum að ræða þegar þeir vinna störf sín sem slíkir.

Álit

M mun hafa verið á göngu upp á Fimmvörðuháls til þess að skoða eldgos þegar han rann til og snéri sig á vinstri ökkla þannig að ökklinn brotnaði.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. vátryggingarskilmálum er bótaskylda fyrir hendi. Slys í frítíma við frístundaiðju er ekki undanskilin áhætta samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 9. ágúst 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 271/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Y v/B****Árekstur 26.02. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 26.06. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 11.07. 2011.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 19.07. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Árekstur varð á bifreiðastæði við Grýtubakka 26-32. Bifreiðarnar mættust á bifreiðastæðinu en ökumaður A hafði B sér á hægri hönd.

Tjónanefnd vátryggingarfélaganna lagði alla sök á ökumann A sem hafi átt að veita umferð frá hægri forgang.

Óþarft er að geta umfjöllunar M í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstinum. Honum bar að veita umferð frá hægri forgang. Þessa gætti hann ekki.

Miðað við fyrirliggjandi gögn er ekki tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann B.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 16. ágúst 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 27/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/frjálsrar ábyrgðartryggingar atvinnureksturs verslunar B****Meiðsl við fall um vínber á gólfi verslunar þann 16.05. 2009.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 24.01. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 27.01. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M rann til og féll er hún steig á vínber á gólfi matvöruverslunar.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur ósannað að slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi af hálfu vátryggingartaka.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er ósannað að rekja megi slys M til saknæmrar háttsemi vátryggingartaka (starfsmanna hans eða aðstæðna sem hann ber skaðabótaábyrgð á). Hér virðist hafa verið um óhappatilvik að ræða. Viðskiptavinir matvöruverslunar verða að gera ráð fyrir því t.d. að væta eða ávextir geti borist á gólf verslunar. Mikilvægt er að slíkt sé hreinsað upp við fyrsta tækifæri en illmögulegt er fyrir verslunaraðila að sjá til þess að hlutir liggi ekki stutta stund á gólfi verslunar sinnar. Ef ekki tekst að sýna fram á vanrækslu er ekki unnt að kveða á um skaðabótaskyldu vátryggingartaka í tilviki sem þessu.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 15. febrúar 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 273/2011

Karl Sigurðsson (M) v/A

og

Vátryggingafélagið X v/B

Skemmdir á bifreið ágreiningur um tjónvald.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 30.06. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 15.07. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M telur að B hafi verið ekið utan í A í Bræðratungu í Kópavogi þann 19.03. 2011 sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Ökumaður B neitar því að hafa verið að verki. Vátryggingafélagið telur ósannað að B hafi verið ekið á A í umrætt sinn.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. neitun ökumanns/umráðamanns B er ósannað að B hafi verið ekið á A.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 9. ágúst 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 274/2011

Húsfélagið M,
og
vátryggingafélagið X v/ starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna galla á húseign.

Gögn.

114. Málskot, móttakið 30.6.2011, ásamt fylgigögnum.

115. Bréf X, dags. 19.7.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Byggingarverktakinn A tók að sér að byggja 33ja íbúða fjölbýlishús. Byggingarstjóri við framkvæmdirnar var B. Byggingarframkvæmdum virðist hafa lokið í byrjun árs 2007. Fljótlega virðast íbúðaeigendur hafa tekið eftir ýmsum göllum á eigninni og hafa síðan kallað til ýmsa fagaðila til að skoða og meta ástand eignarinnar. Gerir M kröfu um að viðurkenndur verði réttur þess til að fá tjón vegna gallanna bætt úr lögmaeltri starfsábyrgðartryggingu B hjá vátryggingafélaginu X. Í málskotinu eru reifaðir þeir gallar sem M telur B bera ábyrgð á og eru þessir helstir: Leki meðfram hurðum og gluggum, fjarstýrður hurðaopnari fyrir fatlaða einstaklinga hafi ekki verið settur upp, röng staðsetning póstkassa í útihurðum á fyrstu hæð, leki með flasningu, leki frá loftaplötu í bílajakjallara yfir geymslugangi, leki á þremur stöðum á útvegg í bílajakjallara og ófullnægjandi frágangur á „filteringu“ framan á göngu- íbúðasvölum sem og múrhúðun á köldum veggjum á milli íbúðasvala.

Álit.

Samkvæmt dómi Hæstaréttar í máli nr. 267/2005, sbr. og dóm réttarins í máli nr. 318/2007, er því slegið föstu að á byggingarstjóra hvíli m.a. sú skylda að hafa yfirumsjón og eftirlit með byggingarframkvæmdunum sem hann stýrir, þar á meðal að iðnmeistarar sem koma að verkinu fyrir hans atbeina, sinni skyldum sínum og að framkvæmdin sé tæknilega og faglega fullnægjandi. Með saknæmri vanrækslu á þessum skyldum felli byggingarstjóri á sig skaðabótaábyrgð. Þrátt fyrir þær skoðunargerðir sem fyrir liggja í málinu um ástand eignarinnar verður hvorki af þeim né öðrum gögnum málsins talið að sýnt hafi verið fram á það með nægilegri vissu að umræddir gallar á húseigninni verði raktir til mistaka B sem byggingarstjóra. Af því leiðir að tjónið fæst ekki bætt úr ábyrgðartryggingu byggingarstjórans hjá X.

Niðurstaða.

Tjónið bætist ekki.

Reykjavík, 16.ágúst 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 275/2011
M
og
vátryggingafélagið X v/ innbústryggingar.

Innbúsmunum stolið úr geymsluhúsnæði.

Gögn.

116. Málskot, móttakið 1.7.2011, ásamt fylgigögnum.

117. Bréf X, dags. 19.7.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í febrúar 2011 var lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu tilkynnt um þjófnað úr geymslurými. M kvaðst hafa verið mikið erlendis á árinu 2010 og tekið á leigu geymslurými í umræddu húsnæði undir búslóð sína. Í júní 2010 hafi hann ætlað að lána vini sínum hluti úr innbúinu. Þá hafi vinur hans tjáð honum að hægt væri að opna geymslurýmið án þess að nota lykil og búið væri að eiga við lás sem notaður er til að læsa húsnæðinu. M kvaðst hafa komið til landsins í október 2010 og þá farið og kannað hvort eitthvað vantaði í búslóð hans í geymslurýminu. Hafi hann þá komist að því að mikið af hlutum hafi verið horfnir.

M hafði innbúið vátryggt hjá X samkvæmt fjölskyldutryggingu. Hann hefur krafist bóta úr vátryggingunni fyrir þá muni sem hann kveður að hafi horfið. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í gr. 4.5.7 í skilmálum vátryggingarinnar, sem hér er til skoðunar, er mælt fyrir um varúðarreglu þar sem segir að læsa skuli m.a. bílskúrum og geymslum. Í 3. gr. í IX. kafla skilmálanna er sameignlegt ákvæði um brot á varúðarreglum, en þar segir að skylt sé að fara eftir varúðarreglum í skilmálunum og sé þeim ekki fylgt geti ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum, einkum ljósmyndum, má ráða að fyrir umræddu geymslurými sé stór hurð (bílskúrshurð) sem dregin er upp. Á hurðinni utanverðri er dragloka sem er læst með hengilás. Svo er að skilja að unnt sé að færa lásinn til og draga svo lokuna það mikið út að unnt sé að draga hurðina upp og opna dyrnar. Í júní 2010 var M kunnugt um að hurðin fyrir geymslurýminu var í reynd ekki læst. Engu að síður hafði hann engar ráðstafanir gert til að tryggja að hurðin væri læst er hann vitjaði innbúsins í október s.á. Með þessu vanrækti hann með stórfelldu gáleysi fyrrgreinda varúðarreglu í gr. 4.5.7 í skilmálunum. Yfirgnæfandi líkur eru á að tjón M verði rakið til þessa. Hann hefur því fyrirgert rétti sínum til bóta úr vátryggingunni, sbr. 3. gr. í IX. kafla skilmálanna.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu hjá X.

Reykjavík, 16. ágúst 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 276/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/fjölskylduverndar****Skemmdir á lófatölvu sem féll af bekk í eldhúsi þann 21.06. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 01.07. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 07.07. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Félagið vísar til þess að gæludýr (köttur) hafi valdið því að lófatölva (iPod) féll af bekk í eldhúsi M með þeim afleiðingum að tækið skemmdist. Gæludýrið og tækið voru í eigu M. Til að bótaskylda geti stofnast þarf tjónið að hafa orðið vegna skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks. Félagið telur að tjón af völdum gæludýra á heimili vátryggingartaka geti ekki talist ófyrirséð atvik. Það sé alfarið á áhættu eigenda þeirra sjálfra að halda slík gæludýr. M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er bótaskylda ekki fyrir hendi. Fallist er á röksemdafærslu vátryggingafélagsins í máli þessu, ekki var um ófyrirsjáanlegan tjónsatburð að ræða. M mátti gera ráð fyrir þeim möguleika að heimildsköttur hans gæti farið upp á þann bekk sem um ræðir og valdið því að lófatölvan félli í gólfið.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 3. ágúst 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 277/2011**M
og
vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar launþega.****Áhrif þess að meira en þrjú á voru liðin frá slysi þegar krafist var að örorkumat færi fram.****Gögn.**

118. Málskot, móttekið 1.7.2011, ásamt fylgigögnum.

119. Bréf X, dags. 21.7.2011.

Málsatvik.

M hlaut áverka á hægri hendi í vinnuslysi hinn 11.3.2006. Vinnuveitandi M hafði keypt slysatryggingu launþega hjá vátryggingafélaginu X. Samkvæmt matsgerð, dags. 19.10.2007, var varanleg læknisfræðileg örorka M af völdum slyssins metin 3%. Svo virðist sem bætur hafi ekki verið greiddar úr slysatryggingunni á grundvelli þessarar matsgerðar. Hinn 18.5.2011 var af hálfu M óskað eftir heimild X til frekari gagnaöflunar svo unnt væri að endurmeta afleiðingar slyssins. X hafnaði frekari aðkomu að málinu þar sem meira en þrjú ár væru liðin frá slysinu og þar með liðinn sá tími sem örorkumat skyldi í síðasta lagi fara fram samkvæmt ákvæðum í gr. 13.2.5 í skilmálum slysatryggingarinnar.

Álit.

Samkvæmt gr. 13.2.1 í fyrrgreindum skilmálum slysatryggingar launþega hjá X segir að valdi slys vátryggðum varanlegri læknisfræðilegri örorku innan þriggja ára frá því slysið varð greiddast örorkubætur á grundvelli þeirrar vátryggingarfjárhæðar sem var í gildi á slysdegi. Þá segir í gr. 13.2.5 að örorkan skuli að jafnaði metin einu ári eftir slysið, annars þegar lækni telur að varanlegar afleiðingar slyssins hafi komið í ljós, en þó ekki síðar en þremur árum eftir slysdag. Þegar M hugðist afla nýrra gagna til að fá örorkuna metna að nýju í maí 2011 voru rúm fimm ár liðin frá slysinu. Var þá löngu liðinn sá tími þegar matið skyldi í síðasta lagi fara fram. Samkvæmt þessu hefur M fyrirgert rétti sínum til að fá örorku sína metna af völdum slyssins í því skyni að fá örorkutjónið bætt úr slysatryggingunni. Verður að telja þessa niðurstöðu í samræmi við dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 22/2004 þar sem leyst var úr sambærilegum ágreiningi. Þá verður heldur ekki séð að ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, sem tóku gildi 1.1.2006, þar á meðal ákvæði 125. gr. um fyrningu, girði fyrir þessa niðurstöðu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá X.

Reykjavík, 16. ágúst 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 281/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar launþega (S)****Ágreiningur um hvort vinnuslys hafi orðið 13.11. 2005.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 07.07. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 18.07. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. M kveðst hafa verið að þurrka af shake blandara og rekið sig í takka þannig að blandarinn fór af stað og tuska flæktist í honum og þumall hægri handar einnig þannig að M hafi orðið fyrir meiðslum.

Ágreiningur er um hvort M hafi orðið fyrir slysi við vinnu sína og um orsakatengsl.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur að ósannað að M hafi slasast við störf sín hjá S. Engin vitni voru að atvikinu auk þess sem vinnuveitandi kannast ekki við slysið og neitaði að fylla út tilkynningu um það til félagsins. Samkvæmt tjonstilkynningu varð slysið 13.11. 2005 en M (tjónþoli) tilkynnti það ekki til félagsins fyrr en 08.10. 2010. Félagið telur og ósannað að M hafi orðið fyrir varanlegum meiðslum í slysinu.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað að er að hafi hlotið varanleg meiðsl í vinnuslysi. Fallist er á afstöðu vátryggingafélagsins í máli þessu.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 16. ágúst 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 282/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar Rafverks ehf. (R)

Rafmagn sló út og vatnsnuddpottur skemmdist þ. 24.11.2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 8.7.2011 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 20.7.2011.

Málsatvik.

M segir að haustið 2007 hafi verið byggð útihús á bæ hans og lagt nýtt rafmagn og tafla í útihús. M segir að rafvirkinn frá R hafi sagt að óþarfi væri að skipta um rafmagnskapallinn frá íbúðarhúsinu sem væri í fullkomnu lagi og hafi hann síðan tengt saman nýlögnina við gamla kapalinn. M telur að frágangur af hálfu R hafi ekki verið nógu góður og vatn hafi komist inn í samsetninguna og við það hafi rafmagn slegið út og vatnsnuddpottur eyðilagst. M gerir kröfu til að fá bætur vegna skemmda á vatnsnuddpottinum. Af hálfu R er því haldið fram að vinna fyrir M í umrætt sinn hafi verið í fullkomnu lagi. Þá segir R að hann hafi ekki verið kallaður til að skoða skemmdina og viti því ekki um orsökina fyrir því af hverju rafmagn fór af og hvaðan vatn komst inn í samsetninguna. Þá segir R að um 2-3 ár séu liðin frá því að hann vann þessa vinnu og viti ekki hvað hafi gerst í millitíðinni. Örn Smári Gíslason frá fyrirtækinu Rafskaut segir í bréfi frá 26.10.2010 að hann hafi opnað samsetninguna milli nýja og gamla strengsins og þar hafi verið raki fyrir innan, en með því að þurrka kapalinn og skeyta hann saman aftur hafi þetta náðst saman þétt og rafmagn komið á aftur. V hafnar bótaskyldu og telur að margar orsakir geti verið fyrir því að tjónið hafi orðið. V bendir á að hvorki R né V hafi verið kallaðir á staðinn þegar tjónið átti sér stað eða hafi fengið að kanna aðstæður og leita orsaka tjónsins. V segir að rafmagn hafi farið 5 sinnum af bæ M í nóvember árið 2009 eins og V recur nánar. V telur því ósannað að orsakatengsl séu á milli þeirrar samtengingar sem að starfsmaður R framkvæmdi 2 árum áður milli raflagnanna og þess tjóns sem M telji sig hafa orðið fyrir í nóvember árið 2009.

Álit.

Ekki liggur fyrir í málinu sönnun á því hvað varð þess valdandi að vatnsnuddpottur í eigu M eyðilagðist. Þá liggur ekki fyrir úttekt sem sýnir fram á að vinnu R hafi verið ábótavant við tengingu rafmagnskapals í nóvember árið 2007. Þegar af þeim ástæðum á M ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík 16.8. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 283/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/starfsábyrgðartyggingar byggingarstjórans****Ágreiningur um bótaskyldu vegna frágangs fasteignar að Valheiði 18 Hveragerði, sem M keypti á árinu 2007.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 07.07. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 26.07. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um bótaskyldu vegna frágangs fasteignar M sbr. umfjöllun fyrirliggjandi gagna.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun þess í bréfi til nefndarinnar.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er bótaskylda fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Fyrirliggjandi matsgerð dómkvaðdds matsmann, dags. 25.08. 2008, hefur ekki verið hnekkt.

Þess ber að geta að R mætti á matsfund 12.08. 2008.

Í ofanritaðri umfjöllun er ekki tekin afstaða til bótafjárhæðar eða greiðslu kostnaðar.

Vátryggingafélagið hafnaði því að nefndin fjalli um bótafjárhæð sbr. 3. gr. samþykktu úrskurðarnefndar í vátryggingamálum nr. 1090/2005.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 16. ágúst 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 284/2011**M****og****vátryggingafélagið X v/ starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra.****Ágreiningur um bótaskyldu byggingarstjóra og tjón vegna of hárrar húsbýggingar.****Gögn.**

120. Málskot, móttakið 11.7.2011, ásamt fylgigögnum.

121. Bréf X, dags. 25.7.2011.

Málsatvik.

Með kaupsamningi, dags. 26.6.2008, keypti M húseignina H í sveitarfélaginu S. Hinn 24.9.2008 var M kallaður á fund hjá skipulags- og byggingarsviði S vegna kvartana íbúa í nærliggjandi húsum vegna þess að húseign hans væri of há og skyggði á útsýni nágrannanna. Frétti M þá fyrst að húsið væri 38 cm hærra en leyfilegt væri og að um nokkurt skeið áður en hann keypti húsið hefðu nágrannar kvartað undan hæð þess. Með bréfi skipulags- og byggingarráðs S, dags. 18.5.2009, var M gert skylt að færa hæð hússins „til samræmis við samþykktar teikningar.“ Þessi ákvörðun ráðsins var áréttuð í bréfi til lögmanns M, dags. 15.4.2010. Með bréfi, dags. 30.4.2010, var af hálfu M krafist viðurkenningar á bótaskyldu úr lögmaeltri starfsábyrgðartryggingu sem B, byggingarstjóri á H, hafði keypt hjá vátryggingafélaginu X. Hefur X hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í gr. 4.1 í skilmálum X fyrir lögboðna starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra er kveðið á um bótasvið vátryggingarinnar. Segir þar að vátryggingin bæti almennt fjártjón viðskiptamanns vátryggðs sem rakið verður til þess að ekki hefur verið byggt í samræmi við samþykktu uppdrætti, lög og reglugerðir, enda hafi vátryggður með undirritun sinni staðfest ábyrgð sína á hlutaðeigandi mannvirki fyrir byggingarfulltrúa og tjónið falli undir þá ábyrgð að lögum. Þar sem M sé ekki og hafi ekki verið viðskiptamaður B vegna byggingar H kveður X, með vísan til téðs skilmálaákvæðis, að M eigi ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingunni. Í 3. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, sem í gildi voru er H var byggt, segir að byggingarstjóri sé framkvæmdastjóri byggingarframkvæmda. Þar segir enn fremur að byggingarstjóri beri ábyrgð á því að byggt sé í samræmi við samþykktu uppdrætti, lög og reglugerðir. Hann skuli hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu er gildi a.m.k. í fimm ár frá lokum þeirra framkvæmda sem hann stýrði. Að öðru leyti fari um umboð byggingarstjóra, verksvið hans og ábyrgð gagnvart eiganda byggingarframkvæmda eftir samningi þeirra á milli. Að því marki sem um er að ræða ábyrgð byggingarstjóra m.a. á því að byggt sé samræmi við samþykktu uppdrætti, lög og reglugerðir, verður að skýra lagaákvæði þetta svo að ábyrgðin ná til sérhvers tjóns af þessum sökum án tillits til þess hver tjónþolin er, en verði ekki takmörkuð við ábyrgð gagnvart eiganda byggingarframkvæmdanna eða þann sem beinlínis átti í viðskiptum við byggingarstjóra. Þá verður ákvæðið heldur ekki skilið svo að ábyrgðartrygging sem byggingarstjóra er skylt að kaupa geti haft þrengra gildissvið en ábyrgð sú sem hvílir á byggingarstjóra samkvæmt lagaákvæðinu. Ábyrgðartrygging sú sem B hafði í gildi hjá X verður því ekki takmörkuð með þeim hætti að hún taki einungis til tjóns sem viðskiptamaður B hefur orðið fyrir. Af þessum sökum verður kröfu M ekki hafnað á þeim forsendum að hann hafi ekki verið viðskiptamaður B.

Ekki hefur verið rökstutt með skýrum hætti, hvorki í málskoti né öðrum gögnum málsins, á hverju bótaábyrgð B er grundvölluð. M kom ekki að byggingarframkvæmdunum og var grandlaus um hina ólögmetu hæð H, en hann var upplýstur um hana nokkrum mánuðum eftir að hann keypti eignina. Ekkert liggur fyrir um það á hvern hátt bæjaryfirvöld í S ætla að framfylgja þeirri ákvörðun skipulags- og byggingarráðs að M skuli færa hæð hússins til samræmis við samþykktar teikningar. Þá liggur ekkert fyrir um það að nágrennar M hafi gert beinar kröfur á hendur M. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður ekki séð að M hafi orðið fyrir tjóni sem hann eigi rétt á að fá bætt úr starfsábyrgðartryggingu B hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá X.

Reykjavík, 16. ágúst 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 285/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/”Bankers’ Bond” vátryggingar, Computer Crime vátryggingar,
Professional Indemnity vátryggingar og Directors & Officers” vátryggingar.****Ágreiningur um vátryggingavernd.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 11.07. 2011.
- 2) Bréf lögmans vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 15.08. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið gerir kröfu um frávísun með vísan til 2. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Félagið telur að M njóti ekki “efnislegs réttar á grundvelli” vátrygginganna en félagið telur að efnislegar málsástæður þess eigi ekki að þurfa að koma til skoðunar þar sem M hafi “tapað öllum hugsanlegum rétti á grundvelli 2. mgr. 51. gr.” nefndra laga, hafi einhver slíkur réttur verið fyrir hendi. Félagið hafi sent M bréf, dags. 10.05. 2010, þar sem hafnað var kröfum M og vísað til nefndrar 51. gr. Málskot M hafi ekki verið sent til nefndarinnar fyrr en 11.06. 2011. Félagið gerir því kröfu um frávísun máls þessa.

M er ósammála afstöðu félagsins sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Samkvæmt 2. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 glatar vátryggður rétti til bóta ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað sbr. nánar nefnt ákvæði.

Vátryggingafélagið sendi M slíka tilkynningu með bréfi, dags. 10.05. 2010, að því er telja verður.

Vátryggingafélagið hefur gert kröfu um frávísun með vísan til þessa, sem fyrr segir.

Með hliðsjón af ofanrituðu og fyrirliggjandi gögnum er máli þessu vísað frá nefndinni sbr. 2. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.

Frávísun.

Reykjavík 30. ágúst 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 286/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. frítímaslysátryggingar

Kona datt niður stiga og slasaðist þ. 3.1.2010

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 12.7.2011 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 20.7.2011

Málsatvik.

M var í heimsókn hjá vinafólki sínu og var að ganga niður stiga þegar hún hrasaði í efsta þrepi og féll niður stigann og slasaðist. M krefst bóta úr frítímaslysátryggingu sinni hjá V en V vill skerða bætur til V um helming vegna eigin sakar en M sáttir sig ekki við það og er m.a. vísað til dóms Hæstaréttar nr. 303/2004 í því sambandi. Af hálfu M er því haldið fram að þó hún hafi verið undir áhrifum áfengis þá leiði það ekki sjálfkrafa til þess að um hún hafi valdið vátryggingaáburði af stórkostlegu gáleysi. V viðurkennir bótaskyldu en telur að M beri helming tjónsins vegna eigin sakar og vísar í grein 13.1. í vátryggingaskilmálum og 90 gr. laga um vátryggingasamningar nr. 30/2004 þar sem segir m.a. að verði vátryggingaáburður rakinn til stórkostlegs gáleysis vátryggðs losni félagið úr ábyrgð sinni í heild eða að hluta. V vísar í þessu sambandi til að M hafi verið undir verulegum áhrifum áfengis þegar slysið varð og ekkert bendi til að hægt sé að rekja misstig M og fall til utanaðkomandi áhrifa.

Álit.

Ágreiningur í málinu er ekki um bótaskyldu heldur hvort rétt sé að M beri hluta tjóns síns vegna eigin sakar þar sem hún hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Fyrir liggur að M var undir áhrifum áfengis þegar slysið varð. Þrátt fyrir það hefur ekki verið sýnt fram á að hún hafi hagað sér með þeim hætti eða ölvun M hafi verið slík, að um stórkostlegt gáleysi M hafi verið að ræða, sem réttlætt geti skerðingu bóta til hennar. M á því rétt á bótum án skerðingar úr frítímaslysátryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum úr frítímaslysátryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 16.8. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 287/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A

Kona meiddist þegar ekið var aftan á bifreið sem hún ók, þ. 12.3.2010

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 12.7.2011 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 18.7.2011.

Málsatvik.

M ók bifreið á gatnamótum Háaleitisbrautar og Kringlumýrarbrautar þegar A var ekið aftan á bifreiðina sem M ók. M krefst bóta vegna þeirra líkamsáverka sem hún telur sig hafa orðið fyrir við slysið úr ábyrgðartryggingu A hjá V og telur ljóst að orsakatengsl séu á milli slyssins og þeirra áverka sem M krefst að þess að V bæti úr ábyrgðartryggingu A. Í því sambandi vísar M til læknisvottorða sem lögð eru fram í málinu. V hafnar bótaskyldu og bendir m.a. á að M hafi orðið fyrir umferðarslysi árið 2001 og eftir það slys hafi M verið greind með hálstögnun og auk þess sé saga um verki í brjósthrygg. V telur því að ósannað sé að M hafi hlotið þá kvilla sem hún glímir við í dag af umferðaróhappinu þ. 12.3.2010.

Álit.

Að virtum öllum gögnum málsins verður því ekki slegið föstu að M hafi hlotið þá kvilla sem hún krefst að fá bættu úr ábyrgðartryggingu A í umferðaróhappinu þ. 12.3.2010. Sönnun á orsakatengslum milli þeirra kvilla sem M glímir við í dag og slyssins þ. 12.3.2010 liggur ekki fyrir. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 16.8. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 289/2011**M****og****Vátryggingafélag Íslandsið X v/ábyrgðartryggingar bifreiðar****Meiðsl á farþega 11.06. 2006, réttindaleysi ökumanns sem missti stjórn á bifreið.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 13.07. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 22.07. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var farþegi í umræddri bifreið. Bifreiðin hafnaði á ljósastaur. M sat í afstursæti vinstra megin án þess að nota öryggisbelti. Ökumaður var án ökuréttinda.

Vátryggingafélagið skerðir bótarétt M um 1/3 sökum stórkostlegs gáleysis hennar með vísan til 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Félagið telur að M hafi vitað að ökumaðurinn var réttindalaus.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu. Hún hafi ekki vitað af réttindaleysi ökumannsins og að ekki sé sannað að um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða. Frásögn ökumanns bifreiðarinnar sem getið er í “viðtalsskýrslu” Aðstoðar & Öryggis ehf. breyti ekki ofanrituðu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er bótaskylda fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Ósannað er að M hafi vitað um réttindaleysi ökumanns bifreiðarinnar.

Frásögn ökumanns bifreiðarinnar sem getið er í “viðtalsskýrslu” Aðstoðar & Öryggis ehf. breytirekki ofanrituðu.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 16. ágúst 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 290/2011
M og
V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Árekstur bifreiða í Fákafeni í Reykjavík þ. 28.6.2005

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 13.7.2011 ásamt fylgiskjölum 1-12
2. Bréf V dags. 22.7.2011.

Málsatvik.

M var farþegi í A þegar árekstur varð. Að vísu er hennar ekki getið í lögregluskýrslu en ökumaður A segir í lögregluskýrslu þ. 1.1.2011 að M hafi verið farþega í framsæti A í umrætt sinn. Í umræddri yfirlýsingu segir ökumaður A að hún hafi ekki meitt sig í slysinu og talið að M hafi ekki meitt sig heldur en nokkrum mánuðum síðar hefði M sagt að hún væri aum í baki og hálsi. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V og segir að áreksturinn hafi verið harkalegur og M hafi ekki haft nein stoðkerfisvandamál fyrir slysið. V hafnar bótaskyldu og telur ósannað að líkamstjón M verði rakið til slyssins. V bendir á að M leiti til læknis fyrst að liðnum 6 mánuðum frá slysinu.

Álit.

M leitaði ekki til læknis fyrr en tæpum 6 mánuðum eftir slysið. Ekki liggja fyrir læknisfræðileg gögn um heilsufar M á þeim tíma sem slysið varð og eins og að framan segir ekki fyrr en tæpum 6 mánuðum eftir slysið. Ekki liggja fyrir gögn í málinu sem sýna ótvírætt orsakasambandi milli slyssins og þeirra kvilla sem M er haldin. Þar sem orsakatengsl milli slyssins og kvilla M eru ekki sönnuð á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 16.8 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 291/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðanna A og B

Árestur í Lækjargötu í Reykjavík ekið á bílhurð þ. 26.8.2010

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 13.7.2011 ásamt fylgiskjölum nr. 1-9
2. Bréf V dags. 26.7.2011 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

Árestur varð í Lækjargötu milli bifreiðanna A og B en B er strætisvagn. Ökumaður A segist hafa verið búinn að leggja bifreið sinni í bifreiðastæði og segir lögmaður M að ekki fari á milli mála þegar myndir úr öryggismyndavél séu skoðaðar að hurð A sé opin og B aki á hana og þá sýni myndin einnig að B hafi ekki verið kominn inn á götuna þegar ökumaður A hafi verið búinn að opna hurðina. V segir að af framburði M í lögregluskýrslu sem komi saman við myndbandsupptöku úr öryggismyndavél sé ljóst að M opni hurð A utan í B og telur V að atvik málsins liggja því ljós fyrir.

Álit.

Myndbandsupptaka úr öryggismyndavél liggur fyrir í málinu og sýnir hún með hvaða hætti umrætt umferðaróhapp varð. Ekki verður annað séð en að ökumaður A opni bílhurð í veg fyrir B sem ók eftir götunni í umrætt sinn. Ökumaður A ber því alla sök.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 16.8 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 292/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. Líftryggingar.

Maður sagði líftryggingu sinni upp en vill fá líftryggingu aftur þ. 10.9.2010

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 14.7.2011 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V dags. 27.7.2011 ásamt fylgiskjölum 1-8

Málsatvik.

M tók líftryggingu hjá V þ. 16.11.2001 en V segir að M hafi hringt í félagið þ. 1.3.2010 og viljað segja upp líftryggingunni. Í kjölfar þess hafi honum verið sent uppsagnarbréf til undirritunar sem hafi borist V þ.2.3.2010 og þar óski M eftir að uppsögnin taki gildi þegar í stað. V segir að M hafi síðan hringt í félagið þ. 3.5.2010 og sagt að uppsögn tryggingarinnar hafi verið fyrir mistök og óskað eftir að sækja um tryggingu að nýju en V hafnaði endurvakningu líftryggingarinnar með bréfi 3.2.2011. M segist hafa verið í miklum erfiðleikum andlega á því tímabili sem hann sagði umræddri tryggingu upp og leggur fram vottorð læknis í því sambandi.

Álit.

Miðað við fyrirliggjandi gögn eru ekki forsendur til endurvakningar líftryggingar M ekki fyrir hendi sbr. m.a. 75. og 97.gr laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á því að líftrygging hans verði endurvakin.

Reykjavík 16.8 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 293/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bifreiðar****Meiðsl á farþega 20.03. 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 14.07. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 25.07. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var farþegi í umræddri bifreið. Bifreiðinni var ekið um Suðurlandsveg við Sandskeið þegar hún byrjaði að rása á veginum og lenti þess vegna utan vegar og valt. Í bifreiðinni voru ökumaður og 6 farþegar, þar af einn í farangursgeymslu hennar, en leyfilegt er að ferja 4 farþega í bifreiðinni. Rökkur var og hálka. M var ekki með öryggisbelti spennt. M mun hafa legið ofan á 3 farþegum í aftursæti bifreiðarinnar.

Vátryggingafélagið telur rétt að skerða bótarétt M um 2/3 sökum stórkostlegs gáleysis hennar með vísan til 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er bótaskylda fyrir hendi gagnvart M sem nemur 2/3 hlutum þ.e. rétt er að skerða bótarétt M um 1/3 með vísan til 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi sem nemur 2/3 hlutum.

Reykjavík 16. ágúst 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 294/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. áreksturs bifreiðanna A og B

Árekstur bifreiða á Holtavörðuheidi þ.15.4.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 14.7.2011 ásamt fylgiskjali.
2. Bréf V dags. 28.7.2011

Málsatvik.

Ökumaður A segist hafa verið á leið norður Holtavörðuheidi þar sem B sem er vöruflutningabifreið var hálf út af veginum. Ökumaður A segist ekki hafa séð ökutæki C sem kom út gagnstæðri átt fyrir en seint og til að forðast árekstur við C hafi hann rekist á B. Ökumaður A segir að það hafi ekki verið nein merki eða neyðarljós á B. Ökumaður B segir að bíllinn hafi runnið út í kant í hálku og verið með hasarljós og hafi B verið kyrrstæð þegar A lenti á honum. Ökumaður B segir að mjög vont veður og hálka hafi verið þegar slysið varð.

Álit.

Fyrir ligur að ökumaður A ekur á B kyrrstæða og ekkert liggur fyrir í málinu sem bendir til þess að ökumaður B beri sök eða hluta sakar í málinu. Ökumaður A ber því alla sök.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök

Reykjavík 16.8 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 295/2011

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar vörubifreiðarinnar B.

Árekstur á Sæbraut í Reykjavík austan gatnamóta Kalkofnsvegur og Geirsgötu þ.
19.6.11.

Gögn.

- 122. Málskot, móttekið .2011, ásamt fylgigögnum.
- 123. Bréf Y, dags. 27.7.2011, ásamt fylgigögnum.
- 124. Bréf X, dags 28.7.2011.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðinni A og vörubifreiðinni B á Sæbraut, en þar rákust saman vinstri hlið A og hægri hlið B. Umferð mun hafa gengið hægt þar sem umferð fór aðeins um eina akrein nokkru austar í götunni vegna umferðaróhapps.

Ökumaður A kvaðst hafa verið kominn inn á Sæbraut rétt fyrir austan Kalkofnsveg og A hafi verið þar kyrrstæð vegna umferðarteppunnar. Þá hafi B verið ekið til austurs við hlið A og þá hafi B lent utan í A. Ökumaður A kvaðst hafa flautað til að vekja athygli ökumanns B á óhappinu, en B hafi verið ekið á brott.

Ökumaður B kvaðst hafa orðið fyrir óhappi á fyrrgreindum stað. Taldi hann að rauðri bifreið hafi verið ekið utan í B. Hann hafi sveigt til hægri og stöðvað nokkru austar í götunni, en þá séð á eftir meintum tjónvaldi.

Álit.

Ökumenn greinir verulega á um tildrög árekstursins. Þótt ökumaðurinn B hafi ekið áfram eftir að óhappið átti sér stað verður ekki talið að atvik hafi orðið með þeim hætti að sönnunarbyrði verði alfarið varpað yfir á hann um það hvernig áreksturinn bar að höndum. Verður ekki talið að annar ökumanna skuli fremur bera sönnunarbyrðina en hinn. Eins og mál þetta liggur fyrir og eins og sönnunarbyrðinni er háttáð verður að telja ósannað hvor ökumanna eigi sök á árekstrinum. Þar sem skipta ber sök að tiltölu við sök ökumanna og með hliðsjón af atvikum öllum, sbr. 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, verður ekki hjá því komist að skipta sökinni að jöfnu á milli þeirra.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 16. ágúst 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þór Jónsson hrl.

Mál nr. 296/2011**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****og****vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.****Árekstur á bifreiðastæði við Álfabakka í Reykjavík þann 19.4.2011.****Gögn.**

125. Málskot, móttakið 15.7.2011, ásamt fylgigögnum.

126. Bréf Y, dags. 27.7.2011, ásamt fylgigögnum.

127. Bréf X, dags 8.8.2011.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið aftur á bak til austurs úr stöðureit. Bifreiðinni B sem var í stöðureit skáhallt á móti stöðureit þeim sem A var í, var ekið aftur á bak til vesturs og beygt til hægri áleiðis til suðurs eftir akleið á milli stöðureitanna. Rákust þá saman vinstra afturhorn A og aftanverð vinstri hlið B.

Á forsiðu sameiginlegrar tjónstilkynningar sem báðir ökumenn hafa undirritað er merkt í reiti varðandi tjónsatvik á þann veg að A hafi verið ekið aftur á bak (reitur nr. 14) og B hafi verið ekið aftur á bak frá bílastæði, verið beygt til hægri og verið kyrrstæð (reitir nr. 1, 4, 12 og 14). Í gögnum málsins er ekkert frekar haft eftir ökumanni A um tildrög árekstrarins. Í viðbótarskýrslu ökumanns B um áreksturinn kemur fram að hann hafi bakkað úr stæði og numið staðar til að setja B í 1. gír. Þá hafi ökumaður A byrjað að bakka úr sínu stæði og hafi hann greinilega ekki séð B. Kvaðst ökumaður B hafa reynt að gera ökumanni A viðvart með því að flauta, en hann virtist ekki hafa orðið þess var.

Álit.

Í máli þessu er ekkert haft eftir ökumanni A um áreksturinn umfram það sem fram kemur í sameiginlegri tjónstilkynningu ökumanna. Á hinn bóginn liggur fyrir lýsing ökumanns B um tildrög árekstursins. Sú lýsing samræmist því sem fram kemur í sameiginlegu tjónstilkynningunni. Við svo búið verður ekki hjá því komist að leggja frásögn ökumanns B til grundvallar við mat á sök og skiptingu sakar. Samkvæmt því var B kyrrstæð fyrir aftan A þegar síðarnefndu bifreiðinni var ekið af stað aftur á bak áleiðis úr stöðureitnum sem hún hafði verið í. Ökumaður A virðist ekki hafa vitað af B fyrir aftan sig fyrr en áresktur varð. Ökumaður A hefur því ekki gengið nægilega úr skugga um að unnt hafi verið að aka aftur á bak án hættu eða óþæginda fyrir aðra eins og honum bar, sbr. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Hann telst því eiga sök á árekstrinum. Eins og hér stóð á eru ekki efni til að leggja sök á ökumann B.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 23. ágúst 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 298/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartyggingar kvikmyndahúss****Fall við kvikmyndahús 11.11. 2009.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 18.07. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 27.07. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. M hrasaði er hann var á gekk út um aðalinngang kvikmyndahúss í Álfabakka. Það var farið að rökkva. M telur að lýsingu hafi verið áfátt, hann hafi ekki séð hæðarmismun við innganginn með þeim afleiðingum að hann missti jafnvægið og féll.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun þess í bréfi til nefndarinnar. Það telur ósannað að rekja megi slysið til saknæmrar og ólögætrar háttsemi vátryggingartaka. Hér hafi verið um óhappatilvik að ræða eða aðgæsluleysi M.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu. Ósannað er að rekja megi fall M til saknæmrar eða ólögætrar háttsemi vátryggingartaka eða starfsmanna hans eða aðstæðna sem hann ber ábyrgð á. Ósannað er t.d. að lýsingu hafi verið ófátt þegar slysið varð.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir ekki hendi.

Reykjavík 16. ágúst 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 299/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar launþega****Ágreiningur um hvort tilkynningarskyldu skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 hafi verið gætt vegna tjónsatburðar þann 04.02. 2008****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 18.07. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 28.07. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M varð fyrir slysi er hún féll í tröppum við vinnu sína.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun þess í bréfi til nefndarinnar. Það telur að M hafi ekki gætt tilkynningarskyldu skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu. M telur sig hafa gætt umræddrar tilkynningarskyldu.

Álit

Nefndin mun í afgreiðslu sinni einungis taka afstöðu til þess hvort tilkynningarskyldu skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga hafi verið gætt.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er fallist á umfjöllun M sem fram kemur í málskotinu þess efnis að frestur M til að tilkynna umrætt slyss samkvæmt nefndu ákvæði hafi ekki verið liðinn í febrúar 2010. Bótaskylda er því fyrir hendi.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 16. ágúst 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 300/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/kortatryggingar (A)****og****Vátryggingafélagið Y v/frítímatryggingar fjölskyldutryggingar (B)**

Ágreiningur um hvort tilkynningarskyldu skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 hafi verið gætt vegna tjónsatburðar þann 04.02. 2008

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 18.07. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 29.07. 2011.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 26.07. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M varð fyrir slysi þegar hann féll á snjóbretti eins og nánar tilgeint í gögnum málsins.

Vátryggingafélögin hafna bótaskyldu sbr. umfjöllun þeirra í gögnum málsins. Þau telja að M hafi ekki gætt tilkynningarskyldu skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu. M telur sig hafa gætt umræddrar tilkynningarskyldu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að M hafi ekki gætt tilkynningarskyldu sinnar skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 16. ágúst 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 301/2011**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Kona féll í gólfið er gjaldkerastóll rann undan henni þann 1.7.2008.****Gögn.**

128. Málskot, móttakið 10.7.2011, ásamt fylgigögnum.

129. Bréf X, dags 27.7.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M var við störf í bankanum V er hún hugðist setjast upp á háan gjaldkerastól. Rann þá stóllinn undan henni með þeim afleiðingum að M féll í gólfið og hlaut áverka á hálsi og vinstri öxl. M kveðst hafa verið að koma úr sumarleyfi umræddan dag og búið hafi verið að skipta um gjaldkerastóla þar sem þeir sem fyrir voru höfðu verið fjarlægðir vegna viðhalds. Þeir stólar sem settir voru í staðinn hafi verið of léttir og hún hafi ekki fengið neinar viðvaranir frá V um það að stóllinn væri of léttur. Kveður M að V beri ábyrgð á tjóninu m.a. með vísan til ákvæða 13. og 46. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, svo og 5. og 7. gr. reglugerðar nr. 367/2006 um tæki. Þá er og vísað til 79. gr. laga nr. 46/1980 um að V hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína til Vinnueftirlits ríkisins. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X.

Álit.

Ekki liggur fyrir í málinu annað en að stóll sá sem rann undan M hafi verið venjulegrar gerðar og fullnægt öllum kröfum sem gerðar eru við framleiðslu stóla eins og hér um ræðir. Þá er ekkert sem gefur ástæðu til að ætla að stóllinn hafi að einhverju leyti verið vanbúinn eða haldinn einhverjum ágalla. Þá verður heldur ekki talið að tilefni hafi verið til þess að af hálfu V væri með einhverju móti varað við notkun stólsins. Eins og mál þetta er í pottinn búið er ekki ástæða til að sönnunarbyrði um tildrög slyssins verði varpað yfir á V þótt tilkynning um slysið til Vinnueftirlitsins kunni að hafa farist fyrir. Samkvæmt þessu telst ósannað að slysið verði rakið til atvika sem V ber skaðabótaábyrgð á. Það fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 16. ágúst 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 302/2011**M****og****vátryggingafélagið X v/ starfstengdrar sjúkra- og slysaörorkutryggingar.****Upplýsingagjöf við töku persónutryggingar.****Gögn.**

130. Málskot, móttakið 18.7.2011.2011, ásamt fylgigögnum.

131. Bréf V (vátryggingamiðlunar), dags. 9.8.2011.

Málsatvik.

Á grundvelli vátryggingarumsóknar, dags, 9.12.2004, hafði M í gildi frá sama degi starfstengda sjúkra- og slysaörorkutryggingu hjá breska vátryggjandanum X. Hafði vátryggingarsamningnum verið komið á fyrir tilstilli vátryggingamiðlunarinnar V. Í vátryggingarumsókninni svaraði M neitandi þeirri spurningu að hann hafi einhvern tíma þjást af hrygglosi, ofreynslu í mjóhrygg eða öðrum veikindum í hrygg. Einnig svaraði M neitandi spurningu um að hann hafi þjást af öðrum sjúkdómum eða áverkum sem hann hafi þurft að leita eftir ráðgjöf læknis eða meðferðar við á síðastliðnum þremur árum fyrir dagsetningu umsóknarinnar eða kunni að þurfa að leita meðferðar við í framtíðinni.

Í kjölfar sjúkdóms í mars 2006 greindist M með brjóska í hálsi sem leiddi til óvinnufærni hans. Af hálfu M var tónstilkynning, ásamt læknisvottorði heimilislæknis hans, send til V. Í téðu læknisvottorði kemur fram að M hafi fyrri sögu um vöðvatengd mjóbaksvandamál sem krafðist sjúkraþjálfunar sumarið 2001 („has a previous history of muscle related lower back problems that required physical therapy in the summer 2001“). Einnig kemur fram í vottorðinu að M hafi ekki kvartað eða þurft á meðferð að halda vegna bakvandamála síðan. Þá hafi hann heldur ekki fyrri sögu um vandamál er tengjast hryggþófa („no history of disc related conditions“). Á grundvelli þessara upplýsinga í læknisvottorðinu, að því er virðist, taldi X að M hafi ekki gefið réttar upplýsingar við töku vátryggingarinnar. Ef vátryggingin hefði á annað borð verið samþykkt hefði verið gerður fyrirvari um viðtæka undanþágu vegna baksjúkdóma, svo hljóðandi: „This insurance excludes all claims for disablement arising out of, due to or aggravated by Intervertebral Disc Lesions and / or injury or disease or defect of the spine and its associated stuctures.“ Með vísan til þessa kveður X að M eigi ekki rétt til bóta.

Álit.

Engum öðrum gögnum er til að dreifa í málinu um fyrri sjúkdómseinkenni M í baki en fyrrgreint læknisvottorð heimilislæknis. Af því verður ekki ráðið að M hafi svarað ranglega spurningum í vátryggingarumsókninni um það hvort hann hafi áður þjást af hrygglosi, ofreynslu í mjóhrygg eða öðrum veikindum í hrygg. Þá verður heldur ekki ráðið að sú læknismeðferð, þ.m.t. sjúkraþjálfun, sem M hlaut sumarið 2001 hafi verið innan þriggja ára miðað við dagsetningu umsóknarinnar eða að hann hafi þá vitað eða mátt vita að hann kynni að þurfa að leita meðferðar í framtíðinni vegna þessara sjúkdómseinkenna. Samkvæmt þessu og takmörkuðum rökstuðningi X að öðru leyti verður ekki séð að X hafi tekist að sýna fram á að M hafi veitt rangar upplýsingar við töku vátryggingarinnar eða á annan hátt sýnt af sér háttsemi sem eigi að leiða til brottfalls bótaréttar. M á því rétt til bóta úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr starfstengdri sjúkra- og slysaörorkutryggingu hjá X.

Reykjavík, 30. ágúst 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 303/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar S

Koan festi hæl í gangstétt utan við félagsheimili og slasaðist þ. 2.10.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 19.7.2011 ásamt fylgiskjölum 1-10
2. Bréf V dags. 29.7.2011.

Málsatvik.

M segist hafa verið fyrir utan félagsheimili að taka á móti fólki og fest hælinn á skónum sínum í sprungu eða holu/misfellu þar sem gangstéttin var brotin fyrir utan félagsheimilið og varð það til þess að M fell fram fyrir sig og slasaðist. M krefst bóta og telur að slysið megi rekja til vanrækslu S en gangstéttin sem um ræðir sé í eigu S og hafi S umráð, eftirlit og viðhaldsskyldu með gangstéttinni. V hafnar bótaskyldu og telur ósannað að líkamstjón M megi rekja til saknæmrar háttsemi S eða aðila sem S beri ábyrgð á. Þá segir V að hjart hafi verið úti þennan dag og lýsing sé mjög góð. Þá segir V að ekki verði séð hvernig M gat fest hælinn í gangstéttinni þegar fyrirbyggjandi myndir af skónum og gangstéttinni séu skoðaðar. V telur að M hafi ekki sýnt nægjanlega varkárni í umrætt sinn og um óhappatilviljun hafi verið að ræða.

Álit.

Ekki verður ráðið af myndum sem fyrir liggja af gangstéttinni sem um ræðir að hún hættuleg eða varhugaverð fyrir fólk. Þá liggur ekki fyrir hvernig eða hvar M nákvæmlega festi hælinn á skónum sínum í umrætt sinn. Upplýst er að hjart hafi verið auk þess sem lýsing á svæðinu sé góð. Við ofangreindar aðstæður verður ekki séð að gangstéttin sé hættuleg eða kalli á aðgerðir af hálfu S. Ekki er því sýnt fram á að S hafi sýnt af sér bótaskylda háttsemi varðandi tjón M og á M því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 16.8 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 304/2011

M
og
vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar launþega.

Ágreiningur um greiðslu ferðakostnaðar í tengslum við framkvæmd örorkumats.

Gögn.

132. Málskot, móttakið 19.7.2011, ásamt fylgigögnum.

133. Bréf X, dags 27.7.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M slasaðist í vinnuslysi hinn 27.10.2008, en hann hlaut brotáverka á fjórða miðhandarbeini hægri handar. Matsfundur í tengslum við örorkumat fór fram á læknastofu hér í Reykjavík hinn 12.11.2010. M er pólskur að þjóðerni en svo virðist samkvæmt gögnum málsins að M hafi flogið hingað til Íslands frá Frakklandi til að mæta á matsfundinn. Á grundvelli örorkumatsins krafðist M bóta úr slysatryggingu launþega sem vinnuveitandi hans hafði keypt hjá vátryggingafélaginu X. Hinn 1.12.2010 mun tjónið hafa verið gert upp úr slysatryggingunni, en X hafnaði hins vegar greiðslu á ferðakostnaði M hingað til lands í tengslum við örorkumatsgerðina.

Álit.

Í máli þessu er krafist viðurkenningar á greiðslu ferðakostnaðar úr slysatryggingu launþega. M er réttthafi bóta úr vátryggingunni á grundvelli þess vátryggingarsamnings sem í gildi var á slysdegi milli X og vinnuveitanda M. Bætur eru ákveðnar samkvæmt þeim vátryggingarskilmálum sem um vátrygginguna gilda. Í gr. 5.4 í 1. kafla í skilmálum vátryggingarinnar segir svo, orðrétt: „Við uppgjör tjóns skal vátryggður veita félaginu upplýsingar og afhenda gögn sem hann hefur aðgang að og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur. Félaginu er heimilt að láta trúnaðarlækni sinn skoða vátryggða, svo og afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar vátryggðs. Félagið greiðir nauðsynleg læknisvottorð.“ Í skilmálunum virðist öðrum ákvæðum ekki vera til að dreifa um þátttöku félagsins í kostnaði við öflun gagna í tengslum við ákvörðun bóta úr vátryggingunni og uppgjör þeirra. Þá verður X ekki krafði um greiðslu hins umdeilda ferðakostnaðar á grundvelli reglna skaðabótaréttarins, enda er hvorki um skaðabótaábyrgð né skaðabótakröfu að tefla gagnvart X. Að þessu virtu fæst umræddur ferðakostnaður ekki greiddur úr slysatryggingu launþega hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á greiðslu ferðakostnaðar úr slysatryggingu launþega hjá X.

Reykjavík, 23. ágúst 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 305/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/afkomuttryggingar****Ágreiningur um hvort iðgjaldagreiðslur eigi að falla niður
í kjölfar þess að bótagreiðslur hófust.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 19.07. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 29.07. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M átti rétt á bótagreiðslum sbr. fyrirliggjandi gögn. Hann telur sig eiga rétt á því að iðgjaldagreiðsur falli niður frá þeim degi sem bótagreiðslur hefjast.

M telur að þegar “bótagreiðslur hefjast eigi iðgjaldagreiðslur að falla niður”. Hann vísar til almennra reglna kröfuréttarins og V. kafa laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Vátryggingafélagið hafnar sjónarmiðum M sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Félagið vísar til þess að V. kafli nefndra laga fjalli um skaðatryggingar en ekki persónutryggingu líkt og þá sem M hefur. Ekkert sé í XIV. kafla nefndra laga sem renni stoðum undir þá kröfu M að iðgjöld eigi sjálfkrafa að falla niður þegar bótabótabil hefst.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur M ekki sýnt fram á að iðgjaldagreiðslur eigi að falla niður á þann veg sem hann heldur fram. Lög um vátryggingarsamninga koma ekki í veg fyrir að vátryggingafélagið framkvæmi iðgjaldainnheimtu í samræmi við 11. gr. skilmála vátryggingarinnar. Tilvisun M til almennra reglna kröfuréttar breyta engu þar um.

Niðurstaða.

Fallist er á sjónarmið vátryggingafélagsins, M á ekki kröfu á því að iðgjaldagreiðslur falli niður.

Reykjavík 16. ágúst 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 306/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar tjónvalds. (fjölskyldutryggingu)(H)

Maður datt utan í bíl þ. 29.8.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 20.7.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Bréf V dags. 26.7.2011.

Málsatvik.

H sem var 79 ára þegar umræddur atburður varð datt utan í bifreið M og olli með því skemmdum á vinstri afturhurð bifreiðarinnar en raunar telur M að H hafi stutt sig við bifreiðina þar sem hann fékk aðsvif en ekki dottið á hana. Í dagbók lögreglu kemur fram að H telur sig hafa hrasað og dottið á bifreið M og segir í lögregluskýrslu að á afturhurð vinstra megin sé smá dæld. M krefst bóta vegna þess tjóns sem hann varð fyrir á bifreiðinni í umrætt sinn. V hafnar bótaskyldu og telur ósannað að M hafi sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi í tengslum við tjónið. V segir að skilyrði bótaskyldu úr ofangreindri tryggingu H hjá V sé að hann hafi sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi sem valdi tjóni. V heldur því fram að hvorki hafi verið um saknæma né ólögmæta háttsemi að ræða af hálfu H. V heldur því fram að um óhappatilvik hafi verið að ræða þar sem að H hafi fengið aðsvif og stutt sig við bifreiðina en síðan dottið í götuna.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að um óhappatilvik hafi verið að ræða en hvorki sé til staðar saknæm eða ólögmæt háttsemi H í umrætt sinn. Miðað við skilmála vátryggingar þeirrar sem hér ræðir um á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Reykjavík 16.8. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 307/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/slysátryggingar launþega****Ágreiningur um bótaskyldu, slys við málningarvinnu inni í mykjudreifara 11.10. 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 21.07. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 15.08. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var við vinnu sína við að mála mykjudreifara að innan. M hafði fyrir um daginn unnið að því að mála fremri gaflinn inni í dreifaranum, hann hafði þá notað ferskloftsgrímu. Rétt fyrir hádegi fór M á ný inn í dreifarann án þess að vera með ferskloftsgrímuna sem leiddi til þess að hann missti meðvitund stuttu síðar þannig að meiðsl hlutust af sbr. gögn málsins.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur að M hafi vitað um þá hættu sem fyrir hendi var og að hann hafi brotið skýrar verklagsreglur sem giltu hjá vátryggingartaka. Það telur og að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sbr. 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Samkvæmt vátryggingarskilmálum greiðir félagið ekki bætur vegna slyss af völdum eittraðra lofttegunda, nema eitrunin hafi orðið skyndilega og án vilja vátryggðs. Það hafi verið niðurstaða Vinnueftirlits ríkisins að dreifarinn hafi ekki verið nægilega loftræstur eftir málningavinnuna fyrir um morguninn.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. M kveðst hafa farið aftur inn í dreifarann til að mála yfir suður inn í honum.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að rekja megi tjónsatburð máls þessa til stórkostlegs gáleysis M. Telja verður og að hann hafi ekki farið eftir verklagsreglum sem í gildi voru hjá vinnuveitanda. Með hliðsjón af ofanrituðu og 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga þykir rétt að fella niður ábyrgð vátryggingafélagsins.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 30. ágúst 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 308/2011**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Starfsmaður slasaðist á fæti er hann var færa gaffla á lyftara í sundur þann 11.11.2008.****Gögn.**

134. Málskot, móttakið 21.7.2011, ásamt fylgigögnum.

135. Bréf X, dags. 28.7.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M, starfsmaður V, var að færa gaffla í sundur á lyftara. Mun hann hafa ýtt öðrum gafflinum fram af sporinu þannig að hann datt af festingunni og ofan á rist hægri fótur M með þeim afleiðingum að ristin brotnaði. Daginn eftir slysið hóf M töku orlofs og láðist M að tilkynna V um slysið strax í upphafi. Slysið var svo tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins þann 25.11.2008. M kveður V bera skaðabótaábyrgð á tjóni sínu og kveður í þeim efnum að starfshættir hjá V hafi m.a. farið í bága við 13., 21., 23., 42. og 46. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Ennfremur er vísað til gr. 25 og 26. í I. viðauka reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja. Þá kveður M að keyptir hafi verið nýir svonefndir „snúningar“ á alla lyftaragaffla hjá V.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Eins og mál þetta liggur fyrir hefur ekkert komið fram sem sýnir fram á að búnaður á lyftara þeim sem M var að vinna við er hann slasaðist hafi verið vanbúinn eða slysið megi rekja til ófullnægjandi verkstjórnar eða annarra atvika sem V gæti borið ábyrgð á gagnvart M. Þá verður ekki talið að það verði rakið til vanrækslu af hálfu V að slysið var ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu fyrir en raunin varð. Eru því ekki efni til að fella sönnunarbyrðina á V um það sem kann að vera óljóst um tildrög slyssins. Að svo vöxnu telst líkamstjón M ekki bótaskyld úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 23. ágúst 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 312/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/slysátryggingar heimilstryggingar****Ágreiningur um bótaskyldu, M mun hafa runnið til í mól og fallið þann 22.06. 2009.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 26.07. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 08.08. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M mun hafa hrasað er hann var á gangi sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það vísar til þess að í læknaþréfi komi efnislega fram að læknir meti M þannig að hann hafi verið undir áhrifum áfengis (hafi drukkið áfengi) sbr. nánar gögn málsins. Félagið telur “fullljóst að tjónþoli hafi verið undir áhrifum áfengis þegar slysið varð og það verið orsök slyssins”. Félagið vísar til skilmála og til 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 þar sem fram kemur að hafi vátryggður af stórkostlegu gáleysi valdið því að vátryggingaratburður varð megi lækka eða fella niður ábyrgð félagsins. Við úrlausn þessa skuli m.a. líta til þess hvort vátryggður hafi verið undir áhrifum áfengis.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu..

Álit

Með hliðsjón af takmörkuðum gögnum máls þessa er bótaskylda fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Ósannað er að rekja megi slyss M til ölvunar eða stórkostlegs gáleysis hans.

Með hliðsjón af ofanrituðu, vátryggingaskilmálum og lögum um vátryggingarsamninga er bótaskylda fyrir hendi.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 30. ágúst 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 313/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/A og B****Árekstur við ípróttaaðstöðu Ármanns þann 16.05. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 27.07. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 15.08. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. M ók bifreið sinni úr kyrrstöðu á B sem ekið var framhjá í átt að lausu bifreiðastæði fyrir framan A.

Vátryggingafélagið telur að leggja skuli alla sök á ökumann A sem hafi ekið úr kyrrstöðu án þess að gæta nægjanlega að annarri umferð sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins.

M telur að leggja skuli alla sök á ökumann B sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka af stað án þess að gæta nægjanlega að annarri umferð. Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann B miðað við fyrirliggjandi gögn.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 6. september 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 315/2011
M
og
vátryggingafélagið X v/ frjálsrar ábyrgðartryggingar.

Bátur skemmdist er verið var að hífa hann með bílkranana upp á pall vörubifreiðar.

Gögn.

136. Málskot, móttakið 28.7.2011, ásamt fylgigögnum.

137. Bréf Vátryggingafélags Íslands hf., dags. 2.8.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 28.6.2010 var unnið við að hífa trillu í eigu M upp á pall vörubifreiðarinnar A. Til verksins var notaður bílkraninn á vörubifreiðinni B sem var í eigu V.

Samkvæmt því sem fram kemur í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu um atvikið var búið að hífa trilluna upp á A og verið að koma festingum á hana. Búið var að festa band sitt hvoru megin að framan og verið að festa að aftan þegar trillunni var slakað niður. Við það valt hún á hliðina og skall barkborðshliðin á vörubílsfallinn.

Í tjónstilkynningu, sem virðist stafa frá stjórnanda bílkranans, má ráða að búið hafi verið að stilla trilluna af á palli A og setja bordastrekkjara yfir bátinn að framanverðu og verið að ganga frá bindingum að aftan. „...og ég slaka kranann úr (svo?) og tók aðra stroffuna úr örstuttu síðar rann báturinn til í bindingunni og fór á hliðina við það lagðist báturinn á hina stroffuna og skemmdist eitthvað.“

Í annarri tjónstilkynningu, sem liggur fyrir í málinu og virðist stafa frá M, kemur fram að búið hafi verið að hífa bátinn úr sjó á pall A. Áður en búið hafi verið að festa bátinn hafi stjórnandi kranans sleppt honum óbeðinn. Hafi báturinn fallið á bakborðshlið og brotnað. Síðan hafi stjórnandinn híft aftur í bátinn og brotið bordstokk og fleira.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu sem V hefur hjá vátryggingafélaginu X vegna bílkranans. M hefur hafnað bótaskyldu með vísan til ákvæða vátryggingarskilmála um að ábyrgðartryggingin taki ekki til tjóns sem vátryggður hefur í vörslum sínum

Álit.

Samkvæmt gr. 4.3.2 í skilmálum ábyrgðartryggingar X, sem gildir um ábyrgðartryggingu kranans, bætir vátryggingin ekki tjón vegna skemmda á munum sem „vátryggður hefur að láni, á leigu, til geymslu, sölu flutnings eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans. Í umrætt sinn var báturinn í böndum (stroffum) sem voru fest í kranann á B. Stjórnandi kranans stjórnaði hífingunni og það var í hans höndum hvernig farið var með bátinn meðan á hífingunni stóð. Báturinn var því í vörslum stjórnanda kranans meðan hann var hífður upp á pall A og þegar óhappið varð. Með vísan til fyrrgreinds undanþáguákvæði í skilmálum vátryggingarinnar fæst tjónið ekki bætt úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 30. ágúst 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 316/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar heimilstryggingar**

Ágreiningur um bótaskyldu, sonur M olli skemmdum á vélarhlíf bifreiðarinnar ZZ-636 er hann settist upp á vélarhlífina þann 08.03. 2011.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 28.07. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 15.08. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Sonur M 13 ára settist upp á vélarhlíf umræddrar bifreiðar við íþróttahús. Ágreiningur er um bótaskyldu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu sbr. 1. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Það telur að sonur M hafi með ásetningi valdið tjóni á bifreiðinni og að bótaskylda falli niður. Sonur M hafi verið 13 ára og vitað að það að setjast upp á miðja vélarhlíf valdi skemmdum. Sá sem viðhafi slíka háttsemi sé kominn langt út fyrir þá hegðun sem viðhafa ber og ekkert geti réttlætt slíka hegðun.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. M telur að ekki hafi verið um ásetning að ræða. Drengurinn hafi ekki gert sér grein fyrr en eftir á að hann hafi valdið skemmdum á bifreiðinni. Umræddur drengur mun vera nemandi við “sérstaka deild innan Njarðvíkurskóla fyrir nemendur sem ekki þrífast inn í bekk” líkt og fram kemur í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verður talið að rekja megi tjónasatburð máls þessa til stórkostlegs gáleysis sonar M en ekki ásetnings.

Með hliðsjón af ofanrituðu, vátryggingaskilmálum og lögum um vátryggingarsamninga er bótaskylda fyrir hendi.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 30. ágúst 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 320/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar heimilistryggingar****Barn olli tjóni á bifreið á bílasýningu þann 17.06. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 03.08. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 23.08. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreið M var til sýningar á bílasýningu. Bifreiðin var girt af með köðlum sem staurar héldu uppi en ofan á einum þeirra var upplýsingaskilti. Drengur fæddur 24.11. 2006 var á sýningu þessari með föður sínum (vátryggingartaka). Hann mun hafa togað í kaðalinn, afleiðingarnar urðu þær að skiltið féll á bifreiðina og skemmdi hægra afturbretti hennar.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur að eftirlit með drengnum hafi verið ófullnægjandi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Ekki sé hægt að leggja skaðabótaskyldu á ungt barn vátryggingartaka (4 ára). Þrátt fyrir að foreldrum beri að hafa eftirlit með börnum sínum telur félagið að sú krafa verði ekki gerð að þeir fylgist með hverju fót máli þeirra sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Þegar tjónið varð mun vátryggingartaki hafa staðið í um 12 metra fjarlægð frá syni sínum. Hann var því í sjónmáli föður síns.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Athygli vekur hve umræddur kaðall og staurar voru nálægt umræddri bifreið. Umbúnaðurinn hefði vafalítið mátt vera traustari eða í meiri fjarlægð frá bifreiðinni.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 13. september 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 322/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/ A og B****Árekstur á bifreiðastæði við verslun Krónunnar Flatahrauni þann 14.07. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 03.08. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 17.08. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M ók bifreið sinni aftur á bak úr stöðureit bifreiðastæðis á sama tíma og B var ekið aftur á bak úr stöðureit hinum megin á bifreiðastæðinu. Samkvæmt myndbandsupptöku stöðvaðist A skömmu áður eða rétt í þann mund sem árekstur varð. M leggur talsverða áherslu á að hann hafi verið kyrrstæður við áreksturinn sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið og tjónanefnd vátryggingarfélaganna telja að skipta skuli sök til helminga milli aðila þar sem báðir aðilar óku aftur á bak án þess að gæta nægjanlega að sér.

M telur að leggja skuli alla sök á ökumann B sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann hafi verið kyrrstæður og í þann mund að aka áfram þegar áreksturinn varð. Hann telur að myndbandsspóla staðfesti frásögn hans.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum þykir rétt að skipta sök til helminga. Báðir aðilar voru að aka aftur á bak úr bifreiðastæðum í þann mund sem áreksturinn varð. Myndbandsspóla af atvikinu þykir ekki sína að A hafi verið kyrrstæð það lengi að unnt sé að leggja aukna ábyrgð á B. Af myndbandinu verður ekki annað ráðið en að ökumenn hafi byrjað að bakka á sama tíma og það breytir ekki réttarstöðu aðila að annar hafi náð að stöðva augnabliki áður en áreksturinn varð.

Niðurstaða.

Helmingaskipti.

Reykjavík 6. september 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 324/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Y v/B****Árekstur hringtorgi Dalvegi 04.07. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 04.08. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 22.08. 2011.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 29.08. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Ágreiningur er um málsatvik.

Ökumaður A telur sig hafa verið á ytri akrein er hann fór út úr hringtorginu. Ökumaður B er því ósammála sbr. fyrirliggjandi gögn. Ökumaður B hugðist aka út úr hringtorginu við fyrstu beygju.

Vátryggingafélag A telur að ekki sé unnt að leggja einhliða frásögn B til grundvallar þ.e. varðandi það að A hafi ekið á innri hring hringtorgsins og skorið línuna. Ökumanni B hafi borið að veita umferð um hringtorgið forgang sbr. 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga en biðskylda er af Digranesvegi inn á hringtorgið.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A hafi ekki gert sér fullkomlega grein fyrir hvar á götunni hann ók. Miðað við ákomur á bifreiðunum telur félagið að A hafi ekið í veg fyrir B.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum fyrir að gæta ekki nægjanlega að umferð um hringtorgið sbr. 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Ósannað er að A hafi ekið í veg fyrir B.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 6. september 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 326/2011

M
og
váttryggingafélagið X v/ málskostnaðartryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu úr málskostnaðartryggingu vegna reksturs
landamerkjamáls.

Gögn.

138. Málskot, móttakið 8.8.2011, ásamt fylgigögnum.

139. Bréf X, dags. 30.8.2011.

Málsatvik.

M var aðili dómsmáls er varðaði landamerki og landskipti jarðanna J1 og J2.

M hefur í gildi húseigendatryggingu íbúðarhúsnæðis hjá váttryggingafélaginu X. Váttryggingin hefur að geyma sérstaka málskostnaðartryggingu sem hefur það hlutverk að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamálum. M hefur krafist bóta úr váttryggingunni vegna þess kostnaðar sem hann hefur haft af málarekstrinum. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Nánar tiltekin húseign er váttryggð samkvæmt húseigendatryggingu þeirri sem hér er til skoðunar. Samkvæmt nánar tilteknu ákvæði í váttryggingarskilmálum þeim sem gilda um málskostnaðartrygginguna bætir váttryggingin málskostnað vegna ágreinings sem snertir váttryggðan sem eiganda hinnar váttryggðu húseignar eða húseignarhluta og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. Í skilmálunum er ekki að finna ákvæði er kveður á um rýmra gildissvið váttryggingarinnar en fram kemur í ákvæði þessu. Málskostnaðartryggingin nær þannig einungis til málskostnaðar vegna dómsmáls er lýtur að sjálfri húseigninni sem váttryggð er, en ekki öðrum hlutum fasteignarinnar svo sem sjálfri jörðinni. Málskostnaður M vegna fyrrgreinds landamerkjamáls fæst því ekki greiddur úr váttryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu húseigendatryggingar hjá X.

Reykjavík, 22. september 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 328/2011**M****og****Vátryggingafélagið v/fasteignatryggingar (vatnstjónstryggingar)****Ágreiningur um bótauppgjör vegna vatnstjóns 05.03. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 09.08. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 24.08. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Húseigendur á viðkomandi stað munu hafa tilkynnt grunsemdir sínar um bilaða lög til félagsins í mars 2011. Tjónaskoðunarmaður félagsins athugaði vettvang. Nauðsynlegt var að framkvæma athugun á mögulegum leka. Félagið lætur þess getið að við næstu skoðun hafi komið í ljós að “baðið hafi nánast verið gert fókheld og búið að framkvæma mun meira en það sem viðkemur lekaleit” að áliti félagsins sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Til stuðnings afstöðu sinni vísar félagið til úrskurðar nefndarinnar í máli 155/2011. Félagið hefur gert M tilboð sem hann er ósáttur við.

Ágreiningur er um bótauppgjör sbr. fyrirliggjandi gögn og afstöðu aðila.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að tilboð félagsins að bótauppgjóri sé ósanngjarnt í garð vátryggingartaka. Félagið er reiðubúið að greiða fyrir “sannanlegar vatnsskemmdir, uppbrot og raks og frágang vegna þeirra aðgerða”. Ekki hefur verið sýnt fram á að tjónamat félagsins sé óréttmætt.

Niðurstaða.

Fyrirliggjandi tjónamati félagsins hefur ekki verið hnekk.

Reykjavík 13. september 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 331/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Y v/B****Umferðaróhöpp 19.07. 2009 og 16.11. 2009, ágreiningur um orsakatengsl.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 10.08. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 15.08. 2011.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 01.09. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um afleiðingar þeirra umferðaróhappa sem að ofan greinir.

Vátryggingafélag A hafnar bótaskyldu. Það telur að M hafi ekki sýnt fram á að hann hafi hlotið eymsli sem lýst er í vottorði læknis í árekstrinum sem varð 19.07. 2009 sbr. nánar umfjöllun félagsins í bréf til nefndarinnar. Orsakatengsl séu ósönnuð. Fram kemur að “ályktanir aftur í tímann sem ekki styðjast við samtímagögn geta ekki verið annað en getgátur og langt frá því að veita fullnægjandi sönnun...”

Vátryggingafélag B hafnar bótaskyldu. Það telur að M hafi ekki sýnt fram á orsakatengsl þeirra líkamsmeiðsla sem M telur sig hafa orðið fyrir í umferðaróhappi 16.11. 2009 sbr. umfjöllun félagsins í bréfi til nefndarinnar.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirra vátrygginga sem hér um ræðir. M hefur ekki sýnt fram á að orsakatengsl séu milli meiðsla hans og umræddra umferðaróhappa.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 22. september 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 332/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/sysatryggingar ökumanns og eiganda**

Áreiningur um réttarstöðu í tengslum við umferðarslys 2007, er M missti bifreið sína út af Reykjanesbraut.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 10.08. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 29.08. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið telur að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í umrætt sinn sem leiða eigi til brottfalls bótaréttar auk þess sem félagið telur að slysið hafi verið tilkynnt of seint til félagsins sbr. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og að orsakatengsl sé ekki til staðar milli slyssins og meintra líkamlegra áverka. M hafði neitt áfengis til kl. 3 að nóttu og ók bifreið sinni af stað tæpum 7 klst. síðar. Fram kemur m.a. að M hafi útfyllt tilkynningu um slysið í október 2010 sbr. nánar umfjöllun félagsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að orsakatengsl séu á milli slyss M og þeirra áverka sem hann telur sig hafa orðið fyrir. Vegna þessa er óþarft að leggja mat á það hvort rekja megi slyss M til stórkostlegs gáleysis hans ellegar hvort slysið hafi verið tilkynnt of seint til félagsins sbr. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 13. september 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 335/2011**M
og
vátryggingafélagið X v/ víðtækrar eignatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna hvarfs á úri við rán í Kólumbíu þann 23.7.2010.****Gögn.**

140. Málskot, móttakið 11.8.2011, ásamt fylgigögnum.

141. Bréf X, dags. 5.9.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M var á ferð í Kólumbíu. Hinn 23.7.2010 kom M á lögreglustöð í borginni Bogota og gaf eiðsvarna yfirlýsingu um að hann hafi þann dag verið rændur í borginni þar sem hann var á ferð í leigubifreið ásamt þáverandi unnustu sinni. Hafi aðilar á tveimur mjög kraftmiklum bifhjólum ráðist inn í leigubifreiðina og beitt hann líkamlegu ofbeldi með skotvopni og neytt hann til að láta af hendi Rolex armbandsúr og peningaveski sitt.

M hefur í gildi víðtæka eignatryggingu vegna úrsins hjá vátryggingafélaginu X. Hefur M krafist þess að fá úrið bætt úr vátryggingunni. Félagið hefur hafnað bótaskyldu þar sem það telur ósannað að hann hafi tapað úrinu með þeim hætti sem M hefur gert grein fyrir og fullnægjandi gögn skorti því til sönnunar.

Álit.

Umrætt úr var vátryggt hjá X með víðtækri eignatryggingu. Samkvæmt 4. gr. skilmála vátryggingarinnar bætir vátryggingin tjón á hinu vátryggða af völdum skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks. Í málinu liggur einungis fyrir skýrsla M hjá lögreglunni í Bogota og tilkynning hans um tjónið til X. Engin skýrsla liggur fyrir af leigubílstjóranum sem ók M í umrætt sinn né heldur þáverandi unnustu hans sem var í ferð með honum. Þegar litið er til málsatvika og þeirra hagsmuna sem í húfi voru þykir ekki vera komin fram fullnægjandi sönnun þess að M hafi tapað úrinu á þann hátt að bótaskyld sé úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr víðtækri eignatryggingu vegna taps á úri hjá X.

Reykjavík, 22. september 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 337/2011**M****og****vátryggingafélagið X v/ kaskótryggingar bifreiðar.****Olíupanna skemmdist er bifreið var ekið yfir hraðahindrun þann 14.5.2010.****Gögn.**

142. Málskot, móttekið .2011, ásamt fylgigögnum.

143. Bréf X, dags. 15.8.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A í eigu M var ekið yfir hraðahindrun á Bæjarbraut í Hafnarfirði. Við það mun A hafa rekist niður með þeim afleiðingum að olíupanna undir vél hennar skemmdist.

A var kaskótryggð hjá vátryggingafélaginu X og hefur M krafist bóta úr kaskótryggingunni vegna tjónsins. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í greinum 4.1 til 4.15 í vátryggingarskilmálum þeim sem gilda um kaskótrygginguna eru tæmandi taldar þær tjónsorsakir sem vátryggingin bætir. Ekki verður séð að tjón sem varð á A með þeim hætti sem að framan greinir falli undir bótasvið vátryggingarinnar samkvæmt þessum ákvæðum skilmálanna. Þegar af þeirri ástæðu fæst tjónið ekki bætt úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón á A bætist ekki úr kaskótryggingu hennar hjá X.

Reykjavík, 6. september 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 342/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs J****Skemmdir á parketi 07.12. 2006.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 16.08. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 24.08. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Parket í íbúð M mun hafa marist þegar stór ísskápur var færður á sinn stað í innréttingu í eldhúsi. Talið er að hjól á ísskápnum hafi verið léleg (úr hörðu plasti). J var pípulagningarmeistari húss sem M var að flytja inn í. J mun hafa unnið við að tengja vatn inn á ísskáp í eldhúsi.

Vátryggingafélagið telur ósannað að tjónið megi rekja til saknæmrar háttsemi af hálfu vátryggingartaka (J) eða atvika eða aðstæðna sem hann ber ábyrgð á. Að auki byggir félagið á því að M hafi komið með kröfuna of seint fram (rúmum 4 árum síðar) þ.e. hann hafi fyrirgert rétti sínum sökum tómlætis. Félagið telur mál þetta fyrnt sbr. 52. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Líta verði svo á að M hafi strax getað í árslok 2006 verið búinn að fá nauðsynlegar upplýsingar um atvik sem voru grundvöllur kröfu hans.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er möguleg bótakrafa M vegna máls þessa fyrnd sbr. 52. gr. laga um vátryggingarsamninga. Vegna þessa kemur ekki til umfjöllunar hvort J hafi gerst skaðabótaskyldur.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 13. september 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 348/2011
M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns af völdum áreksturs.

Gögn.

144. Málskot, móttakið 19.8.2011, ásamt fylgigögnum.

145. Bréf X, dags. 1.9.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 24.7.2008 varð árekstur með bifreiðunum A og B. Var B ekið í veg fyrir A með þeim afleiðingum að A rakst aftan á B. Í lögregluskýrslu segir að lítið sjáanlegt tjón hafi orðið á A og ekkert sjáanlegt tjón hafi orðið á B. M var ökumaður A. Hún kveðst hafa orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Með matsgerð D læknis og E hæstaréttarlögmanns var varanlegur miski M af völdum slyssins metinn til 7 stiga og varanleg örorka 5%. Í samantektarkafli matsgerðarinnar kemur fram að matsmenn telji líklegt að orsakasambandi sé á milli umferðarslyssins og þeirra einkenna sem M kvartar yfir frá stoðkerfi hvað varðar háls, herðar og bak, aðallega mjóbak. Um sé að ræða afleiðingar tognunar á hryggjarsúluna þar sem ökumaður hafi verið með bílbeltið spennt og hafi ekið aftan á aðra bifreið á ökuhraða. Hægt sé að greina á milli þessara einkenna og liðagigtareinkenna sem M greindist með á árinu 2009.

M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu B hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu og telur að ekki hafi verið sýnt fram á orsakasamband milli árekstursins og þess líkamstjóns sem M telur sig hafa orðið fyrir við áreksturinn. Til stuðnings höfnun sinni vísar X til skýrslu fyrirtækisins F sem X fékk til að reikna út hver þyngdarhröðun hafi verið í árekstrinum. Samkvæmt niðurstöðu skýrslunnar var þyngdarkraftur á A 1,36 g og á B 1,18 g.

Álit.

Af því sem fram kemur í lögregluskýrslu og skýrslu F má ætla að högg sem kom á A við áreksturinn hafi verið óverulegt. Engu að síður liggur fyrir örorkumat þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að M hafi orðið fyrir varanlegum meiðslum við áreksturinn. Þessu mati hefur ekki verið hnekkkt með öðru mati. Niðurstöður í skýrslu F þykja ekki það skýrar og glöggar að þær einar og sér dugi til að hnekkja fyrirbyggjandi mati. Að öllu athuguðu telur nefndin sig heldur ekki hafa forsendur til að hafa annað álit uppi varðandi orsakatengsl en fram kemur í umræddri matsgerð. Við svo búið verður að telja að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við árekstur A og B og eigi þar með rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá X.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu B hjá X.

Reykjavík, 22, september 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 351/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar ökumanns og eiganda****Umferðarslys 22.07. 2009, ágreiningur um réttarstöðu, stórkostlegt gáleysi, skerðing á bótarétti.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 23.08. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 24.08. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M missti stjórn á bifreið sinni sbr. gögn málsins. Vátryggingafélagið telur að skerða skuli bótarétt M um 1/3 hluta hvort sem um ræðir í kaskótryggingu, líkt og gert var með úrskurði nefndarinnar nr. 151/2011, eða slysatryggingu ökumanns og eiganda. Sömu sjónarmið eigi við. Félagið telur að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi er hann missti stjórn á bifreið sinni með kerru í eftirdragi. M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er bótaskylda fyrir hendi sem nemur 2/3 hlutum tjóns M. Skerðing bótaréttar um 1/3 er sökum stórkostlegs gáleysis M við akstur bifreiðarinnar sbr. fyrirliggjandi úrskurð nefndarinnar nr. 151/2011. Þyngd kerrunnar í umrætt sinn var langt umfram leyfilegt hámark.

Niðurstaða.

Bótaréttur er fyrir hendi sem nemur 2/3 hlutum.

Reykjavík 13. september 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 360/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/heimilisverndar****Fatamölur olli tjóni á munum í geymslu júlí 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 01.09. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 09.09. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Fatamölur mun hafa komist í hluti í geymslu M og þurfti því að henda öllu sem þar var til að koma í veg fyrir að tjónið “enurtæki sig”. Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það vísar til þess að samkvæmt skilmálum bætir vátryggingin tjón af völdum skyndilegra og ófyrirsjáanlegra utanaðkomandi atvika á vátryggingatímabilinu, sem ekki eru bótaskyld samkvæmt ákvæðum 2. kafla skilmála innbústryggingar. Félagið telur ljóst að tjón M hafi ekki orðið með skyndilegum og óvæntum hætti. Sönnunarbyrði þess efnis hefur M og telur félagið að hann hafi ekki lagt fram gögn sem sýna fram á að fullnægt sé ákvæðum skilmála.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu. Hann telur tjónið skyndilegt og óvænt þar sem hann hafi farið inn í geymsluna síðastliðna páska og þá hafi engin ummerki verið um möl. Hann hafi farið aftur í geymsluna í júlí sl. og þá hafi geymslan verið undirlögð af möl.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Líkt og vátryggingafélagið vísar til þá hefur M ekki lagt fram gögn sem sýna að fullnægt sé ákvæðum skilmála um skyndilegan og óvæntan tjónsatburð.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 27. september 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 361/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****erlent ökutæki B****Skemmdir á bifreið á tímabilinu 30.07. 2010 – 07.02. 2011, ágreiningur um tjónvald.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 29.08. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 19.09. 2011.
- 3) Bréf Alþjóðlegra bifreiðatrygginga á Íslandi til nefndarinnar, dags. 14.09. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu. Hann telur að rekja megi skemmdir á A til þess að hurð B hafi verið opnuð utan í A í bílageymslu við Skeljagranda. Bifreiðunum mun hafa verið lagt við hliðina á hvor annarri á umræddu tímabili.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber B ábyrgð á því tjóni sem varð á A. Telja verður að hurð B hafi verið opnuð utan í A. M.a. passer ákoman á bifreiðunum saman og vart hefur verið um aðrar bifreiðar að ræða en þær sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

B ber ábyrgð á tjóni á bifreið A.

Reykjavík 4. október 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 362/2011
M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss þann 22.4.2009.

Gögn.

146. Málskot, móttakið 29.8.2011, ásamt fylgigögnum.

147. Bréf X, dags 6.10.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M starfaði sem vaktstjóri á veitingastaðnum V. Að kvöldi slysdags fór M í frystiklefa að sækja tvo poka af frönskum kartöflum, hvorn 2 kg að þyngd. Hélt hún á pokunum í sitt hvorri hendinni á leið út úr frystiklefanum. Rann hún þá á skáhallandi þrepi við dyr frystiklefans og féll með bakið á dyrakarm. Við höggið mun M hafa fengið slink á bakið og tognaði á lendhrygg.

Kveður M að slysið megi rekja til vanbúnaðar á vinnustaðnum og vegna bilunar í kælikerfi hafi vatn lekið niður á gólfið í frystiklefanum. Ekki hafi verið gerðar nægilegar ráðstafanir til að draga úr hálfu á gólfi frystiklefans og skáhallandi þrep við innganginn hafi ekki verið viðunandi. M hafi ekki verið vöruð við þeirri hættu sem gat falist í störfum hennar og hún hafi verið látin handleika of þungar byrðar. Þá hafi V ekki tilkynnt um slysið til Vinnueftirlits ríkisins lögum samkvæmt.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X. M hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingunni.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins verður ekki annað ráðið en M hafi fyrst leitað læknis rúmunum mánuði eftir slysið vegna þeirra áverka sem hún hlaut þá. Þá liggur ekkert fyrir um það að hún hafi verið frá vinnu vegna slyssins. Hefur því ekki verið sýnt nægilega fram á að V hafi vanrækt lögmaelta tilkynningarskyldu sína til Vinnueftirlitsins þannig að hann hafi sönnunarbyrðina um það sem óljóst er um tildrög og orsakir slyssins. Af málgögnum verður ekki ráðið að slysið verði rakið til vanbúnaðar á gólfi eða dyraumbúnaði við frystiklefanum. Ennfremur verður að telja ósannað gegn neitun X að slysið verði rakið til hálfu sem hafi myndast vegna bilunar í kælikerfi. Tölvuskeyti frá vitninu A, dags. 31.5.2011, um að viðgerð hafi verið í gangi þegar M datt á bakið og í frystiklefa hafi verið „smá blautt á þessum tímum“ telst ekki næg sönnun þess að slysið verði rakið til þeirra atvika sem lýst er í skeytinu þannig að ábyrgð verði felld á V. Að öllu virtu telst ósannað að slysið verði rakið til atvika sem V ber ábyrgð á. M á því ekki rétt til bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 1. nóvember 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 365/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar bifreiðarinnar A****Umferðaróhapp, meintur þjófnaður á bifreið 27.02. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 30.08. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 14.09. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Málsatvika er m.a. getið í skýrslu lögreglu. A var ekið á ljósastaur við Hlíðarsmála í Kópavogi. Bifreiðin skemmdist nokkuð en var ekið þaðan og lagt á bílastæði við Smálalind. Skömmu síðar hafði lögreglan upp á eiganda bifreiðarinnar á veitingastað sem þarna er. Kvaðst M ekki vita betur en að bifreið hans væri á þeim stað sem hann hafi lagt henni. M tilkynnti þegar þjóðnað á bifreiðinni sbr. fyrirliggjandi gögn. Mun M hafa verið sjáanlega undir áhrifum áfengis.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. M hafi brotið varúðarreglur skilmála. M hafi valdið tjónsatburði máls þessa með stórkostlegu gáleysi. Það telur að M hafi ekið bifreiðinni í umrætt sinn, mynstur og stærð á skóm M sem stemmdi við fótspor við bifreiðina þar sem hún stóð, hafi verulega þýðingu við sönnunarmat í máli þessu. Félagið telur “með ótrúlegum ólíkindum ef aðili í sams konar skóm og málskotsaðili hefði stolið lykklum úr vasa málskotsaðila, farið og tjónað bifreiðina, læst henni og hlaupið svo aftur upp í samkvæmið þar sem málskotsaðili var staddur...”

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins.

Álit

Atvik máls þessa eru sérstök.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið hnekkkt þeirri ákvörðun vátryggingafélagsins að bótaskylda sé ekki fyrir hendi. Telja verður að rekja megi tjónsatvik máls þessa og síðari hegðan til stórkostlegs gáleysis M sem fólst í því að aka bifreiðinni, að öllum líkindum ölvaður, og sýna háttsemi sem réttlætir brottfal mögulegs bótaréttar sbr. 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 4. október 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 366/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Umferðarslys 22.08. 2010, ágreiningur um orsakatengsl.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 30.08. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 14.09. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðinni A mun hafaf verið ekið aftan á hægra afturhorn bifreiðarinnar B sem stóð kyrrstæð við afrein við Selásbraut af Breiðholtsbraut. Dóttir M var varþegi í B. Vátryggingafélagið vísar til þess að tjón á bifreiðunum hafi verið lítið. Tjónþoli hafi verið greind með tognun o.fl. sbr. fyrirliggjandi gögn. Örorkumat hefur ekki farið fram en fyrirliggjandi er m.a. áverkavottorð, dags. 04.11. 2010. Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu með vísan til þess að orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem tjónþoli glímur við geti ekki verið fyrir hendi.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Orsakatengsl eru ósönnuð milli árekstursins og þeirra einkenna sem M telur að rekja megi til árekstursins.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 25. október 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 370/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Y v/B****Árekstur 14.08. 2011, á bifreiðaplani við Smáratorg.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 06.09. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 16.09. 2011.
- 3) Bréf Alþjóðlegra bifreiðatrygginga á Íslandi til nefndarinnar, dags. 12.09. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið aftur á bak skömmu fyrir áreksturinn. Vitni staðfestir frásögn M þ.e. A um að hún hafi einnig verið búin að færast um 30 cm þegar bifreiðarnar rákust á.

Vátryggingafélag B telur að báðir ökumenn hafi verið að bakka í umrætt sinn og þeir hafi ekki gætt 17. gr. umferðarlaga og því sé rétt að skipta sök til helminga.

Vátryggingafélag A telur að B eigi að bera sök á árekstrinum. B hafi verið lagt að háflu upp á kanti og hafi ökumaður hennar skyndilega aukið ferðina þegar hann bakkaði bifreið sinni niður af kantinum og beint á A sem var rétt byrjuð að bakka út úr stöðureit. Vísar félagið til 17. gr. og 36. gr. umferðarlaga.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á því að hafa ekið aftur á bak á A.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á A miðað við gögn málsins.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 4. október 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 373/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Y v/B****Áreksur á bifreiðastæði við Ármúla 56 – 60 þann 02.07. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 05.09. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 12.09. 2011.
- 3) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 26.09. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið aftur á bak sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélag B telur ljóst að báðir ökumenn hafi ekki gætt nægjanlegrar aðgæslu sbr. 17. gr. umferðarlaga. Félagið telur, líkt og Tjónanefnd vátryggingarfélaganna, að skipta skuli sök til helminga.

Vátryggingafélag A hefur ekki gert athugasemdir vegna málskotsins.

Óþarft er að geta umfjöllunar M í málskotinu.

Álit

Bifreiðunum var bakkað úr stæðum gegnt hvor annarri. Með hliðsjón af takmörkuðum gögnum máls þessa verður sök skipt til helminga. Ekki þykir rétt að láta halla á annan ökumann umfram hinn og því er sök skipt til helminga, sem fyrr segir.

Niðurstaða.

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 25. október 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 378/2011**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Starfsmaður varð fyrir vörulyftara í lagerhúsnæði heildverslunar þann 20.5.2008.****Gögn.**

148. Málskot, móttekið 8.9.2011, ásamt fylgigögnum.

149. Bréf X, dags. 27.9.2011.

Málsatvik.

M starfaði sem vörubifreiðarstjóri hjá heildversluninni V. Er hann var að ná í vörur á brettum með handtjakki kvaðst hann hafa orðið fyrir því að rekast utan í annað vörubretti þannig að vörur féllu af því á gólfið. Er hann hafði sett þær að nýju upp á brettið hugðist hann fara aftur af stað aftur á bak með þær vörur sem hann hafði verið að ná í. Hafi hann þá fengið mikið högg á bakið. Hafi lyftara, eða svokölluðu tiltektartæki, verið ekið á hann, en tækinu hafi stjórnað A, 16 ára gamall. Hann hafi ekki haft réttindi til að stjórna lyftara.

A kvaðst hafa ekið tiltektartækinu á aksturssvæði sem er afmarkað frá tiltektarsvæði með gulum línunum. Skyndilega hafi hann séð M fyrir framan tiltektartækið, en M hafi komið gangandi út frá tiltektarsvæði. Hann hafi strax sleppt handfanginu og við það hafi straumur farið af tiltektartækinu og það stöðvast fljótlega, en áður en það gerðist hafi það lent á baki M. A kvaðst ekki hafa vinnuvélaréttindi, en hann hafi vitað að slík réttindi þurfi til að mega aka tækinu. Hann hafi hins vegar verið í þjálfun á tækinu til að öðlast tilskilin réttindi og hann hafi ekið því með vitund sinna yfirmanna.

Vitnið B, rekstrarstjóri hjá V, kvaðst ekki hafa vitað að A hafi verið látinn vinna á lyfturum og tiltektartækjum, en hann hafi vitað að A hafði ekki tilskilin réttindi til að stjórna slíkum tækjum. B kvaðst ekki hafa orðið vitni að atvikinu, en hann hafi séð upptöku af því sem hafi náðst í eftirlitsmyndavélakerfi fyrirtækisins. Þar hafi mátt sjá er M var að raða vörum, sem höfðu fallið á gólfið, upp á vörubrettið. Þá hafi A komið akandi á tiltektartækinu og stöðvað tækið vegna þrengsla sem þarna voru. Hann hafi svo ekið aftur af stað er hann sá að M var enn að raða kössum upp á vörubrettið. Er A hafi verið kominn að M hafi M stigið eitt skref aftur á bak og við það stigið í veg fyrir A og hafi M fengið vélarhlíf tiltektartækisins í bakið. M hafi ekki fallið í gólfið, en kastast til. A hafi stöðvað tiltektartækið um leið og óhappið gerðist.

Vitnið D, lagerstjóri hjá V, kvaðst hafa vitað að A hafði ekki vinnuvélapróf og A hafi verið á tiltektartækinu í umrætt sinn með hans samþykki. D kvaðst vera með kennsluréttindi fyrir lyftara og hann hafi verið að kenna á tækið.

Vitnið E, aðstoðarlagerstjóri hjá V, kvaðst hafa vitað að A var ekki með vinnuvélaréttindi, en talið í lagi að hann væri að vinna á tiltektartækinu þar sem hann hafi verið undir leiðsögn D sem hafi kennsluréttindi fyrir lyftara. E kvaðst hafa séð upptöku af atvikinu sem náðist á eftirlitsmyndavél í fyrirtækinu. Þar hafi sést er A kom að þar sem M hafi verið að vinna. A hafi stöðvað til að fylgjast með M og athuga hvort

hann ætlaði að ganga inn á akstursbrautina. Þar sem M hafi ekki gert sig líklegan til þess hafi A ekið af stað. Í sömu svifum hafi M stigið eitt skref aftur á bak og inn fyrir gula línu sem hafi afmarkað akstursbraut án þess að líta aftur fyrir sig og í veg fyrir tiltektartækið hjá A. Þetta hafi gerst svo hratt að A hafi ekki náð að stöðva tækið og það lent á öðrum fæti M.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Slysið var ekki tilkynnt lögreglu né Vinnueftirliti ríkisins er það gerðist. Þá mun upptaka af slysinu úr eftirlitsmyndavél, sem vitnin B og E gerðu grein fyrir í skýrslum sínum hjá lögreglu, ekki lengur vera til. Samkvæmt því sem fyrir liggur í málinu, þ. á m. ljósmyndum, varð slysið við mörk sérstaks tiltektarsvæðis, þar sem vörum er staflað á vörubretti, og akstursbrautar um lagersvæðið, en gul lína er sögð skilja að tiltektarsvæðið og akstursbrautina. Þá verður að telja ljóst samkvæmt frásögn vitnanna B og E af því sem sjá mátti á upptöku af atvikinu að A hafi komið akandi á tiltektartækinu að M þar sem hann var að stafla vörum á bretti sem höfðu fallið í gólfið. Þar sem M hafi ekki verið á akstursbrautinni hafi hann haldið ferð sinni áfram. Skyndilega hafi M svo stigið út á akstursbrautina í veg fyrir tiltektartækið og orðið fyrir því. Af þessu þykir mega ráða M hafi verið að taka vörur upp úr gólfinu alveg við akstursleiðina þannig A hafi séð ástæðu til að stöðvað tækið vegna hættu á að M myndi ganga í veg fyrir akstursleið þess. Er A hélt svo ferð sinni áfram virðist hann ekki hafa varað M við ferðum sínum. Með því sýndi hann gáleysi sem virða ber honum til sakar. Ber því V sem vinnuveitandi A ábyrgð á líkamstjóni því sem M varð fyrir. Ennfremur verður að telja ljóst að M sýndi nokkuð gáleysi er hann steig inn á akstursbrautina án þess að huga að ferðum annarra tækja í kringum sig. Ber hann því einnig ábyrgð á líkamstjóni sínu. Eftir atvikum öllum þykir rétt að V beri ábyrgð á tjóninu að helmingi og M beri einnig helming tjónsins sjálfur vegna meðábyrgðar sinnar.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að helmingi úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 1. nóvember 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 379/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs****Vinnuslys 30.04. 2010, ágreiningur um orsakatengsl.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 09.09. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 21.09. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M varð fyrir vinnuslysi sem rekja má til bilunar í vélasamstæðu í virkjun sbr. fyrirliggjandi gögn. M mun ásamt fleirum hafa staðið upp á vinnupalli þegar brennisteinsvetni byrjaði að streyma út þar sem rötatenging hafði verið rofin. M mun ásamt samstarfsmanni sínum hafa forðað sér niður af pallinum. Þeir misstu meðvitund og féllu á ristargólf við enda stiga. Þar lentu þeir á heitum gufurörum og hlutu af þeim sökum brunasár. Sá starfsmaður sem eftir var á pallinum forðaði sér eftir annarri leið og hafði samband við Neyðarlínuna og hóf í kjölfarið björgunarstörf.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið ítrekar þá afstöðu sína að sá “hluti af tjóni M sem er ekki að rekja til þess að hann lá utan í hinum heitu og óeingangruðu gufurörum verði ekki rakinn til saknæmrar og ólögætrar háttsemi vátryggingartaka eða starfsmanna hans eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann ber skaðabótaábyrgð á.”

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber vátryggingartaki skaðabótaábyrgð á því tjóni sem M varð fyrir í umrætt sinn. Ekki er unnt að miða bótaskyldu einungis við það tjón sem hann varð fyrir við að liggja utan í gufuröri sem um ræðir, líkt og vátryggingafélagið heldur fram. M á rétt á því að fá tjón sitt bætt sem rekja má til þess tjónsaburðar sem getið hefur verið.

Með ofanrituðu er engin afstaða tekin til umfangs þess tjóns sem M varð fyrir.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 25. október 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 381/2011
Kristín Heiða Ásgeirsdóttir (M)
og
Vátryggingafélagið X v/A
og
Vátryggingafélagið Y v/B

Ágreiningur um hvort árekstur bifreiða hafi orðið þann 05.08. 2011.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 12.09. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 03.10. 2011.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 03.10. 2011.
- 4) Athugasemdir B, dags. 05.10. 2011.
- 5) Bréf úrskurðarnefndar til M, dags. 27.10. 2011.
- 6) Viðbrögð M við bréfi úrskurðarnefndar bárust með tölvupósti, dags. 06.12. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Ágreiningur er um hvort B hafi verið bakkað á A þar sem bifreiðin stóð kyrrstæð í stæði. M kveðst hafa séð þegar B hafi verið ekið á bifreið A kyrrstæða við verslun Bónus í Spönginni, en B hugðist leggja í stæði. Ökumaður B hafnar því að hafa ekið utan í A. Tjónanefnd vátryggingarfélaganna telur ósannað að B hafi verið ekið á A. Vátryggingafélag B er sammála áliti tjónanefndar vátryggingarfélaganna. Vátryggingafélag A telur nægjanlega sannað að B hafi verið ekið á A. M telur að B hafi ekið á A sbr. umfjöllun í málskotinu. B hafnar því að hafa ekið á A sbr. umfjöllun í gögnum málsins.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að B hafi verið ekið á A. Athygli vekur að í gögnum málsins er mjög takmörkuð umföllum um hvort ákoma á bifreiðunum passi saman. Slíkt verður ekki ráðið af afriti ljósmynda sem lagðar hafa verið fram. Fyrirliggjandi undirrituð en ódagsett yfirlýsing vitnis breytir ekki ofanrituðu. Umrætt vitni mun vera kærasti málskotsaðilans.

Niðurstaða.

Ósannað er að B hafi verið ekið á A.

Reykjavík 15. desember 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 382/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****Ágreiningur um afleiðingar árekesturs þann 18.03. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 12.09. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 28.09. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M lenti í árekstri þar sem hann er í fullum rétti. Áreiningur eru um mögulegar afleiðingar árekestursins vegna meiðsla sem M telur sig hafa orðið fyrir.

Vátryggingafélagið telur ósannað að einkenni sem M glímir við sé afleiðing þess árekesturs sem hér um ræðir sbr. fyrirliggjandi gögn.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er ósannað að rekja megi einkenni þau sem M glímir við til þess árekesturs sem hér um ræðir. M.ö.o. orsakatengsl eru ósönnuð.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi því orsakatengsl milli meiðsla og árekesturs eru ósönnuð.

Reykjavík 1. nóvember 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 385/2011

M
og
váttryggingafélagið X v/ frítímaslysáttryggingar.

Ágreiningur líkamstjón af völdum frítímaslyss þann 10.5.2010.

Gögn.

150. Málskot, móttakið 13.9.2011, ásamt fylgigögnum.

151. Bréf X, dags 28.9.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 10.5.2010 var M að taka hjólhýsi úr hjólhýsageymslu er hann datt og lenti með hægri öxl á steingólfi. Þann 17.11.2010 leitaði M til bæklunarskurðlæknis vegna verkjaeinkenna í öxlinni. Kvaðst hann eiga erfitt með að liggja á öxlinni en aðallega væri hann með sársauka við hreyfingar um og ofan axlarhæðar. Við segulómrannsókn af öxlinni, sem framkvæmd var 17.1.2011, kom í ljós að „[u]pparmsleggjarhöfuðið stóð hátt í axlarliðnum og náðist nánast uppundir axlarhyrnuna sem benti ótvírætt á rof í axlarhólknum auk þess sem vökvi var til staðar bæði í axlarliðnum og í viðbeinsaxlarhyrnulið.“ Miðað við óeðlilega háa stöðu upparmsleggjarhöfuðsins við umrædda rannsókn var það mat læknisins að axlarhólkurinn hafi verið veiklaður fyrir slysið í maí 2010, en við áverkann þá hafi hann rofnað.

Fram kemur í gögnum málsins að í mars 1998 hafi M dottið á hægri öxl og röntgenrannsókn þá hafi sýnt ótilfært brot í öxl („lateral acromion“). Hafi M fengið viðeigandi meðferð auk sjúkraþjálfunar í átta skipti, en verkir ekki horfið að sögn sjúkraþjálfara.

M hefur krafist bóta úr frítímaslysáttryggingu sem hann hafði hjá váttryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem ekki hafi verið sýnt fram á orsakatengsl á milli slyssins og þeirra einkenna sem M kvartar nú undan í öxlinni.

Álit.

M leitaði fyrst til bæklunarlæknis rúmum sex mánuðum eftir váttryggingaratburðinn. Þá liggur fyrir að M hafði áður orðið fyrir skaða á hægri öxl. Engin matsgerð liggur fyrir í málinu um þann líkamlega skaða sem M kveðst hafa orðið fyrir í slysinu þar sem eftir atvikum væri tekin afstaða til þess hvort skaðann mætti rekja til váttryggingaratburðarins. Eins og málið liggur fyrir og gegn neitun X verður að telja ósannað að þau einkenni sem M býr við verði rakin til slyssins 10.5.2010. Við svo búið á hann ekki rétt til bóta úr frítímaslysáttryggingunni hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr frítímaslysáttryggingu hjá X.

Reykjavík, 1. nóvember 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 386/2011**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss þann 20.11.2009.****Gögn.**

152. Málskot, móttakið 14.9.2011, ásamt fylgigögnum.

153. Bréf X, dags .2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M var við verkamannastörf hjá verktakafyrirtækinu V í jarðgangnagerð. Unnið var við að færa til vinnupalla úr tré. Fór M upp á einn pallinn til að festa stroffur í krók á krana. Féll vinnupallurinn þá niður og við fallið hlaut M brot á vinstra hælbeini. M var fluttur til lækni meðferðar á Heilbrigðisstofnunina H.

Samkvæmt því sem upplýst hefur verið í gögnum málsins um tildrög slyssins mun umræddur vinnupallur hafa verið laus og óstöðugur. Af hálfu V er talið samkvæmt smiðum og járnsmiðum sem þarna voru við störf að allir hefðu mátt vita að ekki væri búíð að festa pallana nægilega og því hafi þeir verið óstöðugir. M kveðst hafa fengið fyrirmæli um að festa stroffuna í krókinn og hann hafi tvívegis áður verið búinn að festa stroffur með sama hætti og hann hugðist gera í umrætt sinn.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingunni

Álit.

Slysið var ekki tilkynnt lögreglu né heldur Vinnueftirliti ríkisins eins og skylt var skv. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Verður V að bera hallann af því sem óljóst er um málsatvik og orsök þess að vinnupallurinn féll. Ekki liggur annað fyrir en M hafi í umrætt sinn verið að framkvæma verk sem hann hafði áður unnið með sambærilegum hætti. Þá er ósannað að M hafi vitað eða mátt vita að pallurinn var laus og óstöðugur. Enginn virðist hafa varað hann við áður en hann fór upp á pallinn. Verður að telja að slysið verði rakið til þess að verkstjórn hafi verið áfátt. Ber því V ábyrgð á slysinu. Ekki verður séð að M hafi átt þátt í því að slysið varð. M á því óskertan rétt til bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á óskertan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 1. nóvember 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 387/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/frítímaslysátryggingar**

Meiðsl við fall þann 09.07. 2011, ágreiningur um hvort um slys hafi verið að ræða skv. skilgreiningu vátryggingarskilmála

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 14.09. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 13.10. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Í tjónstilkynningu, dags. 19.07. 2011, kemur fram að M hafi verið að “snúa sér í snöggan hring sem var þannig að allur líkaminn snérist en vegna þess að gólfið var stamt varð tábergið eftir”.

Vátryggingafélagið hafnar ábyrgð með vísan til slyshugtaksins í skilmálum. Ekki sé uppfyllt krafa um “skyndilegan utanaðkomandi atburð” sbr. dóm Hæstaréttar í máli 47/2006.

M telur bótaskylda fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir slysi samkvæmt þeirri skilgreiningu sem fram kemur í vátryggingaskilmálum. Ekki hefur verið sýnt fram á að rekja megi meiðslin til skyndilegs utanaðkomandi atburðar.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 1. nóvember 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 388/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar ökumanns****Ágreiningur um afleiðingar umferðarslyss þann 25.03. 2009.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 13.09. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 29.09. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Í mars 2009 mun M hafa misst bifreið sína aftast á hjólabúnað tengivagns flutningabifreiðar sbr. fyrirliggjandi gögn. M mun hafa fengið slink á háls og hrygg. M mun og hafa lent í slysi 24.07. 2008. Ágreiningur er um fyrrnefnda slysið. Aðilar málsins deila um hvort M hafi glatað kröfu sinni á grundvelli 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Það telur rétt að miða upphaf ársfrests skv. 124. gr. við september 2009, þegar M fór til sérfræðings sem mælti fyrir um sérhæfðar rannsóknir og leitaði sér lögmannsaðstoðar.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. M telur að ársfrestur skv. nefndri 124. gr. hafi ekki byrjað að líða fyrr en í fyrsta lagi í júlí 2010.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er ekki unnt að fallast á að M hafi glatað mögulegri bótakröfu sinni með vísan til 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Ekki er unnt að fallast á að M hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína.

Með ofanritaðri umfjöllun er engin afstaða tekin til hugsanlegrar bótakröfu M.

Niðurstaða.

M hefur ekki vanrækt tilkynningarskyldu sína skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Reykjavík 1. nóvember 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 392/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs L****Vinnuslys 11.02. 2011, þegar staur sem verið var að hífa féll úr samstæðu á M.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 21.09. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 06.10. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var við vinnu sína. Verið var að hífa staura. Einn staur féll á M.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu það telur að um óhappatilvik hafi verið að ræða sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir þ.e. skaðabótaskyldu L. Hér virðist hafa verið um óhappatilvik að ræða.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 1. nóvember 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 395/2011

M
og
vátryggingafélagið X ábyrgðartryggingar sveitarfélags.

Kona féll um undirstöðu fyrir skiltarör á gangstétt.**Gögn.**

154. Málskot, móttakið 22.9.2011, ásamt fylgigögnum.

155. Bréf X, dags 5.10.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Seint að kvöldi 11.1.2011 var M á heimleið gangandi eftir gangstétt í sveitarfélaginu S. Hnaut hún þá um leifar af röri sem hafði verið sagað burt, en bútur stóð upp úr gangstéttinni. Datt M á gangstéttina og hlaut áverka í andliti og á tönn.

Samkvæmt upplýsingum S hafði á umræddu röri verið skilti fyrir sérmerkt bifreiðastæði fyrir fatlaðan einstakling. Stæðinu hafi verið skilað 25.9.2007 og samdægurs hafi skiltið verið fjarlæggt en rörið, um 1 m á hæð, sem skiltið var fest á, verið skilið eftir ásamt undirstöðu. Síðar hafi svo verið ekið á rörið og það klippst af fast við sjálfa undirstöðuna. S hafi ekki verið tilkynnt sérstaklega um það atvik. Virðist þannig að undirstaðan hafi skagað rétt upp fyrir yfirborð gangstéttarinnar þegar M féll um hana. Hinn 13.1.2011 hafi undirstaðan verið fjarlægð úr gangstéttinni og gengið frá yfirborði gangstéttarinnar.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Þótt sú ráðstöfun S á sínum tíma að fjarlægja skiltið af rörinu þegar ekki var lengur þörf á að sérmerkja bifreiðastæðið en skilja sjálft rörið eftir kunni eftir atvikum að vera gagnrýniverð verður á hinn bóginn ekki séð að starfsmenn sveitarfélagsins hafi mátt sjá það fyrir að frágangur rörsins myndi leiða til slyss eins og M varð fyrir. Slysið telst því ekki hafa verið vávæn afleiðing þess hvernig frá rörinu var gengið. Þá verður heldur ekki talið að slysið megi rekja til vanrækslu eða ófullnægjandi eftirlits með gangstéttum í sveitarfélaginu. Ábyrgð á líkamstjóni M verður því ekki felld á S og þar með fæst tjónið ekki bætt úr ábyrgðartryggingu þess hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu S hjá X.

Reykjavík, 1. nóvember 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 401/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar ökumanns og eiganda**

Umferðaróhapp 04.12. 2007, ágreiningur um hvort tilkynningarfrestur skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, hafi verið liðinn.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 30.09. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 17.10. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingarfélagið hafnar bótaskyldu það telur að orsakatengsl milli slyssins og núverandi einkenna M séu ósönnuð og að tilkynningarfrestur skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga hafi verið liðinn þegar slysið var tilkynnt félaginu.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er ekki unnt að fallast á að M hafi ekki vanrækt tilkynningarskyldu sína samkvæmt 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Hafa ber hugfast í þessari umfjöllun að í frumskýrslu lögreglu var getið meiðlsa aðila.

Með ofanritaðri umfjöllun er engin afstaða tekin til þess hvort orsakatengsl séu á milli einkenna M og slyssins.

Niðurstaða.

M hefur ekki vanrækt tilkynningarskyldu sína skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Reykjavík 1. nóvember 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 404/2011
M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.

Ágreiningur um líkamstjón (orsakatengsl) af völdum umferðarslyss.

Gögn.

156. Málskot, móttakið 30.9.2011, ásamt fylgigögnum.

157. Bréf X, dags. 11.10.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 3.4.2007 var M farþegi í bifreiðinni A sem lenti í árekstri við aðra bifreið. M leitaði samdægurs á slysa- og bráðadeild Landspítalans. Samkvæmt læknisvottorði frá spítalanum fékk M einkenni frá hálsi og baki, einnig væg eymsli eftir bílbelti. Við skoðun var hún með eymsli yfir hálsvöðvum vinstra megin en hreyfingar voru eðlilegar. Þá voru eymsli eftir beltið og í „L-hrygg“. Við skoðunina vaknaði ekki grunur um brot. M fékk ráðleggingar og útskrifaðist. Hún mun ekki hafa leitað aftur á slysa- og bráðadeildina vegna afleiðinga slyssins.

Hinn 5.10.2010 leitaði M á heilsugæslustöð vegna verkja í vinstri öxl. Kvaðst M hafa haft verki í öxlinni allar götur frá slysinu, en hafi verið slæm á árinu 2010 og sé nú mjög versnandi. Hinn 7.4.2011 leitaði M til bæklunarskurðlæknis og að hans tilhlutan var sama dag framkvæmd ómskoðun af öxlinni. Í áliti læknisins segir að ómskoðun sýni kalk sem venjulega flokkist sem sjúkdómur og er mjög algeng orsök axlarverkja hjá fólki. Til að tengja þessi einkenni slysi verði að vera staðfest eymsli á axlarsvæði í kjölfar slyss á fyrstu dögum eða vikum sem orsakast þá af tognun eða blæðingu í mjúkvæfi eða liðum. Einkenni M séu einnig frá hálsi og baki sem lýst er í upphafi slyss og hafa þannig mun sterkara orsakasamband við slysið, en við skoðun hjá læknum kvaðst M einnig vera með verki vinstra megin í baki og mjóbaki sem hún hafi fundið fyrir allengi.

A var ábyrgðartryggð hjá vátryggingafélaginu X og hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingunni vegna þess líkamstjóns sem hún telur sig hafa orðið fyrir við slysið. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Engin matsgerð liggur fyrir í málinu þar sem lagt er mat á það hvort og í hve miklum mæli M hafi orðið fyrir líkamlegum skaða í slysinu 3.4.2007. Eftir að M leitaði á slysa- og bráðadeild Landspítalans sama dag og slysið varð verður ekki séð að hún hafi leitað aftur til læknis vegna þeirra einkenna sem hún rekur til slyssins fyrr en 5.10.2010 og svo til bæklunarlæknis 5.4.2011. Samkvæmt því sem fyrir liggur í gögnum málsins verður gegn neitun X ekki talið sannað að M búi við einkenni sem rakin verða til slyssins. Eins og málið er í pottinn búið telst M ekki eiga rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 1. nóvember 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 405/2011**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda, ábyrgðartryggingar rekstraraðila flugvallar og ábyrgðartryggingar verktaka við snjómokstur.****Starfsmaður flugþjónustu rann á hálfu við inngang í flugstöð þann 18.1.2007.****Gögn.**

158. Málskot, móttakið 30.9.2011, ásamt fylgigögnum.

159. Bréf X, dags 31.10.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M var við störf hjá flugþjónustufyrirtækinu V í flugstöð F, en vinnustaður hennar er við tiltekinn í F. Um kl. 20:00 að kvöldi slysdags var M á leið frá landganginum í bifreið í eigu V og M hafði til afnota vegna starfs síns. Mun bifreiðin hafa verið staðsett á vinstri hönd miðað gönguleið M að bifreiðinni rétt við landganginn. Yfirbyggður skjólveggur er fyrir framan útidyr landgangsins og af lágum palli við hlið skjólveggsins liggur skábraut, að ætla má um 1-1,5 m á lengd, niður á staðið þar sem bifreiðin stóð. Er M var rétt ókomin að bifreiðinni rann hún á hálkubletti og féll á bakið og hlaut tognunaráverka í brjóstbaki. Munu fætur hennar hafa runnið undir bifreiðina fyrir henni miðri.

Samkvæmt lögregluskýrslu mun mikil hálfka hafa verið á þessi svæði og snjóalag yfir. Engin úrkoma mun hafa verið síðustu klukkustundir fyrir slysið, en lítilsháttar frost. Samkvæmt verksamningi milli F og verktakafyrirtækisins R hafði R tekið að sér snjómokstur á vegum og þjónustusvæðum við F.

M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingum V, F og R sem allar eru hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingum allra aðilanna.

Álit.

Fyrir liggur að snjóalög voru yfir svæðinu þar sem M gekk um er hún rann. Vart fer á milli mála að M áti að gera sér ljósa grein fyrir að snjór lá yfir jörð. Er óhjákvæmilegt við veðurástandur eins og þarna voru, og er snjór liggur yfir, að hálkublettir geti myndast. Var því rík ástæða fyrir M að gæta fyllstu varúðar er hún gekk niður skábrautina og að bifreiðinni. Þótt snjór hafi legið yfir á umræddu svæði þykir samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að ekki hafi verið sýnt fram á með nægilega skýrum hætti að það hafi átt vera búíð að hreinsa svæðið þannig að ekki mætti búast við hálfu. Eftir atvikum öllum telst tjón M því ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingum V, F og R.

Niðurstaða.

Líkamstjón M er ekki bótaskyldt.

Reykjavík, 16. nóvember 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 406/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar launþega****Ágreiningur um hvort M hafi orðið fyrir slysi við vinnu sína 05.11. 2009.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 30.09. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 06.10. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Ágreiningur er um hvort um vinnuslys hafi verið að ræða þegar M kveðst hafa fallið þegar hún gekk út á grasbarð er hún hélt á ruslapoka. Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu með vísan til þess að skilyrði skilmála um að skyndilegur utanaðkomandi atburður hafi valdið meiðslum M sé ekki uppfyllt. Félagið gerir athugasemd við breytta atvikalýsingu M sem fram hafi komið eftir að félagið hafnaði bótaskyldu. Í tjónstilkynningu, dags. 26.04. 2010, hafi M lýst því að hún hafi dottið í stiga og ökklabrotnað. Engum utanaðkomandi atburði var lýst. Félagið telur að það hafi einungis verið “hreyfing M sjálfs sem olli áverkanum”. Ósannað sé að skilyrði skilmála um skyndilegan utanaðkomandi atburð sé til að dreifa.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun fyrirliggjandi gagna.

Álit

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa er ósannað að M hafi orðið fyrir slysi í umrætt sinn, líkt og það er skilgreint í vátryggingarskilmálum. Ósannað er að skyndilegur utanaðkomandi tjónsatburður hafi valdið því að M féll við í umrætt sinn.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 1. nóvember 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 409/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar ökumanns v/fjórhjólans A****Umferðaróhapp þegar ökumaður missti sjórn á fjórhjóli 15.07. 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 04.10. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 21.10. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M missti stjórn á fjórhjólinu þegar hún ók af stað þannig að hún og farþegi féllu af hjólinu. Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það vísar til þess að M hafi verið réttindalaus og reynslulaus. Það telur að rekja megi óhappið til stjórkostlegs gáleysis M og með vísan til 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 eigi bótaréttur að falla niður.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun fyrirliggjandi gagna.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að rekja megi tjónsatburð máls þessa til reynslu- og réttindaleysis M. Það var og óvarlegt af henni að vera með farþega.

Með hliðsjón af ofanrituðu og 90. gr. laga um vátryggingarsamninga fellur bótaréttur niður.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 8. nóvember 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 410/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Y v/B****Umferðaróhapp Reykjanesbraut, þegar skipt var um akrein, 31.08. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 04.10. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 17.10. 2011.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 30.10. 2010.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M ók bifreið sinni á vinstri akrein fram úr B sem ekið var á hægri akrein og skipti svo um akrein yfir á þá hægri. Ökumaður B kveðst hafa þurft að nauðhemla og rekist utan í vegrið.

Tjónanefnd vátryggingarfélaganna lagði alla sök á A sem skipti um akrein.

M er ósammála áliti tjónanefndar sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að skipta um akrein í veg fyrir B.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann A.

Reykjavík 16. nóvember 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 412/2011**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Byggingaverkamaður féll niður af millilofti í nýbyggingu hinn 23.4.2007.****Gögn.**

160. Málskot, móttakið 5.10.2011, ásamt fylgigögnum.

161. Bréf X, dags 14.10.2011.

Málsatvik.

M vann hjá fyrirtækinu V við að leggja gólf á millilofti í nýbyggingu. Búið var að setja sperrur undir gólfplötur á milliloftinu. Mun M hafa gengið á sperrunum en stigið á enda einnar gólfplötunnar sem enn var ófest. Við það sporðreistist platan og féll M um 3,5 m niður á steingólf og úlnliðsbrotnaði.

Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins um slysið segir m.a. að orsök slyssins megi rekja til þess að M hafi stigið á plötu sem ekki var fest niður. Gerð var krafa um að pallur væri settur undir þann stað þar sem verið væri að vinna hverju sinni.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu. Telur félagið að fallvörnum verði illa komið við þegar umrætt verk er unnið. Þá sé óvíst að vinnupallur undir þeim stað þar sem unnið er hverju sinni, eins og Vinnueftirlitið gerði kröfu um, gæti komið í veg fyrir slys.

Álit.

Fyrir liggur að M vann við að leggja gólfplöturnar án þess að fallvarnir væru til staðar. Engin haldbær rök hafa komið fram um að ekki hafi mátt koma við fallvörnum eins og Vinnueftirlitið gerði kröfu um. Verður að telja að nægilega sé í ljós leitt að verkið var ekki unnið með þeim hætti að gætt væri fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar eins og krafist er samkvæmt 1. mgr. 37. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Af þessum sökum ber V ábyrgð á því líkamstjóni sem M hlaut í slysinu. Eins og staðið var að verki í umrætt sinn af hálfu V eru ekki efni til að skerða bætur til M vegna eigin sakar. Á M því óskertan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á óskertan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 1. nóvember 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 413/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar****Fall í stigahúsi 26.06. 2009, ágreiningur um hvort um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 06.10. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 14.10. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M mun hafa fallið yfir stigahandrið á hóteli í miðborg Reykjavíkur. Hann mun hafa fallið yfir handrið með þeirri afleiðingu að hann hlaut meiðsl af sbr. fyrirliggjandi gögn. Í skýrslu lögreglu kemur fram m.a. að "hann hafi hallað sér of mikið fram á við með þeim afleiðingum að hann dettur fram fyrir sig".

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu, ekki hafi verið um utanaðakomandi atburð að ræða sem valdið hafi slysi M. Þá visar félagið til þess að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að beygja sig fram yfir handriðið ölvaður með fyrrgreidum afleiðingum. Félagið vísar til þess að M hafi verið "mjög ölvaður þegar slysið varð, en hann mældist með 1,55 g/l áfengi í blóði". Hann hafi því viðhaft stórkostlegt gáleysi með því "að halla sér fram yfir of lágt handrið milli hæða..."

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að rekja megi tjónsatburð máls þessa til stórkostlegs gáleysis M. Hann var ölvaður í umrætt sinn og hallaði sér alltof mikið yfir lágt handrið sem þarna var. Með hliðsjón af ofanrituðu og 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 fellur ábyrgð vátryggingafélagsins niður.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 1. nóvember 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 415/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/slysátryggingar ökumanns og eiganda bifhjóls****Umferðaróhapp 02.08. 2008, ágreiningur um tilkynningarskyldu samkvæmt 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 06.10. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 01.11. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M lenti 16 ára gamall í mótorkrosslysi í ágúst 2008. Fyrirliggjandi gögn geta samskipta aðila og læknismeðferðar M.

Vátryggingafélagið telur að M hafi ekki gætt tilkynningarskyldu skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Rétt sé í þessu tilviki að miða upphaf tilkynningarfrests við tjónsdag sbr. umfjöllun félagsins. Þegar í ágúst 2008 hafi verið búið að greina þann áverka sem M hlaut við óhappið. M “kaus sjálfur að leita ekki læknis í tæp tvö ár þó hann hefði fengið upplýsingar um að áverkinn sem hann hafði hlotið ætti að lagast á 4 vikum” sbr. fyrirliggjandi gögn. Félagið telur að ekkert í heilsufarssögu M réttlæti þann drátt sem varð á því að M tilkynnti félaginu um atvikið. Hann hafi ekki tilkynnt atvikið til félagsins fyrr en í september 2010.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann hafi leitað í sjúkraþjálfun í kjölfar óhappsins sem ekki hafi skilað nægum árangri. Hann hafi leitað tli bæklunarlæknis á árinu 2010 og kvaðst aldrei hafa náð sér að fullu eftir áverkann sem hann hlaut á öxl í umrætt sinn sbr. nánar umfjöllun fyrirliggjandi gagna.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að M hafi ekki vanrækt tilkynningarskyldu sína samkvæmt 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Telja verður að M hafi ekki gert sér grein fyrir því hversu alvarlegar afleiðingar óhappsins voru fyrr en á árinu 2010.

Niðurstaða.

M vanrækti ekki tilkynningarskyldu samkvæmt 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Reykjavík 16. nóvember 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 416/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Y v/ábyrgðartryggingar hraðfrystihúss v/lyftarans A****Árekstur við bifreiðastæði við hafnarsvæði 02.08. 2009.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 07.10. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 20.10. 2011.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 12.10. 2010.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M ók bifreið sinni aftur á bak úr stöðureit þegar lyftaranum B ver ekið áfram út úr húsnæði við og meðfram karastæðu og árekstur varð.

Tjónanefnd vátryggingarfélaganna taldi að leggja ætti alla sök á ökumann A. Vátryggingafélögin taka undir sakarmat tjónanefndar.

M telur að honum hafi verið ómögulegt að sjá lyftarann koma út úr Fiskmarkaðinum sem þarna er þar sem stæða af körum hafi byrgt honum sýn.

Álit

Ákoman á A er á hægri hlið bifreiðarinnar. Ökumanninum bar að víkja fyrir B sbr. 17. gr. umferðarlaga.

Þegar tekið er mið af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að bakka úr stöðureit í veg fyrir B.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 1. nóvember 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 418/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Y v/B****Árekstur hringtorgi við Suðurgötu 31.08. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 06.10. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 31.10. 2011.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 31.10. 2010.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið í sömu áttina þ.e. Suðurgötu að hringtorgi við Hringbraut. Álitafni er m.a. hvort A hafi troðið sér meðfram hægri hlið B. Er B var ekið af stað varð árekstur bifreiðanna sbr. fyrirliggjandi gögn.

Tjónanefnd vátryggingarfélaganna lagði alla sök á B. B hafi verið ekið af stað í hægri breygju og ekki gætt að umferð sér við hægri hlið og árekstur orðið. A hafi verið kyrrstæð við gatnamótin.

Óþarft er að geta umfjöllunar vátryggingafélaganna vegna málskotsins.

M er ósammála áliti tjónanefndar sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka af stað í hægri breygju inn að hringtorginu en ökumaður hennar virðist ekki hafa gætt að umferð sér á hægri hönd og árekstur verður.

Til hliðsjónar úrskurði nefndarinnar nr. 158/2011 og 323/2011.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á A miðað við gögn málsins.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann B.

Reykjavík 16. nóvember 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 420/2011**Frávísun****M****og****Vátryggingafélagið X v/brunatryggingar húseigna (X)****Eldsvoði að Klapparstíg 17 16.01. 2009, ágreiningur um bótafjárhæð.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 10.12. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 14.11. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Umrædd húseign brann. Í húsinu voru fjórar íbúðir. Munu tvær þeirra hafa verið vátryggðar hjá vátryggingafélaginu X auk Sjóvár Almennra trygginga hf. (Y) og Verði tryggingum hf. (V) Málskotið virðist miðast við vátryggingafélagið X en óskýrt er hvernig Y og V tengjast málskotinu. Vátryggingafélagið hefur krafist frávísunar með vísan til að það telur að ágreiningur máls þessa snúist um bótafjárhæð. Málatilbúnaður M sé allur mjög óskýr. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum úrskurðar nefndin aðeins um bótafjárhæð að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. Félagið veitir ekki samþykki sitt fyrir því að úrskurðar-nefndin úrskurði um bótafjárhæð í máli þessu.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að ágreiningur máls þessa snúist um bótafjárhæð. Vátryggingafélagið samþykktir ekki að nefndin fjalli um ágreining aðila, sem fyrr segir. Með vísan til þessa er málinu vísað frá.

Hafa ber og hugfast að málatilbúnaður M er óskýr. Ekki verður séð með hvaða hætti vátryggingafélögin Y og V eru dregin inn í málið en þeirra er getið í málskotseyðublaðinu.

Niðurstaða.

Frávísun með vísan til 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík 30. nóvember 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 421/2011

M
og
vátryggingafélagið X v/ slysátryggingar launþega.

Ágreiningur um bótaskyldu er maður féll af reiðhjóli þann 4.5.2010.**Gögn.**

162. Málskot, móttækið 11.10.2011, ásamt fylgigögnum.

163. Bréf X, dags 26.10.2011, ásamt fylgigagni.

Málsatvik.

M féll af reiðhjóli á Hlíðarfjallsvegi á Akureyri og slasaðist. Í gögnum málsins er ekkert haft eftir M um slysið og tildrög þess. Samkvæmt lögregluskýrslu sást ekkert á reiðhjólínu að öðru leyti en því að keðjan virðist hafa farið af fremra tannhjóli. Á götunni mátti greina 40-50 cm langt hemlafar eftir hjólið. M mun hafa legið í kanti vegarins að sunnanverðu. Þá kemur fram að vegurinn hallar töluvert til austurs. Á slysstað lagði nokkurn áfengisþef frá vitum M. Í tengslum við rannsókn slyssins kom í ljós að áfengismagn í blóði M mældist 1,07 prómill.

M hefur krafist bóta úr slysátryggingu launþega sem vinnuveitandi hans hafði keypt hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem M hafi valdið slysinu með stórkostlegu gáleysi vegna þeirra áfengisáhrifa sem hann var undir.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 44. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 má enginn stjórna eða reyna að stjórna ökutæki, þ. á m. reiðhjóli, ef hann m.a. vegna neyslu áfengis er þannig á sig kominn að hann er ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega. Þegar litið er til þess áfengismagns sem mældist í blóði M þykir mega slá föstu að hann hafi ekki verið fær um að stjórna reiðhjólínu örugglega og var því óheimilt að stjórna því. Þegar þetta er virt og þar sem M virðist hafa verið á leið niður brekku verður að telja að M hafi valdið slysinu með stórkostlegu gáleysi. Samkvæmt því, sbr. og 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og 11. gr. þeirra vátryggingarskilmála sem um vátrygginguna gilda, þykir M hafa fyrirgert rétti sínum til bóta úr slysátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysátryggingu launþega hjá X.

Reykjavík, 16. nóvember 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 422/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/hundaverndar**

Ágreiningur um greiðslu sjúkrakostnaðar vegna aðgerðar á hundi erlendis, aðgerðar sem ekki mun hafa verið unnt að framkvæma á Íslandi.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 10.10. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 27.10. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það vísar til þess að samkvæmt skilmálum sé með læknskostnaði átt við greiðslu til dýralæknis, dýralæknastofu eða dýraspítala á Íslandi vegna skoðunar eða meðferðar vegna sjúkdóms eða slyss sbr. nánar ákvæði skilmála. Vátryggingaverndin sé takmörkuð við sjúkrakostnað hér á landi. Ekki sé unnt að fallast á greiðslu kostnaðar vegna dýralækna í öðru landi. Þá sé og krafist að skoðun og meðferð sé framkvæmd af dýralækni með starfsleyfi hér á landi sbr. nánar umfjöllun félagsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er bótaskylda ekki fyrir hendi. Sjúkrakostnaður vegna aðgerðar hunds í Danmörku fellur ekki undir bótasvið þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Þá var aðgerðin ekki framkvæmd af dýralækni með starfsleyfi hér á landi.

Það breytir ekki ofanrituðu þó að aðgerðin hafi ekki verið framkvæmanleg hér á landi né að dýralæknir með starfsleyfi í Danmörku myndi fá viðurkenningu á starfsleyfi hér á landi.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 16. nóvember 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 425/2011

M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar veitingahúss.

**Kona slasaðist er borð í veitingatjaldi féll á fót hennar á menningarnótt þann
22.8.2011.**

Gögn.

164. Málskot, móttekið 13.10.2011, ásamt fylgigögnum.

165. Bréf X, dags 27.10.2011, ásamt fylgigagni.

Málsatvik.

M var stödd í veitingatjaldi sem slegið hafði verið upp á gangstétt fyrir utan veitingastaðinn V í Reykjavík á menningarnótt, en farið var að taka saman í tjaldinu. M stóð í öðrum enda tjaldsins við „hátt og þykkt barborð á mjóum fótum.“ Töluvert rok var og slóst laus tjalddúkur til. Vildi þá ekki betur til en dúkurinn slóst í barborðið með þeim afleiðingum að það valt á vinstri fót M svo hún ristarbrotnaði.

Kveður M að slysið megi rekja til ófullnægjandi frágangs tjalddúksins sem V beri ábyrgð á. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá váttryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Umræddu tjaldi var komið upp um stundarsakir til að sinna viðskiptavinum V á menningarnótt. Af gögnum málsins má ráða að notkun tjaldsins hafi í þann mund verið að ljúka er slysið varð. Óljósar upplýsingar liggja fyrir um tildrög slyssins að öðru leyti en því að tjalddúkur mun að sögn M hafa slegist utan í barborðið sem hún stóð við þannig að það valt um koll. Ekki hefur verið sýnt fram á með gögnum málsins að slysið verði rakið til þess að frágangur tjaldsins hafi verið ófullnægjandi af hálfu V eða það verði með öðrum hætti rakið til atvika sem V ber ábyrgð á. Líkamstjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 16. nóvember 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 426/2011

M v/bifreiðarinnar A

og

Vátryggingafélagið X v/fjölskyldutryggingar

Umferðaróhapp 7 ára drengur á reiðhjóli lenti á hægri hlið bifreiðar á gangbraut þann 19.08. 2011.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 17.10. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 27.10. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M ók bifreið sinni eftir Hrísaríma áleiðis inn að bifreiðaplani við Rimaskóla, þegar 7 ára drengur kom hjólandi eftir gagnstétt og inn á gangbraut sem staðsett er ofan á upphækkaðri hraðahindrun. Drengurinn lenti á hægri hlið bifreiðarinnar.

M telur sig ekki bera ábyrgð á óhappi þessu. Hann telur að drengurinn hafi hjólað of hratt í umrætt sinn auk þess sem tré hafi byrgt honum sýn. M hlaut meiðsl og bifreið A dældaðist auk þess sem framrúða brotnaði.

Vátryggingafélagið vísar til þess að M hafi ekki rennt stoðum undir fullyrðingar sem fram koma í málskotinu þess efnis að drengurinn hafi hjólað “allt of hratt” og að hann hafi sjálfur ekið “á lítilli ferð”. Athygi er vakin á umfjöllun félagsins í gögnum málsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á því óhappi sem hér um ræðir. M hefði þurft að gæta aukinnar aðgæslu sbr. gangbraut við grunnskóla sbr. nánar 4. gr. og 6. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þessa gætti hann ekki.

Ósannað er að drengurinn hafi hjólað hraðar en aðstæður leyfðu í aðdraganda óhappsins.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann A.

Reykjavík 16. nóvember 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 428/2011**M****og****Vátryggingafélagið v/sjúkra- og slysatryggingar****Ágreiningur um bótaskyldu vegna meiðsla við vinnu þann 06.06. 2009.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 17.10. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 15.11. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M mun hafa verið við vinnu sína. Hann mun hafa hoppað úr gröfu og dottið og við það hlotið meiðsl sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Félagið telur að M hafi ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir slysi í umrætt sinn.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Samkvæmt 4. gr. e lið samþykktu úrskurðarnefndar fjallar nefndin ekki um mál sem er það óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það sé ekki tækt til úrskurðar. Að áliti nefndarinnar er mál þetta óljóst og illa upplýst en það gefur samt ekki tilefni til frávísunar.

Ekki er tilefni til að gagnrýna að vátryggingafélagið skuli hafa breytt um afstöðu sína til ágreinings aðila, líkt og haldið er fram í málskotinu. Vátryggingafélagið hefur heimild til að endurmeta afstöðu sína að teknu tilliti til fyrirliggjandi gagna.

Þegar tekið er mið af ofanrituðu og fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu. Ósannað er M hafi slasast við þær aðstæður sem hann heldur fram.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 7. desember 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 431/2011

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á bílastæði við Kringluna í Reykjavík þann 30.7.2011.**Gögn.**

166. Málskot, móttakið 18.10.2011, ásamt fylgigögnum.

167. Tölvuskeyti A, dags 7.11.2011, ásamt fylgigögnum.

168. Bréf B, dags 7.11.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið aftur á bak úr stöðureit inn á akleið sem liggur á milli stöðureita sem vísa hornrétt á akleiðina. Í sömu andrá var bifreiðinni B ekið aftur á bak eftir akleiðinni. Rakst þá afturstuðari B á aftanverða vinstri hlið A.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið aftur á bak úr stöðureitnum er hann hafi orðið var við að B hafi verið ekið aftur á bak í átt að A. Hann kvaðst hafa stöðvað og flautað, en ökumaður B hafi orðið var við A of seint.

Ökumaður B kvað bifreið hafa verið ekið aftur á bak úr stöðureit skáhallt á móti stöðureit þeim sem A var í. Hann hafi þá einnig ekið aftur á bak eftir akleiðinni, en lent þá á A sem var ekið aftur á bak úr stöðureit eins og fyrr greinir.

Álit.

Ökumenn eru einir til frásagnar um áreksturinn og tildrög hans. Ökumaður A kvaðst hafa stöðvað er hann varð var við ferðir B og gefið hljóðmerki ökumanni B til viðvörunar. Ökumaður B virðist á hinn bóginn ekki hafa vitað um ferðir A fyrr en í óefni var komið. Eins og hér háttar þykir ljóst að áreksturinn verður rakinn til óvarkárni ökumanns B. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að ökumaður A eigi sök á óhappinu. Verður því öll sök lögð á ökumann B.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 23. nóvember 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 433/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðatryggingar sveitarfélags****Meiðsl við fall á hálfu á körfuboltavelli á skólalóð 07.12. 2009.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 19.10. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 02.11. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M, fæddur á árinu 1996, mun hafa runnið í hálfu á körfuboltavelli við Heiðarskóla í frímínútum sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið telur bótaskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu. Ekki hefur verið sýnt fram á að rekja megi tjónsáburð máls þessa til saknæmrar háttsemi vátryggingartaka eða starfsmanna sem hann ber ábyrgð á eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann ber ábyrgð á. Alþekkt er að hálfka getur myndast á stéttum og leikvöllum utanhúss með skömmum fyrirvara. Það virðist eiga við í þessu tilviki.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 16. nóvember 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 435/2011

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á bifreiðastæði við Salaveg þann 12.9.2011.**Gögn.**

169. Málskot, móttakið 21.10.2011, ásamt fylgigögnum.

170. Bréf Y, dags. 7.11.2011, ásamt fylgigögnum.

171. Tölvuskeyti X, dags. 7.11.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B er ekið aftur á bak úr stöðureitum sem virðast vera á ská á móti hvor öðrum en akleið liggur á milli þeirra.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið aftur á bak úr stöðureitnum og verið stopp og við það að setja bifreiðina í 1. gír til að aka áfram þegar hann hafi fundið högg koma á A.

Ökumaður B kvaðst hafa litið aftur fyrir bifreiðina áður en hann bakkaði en enga bifreið séð fyrir aftan sig. Hann hafi því ekið aftur á bak úr stöðureitnum og ekki vitað fyrir en árekstur hafi orðið.

Álit.

Ökumenn eru einir til frásagnar um áreksturinn og tildrög hans. Hvorugur ökumanna virðist hafa vitað af ferðum hins fyrir en árekstur varð. Af frásögn ökumanns B um að bifreið hans hafi verið kyrrstæð þegar áreksturinn varð verður ekki nægilega ráðið að bifreið hans hafi verið það lengi kyrrstæð að ökumaður A hafi getað varast hana í tæka tíð. Að öllu virtu verður ekki ráðið af gögnum málsins að annar ökumanna eigi fremur sök á árekstrinum en hinn. Verður sök því skipt að jöfnu á milli þeirra.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 23. nóvember 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 437/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags****Ágreiningur um bótaskyldu vegna þess að það flæddi upp um niðurföll í kjallara í apríl 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 21.10. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 03.11. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn eru mjög takmörkuð þ.e. einungis útfyllt málskotseyðublað og bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar.

Vátryggingafélagið telur að ekki hafi verið sýnt fram á bótaskyldu sbr. umfjöllun þess. Félagið vísar m.a. til þess að M hafi ekki bent á neinar skýringar eða aflað sér sönnunar um ástæður þess að skólpið flæddi upp um niðurföll.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur að steypujárnstangir hafi komist inn í lögnina. M telur að sveitarfélagið hafi ekki sinnt eftirlitsskyldu sinni.

Álit

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 16. nóvember 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 439/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðatryggingar atvinnureksturs****Skemmdir á jarðstreng við notun gröfu við dýpkun á skurði 04.11. 2009.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 25.10. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 09.11. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Starfsmaður vátryggingartaka var við störf fyrir verkkaupa sem verktaki við að dýpka skurð. Við framkvæmd verksins lenti hann á jarðstreng sem rofnaði sbr. gögn málsins.

Vátryggingafélagið telur bótaskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Það telur m.a. að starfsmaður verkkaupa hafi hafi séð um skipulagningu verksins. Starfsmaður vevrkkaupta hafi talið að ekki væru strengir þarna, engar merkingar voru í jörðu um streng. Félagið telur að fylltu aðgæslu hafi verið gætt sbr. umfjöllun. Athygli vekur að “varakrafa” félagsins er sú að ef fallist verði á atvikalýsingu og málsástæður M telur félagið að greiðsluskylda geti engu að síður ekki verið fyrir hendi úr umræddri vátryggingu. Félagið vísar til ákvæði skilmála nr. 4.7 þar sem fram kemur að vátryggingi taki ekki til tjóns sem verðru við framkvæmdir í jörðu eins og um ræðir í máli þessu.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er bótaskylda fyrir hendi úr þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Samkvæmt 1. mgr. 71. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 má ekki, þar sem fjarskipti eru, m.a. gera jarðrask eða aðrar ráðstafanir er af geta hlotist skemmdir á fjarskiptavirkjum nema áður hafi verið aflað upplýsinga um legu þeirra og samráð verið haft við eiganda fjarskiptavirkisins um tilhögun framkvæmdanna. Þá kemur fram í síðari málslið 3. mgr. sömu greinar að ef jarðrask eða aðrar framkvæmdir hafa leitt til skemmda á fjarskiptavirkjum er tjónvaldi skylt að bæta allt tjón sem af skemmdunum leiðir nema hann sýni fram á að ekki hafi verið komist hjá tjóni þó að fyllstu aðgæslu hafi verið gætt. Ljóst er að grafa í eigu M var notuð þegar strengurinn slitnaði og ætla verður að stjórnandi hennar hafi verið starfsmaður M.

Gögn málsins eru mjög óskýr um tengslin milli M og Seyðisfjarðarkaupstaðar sem verkkaupa þannig að ekki er hægt að fullyrða að framangreindar skyldur skv. 1. mgr. 71. gr. fjarskiptalaganna hafi hvílt á Seyðisfjarðarkaupstað en ekki á M.

Telja verður að M hafi vanrækt skyldur sínar við undirbúning og framkvæmd þess verks sem hér um ræðir. Hann mátti ekki styðjast við frásögn verkkaupa sem lýst er efnislega í gögnum málsins um að engir strengir væru þarna í jörðu. M, sá sem framkvæmdi verkið, hefði þurft að gæta betur að undirbúningi sínum. Vegna þessa má rekja tjónsatburð máls þessa til aðgæsluleysis M ellegar starfsmanna sem hann ber ábyrgð á.

Varðandi “varakröfu” félagsins er rétt að fram komi að umrætt ákvæði skilmála er undanþáguákvæði sem virðist fela í sér varúðarreglu. Nefndin telur með hliðsjón af

atvikum öllum að vátryggingafélagið geti ekki borið umrætt ákvæði fyrir sig í máli þessu.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 30. nóvember 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 443/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs J****Vinnuslys við fall af skyggni yfir útidyrum húss er álstigi gaf sig 09.08. 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 28.10. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 05.12. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. M var að fara niður af anddyri húss þegar stigi sem hann notaði rann undan honum þannig að hann féll um 2.70 m. M mun hafa haldið áfram vinnu sinni þennan dag en ekki mætt til vinnu næsta dag.

Slys þetta var ekki rannsakað af Vinnueftirlitinu.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið telur að aðstæður hafi ekki verið með þeim hætti að unnt sé að fallast á að slysið sé að rekja til mistaka eða vanrækslu J eða atriða sem sá aðili ber skaðabótaábyrgð á.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ekki hefur verið sýnt fram á vanrækslu starfsmanna J eða atvika eða aðstæðna sem hann ber skaðabótaábyrgð á. Tjónsatburð máls þessa virðist mega rekja til aðgæsluleysis M er hann hugðist fara niður af anddyri umrædds húss.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 15. desember 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 446/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/A og B****Árekstur á gatnamótum Snorrabrautar og Bergþórugötu 21.08. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 30.10. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 15.11. 2011.
- 3) Bréf ökumanns B vegna málskotsins, dags. 16.11. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M ók bifreið sinni A suður Snorrabraut en ökumaður B ók bifreið sinni ók norður Snorrabraut. B ók inná gatnamótin í U-beygju að því er hann heldur fram á grænu ljósi en A er ósammála því sbr. fyrirliggjandi gögn. Fyrirliggjandi er frásögn vitnis sem getið er í skýrslu lögreglu. Það telur að A hafi verið ekið á mótinu rauðu ljósi.

Vátryggingafélagið og tjónanefnd vátryggingafélaganna telja að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka gegn rauðu umferðarljósi.

Óþarft er að geta umfjöllunar M í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. frásögn vitnis, sem telur að rautt ljós hafi logað fyrir umferðarstefnu A, verður öll sök lögð á ökumann A sem ók á B. Lagt er til grundvallar að A hafi ekið á mótinu rauðu umferðarljósi. Ökumaðurinn virðist ekki hafa hugað nægjanlega að því sem framundan var og því ekið á B.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 7. desember 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 449/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs****Ágreiningur um bótaskyldu vegna falls á gangstétt fyrir utan
Suðurlandsbraut 4a þann 21.03. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 02.10. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 21.11. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Það telur skort á upplýsingum einkenna mál þetta. Það telur tjónsatvik máls þessa með öllu ósannað og í annan stað ósannað að vátryggingartaki hafi sýnt af sér sök í umrætt sinn.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er fallist á sjónarmið vátryggingafélagsins um að ekki hafi verið sýnt fram á að bótaskyldu vátryggingartaka.

Athygli vekur hve gögn máls þessa eru takmörkuð.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 7. desember 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 453/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðatryggingar atvinnureksturs****Vinnuslys við fall í stigagangi 21.12. 2009.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 04.11. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 25.11. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M mun hafa farið niður stiga sem liggur í kjallara fasteignar þar sem hún vinnur þ.e. við rekstur veitinga- og skemmtistaðar. M mun hafa fallið í stiganum sbr. fyrirliggjandi gögn.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Vátryggingafélagið telur bótaskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum og þeirrar staðreyndar að Vinnueftirlitið var ekki kallað á vettvang til að rannsaka aðstæður, verður að telja að bótaskylda sé fyrir hendi. Aðstæður virðast hafa verið með þeim hætti að snúrur hafi legið við stigann sem M féll um. Sú leið sem M fór virðist og hafa verið notuð af starfsfólki, að því er telja verður.

Vátryggingartaki verður að bera halla af sönnunarskorti um aðstæður á vettvangi máls þessa. Úrskurðarnefndin er ósammála því álitni vátryggingafélagsins að engu hefð breytt að kalla Vinnueftirlitið á vettvang. Frásögn M varðandi aðstæður verður lögð til grundvallar. Hún ber vott um að aðstæður hafi ekki verið með fullnægjandi hætti.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 15. desember 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 455/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar****Ágreiningur um bótafjárhæð vegna tjóns á bifreið.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 09.11. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 21.11. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um bótafjárhæð þ.e. verðmæti umræddrar bifreiðar.

Óþarft er að geta umfjöllunar M í málskotinu.

Vátryggingafélagið vísar til þess að kvörtun M fjalli einvörðungu um bótafjárhæð vegna tjóns á ökutækinu. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd úrskurðar nefndin aðeins um bótafjárhæð að fengnu samþykki allra málsaðila. Félagið kveðst ekki veita samþykki sitt fyrir því að nefndin úrskurði um bótafjárhæð í máli þessu.

Álit

Með vísan til 2. mgr. 3. gr. samþykktar nefndarinnar er máli þessu vísað frá. Vátryggingafélagið veitir ekki samþykki sitt fyrir því að nefndin úrskurði um ágreining aðila þ.e. um bótafjárhæðina.

Niðurstaða.

Frávísun.

Reykjavík 7. desember 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 456/2011
M
og
vátryggingafélagið X v/ kaskótryggingar bifreiðar.

Ágreiningur um gildissvið kaskótryggingar.

Gögn.

172. Málskot, móttækið 9.11.2011, ásamt fylgigögnum.

173. Bréf X, dags 30.11.2011.

Málsatvik.

Hinn 18.9.2011 var bifreiðinni A ekið upp á gangstéttarbrún á Hilmisgötu í Vestmannaeyjum. M, eigandi A, hefur lýst tildrögum óhappsins á þann veg að hún hafi ekið niður Hilmisgötu sem er lítil gata með steiptum háum gangstéttarbrúnum beggja megin en á milli sé aðkeyrsla sem ekki sé mjög breið. Hún hafi óvart farið meira til hægri og ekið upp á þá brún með m.a. þeim afleiðingum að vél A skemmdist og þanna brotnaði.

A var kaskótryggð hjá vátryggingafélaginu X og hefur M krafist bóta úr kaskótryggingunni vegna þeirra skemmda sem urðu á A. X hefur hafnað bótaskyldu. Kveður félagið að A hafi verið ekið á gangstéttarkant með þeim afleiðingum að bifreiðin tók niðri og við það hafi olíupanna vélarinnar brotnað og í framhaldi af því hafi vélin brætt úr sér. Vísar félagið í þessu efni til greinar 2.4. í skilmálum vátryggingarinnar. Samkvæmt því ákvæði bætir félagið ekki tjón vegna skemmda af akstri á ósléttri akbraut, hér með talin bilun á ásum, fjöðrum, girrkassa, drifi, rafgeymi og öðrum hlutum í eða á undirvagni ökutækisins, skemmdir vegna þess að hreyfillinn bráðnar saman, skemmdir á undirvagni er hljótast af því að ökutækið tekur niðri á ójöfnum akbrautum, svo sem hryggjum eftir veghefla, hraðahindrunum, ristarliðum, holum í malbiki eða jarðföstu grjóti á akbraut eða við akbrautarbrúnir. Sama gildir um skemmdir er verða þegar laust grjót hrekkur upp undir ökutæki í akstri.

Álit.

Samkvæmt gr. 1.1 í skilmálum kaskótryggingarinnar bætir vátryggingin tjón á vátryggðu ökutæki m.a. af völdum áreksturs, áaksturs og útafaksturs. Ekki virðist um það deilt að tjón varð á A er henni var ekið á gangstéttarbrún. Verður tjónið þannig rakið til áaksturs sem er ein af þeim tjónsorsökum sem vátryggingin tekur til og virðist það einnig vera óumdeilt. Á hinn bóginn verður ekki séð að skemmdirnar hafi orðið vegna aksturs á ósléttri akbraut, að bifreiðin hafi tekið niðri á ójafnri akbraut eða að laust grjót hafi hrokkið upp undir ökutækið í akstri. Undanþáguákvæði skv. gr. 2.4. í skilmálunum eiga því ekki við um það tjónstilvik sem hér um ræðir. Tjónið telst því bótaskyldt úr kaskótryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón á A bætist úr kaskótryggingu hjá X.

Reykjavík, 11. janúar 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 458/2011**M****og****vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar ökumanns bifreiðar.****Skerðing bóta vegna stórkostlegs gáleysis. Tilkynning um skerðingu á bótarétti.****Gögn.**

174. Málskot, móttakið 9.11.2011, ásamt fylgigögnum.

175. Bréf X, dags. 9.12.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 13.2.2010 ók M bifreiðinni A austur Austurveg á Selfossi. Mun M hafa misst stjórn á A með þeim afleiðingum að hún hafnaði utan vegar á milli Langholts og Gaulverjabæjarvegar. Samkvæmt skýrslu lögreglu voru 42 m frá þeim stað þar sem vinstra framdekk A var ekið af akbrautinni vinstra megin og inn á malarkafla við akbrautina og síðan inn á gras meðfram akbrautinni. Greinileg merki voru á framdekkjum A um að M hafi hemlað og gras og mold hafði safnast fyrir framan dekkinn. Ummerki á afturdekkjum bentu til að dekkinn hafi spólað í moldinni eftir að A lenti utan vegar. Þá var greinilegt að A hafði lent á umferðarmerki og ljósastaur sem voru við akbrautina. Mikið tjón er sagt hafa verið á A að framanverðu.

M kvað sig og ökumann bifreiðarinnar B hafa ætlað í spyrnu, en þó ekki þar sem óhappið varð. Hann hafi ekið samhliða B á litlum hraða en ætlað svo fram úr og aukið hraðann. Ökumaður B hafi einnig aukið hraðann. Þá hafi A byrjað að rása til að aftan auk þess sem bifreiðir hafi komið á móti. Hann hafi ekki haft ráðrúm til að ná stjórn á A með þeim afleiðingum að hún hafnaði utan vegar. M kvaðst hafa aukið hraða A úr um 20 km á klst. í 60-70 km á klst.

Ökumaður B kvað bifreiðirnar hafa verið samsíða á litlum hraða. Kvaðst hann hafa gefið B lítilliga inn og þá hafi M gefið í og farið fram úr og síðan misst stjórn á A eins og fyrr greinir. Kvaðst ökumaðurinn ekki hafa ekið hraðar en á 60 km hraða á klst. eða innan við það. Hann kvaðst ekki geta metið hraðann á A.

Eitt vitni kvaðst hafa ekið norður Lyngholt og komið að Austurvegi. Þá hafi hann séð A og B þar sem þeim var ekið samsíða austur Austurveg fram hjá gatnamótunum á frekar lítilli ferð. Báðir ökumenn hafi síðan gefið í líkt og þeir væru í kappakstri. A hafi byrjað að rása og fannst honum sem ökumaður hennar væri að reyna koma bifreiðinni af vinstri helmingi vegarins yfir á þann hægri. Síðan hafi A verið ekið út af veginum og verið ekið yfir skilti og ljósastaur. Vitnið treysti sér ekki til að meta hraða á ökutækjunum.

Við slysið hlaut M tognunaráverka á háls og herðar. Hann hefur krafist bóta úr slysatryggingu ökumanns A hjá vátryggingafélaginu X, en samkvæmt sameiginlegri matsbeiðni M og X, dags. 9.3.2011, var með matsgerð, dags. 3.6.2011, lagt mat á hverjar væru líkamlegar afleiðingar slyssins fyrir M. Með tölvuskeyti hinn 19.9.2011 tilkynnti X lögmanni M um að félagið hygðist, með vísan til 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og 9. gr. í skilmálum slysatryggingarinnar, skerða bætur úr slysatryggingunni til M um 50% sökum þess að hann hafi valdið slysinu af stórkostlegu gáleysi. Var afstaða félagsins m.a. byggð á útreikningum fyrirtækisins D, dags.

25.5.2010, um að hraði A skömmu fyrir óhappið hafi verið 82 km á klst. M hefur ekki viljað una niðurstöðu X.

Álit.

Heimild X til að skerða rétt M til bóta úr slysatryggingu ökumanns er reist á ákvæði 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, en samkvæmt því ákvæði má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins hafi váttryggður í öðrum persónutryggingum en líftryggingum valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið. Ákvæði þetta er að finna í XIII. kafla laganna. Samkvæmt 94. gr. laganna skal félagið tilkynna þeim sem rétt á til váttryggingarbóta skriflega um afstöðu sína, ef það hyggst bera fyrir sig að það sé samkvæmt ákvæðum XIII. kafla, þ. á m. 1. mgr. 90. gr., laust úr ábyrgð að öllu leyti eða að hluta. Skal tilkynningin send ástæðulauss dráttar eftir að félagið vissi um þau atvik sem veita því heimild til að beita rétti sínum samkvæmt ákvæðunum.

Fyrir liggur að lögregluskýrsla var gerð um atvikið auk þess sem tekin var sérstök framburðarskýrsla af M hjá lögreglu hinn 16.2.2010 þar sem fram kom að hann hafði orðið fyrir meiðslum og leitað af þeim sökum til læknis. Þykir mega slá því föstu að gögn þessi hafi borist X skömmu síðar. Skemmdir á A voru því X ljósar er lögregluskýrslan barst sem og aðstæður á vettvangi. Af gögnum málsins verður ekki séð að X hafi byggt þá ákvörðun sína að skerða bótarétt M vegna stórkostlegs gáleysis á öðrum gögnum en lögregluskýrslunni og útreikningum D á hraða A, dags. 25.5.2010.

Verður samkvæmt því sem að framan greinir að telja að við móttöku lögregluskýrslunnar hafi X fengið vitneskju um þau atvik sem leiddu til þeirrar ákvörðunar að skerða bótarétt M vegna stórkostlegs gáleysis. Samkvæmt gögnum málsins verður ekki séð að það hafi verið fyrr en 19.9.2011 að X hafi fyrst tilkynnt að bætur til M yrðu skertar. Var þá frestur X til að bera fyrir sig takmörkun á ábyrgð sinni löngu liðinn. Hefur X því vanrækt að senda tilkynningu eins og mælt er fyrir í 1. mgr. 94. gr. laganna og með því hefur X glatað rétti sínum til að bera fyrir sig heimild til að skerða bótarétt M vegna stórkostlegs gáleysis, sbr. 2. mgr. 94. gr. Þegar af þessari ástæðu á M óskertan rétt til bóta úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á óskertan rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns hjá X.

Reykjavík, 19. janúar 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 460/2011
M
og
X v/ óþekkts ökutækis.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum óþekkts ökutækis.

Gögn.

176. Málskot, móttækið 10.11.2011, ásamt fylgigögnum.

177. Bréf X, dags. 23.11.2011.

Málsatvik.

Að morgni dags hinn 15.2.2010 leitaði M á Heilsugæsluna Efra Breiðholti. Á samskiptaseðli hjúkrunarfræðings umræddan dag segir orðrétt: „Bíll straukst við hann, eymslí, ekkert sjáanlegt.

Í ódagsettri skýrslu M um atvikið segir að faðir hans hafi skutlað honum í skólann. Hann hafi farið úr bílnum farþegamegin á Austurbergi og er að fara yfir báðar akreinar. Þegar hann hafi verið næstum kominn yfir götuna og með vinstri fót á gangstéttinni hafi verið ekið á hægri fót eða kálfa. Við höggið hafi hann hrokkið upp í loft og snúist hálfan hring og borið fyrir sig vinstri hönd sem lenti á frosinni jörðinni. Kveður M að mjög dimmt veður hafi verið er atvikið varð.

M mun hafa leitað á slysa- og bráðadeild Landspítala 19.3.2010. Í læknabréfi frá spítalanum sama dag segir að M hafi orðið fyrir því að ekið hafi verið á hann 5 vikum áður. Hann hafi fengið högg aðallega á hægri sköflung hliðlægt og kastast til og lent á gangstétt og borið fyrir sig vinstri hönd. Hafi hann jafnað sig í fætinum en sé enn með tölverða verki í vinstri úlnlið. Við röntgenrannsókn hafi komið í ljós brot um mitt bátsbein „þar sem distal hlutinn er tilfærður og angileraður.“

Samkvæmt 2, mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 424/2008 um lögmæltar ökutækjatrýggingar skal X greiða tjónþola bætur fyrir líkamsáverka eða missi framfæranda vegna slyss á Íslandi ef ætla má að tjónið hafi hlotist af notkun óþekkts vélknúns ökutækis. M hefur krafist bóta hjá X fyrir líkamstjón sitt. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að lögreglu hafi verið tilkynnt um slysið. Engum vitnum að atvikinu er til að dreifa. Á samskiptaskiptaseðli hjúkrunarfræðings segir að bíll hafi stökist við M. Engin merki voru um að M hafi orðið fyrir bifreið. Af fyrirbyggjandi gögnum þykir ekki vera nægilega ljóst að M hafi orðið fyrir líkamsáverka sem ætla má að hann hafi orðið fyrir af völdum vélknúns ökutækis. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjóns sitt hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum hjá X.

Reykjavík, 15. desember 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 461/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar A****Umferðaróhapp 27.11. 2010, ágreiningur um réttarstöðu farþega þ.e. skerðingu á bótarétti hans sökum stórkostlegs gáleysis.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 10.11. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 21.11. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Árekstur varð með bifreiðum sem ekið var á móti hvort annari. Ökumaður bifreiðar A, sem M var farþegi í, ber ábyrgð á árekstrinum.

M telur sig eiga rétt á óskertum bótum en vátryggingafélagið telur bótarétt fyrir hendi til hálfis sökum stórkostlegs gáleysis farþegans M skv. 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga

Vátryggingafélagið getur þess að ekki liggur fyrir hvort varanlegar afleiðingar hafi orðið af árekstrinum fyrir farþegan og því hefur félagið ekki tekið afstöðu til þess hvort orsakatengsl geti verið fyrir hendi milli árekstursins og þeirra líkamlegu kvilla sem ágreinngurinn snýs um.

Vátryggingafélagið vísar til fyrirliggjandi skýrslu lögreglu um það hvernig árekstur varð, um huglæga afstöðu aðila og lýsingu vitna á aðdraganda árekstursins. Aðstæður á slysstað voru hættulegar sökum blindhæðar og beygju og snjórúðninga og hálfu. Félagið telur ljóst að bifreiðinni hafi verið ekið hratt, í hliðarskriði eftir beygju. Haft er eftir M í skýrslu lögreglu um draganda árekstursins m.a. að "...þeir hafi verið að gera þetta sér til skemmtunar, þar sem snjór hafi verið ofan á þjappaðan snjó og því verið talsfært hált og þá hafi þeir einnig verið að prófa bílinn..."

Álit

Með vísan til fyrirliggjandi gagna er fallist á það sjónarmið vátryggingafélagsins að rekja megi tjónsatburð máls þessa til stórkostlegs gáleysis aðila og að farþeginn M hafi átt sinn þátt í því hvernig fór. Með hliðsjón af ofanrituðu, fyrirliggjandi gögnum og 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga þykir rétt að skerða bótaskyldu til handa M um 1/3 hluta.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi sem nemur 1/3 tjóns M (farþegans).

Reykjavík 15. desember 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 463/2011**M vegna bifreiðarinnar A****og****Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs S****og****Vátryggingafélagið Y v/A****Skemmdir á bifreiðinni A sem unnið var við breytingu á.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 11.11. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins X til nefndarinnar, dags. 28.11. 2011.
- 3) Bréf vátryggingafélagsins Y til nefndarinnar, dags. 30.11. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Álitaefnið er hvort S hafi gert mistök við val á efni sem notað var við smíði á drifskafti sem sett var í bifreið sem unnið var við breytingu á. Hvort S hafi verið þess valdandi að þegar verið var að reynsluaka bifreiðinni brotnaði drifskaftrið sem olli skemmdum á bifreiðinni.

A og Y gera kröfu til S að farið sé eftir viðurkenndum stöðlum varðandi lengd og efnisþykkt við smíði á drifsköftum. Á þessu hafi orðið misbrestur sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið X vísar til þess að S hafi fengið beiðni frá M um að lengja drifskaft líkt og oft áður. S hafi lengt drifskaftrið og afhent M sem sá um að setja það undir A sem unnið var við breytingar á hjá M. Er bifreiðin var í reynsluakstri gaf drifskaftrið sig. Engin viðhlítandi gögn hafi verið lögð fram sem sína að S hafi unnið umbeðið verk með röngum hætti eða öðruvísi en þeim var falið eða að tjónsatvikið sé að rekja til annarra atvika sem S ber skaðabótaábyrgð á.

Álit

Fyrirliggjandi málskot er óljóst og illa upplýsandi. Fjöldi gagna fylgir málskotinu sem ekki er gerð grein fyrir í samandregnu formi. Að teknu tilliti til umfangllunar vátryggingafélaganna telst málskotið tækt til úrskurðar.

Með vísan til fyrirliggjandi gagna hefur ekki verið sýnt fram á skaðabótaskyldu S. Ekki hefur verið sýnt fram á að S hafi vanrækt skyldur sínar. Ofanritað er þrátt fyrir skriflega umfangllun tjónaskoðunarmanns Y.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 15. desember 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 464/2011**M
og
vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar launþega.****Ágreiningur um rétt til bóta úr slysatryggingu launþega vegna vinnuslyss í maí 2009.****Gögn.**

178. Málskot, móttakið 11.11.2011, ásamt fylgigögnum.

179. Bréf X, dags 24.11.2011.

Málsatvik.

M varð fyrir meiðslum á hægri ökkla í maí 2009 er hann var á leið frá vinnuskúr á byggingarsvæði tiltekins skóla, en vinnuveitandi hans, V, hafði þar framkvæmdir með höndum. Í tilkynningu um slysið til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 24.2.2011, segir að M hafi verið á leið frá vinnuskúr inn á vinnusvæðið. Hafi hann dottið vegna mjög ójafns undirlags og hlotið áverka á ökkla. V hafði í gildi slysatryggingu launþega hjá vátryggingafélaginu X. Í tilkynningu M um slysið til X, dags. 28.2.2011, er tildrögum slyssins orðrétt á sama veg og í tilkynningunni til Sjúkratrygginganna.

Í læknisvottorði L, lækni á Heilbrigðisstofnuninni H, dags, 13.7.2011, segir að M hafi leitað á stofnunina hinn 13.7.2009 og þá hafi komið fram að M sé gjarn á að misstíga sig í hægri ökkla, en hann hafi misstígið sig tveimur mánuðum áður og verið slæmur síðan. Hann segist alltaf vera með ónot í ökklanum þar sem kölluð er „T-F syndesmósa og liggur á milli sköflungs og sperrileggs neðarlega.“ Næst hafi M komið 7.9.2011 og þá sagður gjarn á að misstíga sig á hægri ökkla, síðast í vinnunni um byrjun júní sama ár. Fannst bati ganga hægt. Þá kemur fram í vottorði L að M hafi farið í aðgerð á ökklanum í nóvember 2009 þar sem brjóskskemmdir munu hafa verið. Hann fór svo aftur í aðra aðgerð 20.8.2010 þar sem um enn meiri brjóskskemmdir hafi verið að ræða og þá valið að gera staurliðsaðgerð og ökklinn stífdur.

M hefur krafist bóta úr fyrrgreindri slysatryggingu hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt gr. 1.1 í vátryggingarskilmálum þeim sem gilda um slysatrygginguna greiðir félagið bætur vegna slyss sem vátryggður verður fyrir eins og greinir í skilmálunum, vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Þá segir í gr. 1.2 að með orðinu „slys“ sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist sannanlega án vilja hans. Eins og fram kemur í læknisvottorði L leitaði M á H um miðjan júlí 2009 og þá hafi komið fram að hann væri gjarn á að misstíga sig í hægri ökkla, en hann hafi misstígið sig tveimur mánuðum áður. Í tjónstilkynningum í febrúar 2011 kveðst M hafa dottið vegna mjög ójafns og stórgrýtt undirlags og það hafi valdið meiðslunum. Samkvæmt því sem skráð var í sjúkraskrá M um tveimur mánuðum eftir atvikið hafði M einungis misstígið og að hann hafi verið gjarn á að misstíga sig í umræddum ökkla. Af þessari lýsingu verður ekki ráðið að meiðslin verði rakin skyndilegs utanaðkomandi atburðar, heldur miklu fremur til innri veikleika í liðnum. Þegar hátt í tvö voru liðin frá því atvikið varð er fyrst skráð að M hafi dottið á mjög ójöfnu og stórgrýttu undirlagi. Að öllu virtu verður ekki talið að M hafi ekki sýnt fram á

með nægilegri vissu að hann hafi orðið fyrir meiðslunum af völdum slyss í skilningi vátryggingarskilmálanna. Af þessu leiðir að M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingunni.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga glatar sá sem á rétt til bóta samkvæmt slysatryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Fyrir liggur samkvæmt gögnum málsins að í nóvember 2009 hafði M gengist undir aðgerð á ökklanum vegna brjósskemmda sem þá höfðu komið í ljós. Ætla verður að á því tímamarki hafi M mátt gera sér grein fyrir að um varanlega meinsemd væri að ræða jafnvel þótt tilgangur aðgerðarinnar hafi verið að lina þjáningar og önnur einkenni sem af meinsemdinni stafaði. Verður að telja að meira en ár hafi því verið liðið frá því M vissi um kröfu sína, þegar X var tilkynnt um slysið í lok febrúar 2011. Hafði M því glatað rétti sínum til bóta slysatryggingunni jafnvel þótt litið væri svo á að hann hefði orðið fyrir meiðslunum af völdum bótaskylds slyss. Samkvæmt þessu á M ekki rétt til bóta úr slysatryggingunni hvort sem litið er til þess að hann varð ekki fyrir slysi í skilningi vátryggingarskilmála ellegar sökum þess að bótaréttur var fallin niður þar sem tilkynning til félagsins barst eftir að lögmæltur frestur til að tilkynna um tjónið var liðinn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega hjá X.

Reykjavík, 15. desember 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 468/2011

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Árekstur á gatnamótum Mímisbrautar og Hringteigs á Akureyri þann 5.10.2011.**Gögn.**

180. Málskot, móttækið 15.11.2011, ásamt fylgigögnum.

181. Bréf X, dags. 5.12.2011.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið vestur Mímisbraut og beygt til vinstri áleiðis suður Hringteig. Í sömu andrá var bifreiðinni B ekið norður Hringteig og beygt til hægri áleiðis austur Mímisbraut. Á gatnamótunum rákust saman framanverð vinstri hlið A og vinstra framhorn B. Á Hringteigi hvílir biðskylda gagnvart umferð á Mímisbraut. Af ljósmyndum af vettvangi má ráða að snjófól hafi verið á jörð en lítilsháttar krapí á akbraut þar sem áreksturinn varð.

Álit.

Í gögnum málsins er ekki að sjá að ökumenn hafi lýst árekstrinum og tildrögum hans. Á hinn bóginn liggja fyrir skýrar og greinargóðar ljósmyndir af ökutækjunum á árekstrarstað. Samkvæmt 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ber við hægri beygju að aka sem næst hægri brún akbrautar og skal beygjan tekin eins kröpp og unnt er. Við vinstri beygju skal aka sem næst miðju akbrautar og skal taka beygjuna þannig, að þegar ökutækið kemur út af vegamótunum, sé það hægra megin á akbrautinni sem beygt er inn á. Leiðir bifreiðanna áttu ekki að þurfa að skerast er þeim var ekið um gatnamótin. Af fyrrgreindum ljósmyndum má ráða að A var ekið í þröngri vinstri beygju áleiðis inn á Hringteig þannig að hún stefndi inn á rangan vegarhelming. Fór það í bága við fyrrgreint ákvæði 3. mgr. 15. gr. ufl. um það hvernig taka skuli vinstri beygju á gatnamótum og verður áreksturinn rakinn til þess. Ekki verður séð að ökumaður B hafi tekið beygjuna öðruvísi en honum bar. Verður öll sök því lögð á ökumann A.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 11. janúar 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 469/2011**M
og
vátryggingafélagið X v/ sjúklingatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna verkjaeinkenna eftir speglunaraðgerð á hné.****Gögn.**

182. Málskot, móttakið 15.11.2011, ásamt fylgigögnum.

183. Bréf X, dags. 7.12.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M varð fyrir því við knattspyrnuíðkun í janúar 2007 að snérist upp á vinstra hné hans. Fékk hann verki í hnéd auk þess sem það mun hafa bólgnað að innanverðu. Hinn 13.3.2007 leitaði M til A bæklunarskurðlæknis, en þá höfðu verkið farið frekar versnandi. Í kjölfarið var hinn 27.3.2007 framkvæmd segulómun af hnénu. Í niðurstöðu segulómunarinnar segir svo:

„Krossbönd eru heil. Það er talsverð bólga við mediala collateral ligamntið er það er þó ekki totalt rífið. Það eru segulskinsbreytingar í mediala menisknum en þó ekki sýnt fram á klár merki um rifu í honum. Það eru breytingar í afturhorni laterala menisksins og er hann dálítið þunnur þó hann sé ekki klárlega rifinn. Það eru vægar segulskinsbreytingar medíalt í mediala femur condylum, gæti verð afleiðing áverka. Það er ekki sýnt fram á vökvaaukningu í hnjálið né sjúklegar breytingar í femoropatellar lið en það er laus beinbiti í infrapatellar sininni aðlægt tuberositas tibia, trúlegast gamall Schlatter.“

Hinn 26.7.2007 leitaði M til L bæklunarskurðlæknis vegna einkenna sinna í hnénu. Samkvæmt sjúkraskrá L hafði M verið slæmur í hnénu frá því hann meiddi sig. Hnéð hafi ekki verið að bóligna og verið misslæmur, en verið að koma og fara. Þetta hafi verið að pirra M og hann hafi áhuga á að láta gera eitthvað í þessu. Segulómunin í mars hafi sýnt hafi sýnt segulskinsbreytingar í liðþófanum, en ekki nein ákveðin rifa. Við skoðun hafi M verið óþægindalítill þannig að ekki hafi verið mikið að finna. Vottur hafi verið að eymslum „medíalt“, en skoðun hafi að öðru leyti verið eðlileg og ekki verið bólga. Hafi hann af þessu óþægindi af og til, en góður þess á milli. Spurning sé hvort hann hafi ekki þrátt fyrir allt „menisc rupt.“ Komu M og L sér saman um að spegla hnéd í lok ágúst og fékk M tíma í því skyni.

Hinn 12.9.2007 er speglunaraðgerðin framkvæmd. Í sjúkraskrá L er almenn lýsing á aðgerðinni svohljóðandi:

„Diagn.: Plicamedialis vi hné

Op. Arthroscopia vi hné + tekin plica.

Svæfing. Blóðtæmi. Fer inn anterolateralt. Suprapatella recessinn er eðlilegur. Patellar liðurinn eðlilegur en það er nokkuð stór med. plica og það er erting kringum hana. hún er telin. Medíalt í liðnum er brjósk og meniskur eðlilegur. Fremra og aftara krossbandið er eðlilegt. Lateralt í liðnum er brjósk, meniskur og popliteus sin eðlileg. Maður skolar í gegnum liðinn. Scopíð út. Umbúðir.“

Hinn 24.9.2007 kom M í endurkomu til L. Er þá m.a. skráð í sjúkraskrá að tvær vikur hafi verið liðnar frá aðgerð. Hnéliðurinn sé enn svoltið bólginn, en eðlilegt miðað við tíma. Vottur sé af „quadriceps atrophie“ í honum. Fékk M tilvísun til sjúkraþjálfara og ráðleggingar með framhaldið. Þá var M ráðlagt að hafa samband ef illa gengi.

M leitaði að nýju til L hinn 1.10.2007. Hafði hann þá verið slæmur í hnénu um tíma. Hann var þá nýbyrjaður í sjúkraþjálfun og var aftur orðinn betri. Vottur af bólgu var í liðnum en lítið eðlilega út miðað við tíma og hreyfigeta hafi verið góð. Hafi M fengið ráðleggingar varðandi framhaldið og að hann muni halda áfram í sjúkraþjálfun.

Hinn 12.10.2007 leitaði M til A vegna einkenna sinna í hnénu. Samkvæmt sjúkraskrá kvaðst M hafa verið töluvert ósáttur fyrst eftir liðspeglunina hjá L, með bólgu og verk í hnénu, en hafi stórlagast á síðustu dögum. Hann hafi einnig fundið fyrir einhverjum hnút innanvert á hnénu. Við skoðun kom fram að M gekk óhaltur. Ekki hafi verið merkjanlegur vökvi í liðnum en svoltið „synovitis“ virtist vera. Hreyfingar voru eðlilegar og liðurinn virtist vera stöðugur. „McMurray's“ próf reyndist neikvætt. Við þreifingu rétt við „mediala portið“ var að finna pínulítinn hnúð sem var harður viðkomu en ekki aumur. Sennilega einhver örvefshnúður sem hafi myndast þarna eftir aðgerðina. Var ástandið metið þökkalegt og ráðgert að M héldi áfram að gera æfingar og reyna að styrkja vöðva. Hinn 16.10.2007 hafði M símasamband við A og samkvæmt sjúkraskrá kvaðst M hafa farið illa út úr verkjum. Hann liggi á geðdeild með þunglyndi og slæmar hugsanir. M hafi verið búinn að panta sér tíma í segulómsskoðun í vikunni á eftir. Sé M mjög áfram um að komast í þessa rannsókn og féllst A á að skrifa fyrir hann beiðni. Segulómsskoðunin var framkvæmd hinn 24.10.2007 og í niðurstöðu um hana segir:

„Til samanburðar er rannsókn frá 27.03.07.

Krossbönd eru heil og collateral ligament eru heil. Það er líkt og fyrr talsverðar segulskinsbreytingar í mediala menisknum og er grunur um rifu í honum alveg medialt um miðbikið alveg út undir capsuluna en útlitið er nánast óbreytt miðað við fyrri rannsókn. Lateral meniskurinn er heill. Það er eins og áður status eftir morbus Schlatte með beinfragmenti í infrapatellar sininni. Það er grunur um brjósskemmd í sulcus patellaris á femur. Engar beinbreytingar. Ekki er áberandi vökvaaukning í hné.“

Samkvæmt sjúkraskrá geðdeildar Landspítalans kemur fram að M hafi leitað á bráðaþjónustu geðdeildarinnar hinn 8.10.2007 m.a. vegna sjálfsvígshugsana, en hann hafi verið greindur með alvarlegt þunglyndi til margra ára. Er haft eftir M að hnéspeglunin hafi ekki heppnast vel og honum líði afskaplega illa. Hann sé illa haldinn af verkjum, sofi ekki og þetta hafi steypt honum í alvarlegt þunglyndi. Hann geti ekki hugsað sér lífið með svo slæmt hné og að það verði alltaf svona og hann hafi misst alla von um bata. Mun M hafa dvalist á geðdeildinni frá 10.10. til 18.10.2007. Við útskrift þá mun M ekki hafa virkað sérstaklega þunglyndur að öðru leyti en því að hann hafi verið mjög upptekinn af einkennum frá hnénu. Hann hafi farið í sjúkraþjálfun nokkrum dögum áður og fengið hitamedferð. Við það kvað hann einkennin frá hnénu nánast hafa horfið. Þá hafði M einnig leitað á geðdeildina á tímabili í nóvember 2007.

Hinn 21.5.2008 leitaði M til B bæklunarskurðlæknis vegna einkenna frá vinstra hné eftir speglunaraðgerðina hjá L. Kemur fram að hann hafi verið slæmur í tvo mánuði á eftir, varð síðan skárri en versnað nú á ný. Í kjölfarið gekkst M undir segulómsskoðun og beinaskann á hnénu. Í dagnótu B frá 16.6.2008 segir að beinaskann sýni aðeins aukna upptöku í hnénu, einkum „medialt“ og aðeins við „tuberositas tibiae“. Þá hafi fyrri

segulómun sýnt töluvert miklar breytingar í afturhorni „medial liðþófans“ og það sé „ekki hægt að útiloka að lítil rifa gangi niður úr inferior yfirborðinu um miðbikið á mediala liðþófa.“ Var í samráði við M ákveðið að spegla hnéd „þar sem einkennin virðast vera frá mediala liðþófanum.“ Þá mun M í sama skipti hafa fengið beiðni um röntgenmynd af brjóst- og lendhrygg vegna bakverkjasögu.

Vegna speglunaraðgerðar hinn 4.7.2008 er skráð hjá B svofelld aðgerðarlýsing:

„Arthroscopia vi. hné. Ant. lat. port, greindist löng horizonta rifa í aftur og mið hluta med. menisk sem opnaðist niður úr neðra yfirborði menisksinns. Gerð part. med. meniskect. þar sem nokkuð stór hluti aftur og miðhluta menisksinns er tekinn. Brjósk í lagi í hnénu og lat. meniskur heill. Fempat. liður eðl. Ster. Umb. tegjubindi.“

Hinn 8.7.2008 kom M í endurkomu til B vegna hnéspeglunarinnar. Var hann þá laus við „slæmu“ verkina í hnénu. Hann gekk óhaltur. „Status“ á hnénu var þá sagður góður og ekki bólginn. Umbeðin röntgenmynd af baki mun hafa sýnt vægt slit. Hinn 15.8.2008 var M orðinn góður í hnénu, en leitaði þá til B vegna bakverkja. Er M þá sagður hafa skertar hreyfingar í baki, en taugaskoðun hafi verið eðlileg. Hann hafi sára vöðvahnúta í mjóbakinu og fékk sprautu í tvo vöðvahnúta.

Fyrir liggja gögn er varða umsóknir um endurhæfingarlífeyri á árunum 2008 til 2010 vegna stoðkerfisvandamála frá baki og hné.

Hinn 18.9.2008 barst embætti landlæknis kvörtun frá M vegna sjúkdómseinkenna sem hann kvaðst þá búa við, einkum frá baki, og hann taldi að rekja mætti til speglunaraðgerðarinnar hjá L. Af hálfu embættisins var beðið um sérfræðiálit D bæklunarskurðlæknis vegna speglunaraðgerðarinnar sem M gekkst undir hjá L. Í samantektarkafli í álitinu telur D líklegt að rifa á innri liðþófa hafi verið til staðar en telur ljóst að það þá hafi verið erfitt að sjá og greina hana þar sem hún hafi verið það utarlega í liðþófanum og gangi ekki með vissu í gegnum liðþófann, þ.e. bæði frá neðri kanti og upp í gegnum efri brún. Það sé vel þekkt að ekki greinist allir liðþófaáverkar við speglunaraðgerð og sérstaklega ekki þeir sem eru út undir „capsulu“ og ná ekki í gegnum liðþófann. Telur D að rétt hafi verið staðið að aðgerðinni. Óheppilegt sé ef liðþófarifa hefur verið til staðar og hún ekki sést, en það sé þó þekkt að ekki er alltaf hægt að sjá þær rifur sem sjást við segulómsskoðun. „Einnig ef um er að ræða rifu verulega utarlega eða nær liðpokarifu í liðþófa að aðgerðarlæknir láti vera að fjarlægja þegar fjarlægja þarf verulega stóran hluta liðþófans“, en þessu lýsi L ekki og því verði að gera ráð fyrir að hann hafi ekki séð rifuna. Telur D þetta óheppilegt en ekki mistök.

M hefur krafist bóta úr lögmæltri sjúklingatryggingu, sbr. samnefnd lög nr. 111/2000, sem L hefur í gildi hjá vátryggingafélaginu X. Telur M að hann búi við viðvarandi verki í vinstra hné, mjöðmum, mjóbaki og brjóstbaki og að verkir þessir séu af völdum mistaka L við speglunaraðgerðina 12.9.2007 og jafnframt sé um að ræða tjón af völdum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að M þoli það bótalaust. Sé þannig fullnægt skilyrðum 1. og 4. tölul. 2. gr. laga nr. 111/2000 til greiðslu bóta úr

sjúklingatryggingunni. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem bótaréttur sé ekki fyrir hendi úr sjúklingatryggingunni vegna læknismeðferðarinnar hjá L.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 111/2000 eiga sjúklingar, sbr. 2. gr. laga um réttindi sjúklinga, rétt til bóta samkvæmt lögnum ef þeir verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð á sjúkrahúsi, heilsugæslustöð eða annarri heilbrigðisstofnun, í sjúkraflutningum eða hjá heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt og hlotið hefur löggildingu landlæknis til starfans. Samkvæmt 2. gr. laganna skal greiða bætur án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið m.a. til þess að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði, sbr. 1. tölul. 2. gr., ellegar að tjón hlýst af meðferð eða rannsókn, þ.m.t. aðgerð, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalest, sbr. 4. tölul. 2. gr. Við mat á því hvort skilyrði 4. tölul. séu fyrir hendi skal annars vegar líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.

Samkvæmt gögnum málsins hefur ekki verið sýnt fram á að L hafi orðið á mistök við speglunaraðgerðina sem hann framkvæmdi á vinstra hné M. Þá hefur heldur ekki verið sýnt fram á að aðgerðinni hafi að öðru leyti ekki verið hagað eins vel og unnt var og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Af því sem fram kemur í fyrirbyggjandi gögnum frá læknunum A og B, sem og gögnum frá geðdeild Landspítalans, verður ekki annað ráðið en M hafi orðið einkennalaus að mestu í hnénu um tveimur mánuðum eftir speglunaraðgerðina. Einkennin hafi svo tekið sig upp að nýju skömmu áður en hann leitaði til B í maí 2008. Ekkert sérfræðilegt mat liggur fyrir um það hvort eða að hve miklu leyti einkenni þau sem M kveðst búa við í hnénu, svo og í mjöðm og baki, verði rakin til speglunaraðgerðarinnar sem L framkvæmdi. Þá liggja heldur engar upplýsingar fyrir um það í gögnum málsins hvort algengt sé að tjón verði af aðgerð eins og þeirri sem M gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni. Að öllu virtu verður ekki talið að M hafi sýnt fram á að skilyrðum sé fullnægt þannig að hann eigi rétt til bóta úr sjúklingatryggingu L hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu sem L hefur í gildi hjá X.

Reykjavík, 19. janúar 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 470/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Y v/B****Árekstur 19.09. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 15.11. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 07.12. 2011.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 07.12. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður A skuli bera $\frac{3}{4}$ hluta sakar fyrir að virða ekki stöðvunarskyldu sbr. 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Ökumaður B eigi að bera $\frac{1}{4}$ hluta sakar fyrir að hafa ekið um Arnarbakka á of miklum ökuhraða. Leyfilegur hámarkshraði hafi verið lækkaður niður í 30 km/klst en samkvæmt hraðaútreikningi hafi ökuhraði hans verið 46 km/klst.

Vátryggingafélag B vísar til þess að almennt sé ökuhraði á Arnarbakka við Fálkabakka 50 km/klst. Þar sem framkvæmdir voru í gangi hafi verið komið upp bráðabyrgðamerki sem takmarkar hámarkshraða við 30 km/klst. Félagið telur að þessi takmörkun leiði ekki af sér stakarskiptingu þegar A var ekið án nægrar aðgæslu í veg fyrir B.

M er ósáttur við að bera $\frac{1}{4}$ hluta sakar sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að árekstur þennan megi fyrst og fremst rekja til aðgæsluleysis ökumanns A sem ók í veg fyrir B sbr. 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann B miðað við fyrirliggjandi gögn. Ekki hefur verið sýnt fram á að áreksturinn verði rakinn til þess að ökumaður B ók hraðar en hinn tímabundni hámarkshraði kvað á um.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 15. desember 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 472/2011**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna umferðarslyss þann 14.3.2011.****Gögn.**

184. Málskot, móttakið 16.11.2011, ásamt fylgigögnum.

185. Bréf X, dags. 5.12.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 14.3.2008 var bifreiðinni A ekið aftan á aðra bifreið sem M stjórnaði. M leitaði á Sjúkrahús Ísafjarðar tæpri klukkustund síðar vegna einkenna sem hún hafði eftir áreksturinn. Í nótu sem þá var skrifuð á sjúkrahúsinu segir að M hafi fengið mikinn og óviðbúinn hnykk á háls og bak. Síðan hafi verið vaxandi verkur á milli herðablaða og neðst í mjóbaki. Eymsli virðast hafa verið aðallega í vöðvafestum á „occiput“ og á milli herðablaða „Th4-6 ca“ og neðst í mjóbaki vinstra megin „L4-S1“. „Neurologia“ hafi verið eðlileg og ekki brotgrunur.

Í fyrirbyggjandi læknisvottorðum kemur fram að M hafi leitað á heilsugæslustöð 28.1.2011 en þá um morguninn hafi hún vaknað með hálsríg. Segir í komunótu að M hafi sögu um aftanákeyrslu og fundið fyrir óþægindum í hálsi eftir það. Í beiðni um sjúkrahjálfun, dags. 28.8.2011, kemur fram að M hafi haft vöðvabólgu í hálsi um langt skeið, „nú verið með svimaköst intermíttent í mánuð, stendur nokkrar sekúndur, við snöggar hreyfingar. Líklegast um svírasundl að ræða.“ Rekur M einkenni þessi til afleiðinga slyssins 2008, enda hafi hún ekki haft nein einkenni þaðan fyrir slysið, en mikil einkenni þar eftir.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá váttryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem ósannað sé að einkenni M verði rakin til slyssins í mars 2008.

Álit.

Ekki verður talið samkvæmt gögnum málsins að X hafi viðurkennt bótaskyldu, þannig að skuldbindandi sé fyrir félagið, vegna þess líkamstjóns sem M telur sig hafa orðið fyrir við áreksturinn 14.3.2008. Fyrirbyggjandi gögn um líkamstjón M eru afar takmörkuð. Þannig liggja ekki fyrir neinar sérfræðilegar álitsgerðir eða mat á því hvort eða að hve miklu leyti M hafi orðið fyrir varanlegu líkamstjóni af völdum slyssins. Er málið svo vanreifað að ekki er á færi nefndarinnar að skera úr um ágreining aðila. Ber því að vísa málinu frá, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík, 11. janúar 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 473/2011

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (L)

og

Sjóvá Almennar tryggingar hf. (Y) v/ábyrgðartryggingar v/krana (Á)**Vinnuslys við uppskipun 01.09. 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 16.11. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins X til nefndarinnar, dags. 05.12. 2011.
- 3) Bréf vátryggingafélagsins Y til nefndarinnar, dags. 30.11. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Vinnuslysið var við uppskipun úr togara þegar bretti féll ofan í lest á M sem var við vinnu sína.

Vátryggingafélagið Y telur að starfsmenn L hafi séð um framkvæmd uppskipunarinnar og hafi M verið einn af þeim. Að auki hafi starfsmaður Á komið að verkinu og stjórnað löndunarkrana frá bryggjunni. Félagið telur ósannað að slysið verði takið til saknæmrar háttsemi kranastjórans sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins.

Vátryggingafélagið X vísar m.a. til þess að vörubretti hafi rekist utan í lestarlúgu eða stangir þannig að þau féllu niður í lest. Ástæða þessa hafi verið sú að stjórnandi kranans hafi byrjað að slaka áður en það var óhætt og lúgumanni hafi gefist færi á því að stýra hífingunni ofan í lestina eða athuga að óhætt var væri. Félagið telur að lúgumaðurinn hafi sinnt skyldu sinni. Á hafi unnið að þessu sem sjálfstæður framkvæmdaraðili.

Vinnueftirlitið var ekki kallað á vettvang máls þessa.

Óþarft er að geta umfjöllunar M í málskotinu er hann er á milli vátryggingafélaga sem eru ósammála um mögulega skaðabótaskyldu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að rekja megi tjónsáburð máls þessa til vanrækslu bæði kranastjórans og lúgumannsins. Samvinnu þeirra virðist hafa verið mjög áfátt.

Framkvæmdaraðilar uppskipunarinnar verða að bera halla af sönnunarskortu í máli þessu. Þeir bera því sameiginlega ábyrgð gagnvart M.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 15. desember 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 475/2011**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu er hópbifreið var ekið á hross þann 10.9.2011.****Gögn.**

186. Málskot, móttækið 17.11.2011, ásamt fylgigögnum.

187. Bréf X, dags 7.12.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hópbifreiðinni A var ekið á hross á Norðurlandsvegi við bæinn B í hreppnum D með þeim afleiðingum að hrossið drapst. Hrossið var í eigu M. Í lögregluskýrslu um atvikið kemur fram að myrkur hafi verið, engin lýsing, en þurrt færi. Á þessum vegarkafla hafi vegsvæðið verið girt af með girðingu beggja vegna. Fjögur önnur hross hafi verið í aðhaldi við B og hafi þau öll verið innan girðingar. Við skoðun á girðingum við veginn og girðingu þeirri þar sem hrossin höfðu verið í aðhaldi reyndist girðingin meðfram veginum ónýtt á kafla þar sem hrossið hafði birst á veginum, en ekki hafi verið að sjá að girðing sú þar sem hrossin höfðu verið í aðhaldi hafi verið rofin. Engar tilkynningar höfðu borist lögreglu um lausagöngu hrossa á umræddum vegarkafla.

Ökumaður A kvaðst hafa verið á leið til Akureyrar og ekið á 80-90 km hraða á klst. með háan ljósgeisla. Skyndilega hafi hross komið frá hægri og inn á veginn og hafi A hafnað á hrossinu. Kvaðst ökumaðurinn hafa hemlað en allt komið fyrir ekki. Hemlaför eftir hægra afturhjóla A mældist 47,7 m og 63,2 m eftir vinstra afturhjóla.

M kvaðst nýverið hafa lánað ábúanda á B og konu hans hross, þ. á m. hrossið sem varð fyrir A, og hafi þau verið geymd í girðingu skammt norðan við B.

Fyrir liggur vottorð oddvita D, þar sem segir að veggirðing á B hafi verið tekin út 20.9.2011 af fulltrúa Vegagerðarinnar og oddvita D og hafi hún reynst vera í lagi, „að gefnum ástæðum er rétt að taka fram að girðing sú sem var tekin út sem veggirðing er vestan trjálundar.“

M hefur krafist bóta fyrir hrossið úr ábyrgðartryggingu A hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Bætur fyrir tjón á munum má lækka eða fella niður ef sá sem fyrir tjóni varð var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi, sbr. 3. mgr. 88. gr. ufl.

Samkvæmt 50. gr. vegalaga nr. 80/2007 er lausaganga búfjár bönnuð á stofnvegum og tengivegum þar sem girt er báðum megin vegar og lokað er fyrir ágangi búfjár, t.d. með ristarhliði. Girt var beggja megin vegarins þar sem óhappið átti sér stað. Á hinn bóginn liggur ekki fyrir í gögnum málsins að umrætt vegsvæði hafi verið lokað fyrir ágangi búfjár, t.d. með ristarhliði. Þá liggur heldur ekki fyrir að lausaganga hrossa hafi verið bönnuð á svæðinu á grundvelli laga nr. 103/2002 um búfjánhald o.fl. Þar sem ekki liggur fyrir að skilyrðum vegalaga um lausagöngu búfjár hafi að öllu leyti verið fullnægt né að viðkomandi sveitarfélag hafi bannað lausagöngu hrossa verður ekki fullyrt samkvæmt gögnum málsins að tjónið verði að einhverju leyti eða öllu rakið til þess að M eða aðrir sem ábyrgð báru á vörslu hrossins hafi ekki gætt hrossins í samræmi við lög. Að öðru leyti hefur heldur ekki verið sýnt fram á að M hafi verið meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða gáleysi. Eru því ekki skilyrði fyrir hendi til að beita heimild 3. mgr. 88. gr. ufl. til að lækka bætur eða fella niður vegna þess tjóns sem M varð fyrir við það að hrossið varð fyrir A. Ber því að bæta tjónið úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

Hross í eigu M bætist úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 11. janúar 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 476/2011**M****og****V (vátryggingafélag)****Meiðsl við fall af bifhjóli 28.03. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 21.11. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 12.12. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M féll af bifhjóli sínu á akstursbraut akstursíþróttasvæðis Vélhjóladeildar Ungmennafélags Þorlákshafnar, sem mun vera opin fyrir fleiri en þá sem keppa í akstursíþróttum.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins. Hann hafi ekki verið þátttakandi í akstursíþrótt eða við undirbúning/æfingu slíkrar þátttöku sbr. umfjöllun hans.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Félagið vísar til upphaflegrar frásagnar M um að hann hafi “verið að æfa mótorkross og var að stökkva upp þegar hafi skyndilega drepit á sér...” sbr. fyrirliggjandi læknisvottorð sem félagið telur að ekki hafi verið hrundið. Ekki sé unnt að fallast á að M hafi einungis verið að hjóla sér til skemmtunar og því hafi ekki verið um að ræða akstursíþrótt. Félagið telur að M hafi verið við iðkun akstursíþróttar í skilningi skilmála. Öll umgjörð þess svæðis sem hér um ræðir þar sem slysið varð sé þannig að um akstursíþrótt sé að ræða, um viðurkennt akstursíþróttasvæði sé að ræða, brautir þar eru byggðar upp skv. reglum Mótor og snjósleðasamband Íslands og svæðið með starfsleyfi frá sýslumanni. Við akstur á svæðinu er félagsmönnum og gestum uppálagt að aka aðeins um svæðið í öllum þeim öryggisbúnaði sem reglur íþróttasambandsins kveða á um þegar ekið er í keppni.

M var á svonefndu enduro-bifhjóli en ekki á mótorkrosshjóli.

Álit

M var að hjóla á sérstöku æfinga- og keppnissvæði vegna akstursíþróttar. Samkvæmt vátrygginga-skilmálum greiðir félagið ekki bætur vegna slyss sem vátryggður verður fyrir ef það leiðir af hvers konar akstursíþróttum. Þá greiðir félagið ekki bætur vegna slyss sem verður í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum nema annað komi fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að M hafi verið að leggja stund á akstursíþrótt í skilningi skilmála. Hann lagði stund á bifhjólaakstur á afmörkuðu svæði sem ætlað er til æfinga og keppni. Slík notkun bifhjóls telst vera akstursíþrótt. Slyss M er því ekki bótaskyld úr þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 11. janúar 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 479/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar lögmansins L.

Krafa um að tekjuskatts álagning á dánarbú verði greidd úr ábyrgðartryggingu lögmans sem annaðist búskipin þ. 23.1.2009

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 22.11.2011 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 23.12.2011 ásamt fylgiskjölum 1-8

Málsatvik.

Lögmaðurinn L var skipaður af Héraðsdómi Reykjaness skiptastjóri við opinber skipti dánarbús. Erfingjar dánarbúsins telja sig hafa orðið fyrir tjóni vegna starfa L þar sem fullur tekjuskattur hafi fallið á dánarbúið vegna gáleysis L í stað fjárhæðar vegna útlagningar fasteignar kæmi til erfðafjárskatts. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu L hjá V vegna þessa sem nemi tekjuskatts álagninguna á dánarbúið. V hafnar bótaskyldu og telur erfingja dánarbúsins ekki vera viðskiptamenn L þar sem hann hafi verið skipaður skiptastjóri af Héraðsdómi Reykjaness. Þá telur V að vegna reglna skiptalaga um skipti skuldafrágöngubúa eins og hér var um að ræða hafi skiptastjóri ekki átt annan kost í þessu tilviki en selja fasteign í eigu dánarbúsins svo unnt væri að ljúka skiptum. Þá segir V að útlagning fasteignarinnar hefði ekki getað farið fram nema áður hefði verið aflað samþykkis kröfuhafa fyrir yfirtöku erfingja á á hvílandi veðskuld, en ekkert liggja fyrir um slíkt samþykki. Útlagning hefði auk þess þurft að fara fram með samþykki allra erfingja þar sem ekki voru til fjármunir í búinu til að greiða einhverjum þeirra arfinn. V hafnar því að bótaábyrgð leggist á skiptastjóra í skuldafrágöngubúi þó hann ákveði að selja einu eign búsins meðan á skiptum stendur. Þá vísar V til þess að um lögmæta skattlagningu hafi verið að ræða af söluhagnaði eignarinnar.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á það af M, að L hafi gerst sekur um gáleysi eða hagað búskiptum með þeim hætti að leiði til bótaskyldu af hans hálfu. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr á ábyrgðartryggingu L hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu L hjá V

Reykjavík 26.1 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 480/2011**M****og****V (vátryggingafélag)****v/ábyrgðartryggingar Steypustöðvarinnar****Vinnuslys við fall við steypubifreið 23.06. 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 23.11. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 12.12. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var að flytja steypu með steypubifreið að byggingarsvæði að Austurstræti 22 Reykjavík. Aðkoman að svæðinu var þröng, M mun hafa farið upp á vegrið til þess að komast aftur fyrir steypubifreiðina. Þegar M var að smeygja sér aftur fyrir bifreiðina mun hann hafa runnið af vegriðinu og lent á milli þess og bifreiðarinnar þannig að hann slasaðist sbr. fyrirliggjandi gögn.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á skaðabótaábyrgð vinnuveitanda M (vátryggingartaka) í máli þessu. Vinnuveitandi M ber ekki ábyrgð á þeim aðstæðum sem fyrir hendi voru á byggingarsvæðinu, jafnvel þó starfsmaður hans M hafi þurft að fara þar um vegna starfs síns. Slys M verður ekki rakið til saknæmrar eða ólögmætrar háttsemi vátryggingartaka eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 11. janúar 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 482/2011

M

og

vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

og

vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Árekstur á Bitruhálsi í Reykjavík við gatnamót Bæjarháls hinn 11.10.2011.

Gögn.

188. Málskot, móttækið 23.11.2011, ásamt fylgigögnum.

189. Bréf Vátryggingafélags Íslands hf., dags. 12.12.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A) var ekið vestur Bæjarháls í átt að gatnamótum Bitruháls. Vegna áreksturs á gatnamótunum sem hindraði akstur áfram vestur Bæjarháls beygði ökumaður A til hægri norður Bitruháls og hugðist taka U-beygju við endann á umferðareyju sem skilur að akreinar í gagnstæðar áttir á Bitruhálsi norðan gatnamótanna. Bar þá að bifreiðina B sem var ekið vestur Bæjarháls og beygt til hægri norður Bitruháls á eftir A. Rakst B aftan á A.

Ökumaður A kvaðst hafa verið nýbúinn að aka inn á Bitruháls og hægt ferð til að taka U-beygjuna, er hann hafi skyndilega fundið högg koma á A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á eftir A og séð áreksturinn á gatnamótunum og því ákveðið að beygja til hægri norður Bitruháls til að komast hjá árekstrinum. Er hann hafi verið nýbúinn að beygja inn á Bitruháls hafi hann séð A kyrrstæða fyrir framan sig. Hann hafi hemlað en ekki tekist að afstýra árekstri. Ökumaður B tók fram að óbrotin miðlína hafi verið á akbrautinni við enda umferðareyjunnar þar sem ökumaður A ætlaði að taka U-beygjuna.

Álit.

B var ekið aftan á A. Samkvæmt 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökutæki, sem er ekið á eftir öðru ökutæki, vera svo langt frá því að eigi sé hætt á árekstri þótt ökutækið sem er á undan stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Á þessu varð misbrestur hjá ökumanni B. Eins og áður getur var óbrotin miðlína við enda umferðareyjunnar þar sem ökumaður A hugðist snúa við. Samkvæmt a. lið 23. gr. reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki gefur óbrotin miðlína [hindrunarlína] til kynna að hættulegt sé að aka yfir hana og óheimilt nema brýna nauðsyn beri til. Árekstur hafði orðið á gatnamótum Bæjarháls og Bitruháls sem hindraði óhefta för A og B vestur Bæjarháls beint yfir gatnamótin. Af þessum sökum hugðist ökumaður A taka U-beygju við enda umferðareyjunnar. Að öllu virtu verður ekki talið að áreksturinn megi rekja til aksturslags ökumanns A. Öll sök verður því lögð á ökumann B.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 18. janúar 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 485/2011

M

og

V (vátryggingafélag)

v/slysatryggingar sjómanna

Meiðsl við vinnu um borð í lest skips 19.12. 2010.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 25.11. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 07.12. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var við vinnu sína um borð í lest skips. Varð M fyrir því óhappi að hrasa með kassa í fanginu.

Við fallið hlaut hann áverka og eymsli sbr. fyrirliggjandi gögn.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Félagið telur að ekki hafi verið um slys að ræða eins og hugtakið er skilgreint í vátryggingarétti og skilmálum. Félagið hafnar því að M hafi hrasað vegna þess að slinkur hafi komið á skipið í vondu veðri. Fyrirliggjandi gögn gefa aðeins til kynna að M hafi hrasað með kassa í fanginu. Ekki sé unnt að taka mark á síðar frásögn M.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að rekja megi óhapp M til utanaðkomandi tjónsatburðar. Óhapp M fellur ekki undir skilgreiningu á bótaskyldu slysi. Ósannað er að slinkur hafi komið á skipið í umrætt sinn.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 11. janúar 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 488/2011**M****og****V (vátryggingafélag)****. v/sumarhúsatryggingar****Vatnstjón 28.01. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 25.11. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 13.12. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vatnstjón varð í sumarhúsi M og var lekinn rakinn til hitakúts fyrir neysluvatn.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Félagið telur að skilyrði skilmála fyrir bótaskyldu hafi ekki verið uppfyllt þar sem varúðarreglu hafi ekki verið sinnt sbr. umfjöllun félagsins í gögnum málsins. Félagið vísar til þess m.a. að umrætt sumarhús er óupphitað og aðeins kalt vatn sem kemur inn í húsið, því hafi verið viðbúið að það gæti frosið í lögn ef ekki var lokað fyrir hana og hún vatnstæmd. Þetta hafi M mátt vera ljóst. Félagið vísar til úrskurðar nefndarinnar í máli 231/2010, varðandi vatnstjón í sumarhúsi, þar sem sýnt þótti að umrædd varúðarreglna skilmála hafi verið vanrækt og greiðsluskylda því ekki talin vera fyrir hendi. Um sambærileg mál sé að ræða.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Telja verður að varúðarregla skilmála vatnstjónstryggingar hafi verið í gildi á tjónsdegi þrátt fyrir umfjöllun M. Samkvæmt nefndri varúðarreglu er það skilyrði fyrir bótagreiðslu vegna tjóns sem verður á tímabilinu 01.10. – 30.04. að lokað hafi verið fyrir vatnsaðstreymi neysluvatnslagna (heitt og kalt neysluvatn) og þær ásamt viðtengdum tækjum tæmdar. Þessa gætti M ekki og því er bótaskylda ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 11. janúar 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þ. Jónsson hdl.

Mál nr. 489/2011

M v/bifreiðarinnar A

og

V (vátryggingafélag)

. v/ábyrgðartryggingar OE-525 (B)

Umferðaróhapp er B var ekið í veg fyrir A þann 18.04. 2010, ágreiningur um afleiðingar.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 28.11. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 19.12. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

B mun hafa verið ekið í veg fyrir A við framúrakstur í námunda við Fáskrúðsfjarðargögn. Ágreiningur er um hvort orsakatengsl séu sönnuð varðandi líkamsmeiðsl sem M telur sig hafa orðið fyrir í umrætt sinn sbr. gögn málsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Félagið telur ósannað að M hafi hlotið varanlegt heilsutjón í umræddu óhappi. Engin orsakatengsl séu fyrir hendi milli óhappsins og þeirra kvilla sem lýst er í fyrirliggjandi læknisvottorði.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Líkt og vátryggingafélagið vísar til er ósannað að M hafi hlotið varanlegt heilsutjón í umræddu óhappi.

Athygli er vakin á því að í fyrirliggjandi læknisvottorði, dags. 22.09. 2011, segir að “tímabært sé að meta afleiðingar slyssins”. M.ö.o. það þykir tímabært að meta hvort um varanlegar afleiðingar sé að ræða fyrir M af völdum þess óhapps sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 26. janúar 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 490/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. kaskótryggingar bifreiðar

Bótakrafa úr kaskótryggingu bifreiðar vegna grjóthruns þ. 11.3.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 28.11.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Bréf V dags. 16.12.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-3

Málsatvik.

M segist hafa ekið bifreið sinni eftir Þjóvegi 1 um Þvottárskriður í Djúpavogshreppi þegar grjóthrun hafi orðið í skriðunum með þeim afleiðingum að grjót skall á hægri hlið bifreiðar M og orsakaði lakkskemmdir á henni. M krefst bóta úr kaskótryggingu bifreiðarinnar hjá V. V hafnar bótaskyldu og telur fullyrðingu M um tjón á bifreiðinni vegna grjóthruns vera ranga. V heldur því fram að bifreiðin hafi orðið fyrir tjóni vegna áfoks lausra jarefna og vísar til vottorðs Veðurstofu Íslands sem liggur fyrir í málinu um vindátt og vindstyrk máli sínu til stuðnings. Þá bendir V á að myndir af bifreiðinni sýni að bifreiðin hefði ekki getað orðið fyrir grjóthruni með þeim hætti sem M lýsir. V segir að myndir af bifreiðinni sýni að skemmdir á bifreiðinni séu eftir fínan jarðveg og vísar til mats sérfræðinga sinna á því að útilokað sé að um grjóthrun hafi verið að ræða. V segir því ekki um bótaskyldu að ræða og vísar til greinar 4.5. í vátryggingaskilmálum fyrir kaskótryggingu bifreiðarinnar.

Álit.

Að öllum gögnum málsins virtum verður ekki séð að M hafi sýnt fram á að bifreið hennar hafi orðið fyrir grjóthruni í umrætt sinn. Ljósmyndir af ákomum á bifreiðinni benda eindregið til að um áfok lausra jarðefna hafi verið um að ræða sem hafi valdið skemmdum á bifreiðinni. Með vísan til greinar 4.5. í vátryggingaskilmálum fyrir kaskótryggingu bifreiðar M á hún því ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu bifreiðarinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu bifreiðar sinnar hjá V.

Reykjavík 26.1. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 491/2011
M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar einstaklings.

Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu er ungur drengur olli konu líkamstjóni.

Gögn.

190. Málskot, móttækið 29.11.2011, ásamt fylgigögnum.

191. Bréf X, dags 16.12.2011.

Málsatvik.

Hinn 14.1.2009 var M að störfum í skólanum S sem stuðningsfulltrúi. Umræddan dag um hádegisbil var hún að aðstoða við matargjöf í matsal skólans. Hefur M lýst atvikum sem þá gerðust í stórum dráttum á þann veg að þá hafi borið að nemendur í 10. bekk skólans, þ. á m. nemendurnar A og B. Hafi þeir verið með leiðindi og ekki viljað hlýða settum vinnureglum um útdeilingu matar og verið að ryðjast fram fyrir þá sem á undan biðu í röð eftir matnum. Hafi hún stöðvað þá með því að ganga fram fyrir þá og tjáð þeim að bíða þar til röðin kæmi að þeim. Hafi A þá troðist fram fyrir og farið að „matarlúgunni“. Hafi M þá lagt svo fyrir að A fengi ekki mat fyrr en kæmi að honum eða þar sem hann átti með réttu að vera í röðinni. Hafi A þá ráðist á M og gripið í handlegg hennar og ýtt henni harkalega á undan sér um tvo metra og hent henni þar á vegg. Skall hún með hægri öxl og höfuð á veggnum og hlaut hún áverka á öxlinni.

Slysið var tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins. Samkvæmt lýsingu á atvikinu í tilkynningunni var M með verkstjórn í matsalnum. Nemandi (A) hafi verið með yfirgang og troðning og ekki farið að fyrirmælum. Hafi M stöðvað nemandann sem hafi brugðist við með því að veitast að M og tekið á henni og hent henni út í vegg.

A er vátryggður samkvæmt ábyrgðartryggingu í fjölskyldutryggingu hjá vátryggingafélaginu X. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingunni. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Að virtum gögnum málsins, eins og þau liggja fyrir, verður að telja engum vafa undirorpið að A hafi af ásetningi tekið M tókum og hent henni út í vegg með þeim afleiðingum að hún hlaut áverka á hægri öxl. Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. laga nr. 33/2004 um vátryggingarsamninga ber félagið ekki ábyrgð ef vátryggður hefur af ásetningi valdið því að vátryggingaratburður varð. Ákvæði þetta er áréttað í 10. gr. sameiginlegra skilmála sem gilda um ábyrgðartrygginguna. Af þessu leiðir að A nýtur ekki vátryggingarverndar. Tjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki bótaskyldt.

Reykjavík, 26. janúar 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 492/2011**M****og****V (vátryggingafélag)****v/A og v/B****Árekstur 07.02. 2011 við útkeyrslu frá bensínstöð inn á Laugaveg.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 30.11. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 19.12. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

A var ekið út frá umræddri bensínstöð og inn á Laugaveg með fyrirhugaðan akstur austur og svo upp Kringlumýrarbraut í suður um leið og B sem skipti um akrein á Laugavegi þannig að árekstur varð.

Vátryggingafélagið telur að leggja skuli alla sök á ökumann A sem hafi ekið í veg fyrir B sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins.

M er ósammála afstöðu vátryggingafélagsins sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og ákomu á bifreiðunum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir B. Honum bar að virða forgang B.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 26. janúar 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 493/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. slysatryggingar ökumanns og eiganda A

Ökumaður slasast þegar hún missti stjórn á torfæruhjóli þ. 28.7.2011

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 30.11.2011 ásamt fylgiskjölum 1-11
2. Bréf V dags. 18.112.2011.

Málsatvik.

M segist hafa misst stjórn á torfæruhjóli sem hún ók á akstursæfingasvæði við Bolöldu. M segir að þegar hún ók torfæruhjólina hafi engin keppni verið í “mótorcrossi”. M gerir kröfu um bætur úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V og bendir á að í umrætt sinn hafi hún verið að leika sér ásamt félögum sínum en ekki verið að æfa sig fyrir keppni. Í lögregluskýrslu kemur fram hjá vitni að M hafi verið á frekar hröðum kafla í brautinni, stokkið á palli og fipast í lendingunni og dottið. M ber með sama hætti. Í bréfi formanns mótorhjóra- og snjósleðasambandi Íslands kemur fram að í umrætt sinn hafi engin keppni verið í Bolöldu og svæðið aðeins opið til aksturs félagsmanna og gesta. V hafnar bótaskyldu og bendir á að A hafi verið tryggt lögboðinni ábyrgðartryggingu ökumanns og eiganda þegar slysið varð. V segir að fyrir liggi upplýsingar um að M hafi verið þáttakandi í Íslandsmóti 2011 í Mótorkrossi og hafði keppt þrisvar þegar slysið varð og tvær keppnir eftir á mótinu og tveir dagar í næstu keppni þegar slysið varð. V telur ljóst að M hafi verið að æfa fyrir aksturskeppni í umrætt sinn og því sé ekki um bótaskyldu að ræða sbr. 12. gr. vátryggingaskilmála.

Álit.

Í 12.gr. vátryggingaskilmála þeirra sem hér ræðir um segir að vátryggingin nái ekki til tjóns við kappakstur eða aksturskeppni né æfinga við slíkan akstur nema um annað sé samið. Í umrætt sinn var M á viðurkenndu akstursæfingasvæði við Bolöldu og var keppandi í Íslandsmóti í Mótorkrossi. Af lýsingu á tildrögum óhappsins að dæma og aksturslags M svo og þess að stutt var í næstu keppni verður ekki hjá því komist að telja að M hafi verið við æfingaakstur í umrætt sinn. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Reykjavík 26.1. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 496/2011**M****og****V (vátryggingafélag)****. v/fasteignatrygginar (vatnstjónstrygging)****Ágreiningur um bótaskyldu vegna vatnstjóns 02.07. 2011,
ágreiningur um hvort um eina heild sé að ræða á gólfefnum.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 01.12. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 28.12. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um bótaskyldu þ.e. umfang við uppgjör vegna skemmda á gólfefnum sbr. fyrirliggjandi gögn. Vátryggingafélagið getur ekki fallist á að um eina heild sé að ræða líkt og M telur. Það hefur gert M tilboð sem hann getur ekki fallist á. Félagið vísar til þess að það eigi einungis að bæta sannanlegar vatnsskemmdir á hinni vátryggðu húseign. Boðnar hafi verið fullar bætur fyrir sannanlegar vatnsskemmdir sbr. fyrirliggjandi tjónamat.

M er ósammála tjónamati félagsins sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og atvikum öllum er fallist á tjónamat félagsins í máli þessu. M hefur ekki sýnt fram á með nægjanlegum hætti að tjónamatið sé ófullnægjandi miðað við aðstæður. Ekki hefur verið sýnt fram á að um svonefnda eina heild sé að ræða. Til hliðsjónar úrskurð nefndarinnar í máli 52/2006.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á að fyrirliggjandi tjónamat félagsins sé ófullnægjandi.

Reykjavík 26. janúar 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 497/2011
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Umferðaróhapp á gatnamótum Grensásvegur og Fellsmúla þ. 8.8.2011

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 1.12.2011 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V-1 dags. 12.12.2011.
3. Bréf lögmanns V-2 dags. 16.12.2011 ásamt ljósmyndum

Málsatvik.

Ökumaður A, sem er mótorkjör, segist hafa ekið um húsagötu við Grensásveginn til suðurs og af henni og að gatnamótum við Fellsmúla á vestustu akreininni. Ökumaður A segir að þegar hann hafi nálgast gatnamótin hafi hann séð að B var ekið úr kyrrstöðu í beygju upp Fellsmúla og hafi hann þá átt þann eina kost að hemla og velta hjólinu á vinstri hlið til að komast hjá að lenda í árekstri, en við það hafi orðið tjón á A. Ökumaður B segist hafa ekið á stað á eftir jeppabifreið þegar umferð um Grensásveg leyfði í beygju af Grensásvegi vestur Fellsmúla og hafi hún séð A koma út frá húsagötu, hemlað og lagt hjólið á hliðina. Vitni sem segist hafa ekið næst á eftir B segir að B hafi verið ekið gróflega í veg fyrir A. Þá segir vitnið að engine bifreið hafi verið á undan B. Eiginkona vitnisins staðfestir frásögn þess, en hún var farþegi í bifreið þeirra.

Álit.

Í umrætt sinn beygði ökumaður B af Grensásvegi vestur Fellsmúla í veg fyrir A. Miðað við fyrirbyggjandi gögn og framburð vitna ber ökumaður B sök á umferðaróhappi þessu þar sem hún beygði í veg fyrir A á gatnamótum Grensásvegur og Fellsmúla þar sem A var ekið um gatnamótin með ætlun um að aka áfram Grensásveg til suðurs.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök

Reykjavík 26.1. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 498/2011
M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.

Ágreiningur um bótaskyldu er hundur varð fyrir bifreið og drapst.

Gögn.

192. Málskot, móttakið 2.12.2011, ásamt fylgigögnum.

193. Bréf X, dags 16.12.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 24.8.2011 slapp hundur í eigu M út af heimili hennar í sveitarfélaginu S. M og dóttir hennar hófu þegar leit að hundinum en skömmu síðar kom í ljós að hann hafði orðið fyrir bifreið og drepist.

Vitni bar að það hafi séð hund er svaraði til lýsingar á hundi M fyrir framan heimili sitt. Hafi hundurinn farið út á götuna og staðið þar á miðri götunni er stóra jeppabifreið, A, hafi borið að eftir götunni. Hafi ökumaður A stöðvað bifreiðina í örskamma stund fyrir framan hundinn, en svo ekið kröftuglega af stað og ekið yfir hundinn.

Ökumaður A kvaðst ekki kannast við að hafa ekið yfir hundinn. Hann hafi hægt verulega á ferð sinni um götuna þar sem hann hafi verið að fylgjast með börnum á hjólum í baksýnispegli A.

M hefur krafist bóta úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla í tækinu eða ógætni ökumanna. Þó má lækka bætur eða fella niður fyrir tjón á munum ef sá sem fyrir tjóni varð var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi, sbr. 3. mgr. sömu greinar. Telja verður sannað samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum að hundurinn hafi orðið fyrir A. Fyrir liggur samkvæmt gögnum málsins að hundahald er bannað í S. Sveitarstjórn er heimilt að veita undanþágu frá banninu að tilteknum skilyrðum fullnægðum, þ. á m. að hundur skuli aldrei ganga laus á almannafæri. Hundurinn slapp út af heimili M og gekk laus um götur uns hann varð fyrir A. Verður að meta það M til gáleysis að hundurinn slapp úr vörslum hennar og verður atvikið rakið til þess. Eftir atvikum öllum þykir rétt, eins og hér stóð á, að fella niður bótarétt M vegna gáleysis hennar.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 26. janúar 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 499/2011**M****og****V (váttryggingafélag)****v/málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar**

Ágreiningur um hvort um undanskila áhættu sé að ræða í tengslum við kaup á sumarhúsi og um frest til að krefjast meðferðar úrskurðarnefndar.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 02.12. 2011.
- 2) Bréf váttryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 29.12. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M fer fram á viðurkenningu á bótaskyldu úr málskostnaðartryggingu vegna ágreinings sem hann á við seljanda sumarhúss sem hún keypti sbr. fyrirliggjandi gögn.

Váttryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur að mál þetta varði váttryggðan sem eiganda fasteignar sem fellur utan fjölskyldutryggingar. Félagið telur og að “váttryggður hafi skotið málinu of seint til úrskurðarnefndarinnar” og því glatað rétti til bóta sbr. 2. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Félagið hafnaði bótaskyldu með tölvupósti til váttryggðs, dags. 25.11. 2010.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins.

Álit

Í 2. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga er þess getið að ef félagið hafnar kröfu váttryggðs í heild eða hluta glatar hann rétti til bóta ef hann hefur ekki hföðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað sbr. nánar ákvæðið.

Líkt og fyrr segir telur váttryggingafélagið að váttryggður hafi glatað rétti til bóta sbr. nefnt ákvæði. Með vísan til framanritaðs og 2. mgr. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga er máli þessu vísað frá nefndinni.

Niðurstaða.

Frávísun.

Reykjavík 26. janúar 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 500/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. kortatryggingar

Ferðamaður rændur í Tailandi þ. 27.9.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 5.12.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-4
2. Bréf V dags. 19.12.2011 ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

M var í sólarlandaferð á Tailandi og bauð konu með sér upp á herbergi sitt. M sofnaði og meðan hann svaf fór konan og hafði með sér að sögn M myndavél og linsu og allt sem var í öryggishólfi nema vegabréfi og Visa greiðslukorti. M telur að konan hafi komið svefnlyf í drykk hans. M krefst bóta úr kortatryggingu sinni hjá V. V hafnar bótaskyldu þar sem ósannað sé að atvikið falli undir bótasvið skilmála tryggingarinnar. V bendir á að skilyrði greiðslna úr ofangreindri tryggingu sé að vátryggður gæti fyllsta öryggis við vörslu hins vátryggða, en V telur að M hafi ekki gert það í umrætt sinn. Þá bendir V á ákvæði í grein 5.2 og 5.3 vátryggingaskilmála.

Álit.

Af lýsingu M sjálfs á atvikum málsins, kemur fram, að hann gætti ekki hins vátryggða með öruggum hætti og á þegar af þeirri ástæðu ekki rétt á bótum úr kortatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kortatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 26.1. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 501/2011**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar flugstöðvar.****Ágreiningur um bótaskyldu er kona féll í móttökusal flugstöðvar hinn 8.3.2007.****Gögn.**

194. Málskot, móttækið 5.12.2011, ásamt fylgigögnum.

195. Bréf X, dags. 27.12.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Snemma morguns hinn 8.3.2007 var M stödd í innritunarsal flugstöðvarinnar F á leið í flug. Féll hún þá á gólfið og hlaut áverka á hnjám. M lét starfsmann í F vita um atvikið en M afpakkadi aðstoð og hélt ferð sinni áfram í flug. Viðkomandi starfsmaður tilkynnti lögreglu um atvikið, en þar sem M hafði afpakkad aðstoð var atvikið ekki rannsakað frekar. Hinn 16.4.2007 gaf M skýrslu hjá lögreglu. Vegna breytinga í brottfararsal kvað hún einhvers konar duft, sennilega steinryk, hafa legið yfir gólfinu því það hafi ekki sést. Allt í einu hafi hún runnið til á gólfinu og fallið fram fyrir sig með fyrrgreindum afleiðingum.

M kveður gólf í flugstöðinni hafa verið hál og til þess megi rekja slysið. Hafi fasteign F verið vanbúin að þessu leyti. Hún hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu F hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Gögn málsins eru takmörkuð um tjónsatvikið og aðstæður í F þegar slysið varð. Ekki verður ráðið með vissu að slysið verði rakið til þess að gólfið í innritunarsalnum hafi verið hálla en venjulega vegna steinryks sem M kveður að hafi legið yfir gólfinu. Verður að telja ósannað að slysið verði rakið til vanbúnaðar fasteignarinnar eða annarra atvika sem F ber ábyrgð á. Tjón M telst því ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu F hjá X.

Reykjavík, 26. janúar 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 503/2011**M****og****V (vátryggingafélag)****. v/slysátryggingar ökumanns og eiganda****Ágreiningur um skerðingu bótaréttar í kjölfar umferðarslyss 14.09. 2007,
sökum stórkostlegs gáleysis.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 14.12. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 28.12. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um bótaskyldu vegna umferðarslyss.

Vátryggingafélagið hefur viðurkennt bótaskyldu til hálfis. Það telur að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í aðdraganda slyssins. M ók bifreið sinni vestur Vífilsstaðaveg, þegar umferðarljós sýndu gult hafi hann að eigin sögn gefið í til þess að komast yfir gatnamótin en hann misst stjórn á bifreiðinni þannig að hún endaði á hvolfi sbr. gögn málsins.

Gögn málsins geta frásagnar vitna. Vitað er um mikinn hraða bifreiðarinnar sem hafi stokkið.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og atvikum öllum verður að telja að M hafi valdið umræddu óhappi með stórkostlegu gáleysi við akstur bifreiðarinnar. Með vísan til þessa og niðurstöðu dómstóla og afstöðu nefndarinnar í sambærilegum tilvikum þykir rétt að skerða bótarétt M um 1/3 sbr. ákvæði umferðarlaga, vátryggingarskilmála og 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi sem nemur 2/3 hluta tjóns M.

Reykjavík 26. janúar 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 504/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. málskostnaðarliðs heimilistryggingar

Málssókn vegna bifreiðakaupa þ. 22.8.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 12.12.2011 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 20.12.2011 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

M keypti bifreið þ.22.8.2011 og gaf seljandi út afsal fyrir bifreiðinni við undirritun samningsins. M segir að kviknað hafi í bifreiðinni á árinu 2006 og orðið töluvert brunatjón og valdið bilun sem varð á bifreiðinni eftir að M keypti hana. M segir að engar upplýsingar hafi verið gefnar eðalegið fyrir um brunatjónið þegar kaup voru gerð milli hans og seljanda. M hyggst krefja seljanda um bætur í dómsmáli vegna þess fjártjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir vegna galla á bifreiðinni og rangrar tjónasögu varðandi bifreiðina. Vegna þess krefst M bóta úr málskostnaðarliðs fjölskyldutryggingar sninar hjá V vegna fyrirhugaðs bótamáls. M segir að bótamálið varði hann ekki beint sem eiganda ökutækis heldur snúi ágreiningurinn um hugsanlega bótaábyrgð seljanda bifreiðar vegna leyndar galla. V hafnar bótaskyldu þar sem félagið telur ágreininginn varða M sem eiganda vélknúins ökutækis og vísar í grein 25.10 í vátryggingaskilmálum.

Álit.

Fyrirhuguð málsókn M, varðar M sem eiganda bifreiðarinnar. Í grein 25.10 vátryggingaskilmála segir að vátryggingin bæti ekki málskostnað sem varðar vátryggðan sem eiganda vélknúins farartækis. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 26.1. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 505/2011
M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar útgerðar.

Starfsmaður skipaviðgerðarverkstæðis slasaðist um borð í fiskiskipinu hinn 27.5.2010.

Gögn.

196. Málskot, móttakið 13.12.2011, ásamt fylgigögnum.

197. Bréf X, dags. 28.12.2011.

Málsatvik.

M, sem var starfsmaður S, vann við viðgerð á brunndælu um borð í fiskiskipinu F sem gert er út af V. Skyndilega fór dælan í gang með þeim afleiðingum að vinstri handleggur M festist í dælunni og hlaut hann alvarlega áverka á handleggnum. Í umrætt sinn voru margir iðnaðarmenn að störfum um borð í F, þ. á m. M ásamt fleiri starfsmönnum S. Samkvæmt gögnum málsins mun yfirvélstjóri F og annar starfsmaður V hafa fengið M og annan samstarfsmann hans til að taka upp brunndæluna og skipta um dæluhjól í henni. Yfirvélstjórinn hafi ætlað að slá út dælunni enda, eins og haft er eftir honum í lögregluskýrslu, „hafi hann ekki haft fullkomna yfirsýn yfir það sem verið var að gera í hvert sinn enda verkefalistinn langur.“ Ekki liggur fyrir með vissu hvers vegna dælan fór í gang, en yfirvélstjórinn taldi helst að flotrofi hafi valdið því þegar mikið vatn hafi verið komið í brunninn sem hún var í, en rofinn hafi verið stilltur á „auto“ þegar hann kom að.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X. X hefur viðurkennt bótaskyldu að 2/3 hlutum en telur að M verði að bera sjálfur 1/3 tjónsins þar sem hann hafi af stórkostlegu gáleysi verið meðvaldur að því.

Álit.

Óumdeilt er með aðilum að M hafi orðið fyrir líkamstjóninu í starfi og að réttur hans til bóta skerðist því ekki vegna meðábyrgðar hans nema hann hafi af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi átt þátt í að tjónsatburður varð, sbr. 1. mgr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 124/2009 um breytingu á þeim.

Starfsmaður V hafði tekið að sér að slá út dælunni en vegna annríkis hafði hann ekki komið því í verk áður en slysið varð. Ber V ábyrgð á líkamstjóni M sökum þess að það fórst fyrir hjá starfsmanninum að slá út dælunni. Þótt M hafi mátt reiða sig á að búið hafi verið að slá út dælunni má virða það honum til nokkurs gáleysis að hafa ekki gengið sjálfur úr skugga um að svo hafi verið, en slyshætta virðist hafa verið augljós við það að dælan fór í gang meðan M vann að viðgerð á henni. Á hinn bóginn þykir ekki hafa verið sýnt fram á með nægilega skýrum hætti að gáleysi hans verði virt honum til stórkostlegs gáleysis. Eru því ekki skilyrði að lögum til að skerða bótarétt hans. Hann á því rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 26. janúar 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 506/2011**M****og****V (vátryggingafélag)****v/fjölskyldutryggingar**

Ágreiningur hvort um slys hafi verið að ræða þann 29.07. 2011, er M féll við heima hjá sér.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 13.12. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 29.12. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um bótaskyldu þ.e. hvort um slys hafi verið að ræða skv. skilgreiningu skilmála. Í upphaflegri frásögn kveðst M hafa verið “að snúa sér við á sléttu gólfi og rak tána í hælinn og datt aftur fyrir sig”. Félagið hafnar síðari tíma frásögn M sbr. gögn málsins. Það telur að atvikið sé ekki að rekja til utanaðkomandi atburðar og því sé það ekki bótaskyldt. Í breyttri frásögn M er þess getið að M hafi fallið um tréklossa.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í gögnum málsins. Hún telur að um slys hafi verið að ræða sem falli undir skilgreiningu skilmála.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og neitun félagsins hefur ekki verið sýnt fram á að um slys hafi verið að ræða skv. skilgreiningu skilmála. Ósannað er að utanaðkomandi tjónsatburður hafi valdið því að M féll í umrætt sinn. Líkamspartur M getur rekki talist utanaðkomandi atburður skv. skilmálum.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 26. janúar 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 508/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. ferðatryggingar greiðslukorts.

Ráðist á ferðamenn og þeir rændir á ferð í Laos þ. 3.10.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 13.12.2011 ásamt fylgiskjöllum nr. 1-5
2. Bréf V dags. 28.12.2011 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M segir að hún og eiginkona hans hafi lent í því á ferð um Laos að lögreglumenn hafi ráðist á þau og rænt bæði peningum og vegabréfum. Vegna þess segir M að þau hafi þurft að bíða í 3 vikur eftir vegabréfum en þegar þau komu hafi þau farið úr landi þ.27.10.2011 en upprunalegi flugmiðinn var heimferð þ. 16.11.2011. Þá segir M að þau hafi ætlað að fara til Suður Afríku og dvelja þar í ár við vinnu, en þar sem þau höfðu einungis neyðarvegabréf hafi þau þurft að fljúga heim, sækja um vegabréf og flúga síðan aftur til baka. Allt þetta hafi bakað þeim mikinn aukakostnað sem þau gera kröfu til að fá bætt úr ferðatryggingu greiðslukorts hjá V. V hafnar bótaskyldu og vísar til þess að M eigi ekki rétt á greiðslu bóta vegna ferðarofs með vísan til vátryggingaskilmála greina í kafla 4.4. Þá segir V að M eigi ekki rétt á bótum vegna aukins kostnaðar við heimferð og vísar til greinar 4.3.2. vátryggingaskilmála, en samkvæmt því séu skilyrði bótaskyldu ekki fyrir hendi. Þá segir V að M eigi rétt á bótum vegna greiðslu vegabréfa en þar sem kostnaður við þau sé kr. 6.500 en eigin áhætta vátryggðs kr. 20.000.- þá komi ekki til bótagreiðslu

Álit.

Samkvæmt ákvæðum kafla 4.4. í vátryggingaskilmálanum er ekki fyrir hendi bótaskylda úr vátryggingu M hjá V vegna ferðarofs. Þá er ekki fyrir hendi bótaskylda vegna aukins kostnaðar við heimferð þar sem að skilyrði greinar 4.3.2. vátryggingaskilmála eru ekki fyrir hendi. M á rétt á bótum vegna kostnaðar við útgáfu vegabréfa, en þar sem ekki er sýnt fram á það af M að kostnaður við það nemi hærri fjárhæð en eigin áhætta vátryggðs þá kemur ekki til þess að M eigi rétt á bótum úr ferðatryggingu greiðslukorts hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á greiðslu bóta úr ferðatryggingu greiðslukorts hjá V.

Reykjavík 26.1. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 509/2011
M
og
vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar.

Upphafstími frests til að tilkynna tjónsatburð.

Gögn.

198. Málskot, móttakið 13.12.2011, ásamt fylgigögnum.

199. Bréf X, dags 23.12.2011.

Málsatvik.

Hinn 30.11.2006 féll M í hálfu og snérist um hægri ökkla. Hún leitaði samdægurs á slysadeild S vegna eymsla í fætinum. Var álitid að um tognun væri að ræða og var hún meðhöndluð með teygjusokk, verkjalyfjum og hækjum. Hinn 4.12.2006 leitaði M aftur á slysadeild vegna einkenna sinna. Var þá tekin röntgenmynd sem sýndi engin brot. Var talið að hún myndi jafna sig að mestu eða fullu á fáum vikum. Hinn 16.2.2007 leitaði M til heilsugæslulæknis þar sem hún var enn með verki. Fékk hún tilvísun á sjúkrahjálfun. Hún leitaði svo aftur til læknisins hinn 13.7.2009 vegna afleiðinga slyssins. Báðir hælzar reyndust þá edlilegir við röntgenrannsókn sem þá var framkvæmd. Á samskiptaseðli í umrætt sinn kemur fram að örorkuumsókn er frestað. Hinn 22.1.2010 leitaði svo M á ný til heilsugæslulæknisins sem taldi þá að afleiðingar slyssins hafi smátt og smátt verið að leiða til óvinnufærni M vegna verkja við gang og stöður.

Hinn 3.2.2010 mun M hafa tilkynnt tjónsatburðinn til vátryggingafélagsins X vegna bóta úr slysatryggingu sem hún taldi sig eiga rétt á. X hafnaði bótaskyldu þar sem ársfrestur til að tilkynna um atburðinn hafi þá verið liðinn, sbr. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. vsl. glatar sá sem á rétt til bóta samkvæmt slysatryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Við fallið 26.11.2006 hlaut M tognunaráverka á hægri ökkla. Eftir að hafa leitað tvívegis á slysadeild S fyrst eftir slysið var álitid að hún myndi ná sér að mestu ef ekki að fullu. Samkvæmt því sem fyrir liggur um samskipti hennar við heilsugæslulækni á árunum 2007 og 2009 verður ekki ráðið að þá hafi verið ljóst að M myndi búa við einkenni frá fætinum til frambúðar. Það hafi fyrst verið ljóst eftir heimsókn til læknisins 22.1.2010. Í ljósi þessa þykir ekki unnt að fullyrða að ári áður en hún tilkynnti um slysið til X, eða í byrjun febrúar 2009, hafi henni mátt vera ljóst að hún byggji við varanlegar afleiðingar af völdum slyssins. Verður því ekki talið að hún hafi verið búin að glata rétti sínum til bóta er hún tilkynnti um slysið. M á því rétt á bótum úr slysatryggingu þeirri sem hér um ræðir að öðrum skilyrðum fullnægðum.

Niðurstaða.

M hefur ekki glatað rétti til bóta úr slysatryggingu hjá X.

Reykjavík, 26. janúar 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 510/2011**M****og****V (vátryggingafélag) v/A****og****V (vátryggingafélag). v/B****Árekstur á Krísuvíkurvegi 24.08. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 14.12. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 20.12. 2012.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 18.01. 2012, ásamt athugasemdum ökumanns B.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ökumaður B ók bifreið sinni á undan A. Hann mun hafa hægt snögglega á bifreið sinni því hann hugðist tala í farsíma sbr. fyrirliggjandi gögn. Í kjölfar þessa var A ekið á B.

Vátryggingafélag A telur að líta beri til framburðar vitnis þegar háttsemi aðila er skoðuð. Það heldur því fram að B hafi snarstoppað á miðjum veginum án þess að gefa stefnumerki. Félagið telur að öllu virtu að báðir aðilar eigi sök á árekstrinum.

Vátryggingafélag B tekur undir niðurstöðu tjonanefndar vátryggingarfélaganna þess efnis að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum fyrir að gæta ekki nægjanlega að umferð fyrir framan og því ekið aftan á B.

Óþarft er að geta umfjöllunar ökumanna vegna málskotsins.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A meginábyrgð á árekstrinum fyrir að huga ekki nægjanlega að umferð sem á undan fór. Vegna þessa var A ekið aftan á B. Ökumaður B ber og ábyrgð á árekstrinum fyrir að stöðva bifreið sína skyndilega án þess að huga að þeim sem á eftir komu. Með aksturslagi sínum skapaði hann óþarfa hættu fyrir þá sem á eftir komu. Ekki er ástæða til að efast um frásögn vitnis sem ekið var sömu leið.

Með hliðsjón af ofanrituðu ber ökumaður A 2/3 hluta sakar og ökumaður B 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

A ber 2/3 hluta sakar og B 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 14. febrúar 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 511/2011
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur á Hafnarfjarðarvegi norðan Hambraborgar þ. 8.11.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 16.12.2011 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V-1 dags. 18.1.2012.
3. Bréf V-2 dags. 18.1.2012 ásamt fylgiskjölum 1-4

Málsatvik.

Ökumaður A segist hafa ekið norður Hafnarfjarðarveg á vinstri akrein þegar B var ekið hægra megin framúr og síðan beygt í veg fyrir A þannig að árekstur hafi orðið. Ökumaður A segist hafa flautað en B hafi ekið í burtu. Ökumaður B segist hafa ekið á eftir A og skipt um akrein og ekið hægra megin framúr A og hafi A verið beygt í áttina að sér þegar hann var við hægri hlið A, en hann hefði ekki orðið var við snertingu á milli bifreiðanna.

Álit.

Í umrætt sinn ók B fram úr A á hægri akrein og beygði síðan í veg fyrir A yfir á vinstri akrein og árekstur varð milli bifreiðanna. Ökumaður B ber alla sök á árekstrinum fyrir að gæta þess ekki að skipta um akrein eftir að hafa ekið fram úr A að nægjanlegt bil væri á milli bifreiðanna þegar B skipti um akrein. Öll sök á ökumann B

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík 14.2. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 512/2011**M****og****V (váttryggingafélag)****v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs F****Skemmdir á tengivirki (götuskáp) við snjómokstur þann 15.11. 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 16.12. 2011.
- 2) Bréf váttryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 02.01. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vinnuvél í eigu F vann við snjómokstur. Ekið var á umrætt tengivirki sem mun hafa verið á kafi í snjó sbr. fyrirliggjandi gögn.

Váttryggingafélagið hafnar bótskyldu sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins.

M telur bótskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótskyldu þeirrar váttryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að rekja með tjónsaurð máls þessa til aðgæsluleysis starfsmanna F. Ekki er unnt að líta svo á að M hafi mátt gera ráð fyrir því að tengivirki væri á þessum stað þar sem enga merkingu var að finna.

Ekki hefur verið sýnt fram á að ákvæði laga nr. 81/2003 um fjarskipti eigi við um tjónsatvik máls þessa.

Niðurstaða.

Bótskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 15. desember 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 513/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. sjúklingatryggingar læknisins L

Rótarþjöl/nál brotnaði í kjálka konu þ. 2.9.2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 16.12.2011 ásamt fylgiskjölum 1-18
2. Bréf V dags. 9.1.2012.

Málsatvik.

M var sjúklingur hjá L tannlækni. Þ.2.9.2011 brotnaði rótarþjöl/nál í kjálka M en það leiddi til mikilla óþæginda og kostnaðar fyrir M að hennar sögn. M gerir kröfu um bætur úr sjúklingatryggingu L hjá V og byggir á því að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna rangrar lækni meðferðar sbr. 2.gr. laga um sjúklingatryggingar nr. 111/2000. Lögmaður M telur að sjúklingur eigi ekki að þola það bótaalaust að rótarnál brotni í rötargangi. L telur að brotin rótarnál í rötargangi hjá M sé ekki aðalorsök eða hindrun þess að hægt sé að komast hjá sýkingu í tönnina heldur flókið rötarkerfi, aukarót og þröngur rötargangur sem ekki sé hægt að komast að til að hreinsa úr. Ægir Rafn Ingólfsson gaf umsögn um málið þar sem hann telur á svipuðum forsendum og koma fram hjá L nauðsynlegt að taka umrædda tönn strax. Í álitgerð Landlæknisembættisins þ.14.10.2010 vegna kvörtunar M segir að atvikið flokkist ekki undir vanrækslu eða mistök, en vísað er m.a. til umsagnar Svend Richter um málið frá 10.10.2011, en þar segir m.a. allir læknar sem leggja stund á tannholdaðgerðir lendi í því að rótarnál brotni í rötargangi af margvíslegum ástæðum, en brotin þjöl þurfi alls ekki að merkja vanrækslu eða mistök og L hafi ekki gerst sekur um það við meðhöndlun á M. V hafnar bótaskyldu og bendir á að ekki sé vísað til þess í málskoti hvert tjón M sé, en af gögnum málsins verði ekki annað séð en að brotið valdi M engum skaða. V segir að ástand umræddrar tannar sem L meðhöndlaði hafi verið slæm, áður en meðhöndlun L hófst og telur V að brotna rótarnálin hafi engu við það bætt. Þá vísar V til 2.gr. laga um sjúklingatryggingar og segir enga sönnun hafa verið færð fram um það að ekki hafi verið rétt staðið að lækni meðferð hjá L á M í umrætt sinn eða rótarþjölín sem notuð var hafi verið gölluð eða bilað í aðgerðinni. Þá vísar V til þess að engin gögn hafi verið lögð fram um hvaða fylgikvilla M telur sig búa við í kjölfar aðgerðarinnar.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að L hafi gerst sekur um vanrækslu eða mistök. Af gögnum málsins virtum verður ekki séð að M eigi rétt á bótum með vísan til laga nr. 111/2000 sjúklingatryggingar. Þegar af þeim ástæðum á M ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu L hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rét á bótum úr sjúklingatryggingu L hjá V.

Reykjavík 26.1. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 514/2011**M****og****V (vátryggingafélag)****v/ábyrgðartryggingar O****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skiltis sem fauk 07.01. 2011
af húsnæði vátryggingartaka að Borgartúni.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 16.12. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 16.01. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Skilti utan á húsi O fauk á M þannig að meiðsl hlaut af sbr. fyrirliggjandi gögn.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur að um vanbúnað hafi verið að ræða. Frágangur þess hafi verið ófullnægjandi og því hafi skiltið losnað af húsveggnum. M telur að fullyrðingar félagsins um að vanbúnaður sé ósannaður, þar sem skiltið hafi verið yfirfarið í ágúst 2010 til að tryggja að það væri kyrfilega fest, séu ósannaðar. M telur að skiltið hljóti að teljast vanbúið og hættulegt “ef það þolir ekki vindhraða á bilinu 13-15 m/s eða 24 m/s í mestu hviðum”.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Það telur engar forsendur til þess að fallast á bótaskyldu. Stormur hafi valdið því að skiltið fauk.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að umrætt skilti hafi ekki verið fest með nægjanlega öruggum hætti m.ö.o. festing þess hafi verið ófullnægjandi. Telja verður að rekja megi tjón M til þessa vanbúnaðar.

Ekki hefur verið sýnt fram á að skiltið hafi verið fest með fullnægjandi hætti. Upplýsingar um samskipti vátryggingartaka og þess aðila sem hann fékk til að setja skiltið upp og yfirfara breyta ekki framanrituðu. Festing og um leið frágangur skiltisins virðist hafa verið óbótavant.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 14. febrúar 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 515/2011**M
og****Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar fasteignasalans F****Sala á byggingarétti á íbúðarhúsalóð í Reykjavík þ. 25.5.2007.****Gögn.**

1. Málskot móttekið þ. 19.12.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-16
2. Bréf V dags. 13.1.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-6

Málsatvik.

M gerir kröfu í starfsábyrgðartryggingu fasteignasala og héraðsdómslögmanns vegna sölu á byggingarrétti á íbúðarhúsalóðum. M segist hafa gert tilboð í umræddar eignir hjá F og skyldi 9.7 milljónir greiddast í peningum og 18.3 milljónir með yfirtöku á láni frá Frjálsa fjárfestingabankanum, sem hvíldi á lóðinni. Fyrirvari varð gerður í tilboðinu um samþykki Frjálsa fjárfestingabankans. Tilboð M var samþykkt og segir M að ráðist hafi verið í kaupsamningsgerð þrátt fyrir það að samþykki Frjálsa fjárfestingabankans lægi ekki fyrir við kaupsamningsgerðina þ. 25.5.2007. M segir að við gerð kaupsamningsins hafi F lagt fram tölvupóstsamskipti sín og Frjálsa fjárfestingabankans þar sem fram kom að skilmálabreyting væri tilbúin. M gerir athugasemd við það að ekki hafi legið fyrir undirritað samþykki Frjálsa fjárfestingabankans við skilmálabreytingarnar við kaupsamningsgerð og þá segir M að ekkert hafi legið fyrir um samþykki Reykjavíkurborgar um framsal byggingarréttarins til M. M telur að með því að ganga til kaupsamningsgerðar áður en fyrirvara var aflétt og samþykki Reykjavíkurborgar um framsal byggingarréttar lægi fyrir og heimila greiðslur til seljenda hafi F ekki gætt hagsmuna kaupanda og sýnt af sér stórkostlega vanrækslu í starfi auk þess sem ekki hafi verið kominn tími til að ganga til kaupsamnings eða inna kaupsamningsgreiðslur af hendi. M segir að einn seljanda hafa gefið út tryggingavíxil sem sé í vörslu F vegna kaupsamningsins og neiti hann að afhenda M tryggingarvixilinn þar sem F heldur því fram að seljendur hafi ekki gerst sekir um vanefndir. M segist síðan hafa undirritað afsal þ. 4.10.2007 fyrir tilstilli F og greitt kr. 4.681.282 auk dráttarvaxta. M segir að það hafi síðan enga þýðingu haft þó að hann væri með kaupsamning og afsal í höndunum þar sem það hefðu verið marklaus skjöl með öllu og honum ómögulegt að nýta rétt sinn samkvæmt þeim skjöllum. M telur sig hafa orðið fyrir tjóni sem nemur þeirri fjárhæð sem hann hefur innt af hendi vegna kaupanna og hafi F valdið M þessu fjárhagstjóni með saknæmum og ólöglegum hætti með frágangi skjala um réttindi þ.m.t. afsals þar sem kaupandi er lýstur réttur og löglegur eigandi hins keypta án þess að það gæti orðið. M gerir því kröfu til að fá tjón sitt bætt úr starfsábyrgðartryggingu F hjá V.

V hafnar bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu F þar sem ekki sé sýnt fram á að skilyrði skilmála tryggingarinnar fyrir bótaskyldu séu uppfyllt. V bendir á að sbr. 2.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 að V hafnaði bótaskyldu með bréfi 17.12.2010, en bréf lögmanns M til Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum sé ekki móttekið fyrir en 19.12.2011 hjá Fjármálaeftirlitinu og dagsett þ. 16.12.2011 eða rúmu ári eftir dagsetningu höfnunarbréfsins. V segir að F hafi aldrei starfað hjá fasteignasölu þeirri sem annaðist um milligöngu milli kaupanda og seljanda í umrætt sinn og þá hafi hann ekki starfað sem lögmaður fyrir aðila. V hafnar því að F beri ábyrgð á samningum sem umrædd fasteignasala gangi frá auk þess sem V mótmælir að mistök hafi verið gerð vegna milligöngu F. V bendir á að samþykki Frjálsa fjárfestingabankans varðandi yfirtöku lána hafi legið fyrir frá þeim degi sem kaupsamningur var undirritaður og vísar til

fyrirliggjandi gagna í því sambandi. Þá segir V að báðum aðilum kaupsamnings og afsals hafi verið ljóst að ekki var hægt að þinglýsa afsali fyrr en sökkull og plata hefðu verið steipt. V segir að tryggingarvígill hafi verið gefinn út vegna þess að seljandi var og yrði skráður eigandi byggingarréttarins þangað til botnplata var gerð og hægt yrði að þinglýsa afsali. F heldur því fram að báðum aðilum hafi verið ljóst að ekki væri hægt að þinglýsa kaupsamningi eða afsali þegar gengið var frá þeim skjölum. F segir að þrátt fyrir sérþekkingu M á fasteignaviðskiptum hafi hann farið í gegn um hvert einasta atriði með honum sem varðaði kaupin og M hafi verið fullkunnugt um réttarstöðu sína. V telur að F hafi á engan hátt bakað sér skaðabótaábyrgð með athöfnum sínum eða athafnaleysi í tengslum við aðkomu sína að kaupum M á umræddum byggingarrétti. Þá bendir V á að um tómlæti geti verið að ræða af hálfu M þar sem krafan á hendur F hafi fyrst verið sett fram rúnum þremur arum eftir að kaupsamningur um umræddan byggingarrétt var undirritaður.

Álit.

Í kaupsamningi aðila dags. 25.5.2007 segir m.a. í lýsingu eignar að byggingarréttur á tilgreindri íbúðarhúsalóð ásamt öllu því sem þeim rétti og skyldum fylgir og fylgja ber skv. lóðarleigusamningi sem útgefinn verði og þinglýst af seljanda, er sökkull og plata hafa verið steipt. Þá er þess getið að til tryggingar efndum samkvæmt kaupsamningnum leggi seljandi fram tryggingarvígill að fjárhæð kr. 10.000.000 án útgáfudags og gjalddaga. Ef til vanefnda seljanda komi sé kaupanda heimilt að árita útgáfudag og gjalddaga á víxlinum og innheimta vanefndafjárhæð. Að þessu virtu og þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu verður ekki séð að F hafi vanrækt skyldur sínar sem fasteignasali gagnvart M. Fyrir liggur vilji Frjálsa fjárfestingabankans til að ganga frá skuldbreytingu svo sem fyrirvari M laut að. Ekki verður séð að M hafi nokkru sinni gengið frá því við bankann að taka yfir skuldina sem gögn málsins bera með sér að honum hafi verið heimilt. Þá liggur ekki fyrir í málinu hvað olli því að kaupendur gerðu engan reka að því að uppfylla skilmála í lóðarúthlutun til að þeir gætu öðlast þinglýsta eignarheimild yfir hinu selda, en af gögnum málsins verður ekki dregið í efa að aðilum málsins hafi verið fullkunnugt um að ekki var hægt að þinglýsa þeim réttindum sem M keypti skv. umræddum kaupsamningi og afsali fyrr en m.a. sökkull og botnplata höfðu verið gerð. Ekki hefur verið sýnt fram á gáleysi af hálfu F í þeim viðskiptum sem hér um ræðir og á M þegar af þeirri ástæðu ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu F hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu F hjá V.

Reykjavík 14.2. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 516/2011
M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar veghaldara.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á bifreið sem lenti á grjóti hinn 14.8.2011.

Gögn.

200. Málskot, móttakið 20.12.2011, ásamt fylgigögnum.

201. Bréf X, dags 5.1.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M ók bifreið sinni, A, vestur tiltekinn veg. Hefur M lýst atvikum svo að hann hafi ekið eftir beinum malbornum vegarkafli sem tók við af nýbyggðum og malbikuðum vegi. Er vegarkafllinn tengdist gamla veginum áfram til vesturs hafi hjólförin skyndilega sveigt til vinstri niður af uppbyggða veginum og inn á gamla veginn sem liggur þar samsíða þeim nýja en tveimur metrum neðar. Engar hraðatakmarkanir, merki um hættulega beygju, vegstikur né annað hafi gefið til kynna að þarna ætti að beygja af nýja veginum inn á þann gamla. Liggi vegirnir þarna svo nærri hvor öðrum að grjót úr undirstöðum nýja vegarins liggi ekki aðeins utan við gamla veginn heldur hafi nokkrir stórir steinar einnig legið inni á honum. Kvaðst M hafa fylgt hjólförinum en þá lent í lausamöl sökum þess hve seint hann hafi áttað sig á aðstæðum. Hafi A skriðið til hliðar á veginum og við að reyna að ná aftur stjórn á A hafi hún sveiflast til og frá á veginum og runnið síðan þversum uns vinstra framhjól hafi lent á stórum steini úr undirstöðum nýja vegarins sem hafi verið hægra megin í vegkantinum.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu veghaldarans hjá vátryggingafélaginu X vegna tjónsins sem varð á A. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 56. gr. vegalaga nr. 80/2007 ber veghaldari vegar, sem er opinn almenningi til frjálstrar umferðar, ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér edlilega varkárni.

Af gögnum málsins, þ. á m. fyrirliggjandi ljósmyndum af vettvangi, þykir ekki hafa verið sýnt fram á að tjónið á A verði rakið til gáleysis veghaldara við veghaldið, né heldur þykir nægilega sannað að M hafi sýnt af sér edlilega varkárni við aksturinn í umrætt sinn. Samkvæmt þessu hefur ekki verið sýnt fram á að lagaskilyrðum hafi verið fullnægt til að fella bótaábyrgð á veghaldarann vegna óhappsins. Tjónið fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu veghaldarans hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna tjóns á A úr ábyrgðartryggingu veghaldara hjá X.

Reykjavík, 26. janúar 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 517/2011**M****og****V (vátryggingafélag)****. v/slysátryggingar launþega****Ágreiningur um hvort tilkynningarskyldu hafi verið fullnægt skv. 124. gr. laga um
vátryggingarsamninga nr. 30/2004.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 19.12. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 03.01. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið telur að M hafi ekki gætt tilkynningarskyldu sinnar skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins. Hann hafnar því að hann hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína.

Álit

M fell af bifhjóli sínu í febrúar 2010. Hann tilkynnti félaginu um bótakröfu sína 26.05. 2011.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. umfjöllun M í málskotinu er ekki unnt að fallast á að hann hafi vanrækt tilkynningarskyldu.

Vátryggingafélagið vísar til þess að M hafi mátt gera sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins sem um ræðir þegar hann hafi leitað aðstoðar lögmanns þann 24.02. 2010.

Ekki er unnt að fallast á að M hafi verið kunnugt um varanlegar afleiðingar slyssins fyrr en síðar á árinu 2010. Honum mátti ekki þegar í kjölfar slyssins vera kunnugt um mögulegar afleiðingar á þann veg að það valdi brottfalli bótaréttar. Virðist mega miða upphaf tilkynningarfrests við 18.11. 2010 í þessu tilviki. Tekið er efnislega undir umfjöllun M í málskotinu.

Niðurstaða.

Ekki er um vanrækta tilkynningarskyldu að ræða. Bótaskylda er því fyrir hendi.

Reykjavík 26. janúar 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 518/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar S

Maður slasast við vinnu með þunga borvél þ. 16.4.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 19.12.2011 ásamt fylgiskjölum nr. 1-17
2. Bréf V dags. 9.1.2012.

Málsatvik.

M stóð í svokölluðum A tröppum í u.þ.b. 1 metra hæð og var að bora með þungum handbor í steiptan vegg. Borinn festist og snéri upp á handlegg M með þeim afleiðingum að hann fell niður og handleggsbrotnaði. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá V. M segir að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits fyrr en 4.9.2008. Þá segir að það sé mat M að orsakir slyssins sé að borinn hafi verið bilaður/vanbúinn eða aðstæður sem borinn var notaður við hafi verið óforsvaranlegar. V hafnar bótaskyldu og telur að M hafi staðið í um 50 cm hæð þegar umrætt slys varð og ekki sé sannað að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi annarra starfsmanna S, ófullnægjandi verkstjórnar, búnaðar eða vinnuaðstöðu. V segir að umræddur bor hafi verið í góðu lagi og með aukahandfangi til stuðnings sem M hafi haldið í. Þá segir V að alþekkt sé að borar festist þegar borað sé í steinveggi. V segir að vandséð sé að hægt hafi verið að tryggja öryggi M betur við þessa vinnu auk þess sem um einfalt verk hafi verið að ræða. V telur því að um óhappatilvik hafi verið að ræða

Álit.

Í umrætt sinn var M að vinna við borun í steinvegg. Alþekkt er að borar festast iðulega við þá vinnu af ýmsum ástæðum. Ekki hefur verið sýnt fram á að eitthvað hafi verið ábótavant við stigann sem notaður var eða borinn. Það er ámælisvert að Vinnueftirliti ríkisins skyldi ekki tilkynnt um slysið tafarlaust. Hins vegar hafa ekki verið leiddar að því neinar líkur af hálfu M að umræddum bor eða aðstæðum á vinnustað hafi verið ábótavant eða tjón M verði rakið til annars en óhappatilviks. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 26.1. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 520/2011
M
og
V (váttryggingafélag)
. v/frítímaslysáttryggingar fjölskyldutryggingar

Ágreiningur um bótaskyldu, ákvæði váttryggingarskilmála um að örorkumat skuli fara fram eigi síðar en þremur árum eftir slys.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 20.12. 2011.
- 2) Bréf váttryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 09.01. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Váttryggingafélagið hafnar bótaskyldu vegna slyss sem M varð fyrir er hann rann til á flísu í apríl 2008 með þeim afleiðingum að meiðsl hlaut af sbr. gögn málsins. Hann leitaði til lögmanns á árinu 2011. Þann 10.11. 2011 hafnaði félagið að samþykka örorkumat vegna slyssins sökum þeirrar reglu skilmála að örorkumat skuli fara fram eigi síðar en þremur árum eftir slys. Félaginu sé heimilt að hafa slíkt tímamark í skimálum. Slík reglna váttryggingarsamnings brjóti ekki gegn ákvæðum laga um váttryggingarsamninga. Félagið hafnar umfjöllun M um gagnaöflun og um að umrætt ákvæði sé óljóst eða umdeilanlegt. Ákvæðið sé skýrt um að meta beri örorku innan þriggja ára frá slysi. Þrjú ár hafi verið liðin 20.04. 2011. Félagið telur að sá tími sem M hafði til að hlutast til um mat á afleiðingu áverkans hafi “verið löngu liðinn”. Um þann tímafrest eru skilmálar fortakslausir sbr. nánar umfjöllun félagsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Ekki er unnt að fallast það með váttryggingafélaginu að tímafrestur sá sem M hafi haft til að hlutast til um mat á afleiðingu áverkans hafi verið “löngu liðinn”. Skoða verður atvik máls hverju sinni að teknu tilliti til aðstæðna. Umrætt ákvæði váttryggingarskilmála segir að “örorkan skal að jafnaði metin einu ári eftir slysið, annars þegar læknir telur að varanlegar afleiðingar slyssins hafi komið í ljós, en þó ekki síðar en þremur árum eftir slysdag”. Úrskurðarnefndin tekur undir umfjöllun M um að það sé grundvallaratriði að þau réttaráhrif sem ákvæði sem þetta er ætlað að hafa þurfi að koma skýrt fram í ákvæðinu. Ekki er unnt að fallast á að hér sé um hlutlæga ábyrgðartakmörkun að ræða sem eigi að gilda fortakslaust í hverju tilviki. Nefndin telur að M verði ekki sakaður um að hafa sýnt tómlæti varðandi framkvæmd örorkumats.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er bótaskylda fyrir hendi samkvæmt þeirri váttryggingu sem hér um ræðir.

Ef umrætt ákvæði skilmála á að hafa fortakslaus þau réttaráhrif sem váttryggingafélagið heldur fram þurfa réttaráhrif þess að koma skýrt fram í ákvæðinu. Þessa er ekki gætt.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 14. febrúar 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 521/2011

**M
og
vátryggingafélagið X v/ húseigendatryggingar.**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vatnstjóns á parketi og gerefti.

Gögn.

202. Málskot, móttækið 20.12.2011, ásamt fylgigögnum.

203. Bréf X, dags. 18.1.2012.

Málsatvik.

Tjón af völdum vatns varð á parketi og gerefti í íbúð M). Ekki liggur fyrir hvenær tjónið varð. M hefur húseigendatryggingu hjá vátryggingafélaginu X. Parketið, sem er úr gegnheilli rauðri eik, mun hafa verið slípað í ágúst 2010 og mun X hafa fengið M iðnaðarmann til þess verks. M kveður tjón á gerefti hins vegar ekki hafa verið bætt. Eftir slípunina munu sprungur hafa myndast í parketinu og telur M að þær verði raktar til þess að viðgerðarmaðurinn hafi notað vatnspynnanlegan fylli til að fylla upp í rifur í gólfinu. Af þessum sökum hafi viðgerðin á parketinu verið ófullnægjandi og tjónið sé því ekki bætt að fullu. Þessu til stuðnings vísar M m.a. til álitsgerðar parketviðgerðarmanns sem V fékk til að meta ástand gólfsins.

X viðurkennir bótaskyldur sína hvað gereftið varðar. Á hinn bóginn telur X að krafa M vegna parketsins varði fjárhæð bóta vegna þess tjóns sem á því varð og það samþykki ekki að nefndin taki þann ágreining til meðferðar.

Álit.

Þar sem X hefur viðurkennt bótaskyldu vegna tjóns á gerefti verður fallist á kröfu M þar að lútandi. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og vátryggingafélags sem hefur starfsleyfi hér á landi. Þá segir í 2. mgr. sömu greinar að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. Eins og mál þetta liggur fyrir þykir ljóst að ágreiningur vegna tjóns á parketinu snýst um fjárhæð bóta fyrir tjónið. X hefur ekki samþykkt að nefndin fjalli um þann ágreining. Samkvæmt því, sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykktanna, verður ekki hjá því komist að vísa þessum þætti ágreiningsins frá nefndinni.

Niðurstaða.

Viðurkenndur er réttur M til bóta úr húseigendatryggingu sinni hjá X vegna tjóns á gerfti. Ágreiningi vegna tjóns á parketi er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 21. febrúar 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 522/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. A og B

Árekstur á gatnamótum Miklubrautar og Háaleitisbrautar í Reykjavík þ. 1.10.2011

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 21.12.2011 ásamt fylgiskjölum 1-4.
2. Bréf V dags. 11.1.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

Árekstur varð á ljósastrýðum gatnamótum Miklubrautar og Háaleitisbrautar milli A og B. A var ekið af stað á grænu ljósi að sögn ökumanns í norður á Háaleitisbraut með ætlaða vinstri beygju vestur Miklubraut. B var ekið austur Miklubraut og segir ökumaður að umferðarljósinn hafi skipt af grænu á gult rétt áður en bifreiðinni var ekið inn á gatnamótin. Ökumaður A segist hafa verið kyrrstæð á rauðu ljósi en ekið á stað þegar grænt ljós kom. Ökumaður A segir að hún hafi litið til hliðar og þá séð hvar B kom á mikilli ferð og hafi hún þá aukið hraðann til að reyna að komast undan en það ekki tekist. Ökumaður B segir að þegar hún átti um eina bíllengd eftir að gatnamótunum hafi ljósinn skipt af grænu yfir á gult og hafi hún valið þann kostinn að aka yfir gatnamótin í stað þess að nauðhemla þar sem bifreið var fyrir aftan sig. Kærasti ökumanns A gaf sig fram á vettvangi sem vitni og sagðist hafa ekið Miklubraut í austur og séð þegar B var ekið út á gatnamótin gegn rauðu umferðarljósi.

Álit.

Samkvæmt upplýsingum sem fram koma í bréfi V um tengsl vitnisins og ökumanns B auk annars er ekki hægt að horfa til framburðar vitnisins við úrlausn málsins. Ökumenn greinir á um stöðu umferðarljósa. Ekki liggja fyrir önnur gögn en framburður ofangreinds vitnis varðandi það sem skiptir máli í sambandi við stöðu umferðarljósa í umrætt sinn. Af þeim sökum er staða umferðarljósa ósönnuð í umrætt sinn og verður hvor ökumaður að bera helming sakar.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 14.2.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 524/2011**M****og****V (vátryggingafélag). fyrir hönd erlendra vátryggjenda ábyrgðartryggingar fyrir stjórnendur.****H****Ágreiningur um bótaskyldu stjórnendatryggingar, krafa um frávísun.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 27.12. 2011.
- 2) Bréf umboðsmanns vátryggjenda til nefndarinnar, dags. 13.01. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir sbr. gögn málsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

H hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun í gögnum málsins sbr. og samþykktir úrskurðarnefndar. H veitir ekki samþykki sitt fyrir því að úrskurðarnefndin fjalli um málið.

Álit

Með hliðsjón af því að hinir erlendu vátryggjendur samþykkja ekki að úrskurðarnefndin fjalli um ágreiningsmál þetta er málinu vísað frá nefndinni.

Niðurstaða.

Frávísun.

Reykjavík 14. febrúar 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 525/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. Þjófnaðartryggingar, heimilisverndartryggingar.

Bifreið stolið í München þ. 20.-21. 8.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.12.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-13
2. Bréf V dags. 16.1.2012.

Málsatvik.

M segist hafa verið á ferðalagi í Evrópu ásamt fjölskyldu sinni og aðfaranótt 20-21. ágúst hafi bifreið sinni verið stolið ásamt lausafjármunum sem í bifreiðinni voru. M tilgreinir að mikið magn af lausafjármunum hafi verið í hinni stolnu bifreið og bendir á skýringar á því að svo mikið magn af lausafjármunum hafi verið í bifreiðinni í umrætt sinn. M krefst bóta vegna tjónsins. V hafnar bótaskyldu og telur að um ósamræmi og ótrúverðugleika sé að ræða í upplýsingagjöf M um tjónsatvikið. V bendir á að M telji fram tvo hluti sem hafi verið í bifreiðinni í skýrslu hjá lögreglu, myndavél og fartölva og nokkur föt. V segir að það hafi síðan verið þ. 14.10. s.l. sem M hafi afhent V lista yfir þá mun sem M telji að hafi verið stolið og sé sá listi verulega frábrugðin þeim upplýsingum sem hann hafi gefið hjá lögreglu. V segist hafna bótaskyldu á þeim munum sem ekki eru tilgreindir í frumskýrslu lögreglu. Þá segir V að ekkert liggja fyrir um að M hafi átt þau verðmæti sem hann krefjist að fá bætt. V telur að M hafi gefið rangar upplýsingar í því skyni að fá bætur sem hann hafi ekki átt rétt á og hafnar V því bótaskyldu úr tryggingunni að öllu leyti með vísan til greinar 5.3.í 10.kafla skilmála Heimilisverndar.

Álit.

Af gögnum málsins virtum verður ekki séð að M hafi sýnt fram á eða gert sennilegt að hann hafi orðið fyrir því tjóni sem hann krefst að fá bætt úr Heimilisverndartrygginu sinni hjá V. Eins og málum er háttað sbr. grein 5.3.í 10.kalfa vátryggingaskilmála á M ekki rétt á bótum úr tryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr tryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 14.2. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 528/2011
Ólafur Björgvinsson (M) og
Vátryggingafélag Íslands hf. (V) v. slysátryggingar launþega, almennrar slysátryggingar og
frjálsrar ábyrgðartryggingar Viðarsteins ehf. (A)

Maður slasaðist þegar þaksperrur runnu á hann þann 5.3.2009

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.12.2011 ásamt fylgiskjölum 1-10
2. Bréf V dags. 12.1.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2
3. Beiðni um endurupptöku, dags. 07.03. 2012.

Málsatvik.

M var að vinna hjá A þegar hann varð fyrir slysi þegar þaksperrur runnu til og lentu á M og við það fell M niður af vinnupalli. M gerir kröfur um bætur vegna þessa úr slysátryggingu launþega, almennri slysátryggingu og frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V. M segist hafa orðið gjaldþrota fyrir 9 árum og eftir það unnið sem verktaki, en í raun hafi verið um launþegasamband að ræða milli hans og A og ljóst að um vinnusamning hafi verið að ræða milli M og A. Varðandi almennu slysátrygginguna hafnar M því að hafa gefið rangar upplýsingar varðandi stöðu sína sem launþega hjá A og telur sig eiga líkt og aðra starfsmenn A rétt á bótum úr slysátryggingunni. Þá byggir M á því að aðstæður á vinnustað hafi verið ábótavant og ekki gætt fyllsta öryggis við framkvæmd vinnu á slysstað. V hafnar bótaskyldu og telur sýnt af gögnum málsins að M hafi verið sjálfstæður verktaki en ekki launþegi hjá A. Þá hafnar V því að aðstæður á verkstaði hafi ekki verið fullnægjandi og öruggar miðað við aðstæður auk þess sem M hafi sem sjálfstæður verktaki átt að hlutast til um að aðbúnaður og öryggi væri fullnægjandi.

Álit.

Mál þetta var endurupptekið að kröfu M vegna þess að fyrirliggjandi úrskurður, dags. 21.02. 2012, fjallaði ekki með skýrum hætti um álitaeftni máls þessa varðandi almenna slysátryggingu. Fallist var á endurupptöku máls þessa á fundi sem haldinn var 30.03. sl., en með óbreyttri niðurstöðu.

Af gögnum málsins liggur fyrir að M var ekki launþegi hjá A og á því ekki rétt á bótum úr vátryggingum sem varða launþega. Ekki hefur verið sýnt fram á að aðstæður á verkstaði hafi verið ófullnægjandi eða að öðru leyti hafi verið aðstæður til staðar sem felli sök á A. Ekki hefur verið sýnt fram á að M sé vátryggður samkvæmt almennri slysátryggingu.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á bótaskyldu þeirra vátrygginga sem hér um ræðir.

Reykjavík 11.5. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 530/2011
M
og
fjórtán nánar tilgreindir váttryggjendur í Bretlandi.

Ágreiningur um gildi ábyrgðartryggingar stjórnenda og yfirmanna M.

Gögn.

204. Málskot, móttakið 29.12.2011, ásamt fylgigögnum.

205. Bréf breskrar lögmansstofu fyrir hönd váttryggjenda dags. 19.1.2012.

Málsatvik.

M kveðst hafa keypt m.a. ábyrgðartryggingu fyrir stjórnendur og yfirmenn sína (e. Directors' and Officers' Liability Insurance) í gegnum breska váttryggingamiðlun. Váttryggjendur samanstandi annars vegar af nánar tilgreindum váttryggingafélögum og hins vegar af samtökum váttryggjenda sem starfi undir merkjum Lloyd's (e. Lloyd's syndicate). Eru í málskotinu tilgreind 14 váttryggingafélög og samtök váttryggjenda, að því er virðist sem váttryggjendur að þeirri váttryggingu sem deilt er um í máli þessu (hér eftir nefndir V). Kveður M mál þetta varða ágreining um gildi váttryggingarinnar og mótmæli við þá afstöðu váttryggjenda að fella váttrygginguna í gildi.

V kveðast vera erlend félög (með aðsetur í London) og þau samþykki ekki fyrir sitt leyti að málið verði tekið til meðferðar fyrir úrskurðarnefnd.

Álit.

Samkvæmt 1. gr. samþykktanna fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. aulýsingu í B deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, starfar nefndin samkvæmt samkomulagi viðskiptaráðuneytisins, nú efnahags- og viðskiptaráðuneytisins, Neytendasamtakanna og Sambands íslenskra tryggingafélaga, nú Samtaka fjármálafyrirtækja. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samþykktanna úrskurðar nefndin um ágreining varðandi bótaskyldu milli málskotsaðila og váttryggingafélags, sem hefur starfsleyfi hér á landi. Jafnframt úrskurðar nefndin um ágreining sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004. Þá er tekið fram í 3. mgr. 3. gr. að nefndin úrskurði hvort ágreiningur heyri undir nefndina og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að unn sé að úrskurða í málinu. Telji nefndin svo ekki vera vísar hún málinu frá.

V eiga ekki aðild að Samtökum fjármálafyrirtækja og eru þar með ekki aðilar að því samkomulagi sem starf nefndarinnar byggist á. Þegar svo stendur á getur úrskurðarnefnd ekki tekið mál til afgreiðslu nema fyrir liggja samþykki viðkomandi váttryggjanda. V hafa ekki samþykkt að mál þetta verði lagt fyrir nefndina. Með vísan til þessa, sbr. og úrskurði nefndarinnar m.a. í málum nr. 411/2010 og 104/2011, verður ekki hjá því komist að vísa málinu frá nefndinni, sbr. 3. mgr. 3. mgr. samþykktanna.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá.

Reykjavík, 21. febrúar 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 531/2011**M****og****V (vátryggingafélag)****.fyrir hönd erlendra vátryggjenda stjórnendatryggingar H****Ágreiningur um bótaskyldu stjórnendatryggingar, krafa um frávísun.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 29.12. 2011.
- 2) Bréf umboðsmanns vátryggjenda til nefndarinnar, dags. 19.01. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir sbr. gögn málsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

H hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun í gögnum málsins sbr. og samþykktir úrskurðarnefndar. H veitir ekki samþykki sitt fyrir því að úrskurðarnefndin fjalli um málið.

Álit

Með hliðsjón af því að hinir erlendu vátryggjendur samþykkja ekki að úrskurðarnefndin fjalli um ágreiningsmál þetta er málinu vísað frá nefndinni.

Niðurstaða.

Frávísun.

Reykjavík 21. febrúar 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 532/2011

M

og

V1 váttryggingafélag

og

V2 váttryggingafélag

Ágreiningur um ábyrgð á umferðaróhappi

Gögn.

- 1) Málskot, móttakið 29. desember 2011.
- 2) Bréf váttryggingafélaganna til nefndarinnar, dags. 25. janúar 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Váttryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það vísar til þess að ökumaður bifreiðarinnar A hafi ekki sýnt næga aðgæslu þegar hann ók af Fífurima inn á Langarima. Málskotsaðili telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu. Hún telur meðal annars að ökumaður bifhjólsins L hafi ekki sýnt næga aðgæslu. Telur hún einnig að málgögn þau sem váttryggingafélagið hafi byggt á við mat á bótaábyrgð hafi ekki gefið rétta mynd af málavöxtum.

Álit

Með hliðsjón af málavöxtum og gögnum málsins er ljóst að ökumaður bifreiðarinnar A hafi ekki sýnt næga aðgæslu þegar hann ók af Fífurima inn á Langarima sbr. 3. mgr. 15. gr. umferðalaga nr. 50/1987. Af gögnum málsins er ljóst að ökumaður bifhjólsins L sýndi aðgæslu enda reyndi ökumaður bifhjólsins að víkja fyrir ökumanni bifreiðarinnar A.

Niðurstaða.

Öll sök er á ökumanni A sem ók utan í bifhjólið L.

Reykjavík 6. mars 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þór Jónsson hdl.

Mál nr. 533/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar einstaklings H

Kona slasaðist þegar penni fór í augað á henni þ. 5.9.2006.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 30.12.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-6
2. Bréf V dags. 13.1.2012

Málsatvik.

M og vinnufélagi hennar H, sem var með gúmmíhanska á höndum var að leika sér að því að skjóta penna út í loftið og svo fór að penninn skaust í vinstra auga M með þeim afleiðingum að hún slasaðist. M krefst bóta og heldur því fram að H hafi sýnt af sér gáleysislega hegðun með því að spenna penna inn í gúmmíhanska og miða þannig að penninn gæti hæft fólk þegar honum væri skotið út í loftið eins og gerst hefði. Þá vísar M til tveggja dóma Hæstaréttar 1974,356 og 200, 342 auk annars. V hafnar bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu H. V bendir á að ekkert liggi fyrir í málinu um að H hafi ætlað að skjóta á M. Þá vísar V til lögregluskýrslu frá 13.9.20065 þar sem M segi að hún og H hafi verið að leika sér með penna og H spennt hann inn í gúmmíhanska og síðan misst takið á pennanum. V segir að að því virtu séu engin gögn sem sýni að H hafi miðað pennanum í átt að M. V telur að um óhappatilviljun sé að ræða en telur að verði ekki fallist á þau sjónarmið sem sett eru fram þá verði M að bera tjón sitt sjálf vegna eigin sakar.

Álit.

Í umrætt sinn var H að leika sér með penna og setti hann inn í gúmmíhanska og notaði hanskan til að skjóta pennanum. Ljóst er að H vissi ekki, þegar hann skaut pennanum út í loftið með þeim hætti sem hann gerði, hvar penninn mundi lenda. H sýndi því af sér stórkostlegt gáleysi og á M rétt á bótum vegna þess tjóns sem hún varð fyrir vegna þessa úr frjálsri ábyrgðartryggingu H hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu H hjá V.

Reykjavík 14.12. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 535/2011

M

og

V (vátryggingafélag)

v/ábyrgðartryggingar byggingarstjóra

Ágreiningur um bótaskyldu vegna utanhússklæðningar við Þorláksgeisla.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 30.12. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 17.01. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. M fluttu inn tvílyft timburhús frá Kanada. Loftun virðist hafa verið áfátt sbr. gögn málsins.

Ágreiningur er um bótaskyldu sbr. umfjöllun lögmanns M í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Það telur engar forsendur til þess að fallast á bótaskyldu. Félaginu sem vátryggjanda beri ekki skylda til þess að afla úttekta á framkvæmdum líkt og M óskar. Tjónþola beri að sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni, og orsakatengsl. Engin skylda hvíli á félaginu að óska eftir lokaúttekt.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur M, með takmarkaðri umfjöllun sinni, ekki sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Vátryggingafélagi ber ekki skylda til þess að afla lokaúttektar á framkvæmdum.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 21. febrúar 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 537/2011**M****og****V (váttryggingafélag)****. v/ábyrgðartryggingar R****Vinnuslys þegar diskalyfta kastaðist til og lenti í hnakka M sem hlaut áverka 08.03. 2008.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 30.12. 2011.
- 2) Bréf váttryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 19.01. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var lyftuvörður, starfið fólst m.a. í því að aðstoða skíðaiðkendur við lyftu og sjá til þess að öryggis væri gætt. Vildi óhappið þannig að M var að aðstoða barn við lyftuna en næsti diskur þar á eftir mun hafa kastast til og endað í hnakka M sem hlaut meiðsl af.

M byggir m.a. á því að hann hafi ekki haft viðeigandi persónuhlífar (hjálms) við starfa sinn.

Váttryggingafélagið hafnar bótaskyldu og því að M hafi borið að nota persónuhlífar við starfa sinn sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að rekja megi tjónsáburð máls þessa til vanrækslu váttryggingaraka eða starfsmanna eða aðstæðna sem hann ber skaðabótaábyrgð á. Ekki hefur verið sýnt fram á að M hafi borið að nota persónuhlífar líkt og öryggishjálms við starfa sinn. Ekki hefur verið sýnt fram á að starfsmenn váttryggingartaka hafi kvartað undan skertu öryggi á vinnustaðnum vegna þessa. Nefndin telur að rekja megi slys M til óhappatilviljunar og óaðgæslu M sjálfs.

Fullyrðingu váttryggingafélagsins og váttryggingartaka efnislega um að starfsmenn skíðasvæða hafi framkvæmt áhættumat og metið starfið þannig að ekki stafi slík hætta af því að nauðsynlegt sé að vera með hjálms hefur ekki verið hnekkt. Ekki virðist hafa tíðkast að starfsmenn séu með hjálms eða aðrar persónuhlífar við þær aðstæður sem fyrir hendi voru.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 14. febrúar 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 538/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. slysaföringur öðkumanns og eiganda A

Bifreiðinni A var ekið aftan á aðra bifreið á Bústaðavegi í Reykjavík þ. 18.8.2008

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 30.12.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-9
2. Bréf V dags. 17.1.2011

Málsatvik.

M ók A eftir Bústaðavegi í Reykjavík og ók aftan á bifreið sem var á götunni kyrrstæð. Við það fékk M hálsnnykk. M krefst bóta úr slysaföringunni öðkumanns og eiganda og var slysið tilkynnt V þ. 28.1.2010. Lögmaður V telur að M hafi ekki getað gert sér grein fyrir að hún hafi orðið fyrir varanlegu tjóni sem afleiðingar slyssins fyrr en þ. 9.2.2010. V hafnar bótaskyldu og telur að ársfresturinn skv. 124.gr. vátryggingasamningalaga nr. 30/2004 hafi verið liðinn þegar krafan var tilkynnt til V. V telur að strax á tjónsdegi hafi M verið afleiðingar slyssins kunnar, en í allra síðasta lagi byrji ársfresturinn að líða í október-nóvember 2008 þegar M leitaði aftur til heilsugæslu vegna slyssins.

Álit.

Miðað við fyrirbyggjandi gögn er óvarlegt að ætla að M hafi mátt gera sér grein fyrir að hún hefði orðið fyrir varanlegu tjóni vegna slyssins fyrr en hún ákveður að leita til lögmans vegna þess og fær síðan endanlega staðfestingu með læknisvottorði dags. 16.3.2010. Krafa M var því ekki tilkynnt eftir að ársfrestur skv. 124.gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga var liðinn. Hins vegar er hvergi í gögnum málsins að finna sönnun á orsakatengslum milli slyssins og þeirra áverka sem M krefst þess að fá bættu út slysaföringunni. Þar sem ekki liggur fyrir sönnun á orsakatengslum hvað varðar slysið og áverkana þá er ekki hægt að úrskurða um að M eigi rétt á bótum miðað við fyrirbyggjandi gögn í málinu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysaföringunni eiganda og öðkumanns hjá V.

Reykjavík 14.2. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

